

HÁKON LEIFSSON KÓRSTJÓRI

Stendur í ýmiss konar flutningi

Heimili Heilsa Tíska
allt MIÐJU BLAÐSINS



LANDBÚNAÐUR

Miklir möguleikar í breyttu landslagi

Sérblað um landbúnað
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Opið til
kl. 22 virka daga
í BT Skeifunni

Fylgir
blaðinu
í dag!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. apríl 2006 – 111. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000



Góðir vinir halda saman

Hrefna Sigurjónsdóttir líffræðingur og nokkrir samstarfsmanna hennar hafa rannsað félagsgerð íslenskra stóða frá árinu 1996.

FÁKAR 22

Lágur dollari veldur hausverk

Mun minna gæti orðið um tónleikahald

FÓLK 58



Af þvættingi

„Hvor er þá verri, bullarinn eða lygarinn?“, spyr Þorvaldur Gylfason og segir frá bók sem færir okkur heim sanninn um muninn á þvættingi og lygi.

Í DAG 30


Barcelona í úrslit

Barcelona og Arsenal munu mætast í úrslitaleik meistaradeildarinnar í fótbolta þann 17. maí nk. Barcelona gerði jafntefli við AC Milan í gær sem var nóg til að komast áfram.

ÍPRÓTTIR 54




VEÐRIÐ Í DAG



HLÝNDIN NÁLGAST - Í dag verður hæg suðvestlæg átt. Bjartviðri norðan og austan til annars yfirleitt skýjað með köflum. Hiti 5-12 stig, mildast síðdegis. Hlýnar enn frekar á Norður- og Austurlandi á morgun.

VEÐUR 4



Ávinningur af krónu er minni en enginn

Aðalhafgræðingur Seðlabankans telur hættu á að sjálfstæður gjaldmiðill hér á landi auki fremur sveiflur, en dragi úr þeim. Hann telur ekki ólíklegt að ávinningur af því að vera með krónuna sé minni en enginn.

EFNAHAGSMÁL Aðalhafgræðingur Seðlabankans, Arnór Sighvatsson, segir ekki ólíklegt að ávinningur þess að halda uppi sjálfstæðum gjaldmiðli og peningastefnu sé minni en enginn og auki fremur á sveiflur í þjóðarþúskaðum en að draga úr þeim.

Þetta kemur fram í grein Arnórs í Fréttablaðinu í dag. Greinin er svar við gagnrýni Illuga Gunnarssonar á peningamálastefnu Seðlabankans. Arnór hafnar kenningu Illuga um að aðhaldssöm peningastefna auki verðbólgu fremur en minnki hana og segir þá kenningu á skjön við allar viðteknar kenningar þjóðhafgræðinnar. „Hafi Illugi hins vegar á réttu að standa um virkni peningastefnunnar væru það sterkustu rök sem hægt væri að færa fyrir því að kasta krónunni og taka upp evru. Ef hærri stýrivextir Seðlabanka Íslands leiða til meiri verðbólgu væri sjálfstæð peningastefna ekki aðeins tilgangslaus heldur stórhættuleg,“ segir Arnór í grein sinni. Hann segist ekki þeirrar skoðunar að viðfangsefni peningastefnunnar sé svo vonlaust. Miðlun peningastefnunnar hafi verið langt frá því að vera hnökralaus. Grunnur skuldabréfamarkaður, alþjóðleg vaxtaþróun og aðgerðir stjórnvalda sem leggjast á sveif í öfuga átt eru meðal þess sem gert hafi miðlun stýrivaxta erfiða. Gjalddeyrissveiflur séu lítt fyrir-sjáanlegar og framsýni peninga-

málustefnunnar því takmörk sett. „Af þessum ástæðum er ekki ólíklegt að ávinningur þess að halda uppi sjálfstæðum gjaldmiðli og peningastefnu á jafn litlu svæði og Íslandi sé minni en enginn og auki fremur á sveiflur í þjóðarþúskaðum en að draga úr þeim.“ Hann segir að vandinn sem Seðlabankinn standi frammi fyrir sé ekki jafn hrikalegur og Illugi vilji vera láta og því megi búa við sjálfstæðan gjaldmiðil og peningastefnu enn um sinn. „Sem betur fer, því mér skilst að ekkert annað sé á döfinni,“ segir Arnór í lok greinar sinnar sem hann segir sínar skoðanir og endurspegli ekki endilega skoðanir Seðlabanka Íslands.

- hh / sjá síðu 32



BENEDIKT XVI PÁFI Hefur fyrirskipað rannsókn á verjunotkun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Páfagarður: Páfi lætur rannsaka smokka

PÁFAGARÐUR, AP Starfsmenn Páfagarðs kanna nú hvort leggja skuli blessun yfir smokkanotkun kaþólskra hjóna, þegar annað þeirra er smitað af HIV-veirunni. Einnig eru önnur síðfræðileg líffræðimálefni, svo sem stofnfrumurannsóknir, í endurskoðun þar. Ekkert gefur þó til kynna hvort kveðinn verði upp úrskurður um þessi mál sögðu talsmenn Páfagarðs á þriðjudag.

Benedikt XVI páfi fór fram á rannsóknina, að sögn Javiers Lozano Barragan kardinála, yfirmanns heilbrigðisráðuneytis Páfagarðs.

Talsmenn Páfagarðs eru almennt á móti verjunotkun og öðrum getnaðarvörnum, og kenna að kynlífsbindindi sé besta leiðin til að forðast HIV smit.

- smk

Hlé á deilum Straums:

Magnús aftur varaformaður

VIBSKIPTI Magnús Kristinnsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum endurheimti sæti sitt í stjórn Straums Burðaráss á stjórnarfundi í gær.

Deilur hafa staðið milli hans og Björgólfs Thors Björgólfssonar frá því að Magnúsi var óvænt ýtt úr varaformannssæti á stjórnarfundi eftir aðalfund Straums.

Magnús var afar ósáttur við niðurstöðuna og ekki hefur verið haldinn fundur í stjórninni fyrir en gær. Í yfirlýsingu frá Björgólfi segir hann að í ljósi umróts á fjármálamarkaði og umræðu um málefni stjórnar félagsins hafi stjórnin náð einróma samkomulagi um að færa verkaskiptingu til fyrra horfs. Deilum hefur því verið hætt að sinni.

- hh



FORSÍÐA VÍSIS Á STAFRÆNU FORMI Ritstjórn Fréttablaðsins, Þorsteinn Pálsson og Kári Jónasson, virða fyrir sér forsíðuna á fyrsta dagblaði Vísis á tölvuskjá, ásamt Þorsteini Hallgrímssyni. Dagblaðasafnið var áður í eigu Sveins R. Eyjólfssonar en hann hafði um áratugaskeið unnið ótullega að uppbyggingu safnsins. Stefnt er að því að koma því öllu á stafrænt form. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landsbókasafninu færð gjöf í tilefni fimm ára afmælis Fréttablaðsins:

Dagblöðin á Landsbókasafn

FJÖLMÍDLAR Í tilefni af fimm ára afmæli Fréttablaðsins færði 365, útgefandi blaðsins, Landsbókasafni Íslands stærsta dagablaðasafn landsins að gjöf en Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókavörður og Ari Edwald, forstjóri 365, skrifuðu undir samning þess efnis í gær.


Safnið var áður í eigu Sveins R. Eyjólfssonar útgefanda. Árið 1970

eignaðist Sveinn dagablaðasafn Bóðvars Kvaran en það er uppi- staðan í safninu sem Landsbókasafnið hefur nú eignast. Ólafur Óttósson, sem lengi starfaði sem bókbindari á Landsbókasafninu, sá um að binda inn dagblöðin.

365 veitir fé til reksturs og úrvinnslu safnsins, samtals um 7,5 milljónir króna, en stefnt er að því að það verði öllum Íslendingum

aðgengilegt án endurgjalds, bæði á bókasafninu og á veraldarvefnum. „Við stefnum að því að koma mestum hluta af prentuðu íslensku efni á stafrænt form fyrir árið 2012. Það er háleitt markmið en við erum bjartsýn á að það sé mögulegt. Takk kærlega fyrir þessa höfðinglegu gjöf,“ sagði Sigrún Klara eftir að hafa undirritað samninginn.

- mh / sjá síðu 2





SPURNING DAGSINS?

Stefán Máni, ertu forlagatrúar?

Já, ég trú á hið góða í forlaginu.

Rithöfundurinn Stefán Máni skipti um forlag en hann gaf áður út bækur sínar hjá Eddu útgáfu en hefur nú gengið frá samningi við JPV útgáfu.

Fyrri fundi Íslands og Bandaríkjanna um varnir landsins lokið:

Geir farinn á NATO fund

VERNARMÁL Geir H. Haarde, utanríkisráðherra, hélt til Búlgaríu í gærkvöldi. Þar hittast utanríkisráðherrarnir Atlanthafsbandalagslandanna, NATO, í dag og hefst fundur þeirra klukkan fjögur að búlgörskum tíma.

Hvorki íslenska né bandaríska sendinefndin sem ræddu um varnir Íslands vildu láta hafa nokkuð eftir sér eftir fjögurra klukkustunda fund þeirra í gær. Seinni fundurinn verður í dag. Drög að hervörnum voru rædd á fundinum.



GEIR H. HAARDE

Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarmaður Geirs og nefndarmaður í viðræðunum, segir fund utanríkisráðherranna einn af reglulegum fundum þeirra. Spurð um hvort varnarmálin yrðu rædd eða hvort óformlegir fundir færu fram sagði hún: „Það eina sem ég get sagt er að þessi mál eru ekki á dagskrá og ekkert hefur verið skipulagt í kringum það.“

Halldór Blöndal, formaður utanríkisráðsáttmála Alþingis, segir nefndina koma saman á laugardag. Geir sitji fundinn og greini henni frá niðurstöðum varnarviðræðanna og því sem rætt verður meðal utanríkisráðherranna í Búlgaríu. - gag/jh



VIÐ UPPHAF FUNDAR Prettján Bandaríkjamenn og níu Íslendingar skipa nefndinar tvær sem ræða um breyttan varnarsáttmála. Carol van Voorst sendiherra fer fyrir þeirri bandarísku og situr hér fyrir miðju. Albert Jónsson, gegnt henni, fer fyrir þeirri íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Innbrot í myndbandaleigu:

Leitað að lausgirtum þjófi

LÖGREGLA Þjófur skyldi teygjuna úr nærþuxunum sínum eftir í glugga sem hann hafði spennt upp og farið inn um, í myndbandaleigu Bónusvídeo við Grundarstíg í Þingholtunum. Hann stal sigarettum.

Glugginn sem hann spennti upp til innbrotisins var einungis þrjú tíu sentimetrar á hæð og breidd. Lögreglan í Reykjavík segir að þótt opið sé lítið sé ekki hægt að útiloka að fullorðinn maður hafi verið að verki. Vegfarandi kom auga á þjófinn á útleið og lét lögreglu vita, en klukkan var fjögur um nótt. Lögreglan segir teygjuna og gluggastærðina þrengja mjög leitina að þjófinum. - gag

Morðrannsókn í El Salvador:

Fjórir verið handteknir

MORÐMÁL Lögreglan í El Salvador handtók fjóra menn þann 4. apríl sem grunaðir eru um morðin á Jóni Þór Ólafssyni og Brendu Salinas Jovel í febrúar síðastliðnum.

Við handtökuna upphófst skotbardagi þar sem lögreglumaður frá ferðamannalögreglunni lést auk þess sem lögreglumaður og einn hinna handteknur særðust. Grunur lögreglunnar vaknaði þegar til fjórmennninganna sást á bíl sem var með sama bílnúmeri og sá sem þau Jón og Brenda voru flutt í áður en þau voru myrt, að sögn Salvador Martínez, upplýsingafulltrúa lögreglunnar. Lögreglan hafði veitt þeim eftirför áður en til handtöku kom. Mennirnir eru einnig grunaðir um mannrán og önnur rán. - jse

LÖGREGLUFRETT

Slys í Hvalfjarðargöngum Bílslys varð í Hvalfjarðargöngum um hálfniuleytið í gærkvöldi. Lögregla, sjúkrabíll og slökkvilið voru kölluð á staðinn. Þegar fréttablaðið fór í prentun var ekki ljóst hversu alvarlegt slysið var.



Kristín Gísladóttir sjúkráþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opið virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500



LIKAN AF SUNDABRAUT YFIR KLEPPSVÍK Engin sýnileg samgöngumannvirki yrðu yfir Kleppsvíkina í Gufunes ef Sundabraut verður lögð í göngum úr Laugarnesi.

Vilja að Sundabraut verði í jarðgöngum

Samráðsnefnd samþykkti í gær að mæla með því að leggja Sundabraut frá Laugarnesi í jarðgöngum yfir í Gufunes. Samgönguráðherra undrast tafir af hálfu borgarinnar og vill hefja framkvæmdir Sundabrautar á Kjalarnesi.

SAMGÖNGUR Fyrsti kostur er að leggja Sundabraut í jarðgöngum undir Kleppsvík.

Þetta varð niðurstaða samráðshóps um lagninu Sundabrautar sem samþykkti í gær tillögu um hönnun, rannsóknir og kostnaðarmat á slíkum göngum. Þau yrðu lögð frá Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi að Laugarnesi.

Formaður hópsins er Dagur B. Eggertsson, en auk hans er hópurinn skipaður fulltrúum borgarstjórnar, Vegagerðarinnar, Faxafloahafna og íbúasamtaka í Laugardal og Grafarvogi. Tillagan um jarðgöngin var samþykkt einróma.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sagði á Alþingi í gær að hann vildi láta kanna í fullri alvöru möguleika á að hefja gerð Sundabrautar frá syðri munnna Hvalfjarðarganga að þeim stað sem Sundabraut þverar Kollafjörð.

„Misseri eftir misseri eru sam-



DAGUR B. EGGERTSSON STURLA BÖÐVARSSON

gönguyfirvöld dregin á svári um það hvar Sundabraut megi liggja yfir Kleppsvíkina. „Sturla sagði að Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs borgarinnar, héldi því fram að tafir væru vegna óvissu um fjármögnun verksins. „Þetta er auðvitað alger fyrra... Það er leitt til þess að hugsa að hugtakið dagsatt fá nýja og miður góða merkingu þessa dagana.“

Sturla sagði að með því að hefja verkið á Kjalarnesi kæmist umferðaröryggi þar í gott horf, en það var

tilefni umræðunnar á Alþingi í gær.

Helgi Hjörvar, Samfylkingunni, sagði að samgönguráðherra Sjálfstæðisflokksins hefði fyrst og fremst varið skattfé því sem af höfuðborgarsvæðinu kæmi til vegaframkvæmda á landsbyggðinni. „Hann gengur trúlega frá samningi um Héðinsfjarðargöngin eftir helgi,“ sagði Helgi.

„Sannleikurinn er sá að Reykjavíkurborg hefur verið í gíslingu andúðar samgönguráðherra og Sjálfstæðismanna að því er varðar vegaframkvæmdir innan Reykjavíkur,“ sagði Atli Gíslason, vinstri grænum.

Dagur B. Eggertsson segir ummæli samgönguráðherra ósmekkle og furðulega tímasett. Honum væri nær að tryggja fjármögnun Sundabrautar en láta af hótunum um að senda borgarbúum reikninginn ef ekki verði valinn ódýrasti kosturinn. Um þann kost verði aldrei sátt.

johannh@frettabladid.is



SVEINN R. EYJÓLFSSON Fyrriverandi útgefandi Vísis safnaði íslenskum dagblöðum í áratugi.

Sveinn R. Eyjólfsson fyrriverandi blaðaútgefandi:

Byggði safn dagblaða upp

FJÖLMÍDLAR Dagablaðsafnið sem 365 gaf Landsbókasafni Íslands var lengi vel í eigu Sveins R. Eyjólfssonar, fyrriverandi útgefanda Vísis. Safnið inniheldur öll tölublöð Vísis, Dagblaðsins, Þjóðviljans, Tímans og Morgunblaðsins frá síðustu öld. Uppistaðan í safninu er

sögufrægt safn Böðvars Kvaran en Sveinn eignaðist það í kringum 1970. Safnið var þá önnubundið en Sveinn sá til þess að blöðin yrðu bundin inn og frá þeim gengið með snyrtilegum hætti. 365 eignaðist safnið í framhaldi af kaupum á DV. - mh

Spurt um varnarmálanefnd:

Dýr fundur um varnarmál

VERNARMÁL Varnarmálanefnd hefur aðeins einu sinni komið saman til fundar frá því í maí árið 2003. Samanlagður kostnaður við nefndina undanfarið þrjú ár nemur engu að síður nærri sex milljónum króna.

Þetta kemur fram í svári Geirs H. Haarde utanríkisráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar, þingmanns Samfylkingarinnar. Hann spurðist fyrir um nefndina vegna væntanlegrar brottráfar varnarliðsins.

Sex manns eiga sæti í nefndinni en hún var upphaflega skipuð árið 1951 og er vettvangur samskipta við varnarliðið. - jh

Landsbankinn:

Vill selja hlut sinn í Carnegie

VÍÐSKIPTI Landsbankinn hefur ákveðið að selja hlut sinn í sænska fjármálagfyrirtækinu Carnegie.

Deutsche Bank mun sjá um sölu til alþjóðlegra fjárfesta. Gera má ráð fyrir að bankinn fái um 24 milljarða fyrir hlut sinn í bankanum og hagnaðurinn nemi um tólf milljörðum króna sem er álíka mikið og bankinn greiddi fyrir verðbréfafyrirtækin Kepler og Merlion á síðasta ári.

Hagnaður bankans yrði þá svipaður og hagnaður FL Group af sölu hlutar í easyJet sem var annar mesti innleysti hagnaður íslenskrar viðskiptasögu. Hækkningar hafa gert yfirtöku minna fýsilega fyrir Landsbankann.

Bankinn eignaðist hlutinn í ágúst í fyrra og hefur verðmæti hans ríflega tvöfaldast frá þeim tíma. - hh



GEORGE W. BUSH Bandaríkjaforseti lofaði að lækka umhverfisstaðla vegna bensínkostnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjaforseti:

Bensínið fram yfir umhverfið

BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti tilkynnti í vikunni að hann myndi tímabundið rýmka lög um náttúruvernd vegna bensínframleiðslu og -notkunar í Bandaríkjunum. Tilgangurinn er að lækka kostnað neytenda við eldsneytiskaup.

Bush sagði það varða þjóðaröryggi að gera Bandaríkinn minna háð innflutningi á olíu, en þau flytja inn um 60 prósent olíuþarfur sinnar. Hann hvatti þingmenn til að breyta skattalögum þannig að almenningur eigi hægara með að kaupa sér bifreiðar sem ganga fyrir öðru eldsneyti en bensíni, svo sem etanolí. - smk

Baugsmálið:

Ný ákæra þingfest í dag

BAUGSMÁLIÐ Ný ákæra í Baugsmálinu verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Saksóknari mun leggja fram frekari gögn með þeim 19 ákæruliðum sem munu fara fyrir dóm. Þeirra á meðal verða gögn frá skattrannsóknarstjóra. Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og Jón Gerald Sullenberger eru bornir sökum í málinu, en það er reist á ákæruatriðum sem dómstólar höfðu áður vísað frá. Sex ákæruliðir úr fyrra Baugsmálinu eru enn fyrir Hæstarétti og óljóst hvort dómur verður upp kveðinn fyrir en eftir réttarhlé í sumari. - mh

Bankinn sér ekki bara um fjármálin, hann sér líka um tryggingarnar fyrir fjölskylduna

Það er bara einn þeirra fjölmörgu kosta sem ég nýt í Vörðunni.

Það hefur sannarlega sína kosti að vera í Vörðunni, vildarþjónustu Landsbankans. Við berum traust til viðskiptavina okkar og leyfum þeim að njóta ávinnings af því með fyrirgreiðslu og auknum sveigjanleika til að haga lífi sínu að vild.

Það gerum við meðal annars með því að bjóða Vörðufélögum í TM-Öryggi 5% aukaafslátt.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Njóttu þess að vera í Vörðunni

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 26.04.2006

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	74,88	75,24
	Sterlingspund	133,6	134,24
	Evra	92,95	93,47
	Dönsk króna	12,457	12,529
	Norsk króna	11,874	11,944
	Sænsk króna	9,97	10,028
	Svissneskur franki	58,94	59,26

SDR 109,4 110,06

Gengisvísitala krónunnar
129,2496

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Heilbrigðisráðherra segir brýna þörf á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða:

380 rými kosta sex milljarða

ALDRADIR Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra áætlað að kostnaður við að byggja 380 hjúkrunarrými fyrir aldraða, og svara þannig brýnni þörf, sé hátt í sex milljarðar króna.

Dvalarrými aldraðra í landinu eru 3.470 en þar af eru 2.700 eiginleg hjúkrunarrými.

Í svari heilbrigðisráðherra á Alþingi við spurningum Björgvins G. Sigurðssonar, Samfylkingunnar, kom fram, að stofnkostnaður við hvert rými væri um 15 milljónir króna.

Árlegur rekstrarkostnaður 380 viðbótarrýma er áætlaður um tveir milljarðar króna en 5,5 mil-

ónir króna kostar að reka hvert rými á ári.

Björgvin skoraði á heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir því að öldrunarmál yrðu flutt til sveitarfélaga líkt og gert var við grunnskóla landsins fyrir 11 árum.

Jóhanna Sigurðardóttir, Samfylkingunnar, spurði hvort ráðherra hefði beitt sér fyrir því að fjármálaráðuneytið notaði ekki framkvæmdafé fyrir öldrunarrými í rekstur þeirra.

Siv svaraði að æ minna hlutfall framkvæmdafjárns færi í rekstrarkostnað hjúkrunarheimila aldraðra. Hún sagði æskilegt að hafa öldrunarþjónustuna á einni hendi



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR Um 18 milljarða króna kostar ár hvert að reka öll hjúkrunarrými fyrir aldraða í landinu, segir Siv.

en að svo stöddu væri ekki gert ráð fyrir að gera fleiri þjónustusamninga.

- jh

Íslandspóstur:

Byggir upp á landsbyggðinni

ÞJÓNUSTA Íslandspóstur hefur tekið ákvörðun um að byggja tíu ný pósthús á landsbyggðinni auk þess að gera verulegar endurbætur á fjórum öðrum. Núverandi húsakynni Íslandspósts voru flest byggð í samræmi við sameiginlegar þarfir Pósts & Síma.

Nýju húsin munu verða á einni hæð og byggingu þeirra á að vera lokið á þremur árum. Öll aðstaða starfsfólks verður til fyrirmyndar og aðgengi viðskiptavina verður stórlega bætt. Samhliða þessari uppbyggingu er ráðist í viðtæka endurskilgreiningu á starfssemi fyrirtækisins.

- shá



HALLDÓR MAGNÚSSON Kirkjugarðurinn við Ása er kominn á ystu nöf og hefur bóndinn áhyggjur af því að jarðneskar leifar ættferðanna endi í ánni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afleiðingar Skaftárhlaups:

Landrof þrengir að kirkjugarði

SKAFTÁRHLAUP Mikið landrof varð við Ása í Skaftárhlaupinu eins og sjá má á þessari mynd en fyrir hlaup var öll kirkjugarðsgirðingin á föstu landi en nú hangir hluti hennar í lausu lofti.

„Landrofið er alltaf mikið og það er ekki langt í að jarðneskar leifar forfeðra minna verða komnir út í á,“ segir Halldór Magnússon, bóndi frá Ytri-Ásum. Hann segir náttúrunni ekki einni um að kenna. Á sjötta áratugnum var Ásakvíslum, sem voru margar árkvíslar, veitt í Ásavatn, sem sést á myndinni, til að hagræða við brúargerð. Þá tvöfaldaðist vatnsmagn þess.

- jse

Skipaárekstur:

Fraktskip sökk

STOKKHÓLMUR, AP Danskt fraktskip sökk í Eystrasalt eftir árekstur þess við sænsk skip undan austurströnd Svíþjóðar á þriðjudag. Enginn slasaðist við atvikið, að sögn sænskra yfirvalda.

Áhöfn sænska skipsins Tinto bjargaði fjögurra manna áhöfn danska fraktskipsins Marina S, en Tinto skemmdist aðeins lítillega við áreksturinn. Verið er að rannsaka tildrög slyssins, en skyggni var afar slæmt á slysstæð. Hvorugt skipið var hlaðið farni, og óvíst er hvort olía hefur lekið í hafið.

- smk

Tvö heimili sömdu í gær en tólf eru eftir

Stjórn dvalarheimilanna Eirs og Skjólís sömdu við skjólstæðinga sína í gær. Starfsfólk tólf heimila ákveðna á fundi í dag hvernig bregðast skal við launahækkun stjórnar SFH. Setuverkföll eru talin líkleg. Uppsagnir eru hafnar.

KJARAMÁL Stjórn dvalar- og hjúkrunarheimilanna Eirs og Skjólís í Reykjavík hafa náð samkomulagi við ófaglært starfsfólk sitt um launahækkanir. Laun verða hækkuð til samræmis við starfsfólk Reykjavíkurborgar, eins og barist hefur verið fyrir í rúman mánuð. Hækkanirnar verða allar komnar til framkvæmda í nóvember. Boðuðu setuverkfalli á heimilunum tveim, sem átti að hefjast á miðnætti, hefur verið aflýst.

Inga Kristín Gunnarsdóttir, trúnaðarmaður starfsfólks, segir að tilboð stjórnarinnar hafi verið samþykkt einróma á fjölmönnum fundi klukkan hálf þrjú í gær. „Það er þungu fargi af okkur létt þar sem baráttu okkar er lokið með góðri niðurstöðu. Við sendum jafnframt félögum okkar sem standa í þessari baráttu áfram okkar bestu kveðjur.“

Fundir starfsfólks með stjórnendum á öllum heimilunum fjórtán, sem eiga hlutdeild að kjaraðeilunni, voru haldnir í gær. Starfsmenn annarra heimila fengu ekki tilboð um að launahækkunum yrði flýtt eins og hjá Eir og Skjólí, og ræðst í atkvæðagreiðslu á fjöldafundi í dag hvort setuverkföll hefist á miðnætti. Stjórn SFH ákvað einhliða að hækka laun starfsfólks 14 hjúkrunarheimila á þriðjudag. Hækkanirnar koma til framkvæmda á átta mánaða tímabili fram til 1. janúar 2007 sem samninganefnd starfsfólks telur með öllu óásættanlegt. Framkvæmd hækkananna er samhljóða tilboði launaneftdar SFH sem varð til þess að upp úr viðræðum



FRÁ EIR Vismenn á dvalarheimilunum Eir og Skjólí geta andað léttar því boðuðu setuverkfalli hefur verið aflýst eftir að samkomulag náðist í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

slitnaði á síðasta fundi. Samninganefnd starfsfólks fór fram á að hækkanirnar kæmu til framkvæmda 1. maí, 1. ágúst og yrði lokið 1. október. Í yfirlýsingu samninganefndar starfsfólks var af þeirra hálfu einnig gerð krafa um þriggja og fimm ára starfsaldurshækkanir og að þeir lægst launuðu yrðu færðir ofar í launaflokk. Þessari kröfu var hafnað alfarið.

Fyrirhuguð setuverkföll ná til

eftirfarandi heimila: Áss, Grundar, Hrafnistu í Reykjavík og í Hafnarfirði, Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands, SÁA, Sjálfsbjargarheimilisins, Skógarbæjar, Sóltúns, Sunnuhlíðar, Víðiness og Vífilstaða.

Hvorki náðist í Sigurð Helga Guðmundsson, forstjóra hjúkrunarheimilanna Eirs og Skjólís, né Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúa og formann stjórnar, í gærkvöldi.

svavar@frettabladid.is



CAROLA Á SIGURSTUNDU Sænska söngkonan hefur tvívegis áður keppt í Eurovision. Fyrst árið 1983, svo árið 1991 er hún vann.

Framlag Svía í Eurovision:

Carola fékk auka stuðning

EUROVISION Sænskur blaðamaður sem kaus lagið Evighet, flutt af Carolu, þrisvar í undankeppninni heimafyrir var rúkkadur um 108 símtöl. Aftonbladet rengir úrslitin og segir frá því að hundruð lesenda hafi haft samband við það vegna rúkkunar á símtölum sem þeir segjast aldrei hafa hringt.

Blaðamaðurinn Erika Scott segir símtölin sem hún var rúkkad fyrir öll skráð á sjö til tuttugu sekúndum. Hún hafi hins vegar reynt að hringja þrisvar og einu sinni náð í gegn. Hundruðir sögðust hins vegar hafa reynt að velja lag flutt af Andreas Johnson en aldrei náð í gegn.

Dómnefnd, sem hafði helmings vægi á við þjóðina, gaf Andreas flest atkvæði. Það var ekki ljóst fyrr eftir símakosninguna að Carola hafði unnið. Rúm 1,9 milljónir atkvæða bárust. Lag Carolu er í þriðja sæti í veðböndum. - gag

DÓMSMÁL

Sekt vegna fíkniefna Héraðsdómur Vesturlands dæmdi mann til greiðslu 45 þúsunda króna sektar vegna fíkniefna-brots, en hjá honum fannst lítilræði af amfetamíni, hassi og kannabísefnum við leit lögreglu í ágúst 2004.

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN



✓ „Látum verkin tala í málefnum aldraðra og öryrkja.“


3 sæti

Guðrún Ásmundsdóttir, leikkona, leikstjóri og leikritahöfundur



VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	10°C skúrir	London	18°C heiðskirt	Torrevieja	24°C heiðskirt
Billund	13°C skúrir	Paris	17°C hálfskýjað	Róm	18°C skúrir
Oslo	10°C hálfskýjað	Frankfurt	16°C skúrir	New York	16°C heiðskirt
Stokkhólmur	13°C skúrir	Madrid	23°C hálfskýjað	San Francisco	18°C heiðskirt
Helsinki	12°C hálfskýjað	Barcelona	21°C alskýjað	Orlando/Florida	29°C þrumur

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Virk Samkeppni

KRONAN



VIRK SAMKEPPNI



40 % Afsláttur

Móa ferskur kjúklingur heill 419 kr./kg.



20 % Afsláttur

Purrkryddað Krónu grillkjöt 4 tegundir



30 % Afsláttur

Goða 4 stk. grillborgarar 430 kr./pk.



30 % Afsláttur

Ali 4 stk. bjúgu 377 kr./kg.



30 % Afsláttur

Ali Medisterpylsa 454 kr./kg.



30 % Afsláttur

Gædagris Brauðskinka 839 kr./kg.

Fjörtískur ysúbitar **527** kr./kg.



Wanted tortilla chips 450g **279** kr./pk.



Kjúklingamánaar 2 tegundir **349** kr./pk.



Cheerios tvöfaldur 1050 g **527** kr./pk.



Charmin 24 stk. salernisrúllur **1.299** kr./pk.



Wanted salsa mild **149** kr./stk.



Pepsi Max 4x2 L **499** kr./pk.



Goða kæfur 150g 4 tegundir **130** kr./stk.



Náttúra heföbundin salatblanda **169** kr./pk.



Gleðilegt sumar

ALLT AF FRÁBÆR TILBOÐ

Fleiri sprengjuárásir gerðar á Sínaískaga í Egyptalandi skammt frá landamærunum að Gazaströnd:

Tveir menn sprengdu sig í loft upp

EGYPTALAND, AP Tveir menn gerðu í gær sjálfmorðsárás með sprengingum skammt frá aðalstöðvum alþjóðlega friðargæsluliðsins norðantil á Sínaískaga í Egyptalandi, skammt frá landamærunum að Gazaströnd. Mennirnir týndu báðir lífi en sprengjuárás þeirra olli ekki öðru manntjóni.

Árásirnar koma í kjölfar þriggja sprengjuárása á ferðamannaborgina Dahab sunnantil á Sínaískaga á mánudaginn, sem urðu í það minnsta tuttugu og fjórum að bana.

Annar maðurinn sprengdi sig í loft upp klukkan 11 í gærmorgun við bifreið á vegum friðargæslu-



Í KJÖLFAR ÁRÁSANNA Margir ferðamannanna í Dahab voru óttaslegnir í gær, aðeins tveimur dögum eftir að þrjár sprengjuárásir urðu fjölda manns að bana.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sveitanna skammt frá bælistöðvum þeirra. Í bifreiðinni voru tveir friðargæsluliðar, norskur og

nýsjálenskur, ásamt tveimur egyptskum embættismönnum. Enginn þeirra slasaðist.

Seinni sprengingin varð rúmum hálf tíma síðar rétt við lögreglubifreið skammt frá, en enginn lögregluamaður slasaðist í þeirri árás.

Ekki er liðið ár frá því síðast voru gerðar árásir á alþjóðlega friðargæsluliðið á Sínaískaga, því í ágúst síðastliðnum olli sprengja tjóni á bifreið friðargæsluliða og særði tvo þeirra, þó ekki alvarlega. Átján hundruð manns eru í friðargæsluliðinu, sem hefur það verkefni að fylgjast með framkvæmd friðarsamkomulags Ísraels og Egyptalands árið 1979, en þeir samningar urðu til þess að Ísraelar drógu herlið sitt frá Sínaískaga.

-gb

KJÖRKASSINN

Á að banna nagladekk?

Já	41,2%
Nei	58,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Lestu dagblöð á Netinu?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



LAGERSALA

50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLU!

H&M
ROWELLS

OPIÐ 11-19
FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

VIKA BÓKARINNAR

Notaðu þína ávísun!



Notaðu þína ávísun til bókakaupa, því lestur er líkamsrækt hugans!

Hvaða bækur vilt þú?



FELAG ÍSLENSKRA
BÓKAUTGEFENDA

T.E.C. HJÓLHÝSIN hafa slegið í gegn!



Við bjóðum upp á landsins mesta úrval af ferðavögnum. Hjá okkur finnur þú örugglega vagn við þitt hæfi!

Tjaldvagnaland

SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is

EYJARSLÓÐ 5 • SÍMI 511 2203



JÓN KRISTJÁNSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA í ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands segir að illa tímasettar breytingar á íbúðalánakerfinu hafi aukið á þensluna. Jón segir að ríkið hafi brugðist við þenslunni. Íbúðalánasjóður hafi hækkað vexti á lánunum.

Hagstjórnin treystir ekki stöðugleika

ASÍ telur hagstjórnina hafa brugðist. Illa tímasettar breytingar á íbúðalánakerfinu og illa tímasettar skattalækkningar hafi aukið á þenslu og ójafnvægi. Sveiflurnar samrýmst ekki stöðugleikastefnunni.

EFNAHAGSMÁL Miðstjórn ASÍ hefur þungar áhyggjur af óstöðugleika í efnahagsmálum. Hann hafi leitt til þess að verðbólga hafi verið óviðunandi og verðbólguhorfur séu slæmar.

„Afleiðingin er sú að kaupmáttur launa margra heimila dregst saman og greiðslubyrði lána vex hratt. Allar líkur eru því á að kjarasamningar verði í uppnámi í haust,“ segir í ályktun miðstjórnar frá í gær.

„Einsýnt er að núverandi hagstjórn hefur brugðist. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa frekar ýtt undir verðbólgu en hamlad gegn henni. Illa tímasettar breytingar á íbúðalánakerfinu og illa tímasettar skattalækkningar hafa aukið á þensluna og ójafnvægið í hagkerfinu,“ segir enn fremur.

„Seðlabankinn hefur einn setið uppi með ábyrgðina á hagstjórninni,“ segir einnig. „Slík hagstjórn



VILHJÁLMMUR
EGILSSON

dugar ekki til að treysta og undirbyggja nauðsynlegan stöðugleika. Sveiflur í afkomuskilyrðum fólks og fyrirtækja eru of miklar til að það geti samrýmst stöðugleikastefnunni.“

Miðstjórn ASÍ telur að framvinda efnahagsmála ráðist mikið af trúverðugleika hagstjórnarinnar næstu mánuði og misseri og gerir þá kröfu að ríkisstjórnin leggi þegar í stað fram raunhæfar tillögur til úrbóta.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að samtökin séu mjög uggandi og telji nauðsynlegt að kveða verðbólguna niður. Nauðsynlegt sé að fá skilaboð um fast-

eignamarkaðinn án þess að setja kollsteypu af stað því að fasteignamarkaðurinn sé lykilatriði í því að verðbólguþróunin fari að snúast við. Æskilegt sé að skilaboðin snúi að vöxtum, hámarkslánunum og lánastefnu Íbúðalánasjóðs almennt. Þá þurfi ríkið að standa á bremsunni í launamálunum.

Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra segir að Íbúðalánasjóður hafi hækkað vexti af lánunum og í undirbúningi séu tillögur um breytingar þar sem sjóðnum verði breytt í bakhjarl fyrir bankana á lánamarkaði. Ákvarðanir um þetta verði teknar í maí. Að öðru leyti telur hann ríkið ekki geta haft áhrif á þróun efnahagsmála í gegnum fasteignamarkaðinn. Hann vísar í nýja þjóðhagsþá og telur rætast úr efnahagsmálunum innan tíðar.

ghs@frettabladid.is

Kostnaður Íslands við EES eykst við næstu stækkun ESB:


Krafa um allt að 400 milljónir

EVROPUMÁL Ísland verður krafíð um allt að 400 milljóna króna viðbótarmál í Þróunarsjóð EFTA um næstu áramót, gangi það eftir að Rúmenía og Búlgaría fái þá inngöngu í Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið.

Í tengslum við síðustu stækkun sambandsins, þegar tíu ríki, þar af átta fyrrverandi austantjaldslönd, gengu í það 1. maí 2004, gerði Evrópusambandið þá kröfu á EFTA-ríkin í EES, það er Ísland, Noreg og Liechtenstein, að þau öxluðu fjárhagslegar byrðar af inngöngu þessara fátæku fyrrverandi kommúnistaríkja til jafns við eldri aðildarríki ESB með því að margfalda framlagið í Þróunarsjóðinn. Samningamenn ESB sögðu þessa

kröfu eðlilega, þar sem EFTA-ríkin í EES nyttu góðs af aðgangnum sem EES-samningurinn veitir að stækkunum innri markaði Evrópu.

Samningunum þá lyktaði með því að Norðmenn féllust á að greiða tífalt hærri framlög en áður en framlag Íslendinga fimmfaldaðist. Í heild er gert ráð fyrir að við inngöngu Rúmeníu og Búlgaría muni ESB krefjast þess að EFTA-ríkin í EES leggi aukalega til minnst 70 milljónir evra, andvirði um 6 milljarða króna. Síðast varð niðurstaðan sú að Norðmenn greiddu 95 prósent af heildarveikningnum, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu þeir mun tregari til þess núna. Því megi reikna með að reikningurinn til



NÝ AÐILDARRÍKI Rúmenía og Búlgaría (rauðlituð) fá inngöngu í ESB um næstu áramót. Í maí 2004 gengu átta lönd (dökkblá) Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Tékkland, Slóvakía, Ungverjaland og Slóvenía í sambandið.

Íslendinga verði sem svarar allt að 400 milljónum króna er Rúmenía og Búlgaría ganga í ESB, en þessi tvö lönd hafa samtals um 30 milljónir íbúa sem verða þeir allrafátækustu á EES-svæðinu.

-aa

Sumardekk á ótrúlegu verði

Eingöngu fánlegt í Hagkaupum Skeifunni og á Akureyri

50 fyrstu sem
kaupa heilan umgang
fá **50% AFSLÁTT**
af umfelgun.

Dekkjastærðir

Fólksbíladekk

Stærðir	
155R13	3.999,-
165/70R13	4.499,-
175/70R13	4.499,-
175/65R14	4.999,-
185/65R14	5.499,-
175/70R14	4.999,-
185/70R14	5.499,-
185/65R15	5.999,-
195/65R15	6.499,-
205/70R15	6.999,-
205/55R16	8.999,-
215/55R16	9.999,-

Jeppadekk

Stærðir	
205/75R15	8.999,-
235/75R15	9.999,-
30X9,50R15	9.999,-
31X10,50R15	10.999,-
32X11,50R15	12.999,-
33X12,50R15	13.999,-
35X12,50R15	14.999,-
225/70R16	10.699,-
255/70R16	12.999,-
265/75R16	13.999,-
285/75R16	14.999,-
315/75R16	17.999,-
265/75R17	13.999,-
33X12,50R17	19.999,-
285/65R18	29.999,-

Sendibíladekk

Stærðir	
195/70R15	7.999,-

Afsláttarmiði



Chaparral
Jeppadekk

www.vdo.is

SUNNY
Fólksbíladekk

Gegn framvísun þessa miða fæst umfelgun
á fólksbil á aðeins kr 3.999,-
Hjá VDO Borgardekk

VDO
Borgardekk
Fljót og góð þjónusta

Borgartún 36 s:588-9747

Gildir til 1. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARID

- 1 Hvar er prestastefnan haldin?
- 2 Hver er formaður Samtaka atvinnulífsins?
- 3 Ronaldínho var tekjuhæstur knattspyrnumanna í fyrra. Hversu mikið þénaði hann?

SVÖR Á BLS. 58

Samtök gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum:

Blátt áfram orðin frjáls félagasamtök

FÉLAGSMÁL Þáttaskil hafa orðið í starfsemi forvarnarverkefnisins Blátt áfram. Það er nú ekki lengur á hendi Umgmennafélags Íslands heldur hafa verið stofnuð frjáls félagasamtök undir sama nafni. Þetta kom fram á blaðamannafundi sem forsvarsmenn hins nýja félags efndu til í gær.

Blátt áfram - forvarnaverkefni UMFÍ sem vinnur gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum hófst 2004. Verkefnið hefur frá upphafi verið unnið í samstarfi við syst-

urnar Svövu og Sigríði Björnsdætur sem áttu upphaflegu hugmyndina að því. Markmið UMFÍ var að reka verkefnið í ákveðinn tíma eða þar til því yrði fundinn annar farvegur sem gerðist þann 1. mars með stofnun frjálsra félagasamtaka undir sama nafni.

Blátt áfram hefur unnið að fjölmörgum verkefnum frá stofnun. Á þessu ári verður mikill kraftur í starfsemi þess. Má þar nefna auglýsingaherferð, ráðstefnuhald, svo og námskeið og



BLÁTT ÁFRAM Starf Blátt áfram var kynnt á blaðamannafundi í gær. f.v. Ragna Guðbrandsdóttir, Marsibil Sæmundsdóttir, Guðrún Ebba Ólafsdóttir, Sigríður Björnsdóttir, Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir, Helga Guðrún Guðjónsdóttir, Evert Víglundsson, Arnaldur Birgir Konráðsson, Björn B. Jónsson og Harpa Leifsdóttir.

fræðslu um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum og fræðslu um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Hægt er að skrá sig

í félagið með skráningu á póstlista félagsins á heimasíðu Blátt áfram. Engin félagsgjöld eru innheimt. -jss

DALVÍKURBYGGÐ

Dalvíkurbyggð varð til árið 1998 þegar þrjú sveitarfélög við utanverðan Eyjafjörð sameinuðust undir einum hatti: Dalvíkurbær, Svarfaðardalshreppur og Árskögshreppur. Íbúafjöldi 1. desember 2005 var 1927.

Úrslit kosninganna 2002
Á kjörskrá voru 1.362 og kjörsókn 84,1%
Listi Framsóknarmanna (B)
469 atkvæði - 4 fulltrúa.

Listi Sjálfstæðismanna og óháðra (D)
408 atkvæði - 3 fulltrúa.

Listi Sameiningar (I)
230 atkvæði - 2 fulltrúa.
Framsóknarflokkurinn og sameiginlegur listi sjálfstæðismanna og óháðra mynda núverandi meirihluta í bæjarstjórn.

Bæjarfulltrúar B-listans:
Sigurður Valdimar Bragason.
Guðbjörg Inga Ragnarsdóttir.
Kristján Ólafsson.
Katrín Sigurjónsdóttir.

Bæjarfulltrúar D-listans:
Svanhildur Arnadóttir.
Jónas M. Pétursson.
Dórothea Jóhannsdóttir (Flutti úr landi).
Arngrímur V. Baldursson.

Bæjarfulltrúar I-listans:
Ingileif Ástvaldsdóttir.
Óskar Gunnarsson.

Bæjarfulltrúar J-listans:
Engir - nýtt framboð 2006.

KOSNINGAR 2006

Eftu menn B-listans:
1. Bjarnveig Ingvadóttir, hjúkr.forstjóri.
2. Hilmar Guðmundsson, markaðsstj.
3. Haukur Snorrason, leiðbeinandi.
4. Hilmar Danielsson, fyrrv. framkvæmdastj.

Eftu menn D-listans:
1. Arngrímur V. Baldursson, bæjarfulltrúi.
2. Jónas Mikael Pétursson, bæjarfulltrúi.
3. Rósa R. Jóhannsdóttir, leiðbeinandi.
4. Ásdís S. Jónasdóttir, skrifstofustjóri.

Eftu menn J-listans:
1. Svanfríður Jónasdóttir, fyrrv. þingm.
2. Anna S. Hjaltadóttir, fiskiönaðarm.
3. Marínó Þorsteinsson, bifvélavirki.
4. Guðmundur St. Jónsson, framkv.stjóri.



FRÁ FISKIDEGINUM MIKLA Á DALVÍK Mörg ný andlit blasa við íbúum Dalvíkur ár hvert á fiskideginum mikla. Gera má ráð fyrir að mörg ný andlit sjást líka í bæjarstjórn eftir komandi kosningar miðað við miklar mannabreytingar á listum og nýjan framboðslista.

Ný andlit áberandi

Miklar mannabreytingar eru fyrirsjáanlegar í bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar að loknum kosningum. Nýtt fólk er áberandi á listum og nýr listi, J-listinn, býður fram í fyrsta sinn. Bæjarfulltrúum verður fækkað úr nýju í sjö eftir kosningar.

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR Þrjú framboðslistar eru komnar fram í Dalvíkurbyggð: B-listinn, listi framsóknarmanna, D-listinn, listi sjálfstæðismanna og óháðra, og J-listinn sem er nýtt framboð í sveitarfélaginu. Vinstri grænir hafa rætt um að bjóða fram en ólíklegt er að af því verði úr þessu.

Bæjarstjórn er nú skipuð níu bæjarfulltrúum en ákveðið hefur verið að fækka þeim í sjö á næsta kjörtímabili.

Það sem helst hefur sett mark sitt á kjörtímabilið er fremur erfið skuldastaða fyrir fjórum árum og deilur í kjölfar lokunar Húsabakkaskóla í Svarfaðardal. Skuldarnar hafa minnkað verulega á kjörtímabilinu og á síðasta ári skilaði bærinn 32 milljóna króna rekstrarafgangi en Húsabakkaskóli er enn lokaður.

Listi Framsóknarflokksins

SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR Dalvíkurbyggð 2006

hefur tekið miklum breytingum frá síðustu kosningum. Einungis þrjú framboðendur frá kosningunum 2002 eru nú á listanum og af þeim er aðeins einn fjögurra sitjandi bæjarfulltrúa flokksins, Kristján Ólafsson, en hann skipar nú 14 sæti listans, heiðursætið. Konum hefur fækkað verulega á listanum frá því fyrir fjórum árum en þá voru þær jafn margar körlunum eða níu. Nú eru konurnar einungis fjórar af fjórtán sem í framboði eru.

Sjálfstæðismenn og óháðir bjóða fram sameiginlegan lista, D-listann, líkt og í síðustu kosningum og eins og hjá Framsóknarflokkn-

um hefur listinn breyst mikið á milli kosninga. Tveir af þremur bæjarfulltrúum listans eru í efstu sætunum en sá þriðji er ekki á listanum. Af fjórtán manna framboðslista eru nú tíu sem ekki voru á lista D-listans fyrir fjórum árum. Helmingur framboðenda eru konur og helmingur karlar; líkt og síðast.

Listi sameiningar, I-listinn, er ekki í framboði núna en í hans stað hefur komið fram nýtt framboð, J-listinn. Svanfríður Inga Jónasdóttir, fyrrverandi alþingismaður, leiðir listann en fyrr í vetur hafði verið tilkynnt að hún myndi leiða lista Samfylkingarinnar. Frá því var horfið og mun Samfylkingin ekki bjóða fram lista að þessu sinni í Dalvíkurbyggð. Á J-listanum eru sex konur og átta karlar og eru konur í tveimur efstu sætunum. kk@frettabladid.is

Bjarnveig Ingvadóttir B-lista:

Gott skólastarf og góð þjónusta

Bjarnveig Ingvadóttir hjúkrunarforstjóri leiðir lista framsóknarmanna, B-listann, en hún skipaði 12. sæti listans síðast. Hún segir erfiða skuldastaðu sveitarfélagsins í upphafi kjörtímabilsins hafa sett nokkuð mark sitt á stjórn bæjarins og nauðsynlegt að gæta aðhalds í rekstri. „Okkur tókst að greiða niður skuldir um 100 milljónir á kjörtímabilinu, án þess að grípa til mikils niðurskurðar, og með það er ég mjög ánægð,“ segir Bjarnveig. Stefnskrárvinnu Framsóknar er ólokið og því vill Bjarnveig ekki nefna helstu baráttumál en segir þó stækkingun ípróttahússins, eða bygging nýs, líklega þar á meðal. „Jafnframt viljum við halda uppi öflugum skólastarfi og góðri þjónustu en aldrei má vilja frá ábyrgð í fjármálastjórninni,“ segir Bjarnveig.



Svanfríður I. Jónasdóttir J-lista:

Aukin velferð og íbúalýðræði

Svanfríður Inga Jónasdóttir, fyrrverandi alþingismaður, skipar efsta sæti J-listans en í síðustu kosningum var hún í heiðursæti á lista sameiningar. Hún segir J-listann samanstanda af kraftmiklu fólki, með ólíkan pólitískan bakgrunn, sem náð hafi að sanna sig í atvinnu- og félagslífi bæjarins. „Við viljum móta skólafélag í samvinnu við foreldra, nemendur og starfsfólk skólanna og jafnframt leggja áherslu á símenntun og fá hingað framhaldsskóla. Við stefnum á að auka íbúalýðræði og leggjum áherslu á að fjölga fólki í byggðalaginu og auka fjölbreytni í atvinnulífinu. Við viljum einnig endurskoða leikskólalagjöld og fjölga leikskólarymum. Þá viljum við jafnframt auka fjölbreytni í þjónustu við aldraða, í samráði við þá sem nýta munn þjónustuna,“ segir Svanfríður.



Arngrímur V. Baldursson D-lista:

Ábyrgð og festa að leiðarljósi

Arngrímur Vídalín Baldursson, bóndi og bæjarfulltrúi, skipar efsta sæti framboðslista sjálfstæðismanna og óháðra, D-listann, en hann var í fjórða sæti listans í síðast. Hann segir listann standa fyrst og fremst fyrir ábyrgð og festu, jafnt í fjármálum sveitarfélagsins sem og almennri uppbyggingu. „Stefnuskrá D-listans er í mótun og því of snemma að tiunda öll þau mál sem við viljum berjast fyrir. Eitt af forgangsmálunum er að víkka út starfssvæði hitaveitunnar og bæta rekstraröryggi hennar og þá er orðið aðkallandi að byggja nýtt ípróttahús. Fleiri framkvæmdir mætti nefna en ljóst að dreifa þarf þeim til að skuldirnar vaxi okkur ekki yfir höfuð. Við viljum gjarnan lækka leikskólalagjöld á kjörtímabilinu en gjaldfrír leikskóli er þó ekki á döfinni,“ segir Arngrímur.



www.expressferdir.is

Bikarúrslitaleikur LIVERPOOL WEST HAM

12. – 14. MAÍ

Það má búast við hörkuleik þegar Liverpool og West Ham mætast í úrslitum ensku bikarkeppninnar í knattspyrnu. Flestir telja Liverpool sigurstranglegr en eins og sagan sýnir getur allt gerst í bikarnum og West Ham hefur svo sannarlega komið skemmtilega á óvart á þessari leiktíð. Leikurinn fer fram á Púsaldarleikvanginum í Cardiff og segja þeir sem þangað hafa komið að stemningin sé rafmögnuð. Hvernig væri að skella sér á völinn og sjá Marlon Harewood, Teddy Sheringham og féлага glíma við Steven Gerrard, Harry Kewell og allar hinar stórstjörnurnar í Liverpool?

FÓTBOLTAFERÐ

119.900 kr.

INNIFALID: Flug og flugvallaskattar til London, rútuferðir til Cardiff og aftur til

London, tvær nætur á hóteli með morgunverði í Cardiff og miði á leikinn. Miðað er við að tveir séu saman í herbergi. Íslensk fararstjórn.



» Nánar á www.expressferdir.is

Express Ferðir, Grímsbæ,
Efstalandi 26, sími 5 900 100

Express Ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



EITT SAMFÉLAG FYRIR ALLA

Þjóðarsátt um virkara velferðarríki



HVITA HÚSID / SÍA - 5811

Við höfum mótað nútímalegar hugmyndir um samfélag þar sem allir geta verið þátttakendur. Í þeim felast meðal annars:

- Einfaldari almannatryggingar
- Hærrí lífeyrir og skattleysismörk
- Minni skerðingar vegna atvinnutekna
- Atvinnuþátttaka allra með nútímalegri úrræðum
- Einstaklingsmiðuð búseta og samfélagsþátttaka
- Aukin þátttaka í menntun, hæfingu og endurhæfingu
- Notendavænni og heildstæðari heilbrigðisþjónusta

ER ÞINN FLOKKUR MEÐ Í ÞJÓÐARSÁTT?

Við óskum eftir samstarfi við alla stjórnmálaflokka.



VERIÐ KOMIÐ Þessi þýska kona nýtti sér góða veðrið í Freiburg í Suður-Þýskalandi í gær og fór í gönguferð í lystigarði með barn sitt. Eins og sjá má standa kirsuberjatrén nú í blóma í garðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sex mánaða fangelsi fyrir árás á sýslumanninn á Selfossi:

Árásarmaðurinn áfrýjar

DÓMSMÁL Maður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi. Hann þreif í Ólaf Helga Kjartansson, sýslumann á Selfossi, og fellti. Hann lýsti yfir áfrýjun við dómsuppkvaðningu þar sem hann er mjög ósáttur við niðurstöðuna.

Árásin átti sér stað í nóvemberbyrjun í Héraðsdómi Suðurlands. Ólafur Helgi hafði verið í aðalmeðferð annars máls og brugðið sér fram í afgreiðslu til að hringja í vitni, íklæddur skikkju ákæranda. Árásarmaðurinn kom að og heimtaði viðtal tafarlaust vegna kærnu um heimilisofbeldi gagnvart móður sinni. Sýslumaðurinn bauð manninum þá viðtalstíma morguninn eftir en maðurinn sagði það of seint þar sem hann færi þá í fangelsi.

Sögum þeirra ber eftir það ekki saman. Maðurinn segir að hann hafi tekið í öxl Ólafs Helga þegar hann ætlaði að ganga í burtu, en hann þá snúið sér við og hótað honum handtöku. Ólafur hafi síðan flækt annan fótinn í fæti hans og verið nær dottinn á gólfíð er hann ætlaði inn í dómsalinn. Sýslumaðurinn segir hins vegar að maðurinn hafi komið aftan að honum, brugðið fyrir hann fæti og um leið tekið hann hálstaki. Hann hafi náð að komast inn í dómsalinn og ákærði fylgt á eftir. Þar hefði sljakkad í honum eftir að sýslumaður hefði dregið fram embættisskilríki



SÝSLUMAÐURINN Á SELFOSI Þrifið var í Ólaf Helga Kjartansson og hann felldur er hann neitaði að ræða við mann í Héraðsdómi Suðurlands. Ólafur var upptekinn við annað mál í réttarsal. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

og sagt: „Þú veist hver ég er og ég banna þér að berjja mig.“ - gag

Landssamband lögreglu:

Misræmið óþolandi

DÓMSMÁL Landssamband lögreglumannna lýsir yfir furðu sinni á misræmi í dómaframkvæmd Héraðsdóms Reykjavíkur vegna brota gegn valdstjórninni.

Sambandið gagnrýnir að maður sem felldi sýslumann hafi fengið sex mánaða fangelsisdóm, en maður sem ók á lögreglumann, kýldi hann svo hann hlaut mar á kviði og áverka á hné fékk skilorðsbundinn dóm. Óþolandi sé að lögreglumenn njóti í framkvæmd ekki sömu verndar og aðrir fulltrúar valdstjórnarinnar. Bregðast verði við með viðeigandi lagaþvingningu eða beita öðrum úrræðum sem líkleg séu til að bæta réttarvernd lögreglumanna. - gag

Skilorðsbundinn dómur:

Réðist á mann og kjálkabaut

DÓMSMÁL Héraðsdómur Vesturlands dæmdi í gær mann til 45 daga skilorðsbundins fangelsisdóms fyrir að hafa í desember síðastliðnum ráðist á mann og slegið tvö högg í andlit hans.

Sprakk kjálkabein fórnarlambins við högginn og fór hann fram á rúmar tvö hundruð þúsund í skaðabætur sem ákærði greiddi áður en að réttarhöldum kom. Var talið ákærða til tekna að hafa viðurkennt brot sitt og hafa ekki áður komist í kast við löginn. - aðe

Kynjamisrétti í Wimbledon:

Konur hljóta lægri verðlaun

ENGLAND, AP Kvenkyns tennismeistarar sem sigra Wimbledon mótið í tennis í sumar fá lægri verðlaun en karlkyns félagar þeirra.

Skipuleggjandi keppinnar frægu tilkynnti á þriðjudag að verðlaunahafi karla muni fá tæpar 88 milljónir króna. Konan sem vinnur tenniskeppnina mun hins vegar fá tæpar 84 milljónir króna. Bæði kynin hafa fengið fjögurra prósentu hækkun síðan í fyrra. - smk

INDLAND

Heimabrigg banar fólki Minnst tíu þorpssbúar týndu lífi og 30 veiktust alvarlega á Austur-Indlandi efir að fólkið drakk mengað heimabrigg um helgina, að sögn indverskra heilbrigðisyfirvalda. Fremur algengt er að mengað heimabrigg dragi fólk til dauða í þorpum á Indlandi þar sem leynivinsalar eiga það til að „styrkja“ bruggið með metýlalkóhólí eða skordýraeitri.

Úkraínumenn syrgja

Í gær voru 20 ár liðin frá kjarnorkuslysinu í Tsjernóbyl. Minningarathafnir voru haldnar víða um heim. Deilt er um áhrif slyssins. Grænfríðungar telja að yfir 200.000 hafi tapað heilsunni vegna þess.

ÚKRAÍNA, AP Fólk safnaðist saman víða í Úkraínu í gær með kertaljós í hendi og kirkjuklukkum var hringt í minningu þess að 20 ár voru liðin frá kjarnorkuslysinu í Tsjernóbyl. Þingið hélt sérstakan fund um hversu margt er enn á huldu í tengslum við slysið og geislavirknina sem gætir í landinu, sem og hvað hægt sé að gera til að líkna þeim milljónum manna sem urðu fyrir áhrifum vegna slyssins.

Fjöldi manna var viðstaddur minningarathöfn í Kíev í fyrriðinn, þegar kirkjuklukkum var hringt klukkan tuttugu og þrjár mínútur yfir eitt að staðartíma, sem er nákvæm tímasetning slyssins.

Í gærdeg flaug svo forseti Úkraínu, Viktor Júkasjenkó, í þyrllu til bæjarins Tsjernóbyl, 18 kílómetrum frá verksmiðjunni, og lagði tvær rauðar nellikkur undir minnisvarða sem reistur hefur verið í minningu þeirra sem létust í slysinu. Tugir manna fylgdust með honum, aðallega aðstandendur hinna látnu og fyrrum starfsmenn verksmiðjunnar.

„Þegar ég lít í augu ykkar, þá minnst ég hetjanna sem fyrir 20 árum létu líf sín í skiptum fyrir líf okkar, fyrir framtíð okkar,“ sagði Júkasjenkó. „Afrestsverka ykkar verður minnst um alla framtíð.“

Í kjölfar sprengingarinnar í

kjarnakljúfi 4 í Tsjernóbyl verksmiðjunni breiddust geislavirk ský yfir stór svæði Sovétríkjanna fyrrverandi og Evrópu. Ríkisstjórn Sovétríkjanna skipaði fleiri en 350.000 manns að yfirgefa heimili sín í tugum þorpa og bæja sem enn standa auð og geislavirkt ofanfall féll á nálæg svæði í Úkraínu, Hvíta-Rússlandi og Rússlandi, þar sem um fimm milljónir búa.

Slysið hafði líkamleg og andleg áhrif á milljónir manna og vilja sumir stjórnmalafraeðingar meina að það hafi haft mikil áhrif á fall Sovétríkjanna hálfum áratug síðar.

Tala þeirra sem fórust vegna slyssins er mjög á reiki. Rúmir þrír tugir manna týndu lífi í sprengingunni eða við björgunaraðgerðir í kjölfar hennar. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin telur að um 9,300 manns hafi eða munu látast vegna krabbameins sem geislavirknin veldur, en aðrir, þeirra á meðal talsmenn Grænfríðunga, segja töluna geta verið tíu sinnum hærri. Ef aðrir kvillar eru teknir með segja Grænfríðungar heildartölu þeirra sem tapað hafa heilsunni vera 200.000 manns.

Seinasta starfandi kjarnakljúfnun í Tsjernóbyl var lokað árið 2000. Enn búa um 4.000 manns í Tsjernóbyl, en aldrei lengur en í tvær vikur í einu.



SONUR SYRGÐUR Praskovija Nezvova heldur á ljósmynd af syni sínum Viktor, sem er einn þeirra sem týndi lífi vegna hreinsunaraðgerða við Tsjernóbyl kjarnorkuverksmiðjuna í Úkraínu eftir sprengingu sem varð þar árið 1986. Nezvova var ein fjölmargra sem mættu á minningarathafnir í Kíev í Úkraínu í gær í tilefni þess að 20 ár voru liðin frá sprengingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Útgeislunin frá Tsjernóbyl

Sesíum-137 var útbreiddasta geislavirka frumefnið eftir slysið í Tsjernóbyl. Útgeislun mæld á smítuðum svæðum er gefin upp í curie, alþjóðlegri mælieiningu á geislavirkni.

Sesíum-137 í jörð (1986)



HEIMILDIR: Svissneska umboðsskrifstofan um þróun og samvinnu, Alþjóðakjarnorkumálastofnunin. AP

Benedikt XVI páfi hvatti leiðtoga heims í gær til að fullvissa sig um að allar tegundir orku sem notaðar eru í heiminum séu örugg-

ar. Jafnframt mótmæltu ýmis félagsamtök víða um heim kjarnakljúfum og hættunni sem frá þeim stafar. smk@frettabladid.is

Einstakir aksturseiginleikar

- hvort sem þú ert uppi á hálendinu eða bara að leita að Álfkonuhvarfi í Kópavoginum.



STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRÁ - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Beinskiptur Sedan **2.370.000,-** Sjálfskiptur Sedan **2.540.000,-** Beinskiptur Wagon **2.560.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.690.000,-**

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Selfossi 482-3100	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reyðarfirði 474-1453
-------------------------	----------------------	----------------------	----------------------	-------------------------------	-------------------------

TILBOÐ:

Leiðsögutæki fylgir hverjum seldum Legacy

Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku veg- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3. Andvirði 96.550,-





FRAMTÍÐARBÓK KB BANKA

Fermingarbörn sem leggja 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðarbók KB banka, hvort sem er í peningum eða gjafakortum Framtíðarbókar, fá 5.000 kr. peningagjöf inn á bókina frá KB banka.

- Verðtryggður sparireikningur
- Hæstu vextir almennra innlánsreikninga bankans
- Innstæðan verður laus til úttektar þegar þú verður 18 ára

www.kbunglingar.is

 KB BANKI



FIÐRILDI Það var fallett, þetta fiðrildi sem ljósmyndari festi á filmu í miðbæ Houston í Texas í Bandaríkjunum fyrr í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vinstri grænir á Akureyri vilja bæta kjör barnafjölskyldna:

Gjaldfrjáls leikskóli í haust

LEIKSKÓLAR Baldvin H. Sigurðsson, verðandi oddviti vinstri grænna á Akureyri, vill að Akureyrarbær bjóði í haust upp á gjaldfrían leikskóla.

„Þar með myndi Akureyrarbær standa undir nafni sem fjölskyldubær og taka afgerandi forustu í leikskólamáli á meðal stærri sveitarfélaga landsins,“ segir Baldvin.

Innheimt leikskóla- og fæðisgjöld leikskólanna á Akureyri nema um 208 milljónum króna á ári. Baldvin segir bæinn vel hafa efni á að bjóða upp á gjaldfrían leikskóla og bendir á að fjárhagsáætlun bæjarins geri ráð fyrir 400

milljóna króna rekstrarafgangi í ár.

Baldvin segir gjaldfrían leikskóla vera eitt stærsta hagsmunamál þeirra sem úr litlu hafi að spila.

„Skil milli leik- og grunnskóla fara minnkandi og leikskólarnir eru ekki lengur geymslustaðir heldur mikilvægar uppeldis- og menntastofnanir. Láglaunafólk á að geta boðið börnum sínum upp á sömu menntun á öllum aldurstigum og þeir sem eru efnameiri, en sumir hafa bókstaflega ekki efni á að hafa börn sín í leikskóla í dag,“ segir Baldvin.

- kk



BALDVIN H. SIGURÐSSON Vinstri grænir á Akureyri segja Akureyrarbæ vel hafa efni á að bjóða upp á gjaldfrían leikskóla og benda á að fjárhagsáætlun 2006 geri ráð fyrir 400 milljónum króna rekstrarafgangi.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Harmleikur í Sierra Leóne:

Mannapar ráðast á ferðamenn

SIERRA LEÓNE, AP Grá fyrir járnnum leitaði lögreglan í Sierra Leóne manna á mánudag, sem ráðist höfðu á hóp ferðamanna í náttúrufríðlandi á sunnudag, drepið afrískan bílstjóra þeirra og sært fjóra.

Svo virðist sem aparnir hafi fengið sig fullsadda á forvitni ferðamanna, því þeir flyktust skyndilega að leigubílum og réðust á fólk með kjafti og klóm. Bílstjórinn lést þegar í stað, annar Afríkumaður missti hendi, og þrír bandarískir ferðamenn slösuðust lítillega.

Í uppnáminu sem fylgdi árásinni slapp 31 api úr fríðlandinu.

- smk



TAKTU ÞÁTT Í HM-LEIK OLÍS

Sex ferðavinningar á HM í Þýskalandi.
Innifalið: leikur, flug og hótél fyrir tvo!

Allir sem versla hjá Olís á tímabilinu 25. apríl til 18. maí geta tekið þátt í HM-leiknum. Dregið er úr pottinum 19. maí og upplýsingar um vinningshafa verða birtar á olis.is.



Við höldum með þér!



EVROPUÞINGIÐ Sérskipuð rannsóknarnefnd kynnti í gær áfangaskýrslu um meintu leynilegt fangaflug CIA um evrópska lofthelgi.

NORDICPHOTOS/AFP

Rannsókn Evrópuþingsins á meintu fangaflugi CIA:

Yfir 1.000 leyniflug

BRUSSEL, AP Flugvélar í erindagjörðum fyrir bandarísku leyniþjónustuna CIA hafa flogið yfir þúsund sinnum um lofthelgi Evrópuríkja frá árinu 2001. Í sumum tilvikum voru meintir hryðjuverkamenn um borð, sem þannig voru fluttir með leynd milli landa. Þetta er meðal þess sem rannsóknarnefnd Evrópuþingsins hefur komist að.

Rannsókn þingsins á meintu leynilegu fangaflugi CIA í Evrópu hefur að sögn þingmanna sem að henni hafa komið leitt í ljós að það hafi ítrekað gerst að menn grundaðir um aðild að hryðjuverkum væru með leynd framseldir í hendur útsendara CIA. Þingmennirnir segja þessa menn hafa verið flutta fram og aftur um Evrópu í sömu flugvélinum, af CIA-mönnum sem hafa ítrekað verið nefndir á nafn í rannsókninni. Þetta gæfi tilefni til

að álykta að þessir flutningar væru liður í reglubundinni starfsemi.

Fyrsta bráðabirgðaskýrsla rannsóknarnefndarinnar var kynnt í gær. Henni til grundvallar liggja upplýsingar frá Eurocontrol, flugumferðaröryggisstofnun Evrópu, og upplýsingar sem safnað var í þriggja mánaða vitnaleiðslum, þar á meðal af hálfu manna sem halda því fram að sér hafi verið rænt af bandarískum leyniútsendurum og sætt pyntingum í haldi þeirra.

Auk Evrópuþingsins, sem er þing Evrópusambandsins, er Evrópuráðið, sem 41 Evrópuríki á aðild að og hefur það meginhlutverk að framfylgja Mannréttindaáttmála Evrópu, að rannsaka ásakarnirnar sem fram komu síðla síðasta árs um meint fangaflug og leynifangelsi CIA í Evrópu.

- aa

Dómur vegna þrotabús Huga hf:

Fróði greiði milljónir

DÓMSMÁL Tímaritsútgáfunni Fróða var í gær gert í Héraðsdómi Reykjavíkur að greiða þrotabúinu Huga hf. sem er forveri Fróðaútgáfunnar, tuttugu milljónir króna með dráttarvöxtum frá september. Fróði hafði keypt útgáfuréttindi að sjö tímaritum, viðskiptasambönd, endurprentunarréttindi, lausafé, rétt til vörumerkja, léna ásamt viðskiptakröfum af þrotabúinu.

Bú Huga var tekið til gjaldþrotaskipta í árslok 2004. Félagið hafði selt allar eignir sínar til nýja Fróða í eigu Prentsmiðjuna Odda með samningi 30. nóvember 2004. Tvö eintök eru til af kaupsamningnum, bæði dagsett 30. nóvember. Í öðru eintakinu er kaupverðið sagt 330.000.000 króna og var geng-

ið frá því 30. nóvember. Í kringum 10. desember var hitt eintakið af samningnum útbúið, en það er einnig dagsett 30. nóvember. Þar er kaupverðið sagt 310.000.000 króna.

Fróði taldi tuttugu milljónirnar sem greiddar voru úr sjóði gjaldþrota félagsins hafa verið sínar. Þær hafi verið keyptar og greitt fyrir. „Á þetta er ekki unnt að fallast,“ segir í forsendum dómsins.

Kaupverð var greitt með yfirtöku skulda við Prentsmiðjuna Odda og Íslandsbanka, sem tryggðar voru með veði í hinum seldu eignum. Þá voru greiddar 83.149.932 krónur inn á reikning Huga í Íslandsbanka í desemberþjun 2004.

- gag

Nýtt frá MS

MIÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLÖKKI



Nýjung!

Léttur ab-drykkur í dós – næstum of góður!

Klaus Wowereit borgarstjóri:

Skuldirnar að sliga Berlín

BERLÍN, AP Klaus Wowereit, borgarstjóri Berlínar, hefur ákveðið að leita til Hæstaréttar Þýskalands í þeirri von að dómstóllinn geri ríkissjóði landsins skylt að aðstoða við að greiða niður gríðarlegar skuldir höfuðborgarinnar.

Skuldirnar nema nú nærri 5.000 milljörðum íslenskra króna og vaxtagreiðslurnar einar nema rúmlega 200 milljörðum króna á hverju ári.

Klaus Wowereit borgarstjóri segir með öllu vonlaust að borgarsjóðnum takist að krafla sig út úr þessum skuldum á eigin spýtur. Ríkið verði hreinlega að koma til bjargar. - gb

Sjónvarpsmaðurinn Tony Snow verður nýr blaðafulltrúi Hvíta hússins:

Hefur óspart gagnrýnt Bush

WASHINGTON, AP Tony Snow, spjallþáttastjóri á Fox-sjónvarpsstöðinni og gallharður íhaldsmaður, verður næsti blaðafulltrúi Hvíta hússins, þrátt fyrir að hann hafi verið óspar á gagnrýni á George W. Bush, meðal annars kallað hann „hálfgerð vonbrigði“.

„Mitt starf er að taka ákvarðanir en hans starf er að hjálpa til við að útskýra þessar ákvarðanir fyrir fjölmiðlafólki og bandarískum almenningi,“ sagði Bush forseti í gær.

Snow hefur í sjónvarpsþætti sínum meðal annars sagt Bush hafa „misst tókin á fjárlögum,“ sagt hann hafa „kraftlausa stefnu

í innanríkismálum“ og sagt hann „hafa tilhneigingu til að syngja úr sálmabók pólitískrar réttshugsunar“.

Þessi harði gagnrýnandi Bandaríkjaforseta verður sem sagt blaðafulltrúi Hvíta hússins og þar með helsti talsmaður forsetans.

Snow segist ekki neita því að hann hafi gagnrýnt Bush.

„Það er allt saman opinbert,“ sagði hann.

Á árum áður starfaði Snow reyndar fyrir George Bush eldri, föður núverandi forseta, og skrifaði fyrir hann ræður.

Hann sagðist í gær hlakka til að takast á við nýja starfið. - gb



TONY SNOW OG GEORGE W. BUSH Næsti blaðafulltrúi Hvíta hússins hefur verið einn harðasti gagnrýnandi forsetans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



BRÚIN SEM HRUNDI Loka þurfti þjóðvegnum við Álaborg og jarðgöngum undir Limafjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Banaslys í Danmörku:

Brú hrundi á þjóðveginn

DANMÖRK, AP Einn maður fórst og í það minnsta fimm slösuðust snemma á þriðjudagsmorgun þegar brú á þjóðvegnum skammt frá Álaborg á Jótlandi hrundi.

Að sögn lögreglunnar voru nokkrar bifreiðar lokaðar inni eftir að brúin hrundi.

Viðgerð stóð yfir á brúnni þegar hluti hennar hrundi niður á þjóðveginn ekki langt frá jarðgangamunnum undir Limafjörð, sem Álaborg stendur við. Bæði veginum og göngunum var samstundis lokað fyrir umferð. - gb

Rússar aðstoða Ísrael:

Skjóta upp njósnahnetti

MOSKVA, AP Rússar skutu í gær upp ísraelskum njósnahnetti, sem Ísraellar segja að verði notaður til þess að njósna um kjarnorkuáform Írana. Gervihnettinum var skotið upp frá austanverðu Rússlandi, að sögn geimferðadeildar rússneska hersins.

Bæði rússneskir og ísraelskir fjölmiðlar greindu frá því að skotið hefði heppnast, en hnötturinn er til þess gerður að geta greint hluti á jörðu niðri allt niður í 75 sentimetrar stærð. Ísraellar óttast að Íranar muni afla sér kjarnorkuvopna og beina þeim að Ísrael. - gb

LÖGREGLUFRETTIR

Skiptimynt stolið Brotist var inn í ísbúð við Melhaga í vesturbæ Reykjavíkur um hálfimmleytið í fyrrinótt. Rúða var brotin í hurð og fór þá þjófavarnarkerfi í gang. Innbrotspjófurinn náði þrátt fyrir það skiptimynt úr peningakassa ísbúðarinnar.

Ók greitt til Akureyrar Átján ára stúlka var tekin á 136 kílómetra hraða á Ólafsfjarðarvegi síðdegis í fyrradag. Hún var að fara til Akureyrar þegar lögreglan á Dalvík stöðvaði för hennar.

Skemmdarverk í fjósi Farið var inn í fjós undir Eyjafjöllum og skorið á festar á níu kúm og þær leystar, lyftari tekinn og traktor. Bændurnir á bænum kölluðu lögregluna til og voru hræddir um að mjólk í tanki hefði verið skemmd. Mjólkurefirtilmenn voru kallaðir til að rannsaka mjólkina en farið var inn í fjósið að næturlagi.



Sælureitur í garðinum



Pantaðu glæsilega handbók okkar í síma 800 5050

www.bmvalla.is

Nú er tími vorverkanna.

Fyrstu skrefin að sælureit fjölskyldunnar liggja í Fornalund. Landslagsarkitekt okkar aðstoðar þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Hringdu í 585 5050 og fáðu tíma í ráðgjöf. Það kostar ekki neitt.



BM-VALLA

Söludeildir BM•Vallá: Í Fornalundi 110 Reykjavík Sími: 585 5050 • Suðurhrauni 6 210 Garðabæ Sími: 585 5080 V/Súluveg 600 Akureyri Sími: 460 2200 • Ægisgötu 6 730 Reyðarfirði Sími: 477 2050 • Höfðaseli 4 300 Akranes Sími: 433 5600

Sumarið



BETA galvaníserað hengipottur Ø20 cm 490,-



SKINA SLÁNDA skraut drekafluga 20 cm 290,-

4.490,-

TÄRNÖ borð og tveir stólar
borð 55x54x70 cm
stóll 39x40x79 cm



GRÄNSÖ borð
60x60 cm 4.990,-



VÅJÖN blómapottar og standur, rauðbrúnt/galvaníserað 47x81 cm 2.990,-



90,-
SOMMAR flugnaspaði ýmsir litir



HULTED blómakassi 51x19 cm 790,-
ODLA standur f/blómakassa galvaníserað 51x19 cm 990,-



BETA garðkanna 2,7l galvaníserað 590,-



SOMMAR servíettur ýmsir litir 24x24 cm 90,-



RÖNÖ garðskraut 35 cm 390,-



ODLA bakki og þrjár blómapottar, galvaníserað 30x10x7 cm 295,-



SKÄRÖ stóll 43x50x84 cm seta H 46 cm 2.490,-



SKÄRÖ borð Ø75 cm 3.990,-



490,-
SOMMAR kökuhjálmur ýmsir litir

Þú er hér!



KONFEKTYR loftskreyting
Ø24 cm 1.490,-



VÄSMAN stóll
54x66x92 cm seta H 45 cm 2.990,-



BONDÖN blómapottur
Ø15x14 cm 490,-



SOMMAR kubbakerti
ýmsir litir 7 cm 190,-



SOMMAR lukt fyrir
kubbakerti, ýmsir litir
22 cm 1.390,-



KVARNÖ borð, Akasía/ál
100x100 cm 12.900,-
KVARNÖ stóll, Akasía/ál
59x61x83 cm
seta H42 8.900,-




IKEA/PS BETSÖ grill
Ø35x50 cm 4.900,-



SOMMAR kælipoki
ýmsir litir 22x34 cm 490,-



SKINA BLOMMA ljósasería
ýmsir litir 2,8 m 1.490,-



590,-

PLATTA gólfklæðning,
Akasía 45x45 cm



Fjölskyldutilboð
virka daga 17:30 - 19:30

Sæskar kjötbollur, tveir 10
bollu skammtar og tveir
barnskammtar af spaghetti
ásamt safa.

990,-

IKEA Restaurant



„ORÐRÉTT“

Líftryggingin er vonandi í lagi

„Við erum ekki hræddir við að selja okkar eignir. Það getur verið gott að fara út úr félögum en það er erfitt og getur verið stórhættulegt.“

HANNES SMÁRASON FORSTJÓRI FL GROUP. MORGUNBLAÐIÐ

Klókustu stjórnmalámennt í heimi

„Getur þessi hagnýti miðju-punktur, sem tilvist flokksins hangir á, verið skýringin á því að þessi litli flokkur hef-ur verið ráðandi afl á Íslandi í næstum heila öld?“

ÍVAR R. JÓNSSON UM AFSTÖÐU-LEYSI FRAMSÓKNARFLOKKSINS. FRÉTTABLAÐIÐ.

nær og fjær tilveran

SJÓNARHÓLL

UMFERÐIN Í BORGinni



STEFÁN KONRÁÐSSON sendill

Of þung og of hröð

„Menn keyra alltof hratt um götur borgarinnar,“ segir Stefán Konráðsson sendill sem þeytist um höfuðborgarsvæðið þvert og endilangt á hjólinu sínu. Hann á tuttugu ár að baki í umferðinni og segir hraðan hafa aukist með árunum. Og ekki síður umferðarþungan. „Umferðin er of þung, það eru allt of margir bílar á götum.“ Hraðakstur var til umfjöllunar í Fréttablaðinu í gær en brögð eru að því að öllum afmíkilla bíla reyni með sér á götum að næturlagi. Spyrni, eins og það er kallað. Stefán verður ekki vitni að því enda sefur hann á nóttunni.

Stefán sendist fyrir nokkra, til dæmis, Styrktarfélag vangefinna og Sjónarhóll og þarf að fara víða með bréf og böggla. Hann segir öllum almennt sýna sér tillitsemi. „Annars er ég orðinn svo vanur þessu eftir öll þessi ár.“ Stefán hefur einu sinni verið nærri því að lenda í umferðaróhappi en betur fór en á horfðist í það sinnið.

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.

550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? EINAR SKÚLASON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ALPjóðAHÚSS:

Að læra að vera innflytjandi í Tyrklandi

„Ég er á námskeiði fyrir innflytjendur í Tyrklandi. Ég er búinn að vera að læra tyrknesku, félagsfærni og samfélagsfræðslu til að búa mig undir að setjast að héra. Ég er búinn að leggja inn umsókn um dvalarleyfi og hef farið í skriflegt próf í tyrknesku. Ég fæ niðurstöðurnar í dag og svar frá yfirvöldum um það hvort ég geti fengið dvalarleyfi. Þetta er það helsta sem er að fréttu,“ segir Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alpjóðahúss.

„Ég er vongóður því að kennarinn hrósaði mér fyrir þátttöku í tímum og sagði að ég hefði staðið mig vel. Mér er líka sagt að ég hafi komið vel fyrir í viðtalinu hjá Útlendingaeftirlitinu því að þar sagðist ég hafa hugmyndir um hvernig mætti bæta enn frekar ferðamennsku í Tyrklandi og koma með nýsköpun þannig að ég vona og held að ég hafi komið vel fyrir.“

- Hvað finnst þér eftirtektarverðast?
„Ég veit ekki alveg hvað ég á að segja. Það kom

mér á óvart hvað það er hægt að læra mikið í tyrknesku á stuttum tíma. Ég er búinn að læra að telja, kannski ekki alveg upp í milljón en næstum því, og svo er ég búinn að læra stafrófið. Ég kann kannski 50-100 orð og er ánægður með það,“ segir Einar og telur að orðaforðinn dugi til að fylla út eyðublaðið, til dæmis umsókn um dvalarleyfi. „Ég get skilið eyðublaðið og svarað því á tyrknesku. Svo get ég líka pantað einfalda hluti í búðum, á veitingastöðum og þess háttar.“

Námskeiðið í Tyrklandi er tilraunaverkefni þar sem sérfræðingar í málefnum innflytjenda frá átta Evrópulöndum kynna þvi að vera innflytjendur í Tyrklandi. Einar segir að upptökurnar verði notaðar í

heimildarmynd. „Þetta er hugsað sem kennslutæki fyrir aðra sérfræðinga í Evrópu í málefnum innflytjenda. Við erum að sýna fram á að við komum auga á ýmislegt sem vantar hér sem hægt er að heimfæra upp á aðstæður í öðrum löndum. Heimildarmyndin verður kennslumyndband í endurmenntun fyrir sérfræðinga og svo á hún líka að vera tæki til að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda í hverju landi þegar búið er að snúa hlutverkunum svona við.“

Einar segir að sér lítist vel á samfélagið, það komi sér á óvart hvað fólk sé opið og vinalegt. „Ég held að maður hafi ekki alveg rétta hugmynd af landi og þjóð í gegnum fréttaflokkning. Þó að það sé kannski víða pottur brotinn héra þá virðist ástandið samt almennt vera fint, að minnsta kosti frá mínum bæjar-ardrum séð.“



HÖFUÐSTÖÐVAR Í 47 ÁR Júlíus Einarsson á Borgarbílastöðinni, sem þekkir borgina eins og lófan á sér eftir 47 ár undir stýri, segir slæma tilfinningu fylgja því að flytja úr Hafnarstrætinu. Júlíus er til hægri á myndinni en við hlið hans stendur Birgir Eypórssson bílstjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fúlt að þurfa að flytja

Borgarbílastöðin hefur í næstum 55 ára sögu sinni haft höfuðstöðvar í Hafnarstræti 21. Vegna breytinga á skipulagi miðbæjarins verður húsið flutt og er stöðin því komin annað.

„Það er slæm tilfinning að flytja úr Hafnarstrætinu þar sem við höfum verið síðan um áramótin 1951-2 þegar stöðin var stofnuð. Þetta er fúlt,“ segir Júlíus Einarsson, bílstjóri númer eitt á Borgarbílastöðinni, og bætir við að stöðin hafi verið rekin á sömu kennitölu í öll þessi ár. Sjálfur hefur Júlíus ekið síðan 1959 eða í 47 ár. Fræg persóna Spaugstofunnar sem ekið hefur í 25 ár er því sem nýgræðingur við hlið Júlíusar.

„Við erum ekki lengur í hjarta bæjarins en þar var afskaplega gott að vera. Bæði vegna ferðamanna á sumrin og eins vegna aldraðra og öryrkja. Við erum nú eina stöðin sem veitir þeim 15 prósentu afslátt og svo var gott fyrir gamla fólk sem missti kannski af strætó að geta labbað yfir götuna til okkar,“ segir Júlíus og gætir söknunar í röddu hans. Stöðin hefur reynt að fá staur eða staði í miðborginni en það er í athugun hjá borgaryfirvöldum og gengur sú athugun heldur of hægt fyrir smekk Júlíusar.

Nýjar höfuðstöðvar Borgarbílastöðvarinnar eru á Nýlendugötu 26. „Við höfum komið okkur fyrir á nýja staðnum, þetta er lítið en svos-



NÝJA HÚSIÐ Skrifstofan á Nýlendugötu er aðeins hugsuð til bráðabirgða. Sigríður Svavarsdóttir sísamær stendur á milli Júlíusar og Birgis.

em ekkert ósnyrtilegt. En helsti gallinn er náttúrulega sá að við erum ekki lengur í alfaraleið.“ Borgarbílastöðin leigir húsnæðið af Reykjavíkurborg en hugsar það aðeins til bráðabirgða. „Þetta er skammtímalausn, við ætlum að reyna að finna eitthvað betra.“

Um tuttugu bílstjórar eru á Borgarbílastöðinni og minna fer fyrir henni en öðrum leigubílastöð-

um borgarinnar. „Við höfum viljað halda þessu litlu og berast ekki á,“ segir Júlíus og nefnir sem dæmi að stöðin auglýsi aldrei. Þannig hefur símanúmer hennar (552 2440) aldrei verið sungið þó þjált sé í munnun en aðrar leigubílastöðvar réðust í eftirminnilegar auglýsingaherferðir fyrir rúmum áratug og voru númer þeirra ýmist sungin eða röppuð. ■

Fjórða sæti í uppvaskinu

Íslenska landsliðið í uppvaski hafnaði í fjórða sæti á Norðurlandamótinu sem fram fór í Svíþjóð á þriðjudag. Þetta var í fyrsta sinn sem Ísland tekur þátt í Norðurlandamótinu.

Forsvarsmaður íslenska landsliðsins, Þuríður Helga Guðbrandsdóttir, gerði athugasemdir við störf dómnefndar en hún taldi íslenska liðið hafa staðið sig betur en það danska sem hafnaði í þriðja sæti. „Vinnubrögð Dananna voru léleg þannig að við erum brjáluð,“ sagði Þuríður Helga, reyndar hlæjandi, eftir mótið. Danirnir unnu sín verk hratt en illa og virðist það hafa komið þeim til góða því refsingin

við óhreinu leirtaui er léttvæg. „Ég gerði athugasemdir en svona eru víst reglurnar.“

Finnar báru sigur úr býtum, Svíar höfðu í öðru sæti og Danir í því þriðja. Norska liðið varð svo í fimmta sæti.

„Krakkarnir stóðu sig frábærlega og keppnin var rosalega skemmtileg. Nú vitum við hvað þarf til að vinna,“ sagði Þuríður Helga og stefnir að betri árangri á næsta ári.

Íslenska landsliðið skipa Erna Aðalheiður Karlsdóttir, nýkrýndur Íslandsmeistari, starfsmaður Nordica hótels, Da Cadapon og Songmvang Wong Wan sem vinna á



ÍSLANDSMEISTARINN Í UPPVASKI Eva Aðalheiður Karlsdóttir stóð sig vel eins og aðrir liðsmenn íslenska liðsins en það dugði ekki til sigurs.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Landspítalanum, Brynhildur Magnúsdóttir sem vinnur á Hrafnistu og Húgrún Ólafsdóttir hjá Alcan. -þps

Frosnar danskar og dásamlegar kjúklingabringur

FROSNAK
KJÚKLINGABRINGUR

1298
KR.
900g

Kjúklingar eru svo góðir!

**EKKERT
BRUÐL**

FIMMTUDAGS- OG FÖSTUDAGSTILBOÐ:

FERSKAR HOLTABRINGUR

1599
KR.



Ferskir kjúklingabitar

**EKKERT
BRUÐL**

KJÚKLINGALEGGIR/-LÆRI

359
KR.

35% afsláttur við kassann
Merkt verð 499^{kr.}

MATREIÐSLUHUGMYNDIR
Spennandi hugmyndir að góðum
kjúklingaréttum eru á bonus.is

Allt fyrir þig í Bónus:
TILBREYTING Í TILVERUNA
Sósur í dósum, duft og og krydd í
spennandi asíska og indverska rétti

40%
afsláttur
við kassann

KJÚKLINGAÆNGIR


179
KR.

40% afsláttur við kassann
Merkt verð 299^{kr.}

www.bonus.is

Svona erum við

> Sveitarstjórnarkosningar: Frambjóðendur



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: HORFURNAR Í ÍBÚÐABYGGINGUM SAMKVÆMT ÞJÓÐHAGSPÁ 2006-2010

Framboð og eftirspurn nær jafnvægi

Íbúðabyggingar tóku kipp árið 2005 og er framanundan mikill vöxtur á þessu ári. Bráðabirgðatölur úr þjóðhagsreikningum Hagstofunnar benda til þess að fjárfesting í íbúðum hafi aukist um rúm 10 prósent á föstu verðlagi og það hafi numið 57,4 milljónum króna, eða sjö milljónum meira en árið áður.

Rúmlega 3.100 íbúðir voru fullgerðar á höfuðborgarsvæðinu, þar af voru langflestar í Reykjavík.

Hvernig var þróunin í íbúðabyggingum 2005?

Lokið var við byggingu um 2.600 íbúða, þar af voru 782 í Reykjavík. Byrjað var á byggingu nær 4.400 íbúða á árinu 2005, um 1.650 fleiri íbúðum en árið á undan. Sú fjöldun er öll á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu var byrjað á nær 2.300 íbúðum á árinu 2005.

Af hverju ræðst eftirspurn eftir íbúðum?

Af nokkrum samverkandi þáttum. Fjármögnun íbúðakaupa varð auðveldari 2004 og 2005 og leiddi það til aukinnar eftirspurnar og mikilla fasteignaverðhækkana. Rauntekjur heimila hafa aukist. Líf er í byggingaríðnaði á Austurlandi. Þjóðinni fjölga hraðar en áður. Fjöldunin 2005 var yfir 6.300 manns en hún var 3.000 árið áður. Fjöldunin er ekki aðeins fólgin í erlendu vinnuafli heldur er aðflutningur fólks til annarra starfa mikill.

Er mesta eftirspurnin búin?

Hagtölur benda til að mesti kúfurinn í eftirspurn



sé að baki. Kaupsamningum hefur fækkað og veltan í krónum hefur staðið í stað þrátt fyrir hækkan fasteignaverðs. Þá hefur fasteignaverð ekki hækkað jafn mikið síðustu mánuði og mánuðina þar á undan.

Hvað með framboðið?

Framboð á nýju húsnæði er að aukast í takt við eftirspurnina og framleiðsluna. Tölur um íbúðir í smíðum um síðustu áramót benda til að framboð eigi eftir að aukast enn. Talið er að íbúðafjárfesting aukist um tólf prósent í ár. Búið er við að framboð og eftirspurn nái jafnvægi þegar líður á árið og í framhaldinu dragi úr vexti íbúðabygginga og hann verði nánast enginn á næsta ári.

SPURT & SVAR

FYLGISKANNANIR

Gera umræðuna líflegri

Nú stýttist óðum í borgar- og sveitarstjórnarkosningarnar 27. maí næstkomandi og fjölmiðlar og samfélagið allt litast af því. Fylgiskannanir eru bundnar kosningum órófaböndum og Fréttablaðið mun á næstu vikum gera tíu slíkar kannanir víðs vegar um land. Er þetta líður í ítarlegri umfjöllun blaðsins um framboð og kosningabaráttu á landsvisu. Baldur Þórhallsson, dósent í stjórnmálafræði við HÍ, veit manna mest um skoðanakannanir.



BALDUR ÞÓRHALLSSON DÓSENT

Eru fylgiskannanir skoðanamyndandi? Rannsóknir hefur ekki tekist að sýna að kannanir hafi áhrif á hvernig menn kjósa. Hins vegar virðast kannanir hafa mikil áhrif á það hvernig stjórnmálamennirnir sjálfir hegða sér. Stjórnmálamenn virðast bregðast við könnunum. Kannanir geta þannig haft áhrif á kosningabaráttu flokka eða hvaða málefni stjórnmálamenn leggja áherslu á.

Efla fylgiskannanir stjórnmálaumræðu? Eg hugsa að þær auki umræðuna. Þær gera umræðuna líflegri og skemmtilegri. Fólk virðist hafa mjög gaman af skoðanakönnunum og þær vekja áhuga fólks á mönnum og málefnum og allt sem veur aukinn áhuga á stjórnmálum er að mínu mati af hinu góða.

Reykvíkingar munu kjósa um skipulags- og fjölskyldumál


Tæpur helmingur Reykvíkinga segir að skipulags- og samgöngumál og fjölskyldumál verði þeir málaflokkar sem muni ráða því hvaða stjórnmálaflokk þeir muni koma til með að kjósa í borgarstjórnarkosningunum í vor.

Tæp 30 prósent Reykvíkinga segjast munu leggja áherslu á skipulagsmál eða samgöngumál þegar þeir velja hvaða stjórnmálaflokkur hljóti atkvæði þeirra í borgarstjórnarkosningunum í vor. Þetta er niðurstaða nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins sem framkvæmd var um síðustu helgi. Annar stærsti hópurinn, eða fimmtungur segist muni leggja áherslu á málefni barna. Þriðji stærsti hópurinn, eða 15,7 prósent, segist muni leggja áherslu á málefni aldraðra.

Skipulagsmál og samgöngur

29,2 prósent Reykvíkinga segist muni leggja áherslu á skipulagsmál og samgöngur til grundvallar þegar tekin verður ákvörðun um hvaða stjórnmálaflokkur fái atkvæði þeirra. Mun fleiri karlar en konur

HVAÐA MÁLEFNI MUN SKIPTA ÞIG MESTU VIÐ VAL Á LISTA Í NÆSTU BORGARSTJÓRNAR-KOSNINGUM?



leggja áherslu á þennan málaflokk, eða 38,4 prósent karla á móti 20,1 prósent kvenna.

Reykvíkingar sem munu sérstaklega skoða stefnur flokkanna í skipulagsmálum eru þó fleiri, því skipulagsmál verða einnig til skoðunar hjá þeim sem ætla að byggja ákvörðun sína á öllum flokkum, auk þess sem meirihluti þeirra sem segjast leggja eitthvað annað til grundvallar segjast ætla að leggja jafna áherslu á skipulagsmál og efnahagsmál eða skipulagsmál og velferðarmál.

Frjálslýndi flokkurinn leggur áherslu á að Reykjavíkurlugvöllur verði ekki fluttur og er eini flokkurinn með það á stefnuskrá sinni. Einnig vill flokkurinn að börn, öryrkjar og eldri borgarar fái frítt í strætó. Vinstri grænir leggja áherslu á umhverfisvæn skipulagsmál og að þjónusta strætisvagna verði efl. Framsóknarflokkurinn vill Reykjavíkurlugvöll fluttan á Löngusker og að Sundabraut verði lögð í botngöng í ytri leið.

Samfylking vill að sex þúsund íbúðir verði reistar á næstu árum, og að Sundabraut verði lögð í jarðgöng. Sjálfstæðisflokkur hefur lagt áherslu á að Sundabraut verði lögð með eyjalausn, en kynnir áherslur sínar nánar á sunnudag.

Málefni barna

Leikskóla-, grunnskóla-, og menntaskólalög falla öll undir málefni barna, svo og fjölskyldustefnur stjórnmálaflokkanna. 20,0 prósent Reykvíkinga segjast munu leggja áherslu á þennan málaflokk, en auk þeirra getur fjölskyldustefna einnig flokkast sem hluti af velferðarmálum.

Mun fleiri konur, 26,4 prósent, ætla að leggja áherslu á fjölskyldustefnu stjórnmálaflokkanna í ákvörðunartöku sinni en karlar, 13,6 prósent.

Um síðustu helgi, eftir að könn-

unin var framkvæmd kynnti Sjálfstæðisflokkurinn stefnu sína í fjölskyldumálum þar sem meðal annars var lögð áhersla á ódýrari leikskóla og að samræma betur nám og tómsundanám barna. Samfylking kynnti sama dag hvernig útfæra eigi stefnu þeirra um gjaldfrían leikskóla.

Framsóknarflokkurinn vill færa tómsundastarf barna inn í skólana og að leikskólar eigi að vera gjaldfrír. Stefna vinstri grænna um gjaldfrjálsan leikskóla hefur verið í umræðunni lengi og einnig er lögð áhersla á uppbyggingu frístundaheimila. Stefna frjálslýndra í borginni er að flýta uppbyggingu leikskóla og efla dagmæðrakerfið.

Málefni aldraðra

Tæp 16 prósent Reykvíkinga segjast munu leggja mesta áherslu á málefni aldraðra í þessum kosningum. Konur eru mun fleiri í þessum hópi en karlar, en 19,3 prósent kvenna leggja áherslu á þennan málaflokk en 12,0 prósent kvenna.

Allir flokkar leggja áherslu á eflingu heimaþjónustu. Þá segist Samfylking vilja byggja fleiri hjúkrunarheimili og býður greiðslu til eldri borgara verði óeðlilegur dráttur á að þjónusta sé veitt. Sjálfstæðisflokkurinn leggur einnig áherslu á að reistar verði nýjar þjónustubúðir og fasteignagjöld eldri borgara verði lækkuð. Frjálslýndir vilja fjölgun hjúkrunarrýma líkt og Framsóknarflokkurinn og vinstri grænir.

Efnahagsmál

11,7 prósent Reykvíkinga segjast leggja áherslu á efnahagsmál í þessum kosningum. Undir efnahagsmál flokkast útsvar, efnahagsstjórn borgarinnar og atvinnumál.

Mun fleiri karlar en konur leggja áherslu á þennan málaflokk, 16,0 prósent á móti 7,5 prósent kvenna.

Velferðarmál

Undir velferðarmál flokkast þau svör þar sem viðkomandi sagðist leggja áherslu á velferðarmál, þar sem sögð var lögð áhersla á málefni aldraðra og barna, á málefni fatlaðra eða málefni ungra fíkniefnanotenda.

8,1 prósent þeirra sem tóku afstöðu til könnunarinnar sögðust leggja áherslu á velferðarmál, þar af 4,4 prósent karla og 11,8 prósent kvenna.

Annað

Það flokkast undir annað þegar svarendur sögðust ekki gera upp á milli tveggja eða fleiri málaflokka. Þau svör má flokka annars vegar í þá sem vildu leggja áherslu á skipulags- og efnahagsmál og þá sem vildu leggja áherslu á skipulags- og velferðarmál. Einnig vildu nokkrir leggja til grundvallar siðferði og réttlæti í stjórnun borgarinnar.

8,1 prósent svara þeirra sem tóku afstöðu falla í þennan flokk, 8,0 prósent svara karla og 8,3 prósent svara kvenna.

Allt

Nokkur hópur vildi ekki leggja frekari áherslu á einhverja málaflokka framfarðrum á kjördag. 7,1 prósent þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar sögðust leggja áherslu á allt, 7,6 prósent karla og 6,7 prósent kvenna.

Hringt var í 600 Reykvíkinga laugardaginn 22. apríl og skiptust svarendur jafnt milli kynja. Spurt var; Hvaða málefni munu skipta þig mestu máli við val á lista í komandi borgarstjórnarkosningum? 84 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar.

FRÉTTASKÝRING
SVABORG SIGMARSDÓTTIR
svaborg@frettabladid.is

DV

Hefur þú séð DV í dag?

35 ÁRA VÆNDISKONA AUGLÝSIR
LIKAMA SINNA Á NETINUTOTTIÐ KOSTAR
TÍU ÞÚSUND

„Ég er ekki horfandi á klukkuna.“



Komdu við á MAX-einum

Kauptu Nexen sumardekk Nýr valkostur lægra verð

Nexen dekk eru afbragðsgóð akstursdekk, endingargóð, hljóðlát, rásföst og með einkar stutta hemlunarvegalegd. Dekkin frá Nexen hafa fengið feykigóðar móttökur meðal bíleigenda um allan heim, bæði vegna góðra eiginleika og hagstæðs verðs. Komdu við á Max1. Veldu Nexen sumardekk.

Dæmi um ótrúlegt verð :

Fólksbíladekk

13" frá 4.390 kr.
14" frá 5.589 kr.
15" frá 6.590 kr.
16" frá 10.190 kr.
17" frá 15.990 kr.
18" frá 18.518 kr.

Jepplingadekk

15" frá 11.990 kr.
16" frá 12.990 kr.

Sendibíladekk

14" frá 7.490 kr.
15" frá 9.290 kr.
16" frá 11.890 kr.

Ótrúlegt verð
Kauptu sumardekkinn á gamla genginu
frá **4.390 kr. stk.**

Tími pinn er dýrmætur

Forðastu óþægindi.
Komdu með bílinn til okkar.

Kauptu sumardekkinn á gamla genginu.

REYKJAVÍK - MAX1 BÍLAVAKTIN
Bíldshöfða 8. Símar 515 7097 og 515 7098
Opnunartími virka daga frá kl. 8 til 18

REYKJAVÍK - MAX1 BÍLAVAKTIN
Breiðhófa 1. Símar 515 7095 og 515 7096
Opnunartími virka daga frá kl. 8 til 18
Laugardaga kl. 9 til 13 nema í júní, júlí og ágúst.

AKUREYRI - MAX1 BÍLAVAKTIN
Tryggvabraut 5. Sími 462 2700
Opnunartími virka daga frá kl. 8 til 18

MAX1
BÍLAVAKTIN

Skoðaðu: www.max1.is



Grasáburður
399
5 kg

Gegn mosa



Garðakalk
799
12,5 kg



Úrvals gróðurmold **249** 10 ltr

Svona gerum við

1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni
2. Berum grasáburð á grasflötina
3. Berum garðakalk á grasflötina
4. Sáum grasfræi í sárin
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur

Kaupauki!
Áburðar-
dreifari



Allir sem kaupa grasáburð, kalk, grasfræ og/eða gróðurmoldina fyrir 1500 kr eða meira fá þennan frábæra áburðardreifara í kaupbæti. Á meðan birgðir endast.

Verðstríð gegn mosa

Opið til 21.00 í Skútuvogi
- líka um helgar

Soldis
Silkitré & silkiblóm

ný sending
full búð af
sumarblómum



blómaval

heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

Grasfræ **699** 1 kg





Vissir þú...

ad hinn grái gæðingur Gustur frá Hóli á 574 skráð afkvæmi. Þeirra hæst dæmd eru Kraftur frá Bringu með 8,55 í aðaleinkunn og hinn gráskjótti Klettur frá Hvammi með 8,49.
www.worldfengur.com

fákar

og fólk

HESTAMAÐURINN: FANNEY DÖGG INDRÍÐADÓTTIR

Byrjaði að keppa áður en hún fæddist

„Ég ligg stundum andvaka á kvöldin og hugleiði hvernig ég eigi að bregðast við tilteknum atriðum hjá einhverju tamningatryppinu,“ segir Fanney Dögg Indriðadóttir í Grafarkoti í Vestur-Húnaþingi. Fanney Dögg hefur marga hildina háð þótt hún sé ung að árum. Hún hefur keppt frá blautu barnsbeini, meðal annars á fjórum landsmótum. Hún er á kafi í tamningum og raunar öllu sem viðkemur hestamennsku. „Ég var nú ekki fædd þegar ég



keppti á fyrsta landsmótinu,“ segir hún hlæjandi. „Þá var ég í maganum á henni mömmu minni sem keppti á Neista frá Gröf á Landsmóti á Helli og hafnaði þar í fjórða sæti.“ Þess má geta að foreldrar Fanneyjar Daggar eru Herdís Einarsdóttir og Indriði Karlsson í Grafarkoti. Þær mæðgur eru með 30 hross á jörnum, öll frá Grafarkoti. Nú síðast kom Fanney Dögg fram á stórsýningu Skagfirðinga „Tekið til kostanna“. Þar varð hún í 3. sæti í úrslitum í gæðatölta og

kom að auki fram með „Rauðu divunum“, stórkostlegum sýningarhópi kvenna úr Vestur-Húnavatnssýslu. Sá hópur, sem og fleiri atriði á sýningunni, ætti fullt erindi á stórsýningar syðra, því þar var hraði, kraftur og öryggi í fyrirrúmi. Þrjár sýningarhópar komu úr Húnavatnssýslum og þeir sýndu að þar stendur hestamennska í blóma. Heimamenn létu sitt heldur ekki eftir liggja og var sýningin í heild mikil og góð skemmtun. En aftur að Fanneyju Dögg. Hún kveðst ætla að sækja um í Bændaskólanum á Hólum fyrir næsta haust og vinna við hestamennsku í framtíðinni. „Þetta er eiginlega ástríða,“ segir hún. „Hestarnir eru lifandi verur og þeir eru eins ólíkir og þeir eru margir. Svo er alltaf mikill og góður félagskapur í þeirri grein sem hestamennskan er.“

- jss

■ Ræktun 2006

Stórsýning Hrossaræktarsamtaka Suðurlands, Ræktun 2006, verður haldin í Ólfushöllinni næstkomandi laugardag 29. apríl og hefst kl. 20.30. Sýningin verður með hefðbundnu sniði þar sem stóðhesta- og hryssuhópar verða sýndir auk afkvæmasýninga og kynninga á ræktunarbúum. Meðal ræktunarbúa eru Torfastaðir, Háholt, Lækjarbakki, Efsti-Dalur, Litlaland og Lækjarbotnar. Meðal þeirra ræktunarhrossa sem sýnd verða með afkvæmum eru Blær frá Hesti, Töfri frá Selfossi og Vigdís frá Feti. Illingur frá Tóftum, Vilmundur frá Feti og Gustur frá Lækjarbakka.



■ Skeifukeppni á Hólum

Lokakeppni nemenda hestafræðibrautar Hólaskóla fer fram laugardaginn 29. apríl. Dagskráin hefst með reiðsýningu og úrslitakeppni í gæðingafimi klukkan 14.00. Klukkan þrjú verður verðlaunaafhending þar sem hin eftirsótta Morgunblaðsskeifa verður afhent auk reiðmennskuverðlauna FT, og Eiðfaxabikarsins. Að því loknu, eða klukkan 16.00 verða kaffaveitingar í boði skólans. Öllum er velkomið að fylgjast með.



■ Börnin keppa á Ingólfshvoli

Síðasta mótið í mótarið barna, unglinga og ungmenna á Ingólfshvoli fer fram á sunnudaginn 30. apríl. Þá verður keppt í fimmgangi unglinga og ungmenna og einnig í smala, eða hraðfimi þar sem riðið er á milli stika. Í smala er keppt í öllum flokki barna, unglinga og ungmenna. Dagskráin hefst klukkan 12.00 en þrjár samlagðir estu knapar í hverjum flokki verða verðlaunaðir sérstaklega. Að keppni lokinni verður haldin hefjarinnar grillveisla fyrir keppendur og aðstandendur þeirra.



Góðir vinir halda saman

Hrefna Sigurjónsdóttir líffræðingur og nokkrir samstarfsmanna hennar hafa rannsakað félagsgerð hesta í íslenskum stóðum frá árinu 1996. Nýlega var greint frá niðurstöðum rannsóknanna sem eru mjög áhugaverðar.

Hrefna er dýraatferlisfræðingur og hefur áður rannsakað fiska og skordýr. Áhuginn á því að rannsaka félagsgerð hesta vaknaði þegar hún fór að stunda hestamennsku árið 1995 og fór þá í sína fyrstu hestaferð um sumarið. „Þá fylgdi okkur rekstur og ég fór að fylgjast með hrossunum en ég þekkti lítið til þeirra áður,“ segir Hrefna en hún hefur ásamt félögum sínum fylgst með fimm stóðum víða um land en aðeins í einu þeirra var stóðhestur.

Hestarnir nýttu tímann á svipadán hátt allt árið um kring, hvort sem var í sumarhaga eða útígangi. Mestur tími fór í át eða 65 prósent. Hrossin stóðu kyrr í um 15-20 prósent tímans en lágu frá 5 til 10 prósentum. Fimm prósent tímans fóru í að ganga og sami tími í samskipti.

Tíminn sem fór í samskipti gat þó breyst eftir því hvort ný hross komu í hópin en þá jukust þau, en það gerðist einnig ef hross var tekið úr stóðinu. Ef stóðhestur var til staðar virtust samskipti vera minni milli tryppa og hryssna.

Skemmtilegt er hvað niðurstöður rannsóknarinnar sýna um tengsl milli hrossanna. Til dæmis að hross frá sama bæ haldi saman sérstaklega þegar þau komi ný inn í annan hrossahóp. Má því segja að þau myndi vinatengsl sem lýsa sér í því að hrossin halda sig nálægt hvert öðru í haganum. Þá er einnig áhugavert að skyld hross virðast mynda vinatengsl í stóðugu stóði.

Niðurstöður sýndu ekki með óyggjandi hætti hvað ræður stóðu hests í virðingarröð. Þó virðist aldur ráða mestu í varanlegu stóði en þyngd og dvalartími í hópi sem nýlega hefur verið settur saman. Rannsóknarhópurinn skoðaði einnig algengi húslasta, en það þýðir að hestar taka upp áráttu eins og að renna tönnum eftir innrétingum, krafsa og slíkt. Algengi húslasta er mun minni hér á landi en í nágrennalöndum. Að öllum lík-



HESTAR GETA VERIÐ VINIR Oft myndast vinatengsl milli hrossa af sömu bæjum og halda þau saman þegar þau koma inn í nýjan hrossahóp.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



HESTAR ERU MJÖG MISJAFNIR Hrefnu Sigurjónsdóttur dýraatferlisfræðingi fannst skemmtilegt að sjá hve hestar geta verið ólíkir í sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

solveig@frettabladid.is

indum skiptir máli að hestar eru tiltölulega stutt á húsi ár hvert auk þess sem þeir hafa samneyti við aðra hesta bæði á húsi og í sumar- og hausthaga, auk þess sem íslenski hesturinn elst upp frjálst í náttúrunni áður en hann er taminn.

Hrefna er ekki hætt að rannsaka félagsgerð íslenska hestsins og hefur undir verndarvæg sínum mastersnema sem langar að rannsaka allsérstakt stóð þar sem nokkrar stóðhestar eru í um hundráð að hesta hóp.

KINDABJÚGU REYKT OG SOÐIN



SÉRFRÆÐINGURINN: SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR, DÝRALÆKNIR HROSSASJÚKDÓMA

Ropi í hrossum er arfgengur veikleiki

„Ákveðnar visbendingar eru um að ropi í hrossum sé arfgengur veikleiki,“ segir Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma, um þann leiða ávana sem hross geta tekið upp á í húsi og kallaður er „ropi“. Þau svelgja í rauninni loft niður í magann og mynda þá hljóð sem líkist því að þau séu að ropa. „Talað er um að þessi galli eigi rætur að rekja til þess að hross með tiltekna skapgerð, til að mynda örlýnd hross, þola innivist illa. Ekki eru þó öll örlýnd hross í áhættuhópi.“

Sigríður segir aðbúnaðinn skipta miklu máli. Mikilvægt sé að hestar séu ekki haldnir í einangrun í lokuðum stíum, heldur sjái þeir og komist í snertingu við önnur hross á húsi. Graðhestar búa

oft við veri umhverfisaðstæður hvað þetta snertir og er því miður haldið meira inni en öðrum hrossum. Þá virðist kjarnfóðurgjöf stuðla meira að ropa heldur en hitt, samkvæmt erlendum rannsóknum. Gefa skal hey að minnsta kosti tvisvar á dag og betra að gefa oftar og minna í einu. Hleypa þarf hrossum út daglega og gefa þeim færi á að hreyfa sig eitthvað á hverjum degi. „Ef stóðhestur fer að ropa eiga þær upplýsingar erindi til ræktanda,“ segir

Sigríður. „Menn eiga rétt á því að geta forðast þetta í sinni ræktun því hestur sem ropar er lítils virði. Hann er með öllu óhæfur til sölu, og getur orðið ónothæfur til reidar. Því er um að ræða alvarlegan galla. Þegar ropi er kominn af stað er lítið til ráða og þetta getur versnað mjög hratt. Ropi er ekki smitandi og þrátt fyrir rannsóknir hefur ekki tekist að láta eitt hross kenna öðru að ropa. Ég þekki enga aðferð til að lækna ropa í hrossum.“



SAMSUNG

Dyrnar

að þínum draumum



Skápar til innbyggingar

Rústfrítt stál og ál

SAMSUNG



RS21KLSR - Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm
tvö kælikerfi og klakavél og kælt
vatn. Sér kælihölf í skápnum
til að afþýða eða hraðkæla.
299.900,-



RS21KLAL - Ál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm
tvö kælikerfi og klakavél og kælt
vatn. Sér kælihölf í skápnum
til að afþýða eða hraðkæla.
329.900,-

RS21KCSM
Lakkað Stál.
Kælir og frystir
176 x 91x 72 cm
tvö kælikerfi og
Klakavél og kælt
vatn. Sér kælihölf í
skápnum til að
afþýða eða
hraðkæla.
249.900,-

Stál, kámfrír

SAMSUNG

RS21DASM
Lakkað Stál
Kælir og frystir 176 x 91x
72 cm tvö kælikerfi og
klakavél og kælt vatn.
209.900,-



SAMSUNG

kæli- og frystiskápar

SAMSUNG

Hvítir kæli- og frystiskápar



RS21NASV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm
tvö kælikerfi og LCD stjórnborð.
139.900,-



RS21DASV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö
kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
179.900,-



RS21FASV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö
kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
199.900,-



RS21KCSV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi
og klakavél og kælt vatn. Sér kælihölf í
skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
229.900,-

Einfaldir kæli- og frystiskápar

SAMSUNG



RL36ESW Hvítur
182 cm á hæð kælir
og frystir
69.990,-



RL39ESM Stál lakkaður
192 cm á hæð kælir
og frystir
89.990,-



RL39WBSW Hvítur
192 cm á hæð kælir og
frystir og með vatns
tank fyrir kalt vatn
89.990,-



RL39WBMS Stál lakkað
192 cm á hæð kælir og
frystir og með vatns
tank fyrir kalt vatn.
99.990,-

Umboðsmenn:

Suðurland: Árvirkinn Selfossi og
Eyjaradio Vestmannaeyjum.

Vesturland: Model Akranesi.

Vestfirðir: Pristur Ísafirði.

Norðurland: Bókaverslun Þórarins Stefánssonar
Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki,
SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi
og Verslunin Urð Raufarhöfn.

Austurland: Verslunin Vík Egilsstöðum,
Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði,
Beint í Mark Vopnafirði

RÁÐIÓNAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000




ORMSSON

SMÁRALIND
Sími 530 2900
LÁGMÚLA 8
Sími 530 2800

Ný Ormsson verslun í Keflavík | Hafmargötu 25 | Sími 421 1535

ÚTGJÖLDIN

> Meðalverð á kíló af innlendu kaffi 1997 til 2005



neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: AÐALSTEINN BALDURSSON Á HÚSAVÍK

Keypti náttúruleusan kynbótahrút

„Ein bestu kaup sem ég hef gert hin síðari ár voru þegar við hjónin keyptum okkur nýtt rúm í versluninni Betra bak í Reykjavík fyrir um tveimur árum,“ segir Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur. „Við vorum í gömlu rúmi sem var 1,4 metrar á breidd og með tímanum fannst konunni það ekki nægilega stórt; vildi líklega komast lengra frá mér á nóttunni. Í mörg ár þrýsti hún á um kaup á nýju rúmi en ég þráðist ætíð við, þrátt fyrir að ég væri farinn að vakna þreyttur á morgnana og með bakverki. Að lokum lét ég undan og þó ég hafi aldrei viðurkennt það fyrir frúnni sé ég ekki eftir þeim kaupum,“ segir Aðalsteinn.

Nýja rúmið var stillanlegt rafmagnsrúm, 1,9 metrar á breidd, með heilsudýnum og nuddi.

„Þetta rúm hentar mér afskaplega vel því ég er verkum hlaðinn og enda oft vinnudaginn uppi í rúmi. Hækka þá bakið, breyti rúminu í hægindastól og skipulegg vinnu næsta dags. Konan skriður út á sinn kant og

sofnar eins og engill. Hvað gerist þegar vinnu minni lýkur læt ég ekki uppi en að minnsta kosti vöknum við jafnan bæði sæl og glöð að morgni.“

Aðalsteinn hefur ekki fláð feitan gölt í öllum sínum viðskiptum og hann segir sín verstu kaup tengjast fjárbúskap. „Ég er frístundafjórðungi og held ásamt tveimur félögum mínum 35 kindur. Fyrir tveimur árum ákváðum við að ráðast í rosalear kynbætur og félagar mínir fólu mér að fjárfesta í ærslafullum hrúti. Ég valdi gripinn af kostgæfni en þegar nýta átti krafta hans til kynbóta á fengitíðinni kom í ljós að hann var náttúruleaus með öllu. Lostalause kynbótatröllinu var svo slátrað síðastliðið haust og hefur gagnast okkur ágætlega síðan; vel reyktur.“



■ Hvað kostar... að taka bílpróf?

Umtalsverðir fjármunir fyrir foreldra

Mörg ungmenni greiða sjálf fyrir ökukenndu og ökuþróf en algengara má telja að foreldrar og ættingjar hjálpi til fjárhagslega með einum eða öðrum hætti, enda ekki skrytið því kostnaður við að öðlast ökuréttindi getur numið talsverðum upphæðum. Þannig er lágmarkskostnaður sem unglingur greiðir í kringum 105 til 110 þúsund krónur og er þá miðað við lágmarksökutíma en þar liggur mestur kostnaður. Meirihluti tekur þó fleiri ökutíma en þá sextán sem lágmarkið er og bætast þá við rúmar fimm þúsund krónur fyrir hvern tíma að auki. Námsgögn í ökuskóla sem allir þurfa að fara gegnum kosta frá 15 til 20 þúsund og má því gera ráð fyrir að algengur kostnaður sé frá 130 þúsundum króna.



■ Verslun og þjónusta

Auðveld bílakaup frá Bandaríkjunum

Áhugasamir bílakaupendur geta nú notfært sér þjónustu Islandus.com til að kaupa bifreiðar frá Bandaríkjunum en slíkt hefur færst mjög í vöxt á síðustu misserum með styrkingu krónunnar gagnvart Bandaríkjadal. Óvist er hvort sú þróun heldur áfram nú þegar krónan hefur veikt talsvert en áfram er þó hægt að gera góð kaup ytra án vandkvæða og býður Islandus viðskiptavinum sínum upp á mikið öryggi við kaupin. Þannig eru allir bílar tryggðir hjá íslensku tryggingafélagi auk þess sem ástandsskoðun er gerð á öllum ökutækjum áður en þau eru send hingað til lands. Að auki eru uppgefin verð á heimasíðu Islandus full verð, tollar, skattur og innflutningsgjöld, sem kaupandi greiðir fyrir bílinn hingað kominn.



UPPBYGGING Mikil uppbygging á sér enn stað víða á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Sá kostur að taka íbúðalán í erlendri mynt í stað íslensku krónunnar getur verið hagkvæmur fyrir þá sem eru að kaupa en hafi menn hug að skipta yfir eftir að kaup hafa gengið í gegn fellur til umtalsverður kostnaður sem getur þurrkað út allan ávinning sem af verður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LÉTT SPÆGIPYLSA

65% MINNI FITA



Húsnæðislán í erlendri mynt misgóður kostur

Vaxandi áhugi er hérlendis á að taka lán til íbúðar-kaupa í erlendum myntum enda vextir jafnan mun lægri og fólk losnar við verðtryggingu. Þetta er þó tvíeggjað að mati sérfræðinga.

„Hver og einn yrði að skoða slíkt með góðum fyrirvara enda er um háar upphæðir að ræða fyrir flest fólk og ákveðið fjárhættuspil,“ segir Lúðvík Elíasson hjá greiningardeild Landsbanka Íslands. Íbúðaeigendum býðst flestum hverjum að skipta íbúðalánum sínum úr íslenskri krónu í erlendar myntir. Hafa fyrirspurnir vegna þessa borist í auknum mæli.

Að mati Lúðvíks er ekki um vænlegan kost að ræða nema fólk hafi talsvert svigrúm í fjármálum sínum til að takast á við þær sveiflur sem orðið geta á skömmum tíma. „Fyrir það fyrsta er talsverður kostnaður því samfara að skipta yfir í upphafi. Sá kostnaður getur numið fjórum prósentum af láninu og auðveldlega þurrkað út ávinninginn sem af getur hlotist. Þess utan verður að fylgjast vel með gengi viðkomandi gjaldmiðils eftir á, því sveiflur geta verið talsverðar og haft mikil áhrif á stuttum tíma.“

Lán í erlendri mynt eru ólíkt íslenskum lánnum óverðtryggð og vextir jafnan hagstæðari en hér gerist og því kosturinn vænlegur



TALSMANUR NEYTENDA Gísli Tryggvason bendir fólk á að hafa samband við sérfræðinga áður en lagt er út í kostnaðarsamar breytingar vegna húsnæðislána.



LÚDVÍK ELÍASSON Segir fólk verða að hugsa sinn gang vel áður en skipt sé yfir í erlenda mynt í stað krónunnar. Mánaðarlegar greiðslur stórukist til að byrja með.

að því leyti. Á móti hefur íslenska krónan verið að gefa eftir og sveiflur hennar meiri en verið hefur lengi. Það þýðir að veikist krónan gagnvart þeim gjaldmiðli sem húsnæðislán eru tekin í hækka afborganir og höfuðstóll til muna.

Talsmaður neytenda, Gísli Tryggvason, segir skynsamlegt fyrir neytendur að leita til sérfróðs ráðgjafa standi hugur til að skipta húsnæðislánum í erlenda mynt. Benti hann sérstaklega á Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna en Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður hennar, segir óalgenget að fólk beini slíkum fyrirspurnum þangað. „Hér tókum við fyrst og fremst á móti

fólki sem einhverra hluta vegna hefur lent í erfiðleikum fjárhagslega. Varðandi ráð til annarra bendum við gjarnan á bankana sjálfa, sem hafa greinargóðar upplýsingar um hluti á borð við þessa. Hins vegar er ómögulegt að gefa einhlítt svar við því hvort þetta sé fýsilegur kostur. Það getur verið það fyrir suma en aðra alls ekki og skoða verður hvert og eitt dæmi vandlega fyrir sig.“

Séu íbúðareigendur ákveðnir í að skipta tekur það ekki langan tíma að fá slíkt í gegn og tekur afgreiðsla á slíkri breytingu að öllu jöfnu aðeins örfáa daga.

albert@frettabladid.is

SUMAR tilboð!

GEGNHEILAR FURU

INNRETTINGAR

fyrir heimili og bústaði



ELDHÚS



BADHERBERGI

**VERTU ÞINN
EIGINN
ARKITEKT!**

**FJÖLDI
UPPSTILLINGA-
MÖGULEIKA**

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

www.i-t.is

- fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

KAUPHÖLL ÍSLANDS* [Hlutabréf]

ICEX-15 5.764 +2,17% Fjöldi viðskipta: 425
Velta: 6.089 milljónir

MESTA HÆKKUN

Actavis +4,08%
Flaga +3,13%
KB banki +2,70%

MESTA LÆKKUN

Dagsbrún -1,33%
Atlantic Petroleum -1,18%
Icelandic Group -0,57%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 61,20 +4,08% ... Alfesca 3,90 -0,51% ... Atorka 5,80 +1,75% ... Bakkavör 50,10 +0,60% ... Dagsbrún 5,92 -1,33% ... FL Group 20,40 +2,51% ... Flaga 3,30 +3,13% ... Glitnir 17,50 +1,74% ... KB banki 798,00 +2,70% ... Kögun 74,50 +0,00% ... Landsbankinn 23,20 +2,66% ... Marel 72,50 -0,41% ... Mosaic Fashions 18,50 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,20 +1,78% ... Össur 112,00 -0,44%

*í gær kl. 14.50

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Stigið á bremsurnar

Meðal bankamanna og fjárfesta er mikið rætt hversu harkalega viðskiptabankarnir hafi stigið á bremsurnar til að hemja útlánavöxtinn og búa sig undir endurfjármögnun á verri kjörum.

Heyrist einnig að bankarnir hafi stóraukið kröfur um betri veð og hærra eiginfjárlutfall. Bitnar þetta einkum á stærri aðilum eins og fyrirtækjum þótt einstaklingar finni án nokkurs vafa fyrir því að erfiðara er að fá lánað en áður. En það þarf þó ekki að vera að lántakendur komi alls staðar að læstum dyrum; sparisjóðirnir fjármagna sig miklu frekar með innlánunum, sem streyma inn, en öðrum lánunum og streyma viðskiptavinirnir þangað.



Carnegie í góðum málum

Á sama tíma og íslenskur hlutabréfamarkaður hefur látið á sjá rjúka hlutabréf upp úr öllu valdi á hinum Norðurlöndunum. Ætla má að sú þróun hafi veruleg áhrif á afkomu íslensku fjármálafyrirtækjanna sem eru orðin mjög umsvifamikil á norrænum mörkuðum. Eitt þeirra er Landsbankinn sem á stóran hlut í sænska fjármálfyrirtækinu Carnegie sem birti uppgjör. Carnegie nýtur góðs af hagfelldum aðstæðum á mörkuðum og jók hagnað á milli ára um 187 prósent. Hagnaðurinn nam 287 milljónum sænskra króna, eða um 2,9 milljörðum króna, sem var nokkuð yfir væntingum markaðsaðila sem höfðu reiknað með 243 milljónum sænskra króna.

MARKAÐSPUNKTAR...

Hagnaður sænsku ferðaskrifstofunnar Ticket á fyrsta ársfjórðungi nam um 13,1 milljón SEK á móti 6,2 milljónum SEK hagnaði á sama tímabili árið 2005 og var um metuppgjör að ræða.

Greiningardeild Glitnis gerir ráð fyrir 1,5 prósentu hækkun vísitölu neysluverðs á milli apríl og maí. Gangi spáin eftir mun verðbólga mælast 7,5 prósent úr 5,5 prósentum.

Hagnaður sænska innheimtufyrirtækisins Intrum Justitia var 81 milljón SEK á fyrsta ársfjórðungi sem er um 20 prósent aukning milli ára. Tekjur Intrum Justitia voru um 709 milljónir SEK á fjórðungi.



KB BANKI Búist er við milljarða hagnaði af KB banka og Straumi við uppgjöri í dag.

Stórfyrirtæki birta uppgjör í dag

Stórfyrirtækin Bakkavör Group, KB banki og Straumur-Burðarás birta afkomutölur fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins á morgun. Spá greiningardeildir bankanna því að hagnaður allra félaganna vaxi á milli ára.

Búist er við að meðaltalshagnaður Bakkavarar Group verði 733 milljónir króna en var 493 milljónir á fyrstu þremur mánuðum ársins 2005.

KB banka er spáð um 15,4 milljarða króna hagnaði á tímabilinu en til samanburðar skilaði bankinn 11.093 milljóna króna hagnaði í fyrra.

Straumi er spáð mestum hagnaði félaga í Kauphöllinni á fyrsta árschluta eða 15,9 milljarða hagn-

SPÁ UM HAGNAÐ Á 1. ÁRSFJÓRÐUNGI 2006 OG BREYTING MILLI ÁRA*

	2006	2005	Breyting milli ára
Bakkavör Group	733	493	48,70%
KB banki	15.399	11.093	38,80%
Straumur-Burðarás	15.911	4.577	248,60%

* byggt á afkomuspám Glitnis, KB banka og Landsbankans

aði, þar af reiknar KB banki með að hagnaður félagsins verði yfir sautján milljarðar. Straumur hagnaðist um 4.577 milljónir á sama tíma í fyrra en þess ber þó að geta að Burðarás er ekki inni í þeirri tölu.

- eþa

Promens kaupir Elkhart Plastics í Bandaríkjunum

Velta samstæðunnar er áætluð sextán milljarðar í ár.

Promens, dótturfélag Atorku Group, hefur eignast allt hlutafé í Elkhart Plastics (EPI) sem rekur fjórar hverfisteypuverksmiðjur í Bandaríkjunum og er með sterka markaðsstöðu í miðvesturríkjunum. Fyrirtækið er þar með komið í hóp stærstu hverfisteypuvirkja Norður-Ameríku með níu verksmiðjur í Bandaríkjunum og Kanada.

Kaupin eru fjármögnuð með eigin fé og lánsfé.

Stjórnendur Promens telja að með kaupunum opnast ýmsir nýir möguleikar sem félagið hefur lítið getað sinnt. Nefna þeir framleiðslu á húsbílum, hjólhýsum og skemmtibátum í þessu sambandi en meginframleiðsla samstæðunnar er ker og tankar.

EPI hefur vaxið um fjórðung á ári með innri og ytri vexti að sögn Ragnhildar Geirsdóttur, forstjóra Promens. Jack Walter, forstjóri og aðaleigandi EPI, fær sex prósentu hlut í Promens og stýrir EPI áfram. Verðmat á Promens, sem PriceWater vann, sýnir að það er vanmetið í bókum Atorku um 4,9 milljarða



KAUPIR HVERFISTEYPUFYRIRTÆKI Með kaupum Promens á Elkhart Plastics verður félagið einna stærst á sínu sviði í Norður-Ameríku. Myndin er úr verksmiðju dótturfélagsins Bonar Plastics.

króna miðað við þau viðskipti sem fram fóru milli Atorku og Walters.

Velta Promens á þessu ári er áætluð sextán milljarðar króna en velta EPI var 38,5 milljónir dala í fyrra. Önnur félög í Promens-samstæðunni eru meðal annars Bonar Plastics og Sæplast. Starfsmenn Promens verða 1.600 talsins.

Töluverðar hreyfingar hafa verið á eignasafni Atorku Group að undanförunum. Greint hefur verið frá því að félagið hafi eignast 7,33

prósenta hlut í Amiad Filtration Systems sem hefur hækkað yfir 60 prósent í Kauphöllinni í Lundúnum frá áramótum. Amiad framleiðir vatnshreinsibúnað og síur. Á dögnum seldi Atorka um 22 prósentu hlut í breska iðnaðarfyrirtækinu Low & Bonar með góðum söluhagnaði og tilkynnti jafnframt að það hefði bætt við sig bréfum í flutningafyrirtækinu Interbulk og glerframleiðandanum Romag.

eggert@frettabladid.is

Réttu tækin í þrifin

Nilfisk-ALTO háþrýstidælar á tilboðsverði

Vortilboð RV
Nilfisk-ALTO háþrýstidælar



26.888 kr.
Nilfisk-ALTO E 140 X-TRA
Þrýstingur: 140 bör
Vatnsmagn: 500 l/klst.

6.888 kr.
Nilfisk-ALTO C 100
Þrýstingur: 100 bör
Vatnsmagn: 440 l/klst.

48.888 kr.
Nilfisk-ALTO P 150 X-TRA
Þrýstingur: 150 bör
Vatnsmagn: 610 l/klst.

TUNELIA RV/206A

Bjarnþór Þorláksson
bilstjóri RV

Tilboðið gildir út maí 2006
eða meðan birgðir endast.

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Sameining tveggja sjóða í farvatninu

Stjórn Lífeyrissjóðsins Lífiðnar leggur það til á ársfundi sjóðsins þann 8. maí að sjóðurinn sameinist Samvinnulífeyrissjóðnum.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Lífiðnar, segir að stjórnendur sjóðsins líti einkum til hagræðingar í rekstri og aukins rekstraröryggis með þessum áformum.

Báðir sjóðir hafa verið að horfa til sameiningar í nokkurn tíma. „Ég held að það hafi ekki verið tilviljun að þessir sjóðir byrjuðu að tala saman. Þeir eru mjög svipaðir að stærð en greiðendur koma úr ólíkum atvinnugreinum. Þannig getum við

fengið skemmtilega áhættudreifingu.“

Hann segir að þótt sjóðirnir tveir séu ólíkir að uppbyggingu í fjárfestingum passi þeir vel saman hvað það varðar.

Að sögn Ólafs hefur rekstur bleggja sjóða verið farsæll, raun-ávíxtun verið góð og eignir standa vel undir skuldbindingum. „Verði þetta samþykkt þá kemur til réttindaaukningar hjá sjóðsfélögum Lífiðnar.“

Ólafur segir að gangi sameiningin eftir verði ný sjóðurinn sjötti stærsti lífeyrissjóður landsins með heildareignir upp á 63 milljarða króna.

- eþa

10 milljarðar í Ósló

Union, dótturfélag Glitnis í Ósló, stóð á dögnum fyrir metsölu fasteignar í miðborg Óslóar. Seldist hún á 820 milljónir norskra króna sem jafngildir 9,8 milljörðum íslenskra króna. Fasteignin sem um ræðir hýsir verslunarhúsnæði á fyrstu hæðinni og á efri hæðum hússins eru 10 þúsund fermetrar af skrifstofuhúsnæði.

Norska fjármálatímaritið Finansavisen gerir söluinni góð skil í tveggja síðna umfjöllun. Þar kemur fram að markaðsaðilar höfðu gert ráð fyrir að fasteignin seldist á milli 500 og 700 milljónir. Velta menn því nú fyrir sér að hve miklu leyti þessi háa sala kemur til með að keyra upp verð á fasteignamarkaði í Ósló. Í greininni er haft eftir fasteignasalanum, Oystein Landvik, að mikill áhugi hafi verið fyrir fasteigninni. Mikil leynd ríkir þó yfir kaupunum og hefur ekki verið upplýst hver kaupandinn er.

- hhs



Nýtt frá **IMEDEEN**

Kynning á glæsilegri
kremlínu frá IMEDEEN
og **Prime Renewal töflum**

kynningar í

Lyfju Lág múla

á fimmtud. kl. 14.00-16.00

Lyf og Heilsu Kringlunni 1.hæð

á föstudag kl. 13.00-15.00

Hagkaup Smáralind

á föstudag kl. 15.30-17.00

Sérfræðingar frá Ferrosan,
framleiðanda IMEDEEN, munu
svara fyrirspurnum og leiðbeina
fólki um umhirðu húðarinnar.



TAKMARK


Rýmingarsala á ferðavélum • Sýningarv



ACER Aspire 3005WLM1

2.0GHz AMD M Sempron 3300+, 512MB DDR minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB Mirage skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

99.900



ACER Aspire 1692WLM1

1.73GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni, 100GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA CrystalBrite skjár, 128MB ATI X700, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

99.900



ACER TravelMate 4402LMI

1.6GHz AMD Turion, 512MB DDR vinnsluminni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15" XGA skjár, 64MB ATI X700 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

106.900



ACER TravelMate 8103WLM1

1.86GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WSXGA skjár, 128MB ATI X700 skjákort, Bluetooth, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

139.900



ACER Aspire 5502ZWXMI

1.76GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 14.1" WXGA CrystalBrite skjár, 128MB Intel GMA900, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

119.900



ACER TravelMate 4202WLM1

1.66GHz Intel Core Duo, 512MB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB Intel GMA950 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

139.900



ACER Aspire 5672WLM1

1.66GHz Intel Core Duo, 1GB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, slot DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB ATI X1400 skjákort, Innbyggð myndavél, Windows XP Home á íslensku eða ensku

149.900



ACER Ferrari 4005

2.0GHz AMD Turion, 1GB DDR vinnsluminni, 100GB harðdiskur, slot DVD±RW skrifari, 15.4" WSXGA skjár, 128MB ATI X700 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

149.900



ACER Aspire 5023WLM1

1.8GHz AMD Turion, 1GB DDR vinnsluminni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15" XGA skjár, 128MB ATI X700 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

119.900



ACER Aspire 1694WLM1

2.0GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni, 100GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA CrystalBrite skjár, 256MB ATI X700 skjákort, Bluetooth, Windows XP Home á íslensku eða ensku

139.900



Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndbengli.

VL12
Vaxtalaus í 12 mánuði

FYRSTA GREIÐSLA 1. JÚN

KAÐ MAGN

élar og lítið útlitsgallaðar • Einstakt verð



KAÐ TILBOÐ
0.000 KR
FYRSTIR
FYRSTIR FÁ



HP Compaq NC6120-A
 1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni,
 60GB harðdiskur, Combodrif, 15" XGA skjár,
 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net,
 Windows XP Pro á íslensku eða ensku

119.900



HP Compaq NC6120-B
 1.86GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni,
 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15" XGA
 skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust
 net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

139.900



HP Compaq NC6120-1
 2.0GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni,
 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15" SXGA
 skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust
 net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

149.900



IBM TP T43-01
 1.86GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni,
 60GB harðdiskur, Combodrif, 15" XGA skjár,
 64MB ATI X300 skjákort, þráðlaust net,
 Windows XP Pro á íslensku eða ensku

189.900




GATEWAY M680XL
 1.86GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni,
 100GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 17" WXGA
 skjár, 128MB ATI X700 skjákort, þráðlaust net,
 Windows XP Pro á íslensku eða ensku

119.900



SONY VAIO A617B
 1.73GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni,
 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 17" WXGA
 X-Black skjár, 256MB ATI X600 skjákort, þráðlaust
 net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

179.900



ACER Aspire 9502WSMI-2
 1.73GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni,
 100GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 17" WXGA
 CrystalBrite skjár, 128MB ATI X700, þráðlaust net,
 Windows XP Home á íslensku eða ensku

169.900



MSI M510C W
 1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni,
 40GB harðdiskur, Combodrif, 15" XGA ColorBrite
 skjár, 64MB ATI 9600, þráðlaust net,
 Windows XP Home á íslensku eða ensku

69.900



MSI M645-1
 1.73GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR minni,
 100GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA
 ColorBrite skjár, 128MB Geforce Go6600, þráðlaust
 net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

139.900



DELL LATITUDE D510-3
 1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni,
 60GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15" XGA
 skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust
 net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

119.900



Vaxtalaus tilboð eru miðuð við
 mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa
 eða Mastercard skuldabréf með
 3.5% stimpil og lántöku-gjaldi sem
 bætist við heildarupphæðina og
 dreifist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN
 SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
 Nóatúni 17
 Sími 562 6730

AKUREYRI
 Glerárgötu 36
 Sími 464 7400

KEFLAVÍK
 Hafnargötu 90
 Sími 534 7400

skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

365 færa Landsbókasafni gjöf í tilefni af fimm ára útgáfufæmli Fréttablaðsins.

Mikilvægur gluggi til fortíðar

Þegar afmælum er fagnað er venjan sú að afmælisbarninu eru færðar gjafir. Fréttablaðið og útgáfufélag þess 365 ákváðu hins vegar að snúa þessari hefð við og færa Landsbókasafni Íslands veglega gjöf í tilefni af fimm ára útgáfufæmli sem Fréttablaðið fagnar um þessar mundir. Gjöfin er stórmerki-legt blaðasafn sem Sveinn R. Eyjólfsson, fyrrverandi útgefandi DV um árabil og einn af guðfeðrum Fréttablaðsins, á veg og vanda af.

Dagblaðasafn Sveins er einstakt í sinni röð en það samanstendur af öllum tölublöðum af Vísi, Dagblaðinu, DV, Þjóðviljanum, Tímanum og Morgunblaðinu og er kirfilega innbundið, að stóru leyti í vandaðar leðurbækur.

Lesendur vita líka að sú mynd sem er varpað upp af atburðum líðandi stundar getur verið ansi misjöfn eftir því í hvaða blaði hún birtist.

Sveinn vann um árabil að uppbyggingu safnsins, sem hófst í kringum 1960, en mesti fengur söfnunarinnar var eflaust þegar hann eignaðist sögufrægt dagblaðasafn Böðvars Kvaran tíu árum síðar, í kringum 1970.

Dagblaðasafn Sveins komst í eigu 365 í framhaldi af kaupum á DV og það er 365 mikið gleðiefni að koma því í örugga höfn til Landsbókasafnsins þar sem fer fram stórmerki-legt vinna við að koma prentuðu efni á stafrænt form og gera það aðgengilegt á netinu. Samkvæmt nýjustu talningu safnsins eru nú meðal annars þegar aðgengileg á stafrænu formi öll kort af Íslandi frá upphafi til 1900, um 390.000 blaðsíður af handritum og öll íslensk tímarit frá upphafi til 1920.

365 fylgir gjöfinni úr hlaði með veglegu fjárframlagi til Landsbókasafnsins vegna stafrænnar ljósmyndunar á Vísi, Dagblaðinu, DV og Fréttablaðinu auk þess sem samkomulag hefur verið gert um frekara samstarf um afhendingu 365 á þeim blöðum sem félagið gefur út á stafrænu formi, en eins og dyggir lesendur Fréttablaðsins á netinu vita er hægt að lesa blaðið þar í heild á pdf-formi.

Þessi þáttur samningsins er ekki síst mikilvægur fyrir Fréttablaðið, sem og íslenskt þjóðfélag og umræðu í heild, því nokkuð hefur skort upp á að efni áður útgefna tölublaða sé nægilega aðgengilegt á netinu.

Morgunblaðið hefur verið í fararbroddi íslenskra dagblaða við að gera útgefið efni sitt öllum aðgengilegt, bæði með afbragðs gagnasafni á netinu og með sambærilegum samningi við Landsbókasafnið og Fréttablaðið hefur nú gert um stafræna ljósmyndun á blöðunum.

Gjarnan er haft á orði að dagblöð geri ekki annað en að spegla samtíma sinn, en lesendur vita líka að sú mynd sem er varpað upp af atburðum líðandi stundar getur verið ansi misjöfn eftir því í hvaða blaði hún birtist. Í því sambandi er mjög mikilvægt að geta kynnt sér umræðu, fréttir og önnur skrif um tiltekin mál frá sem flestum hliðum. Gjöf og samningur 365 við Landsbókasafn Íslands er lóð á þá vogarskál hvort sem horft er aftur til upphaf síðustu aldar, eða bara tvö ár aftur í tímann.

BÍLL DAGSINS

TOYOTA LAND CRUISER 100 V8

Nýskr 12.99 - Sjálfskiptur - Ekinn 109 þús km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Síðasta hálmstráið

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur ekki beinlínis átt sjö dagana sæla í embætti síðan hún varð varaformaður Sjálfstæðisflokksins í október síðastliðnum. Pólitísk tilvera er henni sérlega mótþræg þessa dagana og hefur frumvarpið um Ríkisútvarpið fengið æ verri einkunn eftir því sem menn hafa skoðað það betur. Engu að síður er mál manna að afgreiðsla frumvarpsins sé orðin einkonar prófsteinn á pólitískan orðstír Þorgerðar og það sé nauðsyn, stöðu hennar vegna, að afgreiða málið. Menntastofnun varð skólagjöld í háskólum. Styttingu náms til stúdentsprófs varð Þorgerður að fresta vegna deilna. Og fjölmiðlafrumvarpið nýja vekur enga sérstaka



kátínu. Þannig er Ríkisútvarpið einkonar hálmstrá.

Allt í plati

Djúpvitir stjórnspekingar telja fullvist að Þorgerður Katrín hafi ekki lagt fram nýtt fjölmiðlafrumvarp í vikunni til þess að fá það afgreitt með hraði í vor. Hún hafi vitað sem var að andstöðu við þess háttar ódagot gætti meðal framsóknarmanna að ekki sé talað um stjórnarandstöðu. Og gagnrýnin á efni frumvarpsins vex með hverjum degi. Lögleiðing afskipta af ritstjórnarstefnu og agavaldi yfir starfsfólki fjölmiðla er eitt. Sigurður G. Guðjónsson, slyngur lögmaður og fjölmiðlarekandi, kveðst í Viðskiptablaðinu vera gáttaður á frumvarpinu og vísar til takmarkana á eignarhaldi: „Slæmt var nú fjölmiðlafrumvarp Davíðs

Oddsssonar en þetta er öllu verra og það í alla staði.“ Enn aðrir benda á að frumvarpið nýja verði RÚV-frumvarpinu ekki til framdráttar. Öðru nær. Og hvað gengur þá menntamálaráðherra til?

Spennandi

„Við verðum að hjálpa Íslendingum,“ á Bush að hafa sagt við Davíð Oddsson í Hvíta húsinu í júlí 2004 á síðustu metrum Davíðs á forsætisráðherrastóli. Það hefur að minnsta kosti Styrmir Gunnarsson ritstjóri fyrir satt í umfjöllun sinni um Davíð í bókinni „Forsætisráðherrar Íslands“.

Nú eru menn spenntir að sjá tillögur sendinefndar Bandaríkjamanna um það hvernig þeir vilja efna varnarsamninginn í anda fundarins í Hvíta húsinu.

johnanh@frettabladid.is

Um þvætting

Maður er nefndur Harry G. Frankfurt og er prófessor í heimspeki í Princeton. Hann hefur nýlega sent frá sér óvænta metsölubók, sem heitir því góða nafni On Bullshit (2005; Um þvætting). Þetta er líklega stytta bók, sem ég hef lesið um mína daga, fáeinir síður í finlegu broti, og boðskapur heimspokingsins á erindi við okkur öll. Hér segir frá því.

Heimurinn er hálffullur af þvættingi. Við steytum á alls kyns þvættingi alla daga. En hvað er þvætting? Til að glöggva sig og lesendur sína á því spyr höfundurinn annarrar spurningar á undan, og hún er þessi: Hvað er lygi? Það vitum við öll. Lygi er vísitandi uppspuni, ósannindi. Mennt ljúga, ef þeir fara með rangt mál af ráðnum hug. Ef maður segist hafa séð annan mann ganga yfir þveran Faxaflóann með hval á bakinu og það um hábjargræðistímann, þá er hann lygari, nema hann sé vitfirringur. Lygi er jafnan lögdö mönnum til lasts, af því að hún er yfirleitt borin fram til að villa um fyrir mönnum og veldur þeim þá jafnan skaða, sem fyrir verða, en til hennar grípa menn eigi að síður stundum í neyð, jafnvel í góðum tilgangi. Oft má satt kyrrt liggja, segir máltækið. Lærðir menn hafa sumir skrifað langt mál um lygina í ýmsum birtingarmyndum og blæbrigðum, þar á meðal Þorleifur Halldórsson (1683-1713), rektor Hólaskóla (Lof lyginna, 1711).

Landamærin milli sannleikans og lyginna eru ekki alltaf ljós. Skáldskapur getur verið sannur, þótt hann eigi sér ekki skýrar fyrirmyndir í raunveruleikanum: vísitandi frávik frá þeim upplýsingum, sem við þykjumst hafa um raunveruleikann, til dæmis ýkjur í frásögn eða undanslættir, geta beinlínis aukið eiginlegt sannleiksgildi skáldskapar. Sama máli gegnir um myndlist. Málverk verður ekki ósatt, þótt það sé ekki

Í DAG
MUNURINN Á
ÞVÆTTHING OG
LYGI



PORVALDUR
GYLFASON

Hvor er þá verri, bullarinn eða lygarinn? Af tvennu illu kann einhverjum að sýnast það í fljótu bragði vera verra að mæla gegn betri vitund – ljúga. En er það víst? Er það skárri að mæla gegn engri vitund?

nákvæmlega eins og fyrirmyndin; frávikin geta þvert á móti skerpt skilning okkar á viðfangsefni listamannsins. Þess vegna þurfum við bæði skáldskap og sagnfræði, bæði málverk og ljósmyndir.

Þvættingur er að því leyti frábrugðinn lygum, að sá, sem ber fram bull og þvætting, hallar ekki réttu máli af ráðnum hug. Nei, hann hefur yfirleitt ekki haft fyrir því að kynna sér staðreyndir málsins, en hann lætur það þó ekki aftra sér frá því að fjalla um málið, svo að hending ein ræður því, hvort það, sem hann segir, er rétt eða rangt. Lygarinn hefur það fram yfir bullarann, að lygarinn hefur kynnt sér staðreyndir máls, enda gæti hann ekki að öðrum kosti hallað réttu máli vitandi vits. Því til þess að geta logið þarf lygarinn að vita, hvað er rétt og hvað rangt. Bullarinn þarf ekki að vita neitt: hann bara bullar.

Hvor er þá verri, bullarinn eða lygarinn? Af tvennu illu kann einhverjum að sýnast það í fljótu bragði vera verra að mæla gegn

betri vitund - ljúga. En er það víst? Er það skárri að mæla gegn engri vitund? Eða er það kannski skömminni skárri að leggja það þó á sig að kynna sér staðreyndir máls? – svo að menn viti þá að málvara kosti, hvenær þeir ljúga og hvenær þeir segja satt. Hér má vart á milli sjá. Þvættingur getur sýnt vera sakleysið sjálft, engin alvara á bak við hann, ekki heldur óvild, en hann getur eigi að síður valdið miklum skaða með því að ala á röngum upplýsingum og ýmsum ranghugmyndum.

Lygi er tiltölulega sjaldgæf í opinberri umræðu. Þvættingur er á hinn bóginn algengur. Tökum dæmi. Fyrir mörgum árum sagði virtur háskólaprófessor í ræðu, að væntanlegur hagar Íslands af innngöngu í Evrópusambandið næmi fjárhæð, sem jafngilti kostnaðinum við áskrift að dagblaðinu Tímanum í eitt ár. Þetta er verðið á sjálfstæði Íslands, sagði hann í ræðunni. Hann hallaði ekki réttu máli af ráðnum hug, það hefði ekki hvarflað að honum; nei, hann hafði bara ekki kynnt sér málið. Og þegar menn segja nú, að aðild Íslands að Evrópusambandinu geti ekki komið til greina vegna þess, að við þyrftum þá að fórna fiskimiðunum á altari Sambandsins, þá fara menn ekki heldur vitandi vits með rangt mál. Nei, þeir hafa ekki kynnt sér málið af þeirri einföldu ástæðu, að það er ekki hægt að kynna sér þessa tilteknna hlið málsins til fulls nema með því að sækja um aðild og láta þannig á það reyna, hvaða kjör bjóðast í aðildarsamningum. Það er eðlilegt, að menn greini á um kosti þess og galla fyrir Íslendinga að ganga inn í Evrópusambandið og taka upp evruna í stað krónunnar. Lausn málsins kallar á skynsamlegar rökræður. Meiri upplýsing og minni þvættingur myndu greiða fyrir farsælli og tímabærri niðurstöðu.

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFELAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason. RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson, Steinn Stefánsson og AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSíMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNUSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörnkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



MYNSTRADIR SUMARKJÓLAR

Í sumar verða áberandi mynstur það allra heitasta.

TÍSKA 2

AMMA BÁRA GLEÐUR BÖRNIN

Hafnirska hannyrðakonan Bára Björnsdóttir heldur áfram að gleðja aðra þótt heilsan hafi bilað.

HEIMILI 8



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[HEILSA, TÍSKA OG HEIMILI]

Sumarkort eru nú á sérstöku tilboði hjá Iceland Spa & Fitness. Tilboðið hljóðar þannig að keypt er sérstakt sumarkort og gildir það til 25. ágúst. Skiptir þá engu máli hvenær kortið er keypt en það gildir í allar fimm stöðvar ISF.

Nýjum vor- og sumar- bæklingi frá Europris var nýlega dreift inn á flest- öll heimili. Í honum má finna marga skemmti- lega hluti sem hægt er að nota á heimilinu og í garðinum. Til- boðin standa til 9. maí.



Tvær fataverslanir eru nú að flytja í nýtt húsnæði á Laugaveginum. Glamúr opnaði nýja verslun á Laugavegi 48 í gær og á laugardaginn mun Spútnik flytja yfir í nýtt húsnæði á Laugavegi 28. Verður mikil veisla af því tilefni í Spútnik á laugardaginn.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 27. apríl, 117. dagur ársins 2006.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	5.14	13.25 21.39
Akureyri	4.48	13.10 21.34

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Tumi með soninn Ólaf Bjarna og tikina Nölu. Ólafur átti einmitt sex ára afmæli í gær, daginn sem myndin var tekin á nýja heimilinu.

Allt að komast í eðlilegt horf

Hákon Leifsson, eða Tumi eins og hann er kallaður, stendur í ýmiss konar flutningi. Bæði búferlaflutningi og að stjórna tónlistarflutningi.

Tumi er nýfluttur í Arnarnesið í Garðabæ með fjölskylduna og hefur gott útsýni út á Kópavoginn þegar hann stendur úti á hlaði á nýja heimilinu. Hann segir flutningana eiginlega hafa staðið yfir síðan í nóvember og senn komist allt í eðlilegar skorður. „Við þurftum að yfirgefa okkar gamla heimili í nóvember og flytja inn á tengdamömmu en höfðum nóg rými og engin ástæða til að kvarta undan aðbúnaðinum þar,“ segir Tumi. Hann þarf heldur ekki að kvarta undan plássleysi í nýja húsinu því það er myndarlega byggt eins og önnur í þessum heimshluta. Brosandi kveðst hann hafa keypt húsið útá krít enda hafi hann aldrei talist til stóreignamanna.

En Tumi hefur fleira að sýsla þessa dagana en að taka upp úr kössum því fyrir dyrum standa stórtónleikar kórs sem hann stjórnar og nefnist Vox Academica. Þeir verða í Langholtskirkju klukkan 15 á laugardag. „Þetta eru tónleikar með kirkjulegu ívafi. Við erum með Sálumessu eftir Mozart og flytjum þrjú íslensk verk sem öll eru í svipuðum anda. Eitt er eftir Leif pabba minn sem var kaþólskur og hann er með Mariuáherslu í því. Svo erum við með langt lag eftir Jón Leifs við íslenskan texta eftir Jónas Hallgrímsson. Síðan er verk eftir Szymon Kuran sem heitir Um nóttina og er bæði bjart og dimmt. Hann semur þetta við fagran texta eftir dóttur sína sem fjallar um engla sem fljúga innan um stjörnurnar.“ Ásamt kórnum segir Tumi að á tónleikunum komi fram 20 manna símfóníuhljómsveit sem heiti Jón Leifs kammerata og fjórir einsöngvarar. Þeir eru Dóra Einarsdóttir, Sesselja Kristjánsdóttir, Davíð Ólafsson og Gunnar Guðbjörnsson.

gun@frettabladid.is

Gróður til gagns og gleði

Í KVÖLD VERÐUR INGÓLFUR GUÐNASON MEÐ FYRIRLESTUR SEM HANN NEFNIR GRÓÐUR TIL GAGNS OG GLEÐI Á MIÐÖLDUM.

Fyrirlesturinn fer fram í Orkuhúsinu á Bæjarhálsi. Ingólfur er ræktandi á Gróðrarstöðinni Engi í Laugarási. Hann er flestum ræktendum að góðu kunnur enda prýða vörur hans hillur matvöruverslana undir heitinu Gróðrarstöðin Engi.



Þjóðarblóm Íslendinga, Holtasóley.

Ingólfur hefur enn fremur gert plöntusögu Íslendinga hátt undir höfði. Hann hefur safnað jurtum og komið þeim fyrir í Jurtagarðinum í Skálholti í formi hinna gömlu klausturgarða. Sá hann um útgáfu lítils kvers þar sem greint er frá öllum plöntunum og notkun þeirra. Fyrirlesturinn hefst klukkan 20.00 en hann er samstarfsverkefni Orkuveitu Reykjavíkur og Garðyrkjufélags Íslands.

Ástarhelgi í Dýraríkinu

Vorið er komið og fuglarnir fara að hugsa til hreiðurgerðar.

Ástarfuglar með **40%** afslætti aðeins þessa helgi

DÝRARÍKIÐ

Grensásvegi s:5686668 Skútuvogi 16 s:5680020 - Akureyri s:4612540 - www.dyrarikid.is





Íslensk hönnun

HÚFUR SEM HLÆJA

Laugavegi 70
www.hsh.efh.is

Mynstraðir sumarkjólur

Í sumar verða áberandi mynstur það allra heitasta.

Áberandi mynstraðir sumarkjólur eru það sem koma skal. Í flestum tískuvöruslunum má finna fallega sumarkjólur sem gjarn-

an eru teknir saman í mittinu með böndum eða beltum. Kjólana má ýmist fá með ermum eða hlýrum og þeir geta gengið bæði spari og hversdags og eru tilvaldir til að spóka sig í á sólríkum sumardegum.

Centrum. 14.990 kr.

Whistles. 16.990 kr.



Centrum. 13.990 kr.

Next. 7.290 kr.

Next. 6.790 kr.



Monsoon. 6.899 kr.

Flexitol Heel Balm

NÝTT
Fáðu fæturnar mjúkar og fínar á aðeins 2 vikum með nýja

Flexitol

Útsöluastaðir: Fótaáðgerðastofan Eygló, Paradís og líf. Snyrtistofan Anita Vestmannaeyjum, Spar þín verzlun Kópavogi og Fjarðarkaup Hafnarfirði

Létt og smart í sumar



Kringlunni · sími 568 4900 · www.kello.is
Opið til kl. 21 í kvöld



Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Litli svartí kjólinn í Palais Royal

Að búa í París er stundum eins og að búa í safni, hvert skref er hlaðið sögu og hvert sem litið er eru byggingar sem eru fleiri hundruð ára gamlar. Húsið mitt, svo dæmi sé tekið, er þrjúhundruð ára, með friðuðum kjóllurum sem tengjast neðanjarðar við kirkju í hverfinu. En með tímanum gleymir maður þessu merkilega og leggur ekki lengur lykkju á leið sína til að njóta þeirra perla sem eru úr alfara-leið. Einn slíkur staður er La Galerie du Palais Royal sem er eins og ferningur í kringum Palais Royal-garðinn, rétt við menningarmálaráðuneytið og eitt sögufrægasta leikhús Frakka, La Comédie Française. Kannski vegna nálægðar sinnar við Louvre var þetta gallery dálítið í niðurníðslu. En nú um nokkurt skeið hafa verslanir verið opnaðar þar og fært þessum einstaka stað nýtt líf.

Þarna eru fjölmargir veitingastaðir og kaffihús sem á falletum degi þjóna gestum utandyra í hallargarðinum. Verslanir eru af ýmsu tagi jafnt fyrir safnara og tískuáhugamenn svo sem fyrir þá sem hafa gaman af gömlum matar- og kaffistellum, silfri og öðru. Þarna eru málverk jafnt sem tindáttar og forn mynt fyrir mynt-safnara.

Einn vinsælasti hönnuðurinn í dag er án efa Bandaríkjamadurinn Marc Jacobs en hann hannar fyrir eitt franskasta tískuhúsið, Louis Vuitton. Hann á sömuleiðis sitt eigið tískuhús og hefur fyrir nokkru opnað fallega búð í gallerýnu í Palais Royal þar sem finna má bæði kvenfatnað og fylgihluti, tóskur, skó og fleira. Hinum megin við garðinn er einn alflottasti skóhönnuður Parísar til húsa, Pierre Hardy. Skórnir frá honum eru það í skóm sem líkist hástískunni (Haute couture) í fatahönnun. Og búð Hardys er eins og svo margar í Palais Royal með stórum gluggum svo þeir sem ekki vilja falla í freistingu geta látið sér nægja að skoða listaverkin að utan. Svo eru það „vintage-búðirnar“ sem eru nokkrar, til dæmis „la petite robe noir“, Litli svartí kjólinn sem dregur nafn sitt af frægum svörtum kjól sem var ómissandi í kvöldklæðnaði þar til Yves Saint Laurent færði konum smókinginn 1967 sem eftir það varð jafnvel mikilvægari en svartí kjólinn. Tískusjúkir missa fljótt stjórna á krítarkortunum því þarna mátti finna ótrúlegar gersemar, til dæmis flöskugrænt veski og svartan kjól úr línu Christian Dior frá 1960 sem væri fullkominn klæðnaður fyrir kvikmyndahátíðina í Cannes í næsta mánuði. Ég sá í búðinni fúshíableika sandala frá YSL sem Tom Ford hannaði fyrir tískuhúsið og ég seldi sjálfur þegar ég vann þar sumarið 2003. Það er því ekki allt eins mikið „vintage“ og ætla mátti og gott að þekkja dálítið tískusöguna.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr

Keira selur kjól

Kjóllinn sem Keira Knightley klæddist á síðustu óskarsverðlaunahátíð er nú falur á ebay.

Keira Knightley, sem flestir þekkja úr hinni vinsælu kvikmynd Pirates of the Caribbean, hefur gefið kjólinn sem hún klæddist á síðustu óskarsverðlaunahátíð til að safna fé fyrir hjálparstofnunina Oxfam. Kjóllinn, sem hannaður er af hinum þekktu hönnuði Vera Wang, er metinn á um 3,3 milljónir króna. Hægt er að bjóða í kjólinn á ebay.com en uppboðinu lýkur 1. maí næstkomandi. Enn sem komið er hafa 50 boð borist og hljóðar það

hæsta upp á tæpar 500.000 krónur.

Allur ágóði af kjólnum rennur til bágstaddra í Austur-Afríku. Þar vofir mikil hungursneyð yfir vegna þurrka í Kenía, Sómalíu, Eþíópíu og Tansaníu. „Þetta er ótrúlegur kjóll og ég er svo ánægð að geta gefið Oxfam hann. Ég hef séð fréttamyndir af þurrkasvæðum í Austur-Afríku og ég geri mér grein fyrir því hversu alvarlegt ástandið er orðið. Þess vegna er ég ánægð með að geta gert eitthvað til að hjálpa,“ sagði Knightley þegar hún afhenti Oxfam kjólinn.

Kjóllinn góði sem Knightley hefur gefið Oxfam. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Lífærn og rakagefandi sturtusápa fyrir allar húðgerðir

Marg verðlaunuð hönnun, tímalaus og einstök.

trippen

Trippen, skóverslun, Rauðarárstíg 14, 101 Reykjavík. trippen.is

Ferskt fyrir sumarið

Floral frá Paul Smith.

Floral er ferskur ilmur frá Paul Smith sem hentar ungum konum sérstaklega vel. Ilmurinn er framandi en jafnframt fágaður og á vel við í sólinni í sumar.



Floral frá Paul Smith. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

HUGO BOSS • BLACKY DRESS
JEAN PAUL • PRO • KAPALUA
OUI • DAMO • BRAX

VANDAÐUR FATNAÐUR FYRIR VANDAÐAR KONUR

STILL

Laugavegi 58 • Sími 551 4884 • stillverslun.is

LOVELY ON THE INSIDE

LOVELY
SARAH JESSICA PARKER
THE FIRST SCENT

Í SÓL OG SUMARYL



Mikið
úrval af
sólgleraugum
kr. 990,-

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466

Fyrir krakka í allt sumar



Flauelsbuxur
Verð áður
3.500 - 4.200 kr.

Verð nú
2.800 - 3.360 kr.

www.66north.is

REYKJAVÍK: Kringlan - Bankastræti 5 - Faxafen 12
GARÐABÆR: Miðhraun 11 - Akureyri: Glerárgata 32



Vertu eftirminnileg,
vertu geislandi,
vertu kynþokkafull



Frizz-Ease Curl Around er sérhannað fyrir liðað og krullað hár. Gefur hárinu silkimjúka áferð, raka og fallegan gljáa. Úfið hár heyrir sögunni til.

from the professionals at
JOHN FRIEDA
hair-care - new york
FRIZZ EASE

allt atvinna

Alla sunnudaga



GS Skór. Sumarlegir sandalar. Fást líka í bláu og brúnu. Verð krónur 5.990.

Shoe Studio. Rauðir banda-skór með fylltum hæl. Verð krónur 8.500.

GS Skór. Háhælaðir skór með bleikri slaufu. Fást í nokkrum litum. Verð krónur 6.990.

Shoestudio. Litríkir og skemmtilegir skór, reimuð slaufa á tanni. Svipaðir skór fást í bláu. Verð krónur 10.500.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

GS Skór. Svartir skór með fylltum hæl og bláum steinum yfir ristina. Fást einnig í brúnu. Verð krónur 5.990.

Sumarlegar tær og fætur

Sumarið er komið og allar tásur landsins bíða nú spenntar eftir að frelsast undan sokkum og lokuðum skóm.

Úrval af fallegum sumarskóm er þónokkuð í verslunum þessa dagana.

Sterkir litir virðast vera ráðandi og oftar en ekki blanda af tveimur eða fleiri litum til að undirstrika sumargleðina. Einnig má fá marga skó sem eru fallega skreyttir litríkum steinum og öðru glingri sem svo sannarlega á við á sparilegri sumarkvöldum eða einfaldlega til að glæða glitrandi stundir lífsins. Banda-skór með fylltum hæl eru einnig áberandi í sumarskótískunni og þá má einnig fá skreytta steinum. Flatbotna-skór og sandalar eru margir með fallegri nákvæmnisvinnu sem gerir skóna sérstakari fyrir vikið.

Því má með sanni segja að hverri konu séu ætluð fleiri en eitt sumarskópar í ár. Þegar úrvalið er jafn fallegt er nauðsynlegt að kaupa fleiri pör.



Shoestudio. Fallegir flatbotna skór með stjörnulaga mynstri á tanni. Verð krónur 9.500. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Aldo. Dömullegir háhælaðir skór með fallegum steinum í grænum, gulum og fjólubláum lit. Verð krónur 24.990. Skórnir eru úr Aldo Collection línunni sem er sérlega vönduð lína og eintökin af þessu pari eru ekki mörg.

Shoe Studio. Fallegir sandalar með skrauti yfir ristina. Verð krónur 6.500.



Glæsilegt úrval af
handsmiðuðum
íslenskum skartgripum

LÁRA
GULLSMIDUR

SKÓLAVÖRUSTÍG 10
sími 561 1300

**Galla- og
sportfatnaður
í úrvali**



Ceres

Opnunartími virka daga
10-18
og laugardaga 10-16

NÝBYLAVEGUR 12,
KÓPAVOGUR
SÍMI 554 4433

**Ný sending
Sumarföt í
miklu úrvali
0-14 ára**

IANA
Laugaveg 53 • S: 552 3737
Opíð mán-fös frá 10-18 og lau. 10-16



Húsráð }

Pegar tyggjóid klessist

Flestir kannast við að hafa klesst tyggjó í fót. Það getur verið erfitt að ná því úr. Gott ráð er að skella flikinni inn í frysti og að nokkrum tíma liðnum er tyggjóid mulið úr. Sumir hafa eflaust lent í því að klína tyggjó í hár eða á húðina. Það er heldur óskemmtilegt en með því að maka smjörliki vel á staðinn þar sem tyggjóid er fast er hægt að ná því úr á nokkuð auðveldan hátt.


Gleðilegt sumar



Vinsælu kanadíska Bear chair garðhúsgögnin komin. Setrus viður, þolir íslenska veðráttu.



Bæjarlind 6, Kóp. • s. 5347470 • www.feim.is
Opíð virka daga 10-18 og laugardaga 10-16



**Armani-
lífsstíllinn
í EXO**

EXO hefur hafið sölu á Armani Casa vörum.

„Lífsstíllinn Armani á að vera upplifun,“ segir Hanna Birna Jóhannesdóttir hjá versluninni EXO í Fákafeni sem hefur hafið sölu á húsgögnum og gjafavörum sem eru hönnuð af Georgio Armani. Armani er betur þekktur sem fatahönnuður en hefur greinilega hæfileika á fleiri sviðum. „Við opnum á fimmtudag og það verður sýning alla helgina og 1. maí í til efni af fjórtán ára afmæli EXO,“ segir Hanna Birna en verslunin reynir að koma með nýjungar á hverjum afmælisdegi.

Í línu Armani eru húsgögn, borð, lampar auk gjafavöru. „Allt sem kemur frá Armani eru náttúruleg efni, sandsteinn, silki og leður,“ segir Hanna Birna sem segir vörurnar vera mjög elegant. Þar sem Armani gerir kröfur um að allar verslanir sem selja hönnun hans séu svartar í hölf og gólf hefur hluti verslunarinnar EXO verið málaður svartur sem veitir án efa ákveðna stemningu.



Full búð af flottum vörum
Glæsileg sófasett og frábært úrval af tekk borðstofuhúsgögnum.

skenkar- stólar- borðstofuborð- sófar- hægindastólar- sófaborð
smávara- skemlar- púðar- sjónvarpsskápar- skilrúm

Verið velkomin að Dalvegi 18

Gallerí Húsgögn

Sími 554 5333

Opnunartími:

Virka daga 11-18 • Laugardaga 11-16 • Sunnudaga 13-16







Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

Krýsinn – gullna blómið

Löngu fyrir Krists burð höfðu Kínverjar uppgötvað og ræktað þá jurtt sem við köllum í daglegu tali „krýsa“ til að stytta hið langa og framanndi orð „krýsanthema“. Og þó var það norræn visindamaður, Svinn Carl von Linné, sem gaf þessari plöntuættkvísl það vísindaheiti, dregið af grísku orðunum „chryso“ fyrir gull og „anthonem“ fyrir blóm. Linné notaði ættkvíslarheitið fyrir margar náskyldar, norrænar tegundir sem hann þekkti vel, eins og til dæmis freyjubrá og reinfang. Það heiti sem hefðbundið er að nota núorðið sem alþjóðlegt nafn á krýsana er Chrysanthemum x morifolium – en nokkrir grasafræðingar hafa viljað breyta því og kalla tegundina fremur Dendranthema x morifolium vegna þess að einhver agnarmunur er á litningasamstæðum austrænna tegunda og vestrænna. Viðurnefnið „morifolium“ bendir til að blöðin séu hálfgreind og minni á sundfit og x-ið tákna að hér sé um að ræða blendingstegund. Hinir ræktuðu krýsar finnast hvergi villtir – nema sem slæðingar frá gördum í hlýrri hlutum heimsins – og grasafræðinga greinir mjög á um hverjar séu hinar upprunalegu tegundir sem lögðu þessari manngerðu tegund til erfðafni sitt. Enda er ekki greitt að greina hnífskarpt hvaðan litningarnir koma í tegund sem hefur verið í ræktun í hartnær fjögurþúsund ár og er jafn fjölbreytt í útliti og eiginleikum og krýsarnir eru.

Gleði, virðing og hollusta

Kínverjar kalla krýsana „Chu“ – stutt og laggott – og hafa haft þá í hávegum um allar aldir sinnar skráðu sögu. Fyrst og fremst höfðu þeir þá í dálæti vegna blómanna, en það dró heldur ekki úr vinsældunum að krýsarnir þóttu mikil lækningajurt. Seyði af rötunum dró úr höfuðverk, te af blómum bætti svefn. Blöð og blómhnappar þóttu fyrirtaks grænmeti og eru enn nýtt á þann hátt í kínverskri matargerð. Af blómum er líka hægt að brugga ljúffengt og heilsusamlegt vín. Til Japanseyja bárust krýsarnir um líkt leyti og Ingólfur Arnarson lagði í hann frá Noregi til að nema land á Íslandi. Og eins og í Kína er krýsinn þar eðlastur blóma. Einfalt krýsablóm með sextán tungukrónum er í skjaldarmerki keisarans og allar japanskar fjölskyldur, sem eitthvað mega sín, nota krýsablóm í einhverri útfærslu sem búmerki sitt. Krýsanthemum-orðan er æðsta tignarmerki og virðingavottur sem Japanskeisari veitir (það er ekki árviss viðburður, heldur einungis þegar einhver þykir hafa unnið til hennar) og þar í landi er hinn árlegi „Dagur gleðinnar“ kenndur við krýsana.

Í harðri samkeppni við rósirnar

Evrópumenn kynntust ekki krýsum fyrir en á átjándu öld og enda þótt mikið þætti varið í þá sem afskurðarblóm við margvísleg tilefni, stóðust þeir ekki alveg samkeppni við rósirnar. Veðurfarir í Vestur-Evrópu hentar þeim ekki nægilega vel til að þeir geti staðið undir blómaframleiðslu í stórum stíl



undir berum himni. Í gróðurhúsum ganga þeir hins vegar ágætlega, en vegna þess að eðlilegur blómgunartími þeirra er fremur seint síðsumars og fram eftir haustinu þarf nokkrar tilfæringar til að lokka fram hjá þeim blómin. Krýsum er skipað í þrettán flokka eftir blómgerð og blómstærð. Fjölbreytnin er mikil og blómin tilkomumikil, allt frá því að vera alfyllt, hnattlaga blóm á stærð við fótbolta niður í það að vera nokkur einkrýnd smáblóm á marggreindum stilk. Blómlitirnir spanna allan litaskalan í fjölda blæbrigða, nema blátt. Afskorin krýsablóm geta staðið viku til hálfan mánuð í vasa.

Pottakrýsinn

Pottakrýsinn er líklega algengastur allra krýsa á heimilum, enda er hann á blómamarkaðinum lungann úr árinu. Eiginlega er pottakrýsinn í einkonar álögum. Flestar gerðir hans verða nefnilega furðu hávaxnar fáir þær að vaxa eins og þeim er eiginlegt. Og hann er langnættisplanta sem blómgast ekki fyrir en nætur eru orðnar dimmar og langar. En garðyrkjumenn beita hann ýmsum brögðum til að svo verði ekki. Yfirleitt líka að meðhöndla plönturnar með efnahvötum sem draga úr lengdarvexti en ýta undir breiðvöxt og blómgun. Þegar því skeiði er náð að blómin byrja að sýna lit og opna sig verður ekki áftur snúið og plönturnar standa í blóma í einn til tvo mánuði.

Pottakrýsinn er úrvals blómplanta sem hægt er að nota á marga vegu. Hann getur staðið einn og sér í potti, það fer líka vel að nota hann í samplantanir. En pottakrýsinn getur líka verið utandyra yfir hásumarið og fram á haustið. Flestir þeirra þola nokkrar frostnætur en það er samt ekki ráðlegt að setja þá í garðinn fyrir en öll hættu á frostnóttum er liðin hjá, svo geta þeir staðið kaldar haustnætur af sér. Allir krýsar dafna vel í frostfríum gróðurhúsum og best er að rækta þá þar á beðum eins og aðrar fjölskráur jurttir, en þeir þurfa gott pláss, líka pottakrýsarnir, og blómgast seint, yfirleitt ekki fyrir en upp úr miðjum september við venjulegar aðstæður hér á Íslandi, en blómgunin varir svo fram að jólum, sé hitanum haldið við 10-12°C í gróðurhúsinu á daginn en hann má fara niður undir frostmarkið á nóttunni. Fáir hafa samt aðstæður til að rækta pottakrýsana áfram eftir að þeir hafa lokið blómguninni sem fylgdi þeim heim. Flestir henda þeim því bara þegar þeir hafa skilað sínu.

Í stuttu máli:

Pottakrýsi - Chrysanthemum x morifolium
Ætt: Asteraceae / Körfublómaættin
Uppruni: Kína.
Notkun: Blómplanta.
Birta: Mikil birta – milt sólskin.
Kjörhiti: Fremur svalt – 15-20°C.
Vökvun: Haldið jöfnum raka á moldinni.
Áburður: Dauf gjöf í hverri vökvun
Uppöttun: Óþörf – fleygt eftir blómgun.



Fallegar línur...

nýbýlavegi 18 | s. 517 2100

mubla



Amerísk undrarúm sem spara pláss

Í versluninni Rúm og sófi má fá skemmtilega hönnuð amerísk rúm sem spara pláss á heimilinu.

Nýjustu rúmin í versluninni Rúm og sófi koma frá American Flex og eru tvenns konar.

Báú er rúm sem hægt er að opna með því að lyfta dýnunni upp og má geyma sængur og kotta undir henni.

Duplo, sem einnig kemur frá American Flex, er einstaklingsrúm með auka dýnu sem dregin er út og þá er rúmið orðið tvíbreitt.

Rúmin eru tilvalin fyrir þá sem vilja eignast gott rúm og jafnframt spara pláss á heimilinu.

Báú fæst bæði einbreið og tvíbreið.



Duplo er einstaklingsrúm með auka dýnu.

húsráð }

Óhrein jakkaföt

Það kemur fyrir besta fólk að gleyma að fara með fót í hreinsun. Þegar um er að ræða jakkaföt er til gott ráð sem bjargar hlutunum fyrir horn. Hjartarsalt er sett í glas af vatni og látið eyðast upp. Þá er tekinn bursti sem dýft er í vatnið og burstað yfir fötin. Þau eru síðan hengd út til þerris og að því loknu eru þau sem ný. Þó nást ekki stærstu og svæsnustu blettirnir úr, til þess þarf alvöru fagmenn. Hins vegar virka fötin hrein og öll ólykt hverfur.



Það er alltaf gaman að fönndra.

Netverslun með fönndur

Uppteknustu fönnduráhugamenn þurfa nú ekki einu sinni að fara út úr húsi til að verða sér úti um dót til að fönndra.

Fönndursmiðjan er netverslun með fönndurvörur á góðu verði. Sérstök áhersla er lögð á kortagerð og hægt er að versla allan sólarhringinn allan ársins hring. Lagerinn er í heimahúsi í Reykjavík og er mögulegt að koma þangað að skoða eða fá heimakynningar fyrir hópa.

Fönndursmiðjan rekur einnig kertagerð þar sem hægt er að fá handunnin ilmkerfi, reykelsi, krem, ljósker og fleira.

Nánari upplýsingar á www.fondursmidjan.com.



Endurvinnsla er snar þáttur í starfsemi Sorpu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ný flokkun-artafla

Sorpa hefur gefið út nýja flokkunartöflu fyrir rusl.

Taflan er endurbætt og uppfærð útgáfa af eldri töflu. Þar er að finna allar upplýsingar um sorplosun og endurvinnslu fyrir heimili og fyrirtæki. Töfluna er hægt að fá á öllum endurvinnslustöðvum Sorpu og á www.sorpa.is eða panta heim-sendingu hjá sorpa@sorpa.is.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Svefn & heilsa
★★★★★

EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI

VELDU ÞAÐ BESTA!

ALLT FYRIR GÓÐAN SVEFN OG BETRI HEILSU

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR

iq-care.com

FRÁBÆR STILLANLEG RÚMUM Á GÓÐU VERÐI

WALLHUGGER
Eitt með öllu!

IQ-CARE
HEILSUKODDAR

iq-care.com

NÝTT Á ÍSLANDI

Veggrúm sem sparar gólf pláss

Góð lausn í gestaherbergi, studíó íbúðir, barnaherbergi.

Komið og kikið á þessa nýng

Chiropractic

Sú besta
samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi

Ný sending af svefnherbergishúsgögnum

★ GÆÐI

★ GÓÐ VERÐ

★ ÞJÓNUSTA

★ ÚRVAL

★ ÞEKKING

REYKJAVÍK

AKUREYRI

Svefn & heilsa
★★★★★

Gerum tilboð fyrir hótél og gistiheimili

Verið velkomin
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

GLUGG-INN

Nýjar vörur

Fákafeni 11 og Bæjarhrauni 12.Hf. Ópið sunnud. 12-16

Margar stærðir og gerðir eldstæða, opin eða með hurð, einnig opin í gegn (tvær hurðir)
Verð frá kr. 82.000.-

Einnig úrval af aukahlutum fyrir arininn




Arinbúðin

Stórhöfða 17 · Sími 567 2133 · www.arinn.is

LOKADAGAR RÝMINGARSÖLU

FLYTJUM Í NÝTT OG STÆRRA HÚSNÆÐI



BORÐ FYRIR TVÖ

KRINGLAN

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **visir** VEF TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á visir.is



Veggspjaldið sem Bára gefur á barnadeild og hin ýmsu dagvistarheimili barna er gert eftir veggteppi sem hangir á heimili dóttur hennar og dótturdóttur á Nýja-Sjálandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Amma Bára gleður börnin

Hafnfúrka hannyrðakonan Bára Björnsdóttir heldur áfram að gleðja aðra þótt heilsan hafi bilað. Nú hafa barnadeild og dagheimili fengið frá henni veggspjald með útsaumuðum ævintýra-myndum.

Ævinýrin hafa alltaf heillað Báru. Um það vitna veggteppin sem eftir hana liggja og einnig málverk og styttur sem prýða heimili hennar. Hún er líka fljót að sjá svip með Valla ljósmyndara og Prins Valiant og kallar Valla bara „prinsinn“!

Bára hefur fram til þessa verið ein þeirra iðjusömu kvenna sem aldrei fellur verk úr hendi. „Hún hefur alltaf verið að gleðja aðra. Yfirleitt með marga hluti í gangi í einu í hannyrðunum og hefur gefið flesta jafnóðum,“ segir Emma dóttir hennar brosandí. Nýlega varð breyting á högum Báru því hún greindist með krabbamein á alvarlegu stigi og liggur fyrir þegar Fréttablaðsfólk ber að garði. „Ég er deyjandi kona,“ segir hún af mikilli rósemi við blaðamann og biður hann að afsaka þótt hún geti ekki talað mikið en býður honum að skoða það sem hann vilji og bendir sérstaklega á dýrindisskál sem barnabarnið og söngkonan Hera hafi gefið henni. Skálin er skreytt myndum Walt Disneys af Mjallhvíti og dvergum sjö. Hera segir dálæti ömmu sinnar á Mjallhvíti meðal annars tilkomið af því að hún þekki dóttur fyrirmyndarinnar. „Mjallhvít var nefnilega íslensk stúlka. Hún hét Kristín og fjölskylda hennar býr hér í Garðabæ.“ Hera er leyndardómsfull er hún heldur áfram. „Það var teiknari hjá Walt Disney sem var ástfanginn af



Rauðhetta er ein þeirra sögupersóna sem Bára hefur saumað.



Bára fékk skriflegt leyfi Disneys til að nota persónur hans í verkin sín.



Bára heldur áfram að gleðja aðra þó að heilsan hafi bilað.

henni og teiknaði Mjallhvíti eftir henni.“

Mæðgurnar Emma og Hera búa á Nýja-Sjálandi en eru nú hjá Báru til að létta henni lífið. Þær eiga stórt veggteppi eftir hana þar suðurfrá, einmitt teppið sem er á plakatinu. Þær segja hana hafa saumað eftir myndum sem hún fann hér og þar og teiknað sjálf það sem á vantaði. „Hún skrifaði Disney á sínum tíma og bað um heimild til að nota figúrurnar hans sem fyrirmyndir,“ segir Emma og sýnir leyfisbréf frá Disney sem hangir innrammað uppi á vegg. Bára er greinilega kona sem vill hafa réttinn sín megin. Einu stóru teppi er ólokið. Myndirnar þó flestar komnar en fjöllin eru eftir. Hera hefur lofað að ljúka við sköpunarverkið.



Í glerskáp í stofunni eru margir dýrgripir.

Valli pakkar niður myndavélinni og eftir notalega stund í eldhúsinu er komið að því að kveðja. Yfir hinu snotra húsi í hrauninu hvílir bæði friður og ævintýrablaer.

gun@frettabladid.is

Danskur dagur hjá Parketi & gólfi

Sérfræðingur frá parketframleiðandanum Hörning í Danmörku mun á laugardaginn veita ráðgjöf í versluninni Parketi & gólf.

Næstkomandi laugardag, þann 29. apríl, mun verslunin Parket & gólf í Ármúla standa fyrir sérstökum dönskum degi. Af því tilefni hefur verið fenginn til landsins parket-sérfræðinginn Jens Klampe frá parketframleiðandanum Hörning í Danmörku. Mun hann veita ráðgjöf og svara almennum spurningum frá klukkan 10.30 til 13.30. Til

þess að gera stemninguna enn danskari verður einnig boðið upp á danskt öl og léttar veitingar með.

Óskar Már Alfreðsson, verslunarstjóri Parkets & Gólfs, segir að Hörning sé Rolls Royce parketmarkaðarins, en Hörning-parket má meðal annars sjá á Kastrupflugvelli og í Alþingishúsinu. Óskar hlakkar því mikið til komu danska sérfræðingsins. „Hann mun koma með einhverjar nýjungar og ákveðna sérfræðipækkingu.“ Að lokum má einnig geta þess að nú standa yfir plankadagar hjá Parketi & gólfi sem lýkur í lok maímánaðar.



Plankaparket hefur verið eitt vinsælasta gólfefnið að undanförmu.

Espressóbolli

Krumpuð og beygluð kaffimál má sjá víða um vinnustaði. Nú er hægt að kaupa sér slíkt úr leir.

Espressóbollarnir fást í verslunum Te og kaffi. Þeir eru til í mörgum litum, rauðum, bláum, hvítum og er þá ekki allt upp talið. Bollarnir eru nokkuð óvenjulegir vegna þess að þeir líta út eins og krumpað plastmál, en eru reyndar úr leir. Þeir eru frá frönsku fyrirtæki sem ber heitið Revol og kosta 495 kr.



Skemmtileg hönnun.



Natur eik



Mikið úrval af gjafavöru



borðstofustóll /leður kr. 9.900.-

opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16

Full búð af nýjum vörum!

20% afsláttur af natur eik



bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is

SPARKY PROFESSIONAL
– fyrir iðnanaðarmanninn

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · www.murbudin.is

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Guðulandsbraut 10
Sími 533 5800
www.sinnet.is/strond

STRÖND



Úrval af borðstofusettum



**NÝ LÍNA Í SJÁVARRÉTTUM
- GÓMSÆT OG HOLL**

HOLLUSTA ÚR HAFINU
hollustaurhafinu@simnet.is
www.simnet.is/hollustaurhafinu

Rope Yoga
stúdíó - Ármúla 44

Skráning í gangi

Kennari: Emma Bjarnadóttir
Uppl.: s: 860 2173 - info@egER.is - www.egER.is

Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur

LÉTTARI GREIÐSLUR

SLENDERTONE **FLEX** 4.995.-
á máni 3 máni - Verð kr. 14.995.-

SLENDERTONE **MAX** 6.665.-
á máni 3 máni - Verð kr. 19.995.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Hollusta í hverjum bita!

GULLFISKUR
BITAFISKUR

OMEGA 3

ORKA
80% PRÓTÍN

Bónus • Hagkaup • World Class • Hreyfing • Hress

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Þórhalla segir BodyBalance vera mjög vinsælt og að þeir sem byrji haldi áfram.

Losnað við stress dagsins með BodyBalance

Í líkamsræktarstöðvum Iceland Spa and fitness í Reykjavík og Kópavogi eru kenndir tímar sem kallast BodyBalance.

BodyBalance er æfingakerfi sem er sambland af tai-chi, jóga og pilates ásamt slökun og teygjum. Þórhalla Andrésdóttir er ein þeirra sem kennir þessa æfingar.

„Munurinn á þessu kerfi og öðrum svipuðum æfingakerfum sem eru í boði í dag er að í þessu er unnið við tónlist. En eins og í öðrum svipuðum kerfum, eins og jóga, er mikið um jafnvægisstöður og eru sumar æfingarnar teknar þaðan. BodyBalance hefur líka þann kost að æfingarnar eru teknar úr mörgum áttum og er mikið

af kröftugum æfingum eins og pilates-æfingar fyrir bak og kvið,“ segir Þórhalla og bendir einnig á að mikil tenging sé við öndunina í gegnum tai-chi, jógað og slökunina og því henti þetta vel öllum þeim sem þurfa á góðri öndun að halda sem og fólki sem þarf að losa sig úr stressi dagsins.

„Kerfið hentar öllum vel og er meira að segja óhætt fyrir ófrískar konur að taka þátt. Þetta er mjög vinsælt og þeir sem byrja halda áfram. Mest er af konum í hópnum en það eru nokkrir strákar komnir í þetta, sérstaklega hlauparar. Þetta hentar líka öllum aldurshópum.“

Á þriggja mánaða fresti er komið með nýja blöndu af æfingum. „Þeir sem vilja prófa geta mætt strax því það eru alltaf sýndar auðveldari gerðir af

æfingunum með svo að fólk sem er nýkomið geti byrjað hægt og rólega því það er mjög mikilvægt að ofreyna sig ekki. Þeir sem eru lengra komnir gera erfiðari stöður.“ Þórhalla bendir líka á að maður nái að svitna vel í þessu og því séu þetta ekki eingöngu æfingar til að liðka líkamann heldur sé líka mikil brennsla í gangi.

BodyBalance-kerfið er eitt af Les Mills-kerfunum og er upprunnið í Ástralíu og eru fleiri æfingakerfi frá Les Mills kennd hjá ISF, eins og BodyCombat, BodyJam og BodyAttack. Þeir sem vilja kynna sér æfingatíma í BodyBalance geta kíkt á www.isf.is og þeim sem vilja einnig kynna sér BodyBalance-kerfið og fleiri kerfi frá Les Mills upp á eigin spýtur er bent á heimasíðuna www.lesmills.com.

LIKAMSRÆKT

allt

... sem þig vantar til að hefja nýtt líf

HEILSUMATUR

visir

NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTU-SKRÁ Á VISIR.IS/ALLT

TILEINKAÐU ÞÉR NÝJA LÍFSSÝN

ROPE YOGA WORKOUT

www.ropeyoga.is



MIKLIR MÖGULEIKAR Í BREYTTU LANDSLAGI

Guðni telur hrossarækt brátt munu standa jafnfætis kúabúskap **SJÁ BLS. 10**



VILJA HÁR ÚR HALA ERLENDRA KÚA

Erfðaefni til kynbóta á íslenska kúastofninum **SJÁ BLS. 8**

[SÉRBLAÐ UM LANDBÚNAÐ – FIMMTUDAGUR 27. APRÍL 2006]

landbúnaður



EFNISYFIRLIT

SÁÐVÉL SEM MARGFALDAR AFKÖST OG SPARNAÐ

Framþróun í kornrækt

BLS. 2

ÚTFLUTNINGUR Á LAMBAKJÖTI

Kvöð á sauðfjárbændur

BLS. 4

FJÖLBREYTT LANDBÚNAÐARNÁM

Að Hólum í Hjaltadal **BLS.6**

SALTÐ HROSSAKJÖT MESTA LOSTÆTI

Flosi Ólafsson **BLS. 12**

SKEMMDARVERK

Uppgræðsluvæði á

Fljótaldshéraði **BLS. 14**

**NEW HOLLAND
KOBELCO**

Minigröfur



STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14 • Sími: 551 4680



ERTU Í STELLINGUM FYRIR STÓR VERKEFNI

Glitnir Fjármögnun býður fjölbreytta kosti við fjármögnun bíla og atvinnutækja.

Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á glitnirfjarmognun.is.

GLITNIR

Sáðvél sem margfaldar bæði afköst og sparnað

Hér hefur kornrækt aukist síðustu ár og margvísleg framþróun orðið í greininni, bæði í vinnubrögðum og að rækta upp nýjar harðgerar korntegundir sem henta aðstæðum. Þá getur tæknin einnig gagnast eins og einn helsti frumkvöðull kornræktar hér, Ólafur Eggertsson á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, lætur nú á reyna.

Á sumardaginn fyrsta var gerð tilraun með nýja kornsáðvél frá finnska fyrirtækinu Vieskan Metalli við Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum. Vélin er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi, en með henni býst Ólafur Eggertsson, bóndi og frumkvöðull í kornrækt, við að auka uppskeru sína um 15 til 20 prósent.

Ólafur segir að auk þess sem búast megi við betri uppskeru fylgi nýju vélinni margvíslegur annar sparnaður, bæði í vinnu og við olíukaup. „Þarna er að eiga sér stað framþróun í nýrri tækni, en hún gengur út á að sá saman korni og áburði. Gamla aðferðin hefur verið að sá korninu sér og síðan er farið með áburðinn yfir, en núna fellum við áburðinn með korninu,“ segir hann og bætir við að þessu fylgi sá kostur helstur að um leið og kornið fari að spíra nái það strax í áburðinn. „Þar með verður spírurinn öflugri og fleiri sprotar koma. Startíð verður miklu betra hjá plöntunni ef hún hefur nóg að borða.“

Að sögn Ólafs hafa prófanir sýnt fram á að með því að fella áburðinn niður með korninu geti uppskeruaukning numið um 700 kílóum á hvern hektara lands. „Þannig að ef við erum að tala um þetta fjögur til fimm tonn á hektara, þá er þetta allt að því 20 prósent aukning í uppskeru.“ Að auki segir Ólafur að vélin felli fræið nákvæmlega á réttan stað og þjappi að því þannig að ekki liggja korn ofan á jörðinni. „Þannig að gæsin, sem er okkar mesti skaðvaldur bæði vor og haust, finnur ekki sáðkornið. Af þeim völdum verður uppskeran líka meiri því ekki fer korn til spillis í gæs.“

Mikið vinnuhagræði er af nýju sáðvélinni, en oft nægir að plægja og svo er hægt að fara með sáðvélina beint á plægginguna. „Þá jafnar hún aðeins og herfir á undan sér, gengur frá fræinu og áburðinum og valtar svo á eftir sér þannig að það er engin önnur umferð um flagið. Bara þessi eina ferð og þá er það búið.“ Þá segir Ólafur að einnig



Nýja Vieskan Metalli sáningarvél, sem bændurnir á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum festu nýverið kaup á, í notkun á sumardaginn fyrsta. Vélin er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi og kostaði litlar 2,5 milljónir króna. Mynd/Ólafur Eggertsson



Finnbogi Magnússon, framkvæmdastjóri Jötunn véla, fylgist hér með Bjarne Wretdal, sérfræðingi frá Vieskan Metalli, mæla dýptina á sáningunni við Þorvaldseyri. Mynd/Ólafur

sé hægt að láta fylgja með grasfræ sem fari með, undir valtarann. „Þannig að í henni eru þrjú hólf, fyrir grasfræ, áburð og korn.“

„Vélar þessar komu fyrst á markað árið 1998 og hefur verið gríðarleg aukning í þessari aðferð,“ segir Ólafur og auðheyrir að hann trúir varla að óreyndu hversu mikilli hagræðingu á að vera hægt að ná fram með henni, en áður þurfti hann að fara nokkrar ferðir um landið við sáninguna, fyrst að herfa, svo að sá korninu og þá með áburðinn og svo valta yfir. „Þetta er gríðarlega hagkvæmt og afkastamikið. Í bæklingnum með vélinni er talað um átta brúsa af olíu með hefðbundinni aðferð, en einn brúsa með þessari aðferð. Svo gerir Finninn svolítið af því að fara með þessa vél beint í óplægt land, þar sem korn hefur verið árið áður, en í slíkt land á að vera hægt að sá beint. Vélin hefur þann eiginleika að hægt er að stjórna þrýstingnum á þeim hjólum sem fella fræið undir eftir því hversu hart er undir. Í óplægðu landi er hægt að vera með 170 kílóa þrýsting á hverju spori.“ Sömmuleiðis segir Ólafur að vélin sé sterk og eigi að þola vel jarðveg hér, rétt eins og í Svíþjóð

og Finnlandi þar sem víða sé bæði grýtt og hart. „Þá er hægt að keyra vélina á fullri ferð í slíku landi. Og svo er hún náttúrliga fjaðrandi líka þannig að ef hún lendir á steini hoppar hún yfir hann en skellir sér svo niður aftur.“

Mesta vitið, að sögn Ólafs, hefði verið ef margir hefðu verið um kaup á svona vél því helst þyrfti hún að fá að sinna svona 300 hekturum af landi, meðan hann sáir í um 40 hektara á Þorvaldseyri. Verðið segir hann hins vegar ekki hafa verið óyfyrstíganlegt miðað við hagræði og vinnusparnað, en 2,5 milljónir lét hann fyrir vélina. „En stundum er það þannig að menn fara varlega í svona nýjungar. En einhver verður samt að byrja,“ segir hann og kveðst hafa kolfallið fyrir vélinni þegar hann sá hana fyrst úti í Finnlandi síðasta haust og svo aftur á landbúnaðarsýningu í janúar. „Það var bara ekki annað hægt en að kýla á þetta. Svo ber allt heim og saman við það sem seljandinn segir í skýrslum frá rannsóknarstöðvum. Sem betur fer er þekkingin og þróun að skila mönnum miklu í þessu, en þetta er sérstaklega hentugt hér á landi þar sem úrkoma er mikil og útskolun alltaf einhver á áburði.“

Vinnuvélar á frábæru verði!



VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

Mömmulæri best

Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leikona, sem hefur kitlað hláturtaugar landans með leik sínum í Stelpunum, er mikill aðdáandi íslenska lambakjötsins. „Það klikkar aldrei. Mér finnst það gott nánast hvernig sem það er matreitt. En mömmulæri í brúnni sósu með grænum baunum er klassískt og best.“

Við frekari eftirgrennslan um eftirlætislandbúnaðarvörur Guðlaugar kemur í ljós að hún notar ekki mjólk og mjólkurvörur. „Mjólk er matur handa kálfum, ekki fólki. Maður á auðvitað að gefa börnunum sínum mjólk þangað til þau geta farið að borða mat en síðan eigum við að láta hana eiga sig,“

segir Guðlaug. Hún bætir þó við að þetta sé ekki heilagt fyrir henni, hún smakki osta við og við og sé ekki með nein „leiðindi“ ef henni er boðið í mat og mjólk hefur verið notuð við eldamennskuna. Guðlaug hefur ekki fundið til þess að mataræði hennar sé fábreyttara en annarra þótt hún sneiði hjá mjólkurvörum. Hún hafi hætt að nota þær þegar hún var unglingur og sakni þeirra ekkert. Svo sé svo margt annað sem komi til í staðinn fyrir mjólkina eins og til dæmis ýmiss konar sojavörur. Hún notar samt ekki sojamjólk í kaffið sitt. „Kaffi er bara kaffi, maður drekkur það bara svart.“



Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir

Traustur bakhjarl bænda

Landsbankinn býður upp á fjölbreytta þjónustu fyrir bændur

Mikilvægir þjónustupættir:

- Varðan vildarþjónusta
- Greiðsluþjónusta
- Einkabanki
- Fyrirtækjabanki
- Fjölbreyttir lánamöguleikar
- Lífeyrissparnaður
- Kjörbók
- Verðbréfaþjónusta
- Eignastýring
- Launavernd

Hafðu samband við næsta útibú Landsbankans og kynntu þér hvað bankinn hefur upp á að bjóða.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is



Ózur Lárusson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda og markaðsráðs kindakjöts.

Útflutningur á lambakjöti kvöð á sauðfjárbændum

Neysla á lambakjöti hefur aukist mikið á innanlandsmarkaði síðastliðin ár. Bændur anna vart eftirpurn og hafa dregið úr útflutningi á lambakjöti vegna þessa. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson kannaði útflutning á lambakjöti.

Útlit er fyrir að útflutningur á lambakjöti til Bandaríkjanna og annarra erlendra markaða dragist saman á árinu. Ózur Lárusson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda og markaðsráðs kindakjöts, segir að búiist sé við því að útflutningur á lambakjöti á komandi sláturtíð verði rétt um 700 tonn. Þetta er um 400-500 tonnum minna en á síðasta ári. Ózur segir að á hverju ári sé tekin ákvörðun um hversu mikið magn lambakjöts þurfi að flytja út til að koma í veg fyrir að kjötfjöll hrúgist upp hér á landi líkt og gerðist á árum áður. „Undanfarin sex ár hefur útflutningsskylda bænda verið á bilinu 25 prósent á ári hverju að undanskildum árunum 2003 og 2004 en þá sátu sauðfjárbændur uppi með það að þurfa að flytja út meira en aðrir bændur,“ segir Ózur. Hafi sauðfjárbændur þurft að flytja út meira af lambakjöti en áður eða á bilinu 36-38 prósent af heildarframleiðslu lambakjöts.

Ózur segir útflutning lambakjöts ætíð hafa verið mikla kvöð á bændum. „Þeir markaðir sem borga best eru þeir þar sem síst skortir mat. Þeir eru sjálfir sér nógir um sína framleiðslu og hafa ýmsar takmarkanir á því að fluttar séu inn landbúnaðarvörur,“ segir Ózur. Hann bendir hins vegar á að sauðfjárbændur hafi á síðustu árum náð góðum árangri í útflutningi lambakjöts á Bandaríkjamarkaði. Það sé í litlum mæli en útflutningur á lambakjöti á beini hafi numið liðlega 100 tonnum til Bandaríkjanna á síðasta ári. Kjötíð er allt unnið hér á landi og flutt ferskt að lokinni sláturtíð til Bandaríkjanna þar sem það er m.a. selt í verslunum Whole Food Markets. „Þar er lambakjötíð selt sem hágæðavara og hefur það gengið miklu betur en við spáðum,“ segir Ózur en stærstu kaupendur íslenska lambakjötsins eru m.a. í Danmörku og Færeyjum. Þá er ákveðið magn lambakjöts einnig flutt út til Noregs og Bretlands.



Íslenskt kjöt í verslun Whole Food Markets í Bandaríkjunum.

Framleiðsla á lambakjöti hér á landi hefur staðið í stað í allmörg ár. Á sama tíma hefur salan stóraukist innanlands en ársneysla lambakjöts hér á landi nam 7.340 tonnum á

síðasta ári. Þetta gerir það að verkum að bændur geta ekki annað eftirspurn eftir lambakjöti á þeim mörkuðum sem búið er að byggja upp erlendis. „Okkur ber skylda til

að anna innanlandsmarkaði þannig að íslenskir neytendur fái nóg af góðu kjöti. Við látum íslenska neytendur ekki líða fyrir útflutning,“ segir Ózur Lárusson.



Danfoss tengigrindur fyrir hitakerfi

Sérhannaðar tengigrindur fyrir íslenskar aðstæður
Vönduð vara úr ryðfríu efni

Fyrir neysluvatns-, ofnhita-, gólfhita- og snjóbræðslukerfi og fl.
Áratuga reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður



Danfoss tengigrind • Auðveld • Örugg • Fyrirferðalítill

Danfoss hf

Skútuveggi 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is

Esleep
MULTIPLY



**Rúm
Gott**

Láttu þér líða vel



10-30% AFSLÁTTUR AF FERMINGARRÚMUM OG FYLGIHLUTUM

Comfort Latex

FRÁBÆR FERMINGARTILBOÐ

NEVER TURN
Svæðaskipt heilsudýna



BOX SPRING

90 x 200 verð 15.900
120 x 200 verð 26.900

FIRST CLASS

120 x 200 verð 38.900
160 x 200 verð 49.900

COMFORT LATEX

120 x 200 verð 43.110
140 x 200 verð 52.110
160 x 200 verð 59.900

NEVER TURN

90 x 200 verð 35.910
100 x 200 verð 37.710
110 x 200 verð 41.310
120 x 200 verð 44.910
130 x 200 verð 51.210



MATRAFLEX

Rafmagnsrúm

FERMINGARLEIKUR RÚMGOTT

Þrjú heppin fermingarbörn sem fá nýtt rúm frá Rúmgott í mars og apríl, fá andvirði rúmsins í fermingargjöf frá Rúmgott. Dregið verður 5. maí.



Verzlunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opíð virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

Margt smátt...

Eigum til afgreiðslu strax smávélar frá þessum þekktu framleiðanda.



Weidemann er leiðandi þýskur framleiðandi smávéla og býður mikið úrval tækja sem henta vel til landbúnaðarstarfa sem og til verktaka. Vélar eru með Perkins dieselmotor í stærðunum frá 22 hestöflum og upp í 81 hestaf. Lyftigeita frá 500 kg og upp í 5,400 kg.



Breið lína aukatækja er í boði fyrir allar stærðir véla.



Krókhálsi 16

Reykjavík

sími 544 2600

www.velaver.is



Stöðugt fækkar í dreifbýli

Hlutfall íbúa í dreifbýli nam um síðustu áramót 5,8 prósentum samkvæmt tölum Hagstofu Íslands, en árið áður nam hlutfallið 7,3 prósentum. Þróunin síðustu ár og áratugi sýnir að stöðugt fleiri kjósa að búa í þéttbýli.



Heyskapur í Árbæ á fyrri hluta 20. aldar.

Árið 1940 bjó þriðjungur landsmanna í dreifbýli, en tveimur áratugum síðar var hlutfallið komið í tæp 18 prósent. Árið 1990 bjuggu 9,3 prósent í dreifbýli og 1995 var hlutfallið komið í 8,3 prósent.

- óká

Þróun mannfjölda og búsetu

	Þéttb.	Dreifb.	Hlutf.
1901	17.732	60.738	77,4%
1940	81.246	40.228	33,1%
1960	144.660	31.020	17,7%
1990	232.054	23.654	9,3%
1995	245.666	22.140	8,3%
2005	282.387	17.504	5,8%

Heimild: Hagtölur landbúnaðarins og Hagstofa Íslands. Tölur miða við mannfjölda 31. desember ár hvert.

AMAZONE áburðardreifingarar



Aukabúnaður á mynd: kastvörn

Tvær dreifiskífur úr ryðfríu stáli, vökvastýring úr öikumannssæti, kögglasigti, hárnákvæm dreifing, vandaður og endingargóður drifbúnaður, auðveld og þægileg notkun.

AMAZONE áburðardreifingararnir eru löngu landsþekktir fyrir afburða endingu og mikla nákvæmni.

ÞÓR HF | Ármúla 11 | Lónsbakka | www.thor.is

Traust dráttarbeisli Ásetning á staðnum.



Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



Háskólinn á Hólum í Hjaltadal. Mikil ásókn er í nám í ferðamálafræðum og hestamennsku og hefur húsakostur staðarins verið ríflega tvöfaldaður til að sinna öllum þörfum nemenda.

Fjölbreytt landbúnaðarnám á Hólum í Hjaltadal

Nám í ferðamálafræðum og hestamennsku við Háskólann á Hólum í Hjaltadal er gríðarlega eftirsótt. Í bigerð er að stækka skólann á næstu árum til að taka við fleiri nemendum. Jón Aðalsteinn ræddi við skólameistara Hólaskóla.

Hólaskóli í Hjaltadal fagnar 900 ára afmæli í sumar. Skólastarf hófst á Hólum árið 1106 og hefur það staðið nær óslitið fram til dagsins í dag. Þrjár námsbrautir eru í boði við skólann, í ferðamálafræðum, hrossarækt og reiðmennsku; fiskeldi og fiskilíffræði.

Skúli Skúlason, skólustjóri Háskólans á Hólum, segir mestu ásókn vera í ferðamálafræði en um 70 nemendur eru bæði í stað- og fjarnámi í fræðunum. Hægt er að útskrifast eftir eitt ár með diplómagráðu. Að sögn Skúla er námið í mikilli og hraðri þróun. „Áherslan í ferðamálafræðum er á menningu og náttúru og tengd landsbyggðinni," segir Skúli. „Við erum í nánú samstarfi við fjöldamörg fyrirtæki og höfum byggt námið upp með ferðamálafræðum í landshlutunum." Fjölskyldufólk er í meirihluta nemenda og hefur verið ráðist í byggingu bæði leik- og barnaskóla auk þess sem nemendagarðar með 70 íbúðum hafi verið byggðir á Hólum á síðastliðnum tveimur árum. Þetta er rúm tvöföldun á húsakosti staðarins.



Skúli Skúlason, skólameistari Háskólans á Hólum í Hjaltadal, segir stefnt að því að fjölga nemendum við skólann.

Nám í hrossarækt og reiðmennsku er afar vinsælt og segir Skúli að skólinn geti ekki tekið við öllum umsækjendum. „Við erum með 50 nemendur í náminu og ráðum ekki við meira vegna aðstöðuleysis," segir hann en

umsækjendur þreyta inntökupróf í námið. Skúli segir skólann stefna að því að taka fleiri nemendur inn í námið á næstu árum en nauðsynlegt verði að stækka aðstöðu tengda hestamennsku. Þrátt fyrir þetta er aðstaðan á Hólum stórgöð. Skólinn hefur yfir að ráða tveimur reiðhöllum og hefur aðstöðu fyrir 160 hesta. Stefnt sé að því að tvöfalda nemendafjölda á næstu árum, að sögn Skúla.

Aðsókn í nám í fiskeldi hefur einkennt af nokkrum sveiflum allt frá því að það hófst á Hólum árið 1984 en nú eru á bilinu 8 til 15 nemendur í fiskeldi og fiskilíffræði við skólann auk 10 nemenda á meistara- og doktorsstigi. Fiskeldisstöð er við skólann á Hólum og unnið að rannsóknum á bleikju og laxi en auk þess hefur skólinn byggt upp 1.500 fermetra aðstöðu í Verinu við höfnina á Sauðárkróki. Í húsinu er stundað tilraunaeldi á lúðu, þorski og bleikju auk fleiri tegunda. „Nú er þarna komin hágæða rannsóknarmiðstöð í fiskeldi, fiskilíffræði og matvælarannsóknum," segir Skúli Skúlason.

Notar smjör á allt

„Þær eru fjölmargar landbúnaðarafurðirnar sem ég hef mikið dálæti á en sú afurð sem ég nota mest af er án efa íslenskt smjör. Ég hef farið víða og smakkað margar gerðir af smjöri og get fullyrt að íslenska smjörið hefur yfirburðastöðu gagnvart öðru smjöri," segir Gísli Einarsson, dagskrárgerðarmaður og fréttamaður á RÚV. Gísli segist gæta óhófs þegar hann smyr brauðið sitt og réttara væri að kalla það brauð á smjöri. Segist hann stundum fá einkennilegt augnarád þegar hann smyr og ekki sé laust við að mönnum ofþjóði. Gísli segist annars vera listakokkur. Hann eldi talsvert oft og noti smjörið mikið í sinni matargerð. „Ég hef verið að stúdera danska smørrebródsgerð upp á síðkastið og þar kemur smjörið náttúrulega við sögu." Gísli á eina vonda minningu um



Gísli Einarsson, dagskrárgerðarmaður á RÚV, segir íslenska smjörið hafa yfirburðastöðu gagnvart öðru smjöri.

smjör sem þó náði ekki að eyðileggja ást hans á því. „Þegar dóttir mín, sem nú er þrettán ára, var tæplega ársögmul hafði hún komist í smjörstykki og dundaði sér við að klína því í hár mitt, sem ég hafði þá,

föt og rúmföt meðan ég svaf værum blundi. Þegar ég vaknaði var allt lóðrandi í smjöri og lyktin ógeðsleg. Þetta er eina vonda minningin sem ég á um þessa annars frábæru landbúnaðarafurð."

smjor.is



Íslenskt smjör
er hrein
náttúruafurð
og gefur betra
bragð!

Hrefna Rósa Sætran
Íslenska kokkalandsliðinu



Áfram með **SMJÖR** ið!

Kerrur í miklu úrvali!

- Jeppakerrur
- Fólksbílakerrur
- Bílaflutningakerrur
- Kerrur með uppákeyrslubúnaði fyrir smávélar og mótorkjól.



VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

VÍKURVAGNAKERRURNAR ÞESSAR STERKU



Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmiða



Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

Geymslu-

og dekkjahillur



Í bílskúrinn,
geymsluna,
heimilið og
fyrirtækið

Þessar hillur geta allir
sett saman. Skrufúfritt
og smellið saman.

kr. 7.799
viðbótareining kr. 5885

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

www.isold.is



Kúabændur eiga von á því að mjólkurframleiðslan muni búa við versnandi framleiðsluumhverfi á næstu árum. Þeir segja smæð íslenska kúastofnsins útiloka að í honum náist jafnhraðar erfðafarir og í stærri stofnum.

Vilja hár úr hala erlendra kúa

Landssamband kúabænda hyggst hefja af krafti á ný mat á ávinningi þess að flytja inn erfðaefni til kynbóta á íslenska kúastofninum. Guðni Ágústsson landbúnaðar-ráðherra segir að Íslendingar muni halda fast um sína bústofna þó til greina komi að sækja eiginleika úr öðru kyni, til dæmis til að bæta júgurgerð íslensku kýrinnar.

Umræða er hafin á ný meðal kúabænda um innflutning á erfðaefni til kynbóta á íslenska kúastofninum. Á aðalfundi Landssambands kúabænda í byrjun mánaðarins var því beint til stjórnar að nú þegar yrði hafin vinna við að meta hagrænan ávinning af slíkum innflutningi sem yrði lokið fyrir haustfundi sambandsins. Meðal annars verði leitað eftir samstarfi við SAM um að áætla það magn mjólkur sem markaðurinn muni þarfnast á komandi árum og möguleikar núverandi kúastofns til að uppfylla þarfir hans metnir. Einnig verði hugsanleg áhrif innflutnings erfðaefnis á viðhorf neytenda metin í samstarfi við SAM. Að auki vilja kúabændur skoða hvort mögulegt sé að sækja erfðaefni út frá heilbrigðissjónum, hvaða kúakyn komi til greina og hvort til greina komi að flytja inn erfðaefni á annan hátt en sem fósturvísu.

Kúabændur eiga von á því að mjólkurframleiðslan muni búa við versnandi framleiðsluumhverfi á næstu árum, meðal annars vegna væntanlegra WTO-samninga sem muni væntanlega hafa í för með

sér minnkandi tollvernd og breytingar á ríkisstuðningi. Segja þeir smæð íslenska kúastofnsins útiloka að í honum náist jafn hraðar erfðafarir og í stærri stofnum. Neytendur kalli af vaxandi þunga eftir ódýrari matvörum og vonir hafi verið bundnar við útflutning mjólkurafurða. Af honum geti ekki orðið í einhverjum mæli nema framleiðslukostnaður lækki. Til þess að mæta þessum fyrirsjáanlegu breytingum í framleiðsluumhverfi þurfi að skoða alla hagræðingarmöguleika og nauðsynlegt að hraða slíkri skoðun í ljósi þess hversu tímafrekur innflutningur erfðaefnis er.

Guðni Ágústsson landbúnaðar-ráðherra segir fátt að segja enn sem komið er um umræðu sem farin er af stað á ný meðal kúabænda um kynbætur eða innflutning á nýju kúakyni. „Bændur hafa á síðustu fimm til tíu árum náð miklum árangri með íslensku kúna. Stór hluti búanna skilar mikilli nyt og í þessari eftirspurnaröldu eftir mjólkurvörum sem nú er, leysir ekkert annað kúakyn það vandamál. Hjá bændum er stærsta atriðið að

vernda það búfé sem þeir hafa,“ segir Guðni, en telur bændum engu að síður frjálst að hugsa um ræktunarmöguleika. „Það er umfjöllunarefni og hefur kannski verið í þúsund ár hér á Íslandi. Hvað í því gerist skal ég ekki segja, en held samt sem áður að við Íslendingar munum halda fast utan um okkar bústofna, hvort sem það er nú kýrin eða sauðkindin, að maður tali nú ekki um hestinn. Þetta er því ekkert auðvelt, en hins vegar hefur auðvitað alveg komið til greina að sækja eiginleika úr einhverju öðru kyni sem kannski geta bætt júgurgerð í íslensku kúnni. Þetta er eitthvað sem menn hafa hugsað um áður og hugsa um enn. Ég kalla þetta að sækja hár úr hala annars kyns, til að sækja ákveðna eiginleika,“ segir hann en áréttar um leið að slíka hluti þurfi að fara yfir með færustu vísindamönnum. „Þess vegna þurfa kúabændurnir okkar að vera í samstarfi við Landbúnaðarháskólann og vísindamenn hér heima og erlendis sem reynslu hafa af þessu. Þetta er ekkert einfalt og ekkert sem er að fara að gerast á morgun eða hinn daginn.“

Íslenskir tómatar æðislega góðir

Katrín Júlíusdóttir alþingiskona hefur verið grænmetisæta síðan í fyrrasumar en hún hætti að borða rautt kjöt fyrir nokkrum árum. Hún borðar þó enn fisk og stefnir ekki á að hætta því enda þyki henni fiskur góður og léttur í maga. Hún segist þó fyrst og fremst vera mikil grænmetiskona og hafi sérstakt dálæti á íslenskum tómötum. Henni þykir lífrænt grænmeti ræktað hér á landi mjög gott og betra en það innflutta og ekki skemmi fyrir að styðja við íslenska ræktun.

Af öðrum landbúnaðarafurðum sem Katrín kann vel að meta nefnir hún bankabygg frá Móður jörð sem hún noti mjög mikið í eldamennsku. Hún segir það vissulega geta verið dýrt að vera grænmetisæta, sérstaklega þar sem hún sé hætt að geta borðað klassiskan ódýran dósamat þar sem hún reyni að elda allt frá grunni og noti hrein og oft fersk krydd. Hún sé þó með tímanum að verða lunkin í að frysta og gerir þá jafnvel meira í einu eða



Katrín Júlíusdóttir alþingiskona er grænmetisæta og segir íslenskt lífrænt grænmeti sérstaklega gott.

frystir fersk krydd og annað grænmeti sem hún notar svo seinna. „Maður lærir inn á þetta smám saman. Það tekur auðvitað meiri tíma að elda allt frá grunni en á móti kemur að matseldin verður

mjög skemmtileg.“ Katrín sleppir ekki bara kjöti heldur líka mjólkurvörum og reynir jafnvel að sleppa hveiti, sykri og geri. „Ég tek samt einstaka nammidaga inni á milli – en kjötið er alveg úti.“



b á r u j á r n



BLIKKSMIÐJA GYLFA EHF.


KLETTHÁLS 9 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 567 4222 • FAX 567 4232

Á undanförmum árum hefur það færst í vöxt að gera upp gömul hús víða um land og þar kemur bárujárnið sannarlega við sögu. Einnig hafa hönnuðir húsa aldrei lagt bárujárnið á hilluna þrátt fyrir miklar tiskusveiflur í hönnun. Það sést vel á mörgum nýjum húsum. Bliksmiðja Gylfa býður uppá heildarlausnir á þakfrágangi

og veggklæðningum úr bárujárni. Allir fylgihlutir eru framleiddir hjá Bliksmiðju Gylfa og ávallt til á lager. Þaulreyndir fagmenn með áratuga reynslu eru til staðar og veita tæknilegar upplýsingar og ráðgjöf. Nóg er að koma með teikningar á staðinn og fagmenn Bliksmiðju Gylfa finna réttu lausnina.



þakrennur • klæðningar • stallastál • fylgihlutir



Miklir möguleikar í breyttu landslagi

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra segir mikla framþróun og öfluga starfsemi eiga sér stað á ótal sviðum í sveitum landsins. Hann spáir enn frekari uppgangi í hrossarækt og telur hana brátt munu standa jafnfætis kúabúskap hvað umfang varðar. Óli Kristján Ármannsson hittir Guðna að máli.

„Hamarinn er á lofti í sveitum landsins, þar er mikil framkvæmdaglegð,“ segir Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra og bætir við að í sveitum landsins felist ótal sóknarfæri, fleiri en nokkru sinni og gríðarlega mikið að gerast. „Sveitin kallar til sín fólk á nýjum og nýjum forsendum.“

Guðni segir að í sveitum landsins sé mikið byggt, bæði hjá bændum og eins hjá þeim sem reisa sér sumar- eða heilsárshús. „Svo rísa byggðir, sveitahorp með nýju sviði, þannig að sveitin virðist í dag kalla marga til sín. Það sem að landbúnaði snýr er hins vegar hið fjölþætta hlutverk hans, því hann hefur nú miklu víðara hlutverk en hann hafði fyrir nokkrum árum.“ Guðni segir hefðbundinn búskap eins og kú- og sauðfjárbúskap nú í þeirri stöðu að mikil eftirspurn er eftir afurðum þeirra. „Ekki hefur áður verið jafn-áhugaverð sprengja í eftirspurn eftir

landbúnaðarvörum eins og síðustu misseri og held ég að þar eigi meðal annars töluverðan þátt skólamáltíðir í grunnskólum landsins. Bændur hafa ekki undan að framleiða mjólk eða kjötvörur þannig að staðan er glæsilegri en menn hafa áður búið við. Síðan hafa hinar hefðbundnu búgreinar þróast. Í sveitunum er mikið byggt og endurnýjað af fjós-um til þess að mæta nýjum tíma, þannig að bóndinn og fjölskylda hans hafi góða vinnuáðstöðu og geti mætt samkeppni í framtíðinni af meira öryggi. Í kringum landbúnaðinn er því líf og fjör.“

Hesturinn dregur að sér viðskipti

Fjölbreytni telur Guðni engu að síður að ríki áfram. „Sumir búa stórt og aðrir búa smærra,“ segir hann. „Síðan koma inn alls kyns áhugamenn með það sem við getum kallað fristundabúskap og algengt er



Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra segir spennandi tækifæri í landbúnaði, en þar á meðal eru möguleikar sem nýr samningur við Evrópusambandið hefur í för með sér. Í honum felst niðurfelling á tollum þannig að evrópskir grænmetisbændur gætu séð sér hag í að semja við orkufyrirtæki um aðbúnað og ræktun á háhitasvæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að dugmikið sveitafólk vinni með búinu. En hér er auðvitað enginn stórbúskapur, engin verksmiðja að störfum.“ Guðni segir enda horft til sóknarfæra í markaðssetningu á heilnæmum vörum í erlendum sér- vöruslunum. „Þetta á orðið við um mjólkurvörurnar, lambakjötið og grænmetið. Þetta handverk sem íslenskur landbúnaður er, unninn af fjölskyldum sem þekkir dýrin sín og fer vel með þau og býr við þessa frábæru náttúru, er stór hluti af möguleikum landbúnaðarins, um leið og íslenska þjóðin finnur hvað

hún býr við gott matvælaborð að eiga svona góða framleiðendur.“

Þá segir Guðni að á nýjum sviðum blasi margt við í sveitinni. „Jarðir eru mjög eftirsóttar, bæði af fólki sem vill bara fara upp í sveit, eiga þar skepnur, njóta þess að vera í náttúrunni og taka þátt í þessu frábæra menningarlífi sem í mörgum sveitum er. Þar er víða mjög skemmtilegt líf, mikill söngur og félagsmálstarfsemi. Hver einasti maður er í raun stórt nafn í því samfélagi og þátttakandi í svo mörgu í kringum félagslífið.“ Hlutverk hestsins fer einnig vax-

Í landanum býr sterkur sveitamaður

Guðni Ágústsson segir eins hafa verið lagðan grunn að því að bændur landsins fari með mikilvæg verkefni og nefnir skógrækt í þeim efnum. „Þeir planta skóginum fyrir þjóð sína og framtíðina, en hann trúum við að verði hér síðar stór auðlind. Svo vita líka allir að ferðaþjónustan er hvergi sterkari en í sveitinni. Ferðaþjónusta bænda er gríðarlega öflugt fyrirtæki þar sem 160 bændur standa saman um sína markaðssetningu. Ég tel að stærsta málið sé nú bein sala afurða af býli

Hins vegar verður æ meira umhugsunarefni meðal þessara 149 þjóða hvort menn séu á réttri leið með að færa til landbúnaðinn í heiminum. Ég er ekki viss um það. Ég held að óskaplega mikilvægt sé fyrir hverja þjóð að geta framleitt svona um helminginn af sínum matvælum og við Íslendingar tökum mikinn þátt í heimsverslun með landbúnaðarafurðir.

andi að mati landbúnaðarráðherra. „Ef ég met stöðuna rétt getur þetta orðið sú búgrein sem er með hvað flesta bændur. Þróunin í hestinum hefur verið gríðarlega ör á síðustu árum og við náð miklum árangri, bæði hér í gegnum fagmennsku hestamanna og öflugt skólustarf, líkt og á Hólum, sem skilar fagfólki inn í samfélagið. Íslenski hesturinn vekur hvað mesta athygli héðan um víða veröld. Í öllum heimsálfum eru íslenskir hestamenn og hann dregur að sér mikil viðskipti.“ Guðni nefnir að um næstu áramót verði aflagðir tollar af hestum til Evrópu, en það sé þýðingarmikið skref til að auðvelda samskipti. „En hrossabúgarðarnir setja nú mikinn svip á margar sveitir, með öflugum fólki sem byggir upp aðstöðu til að temja og selja hestinn. Þeir búgarðar skipta nú orðið hundruðum og ég spái því að í náinni framtíð verði hrossabúgarðar orðnir fleiri en kúabú.“

bóndans, sem auðga muni íslenska markaðinn og efla áhuga þéttbýlisbúans á sveitinni enn frekar. Erlendir jafnt og innlendir ferðamenn sem fara um landið vilja hitta bændur að störfum. Og bændur þjóða í kaffi, taka á móti fólki og hafa þarna nýtt og mikið hlutverk. Þannig er hið fjölþætta hlutverk sveitanna í örum vexti og sveitirnar hafa möguleika á nýjum sviðum þar sem þær höfðu enga fyrir tíu árum.“

Eins segir Guðni skemmtilegt til þess að vita hve sterkar rætur sveitin eigi í þjóðarsálinni. „Í flestum Íslendingum býr sterkur sveitamaður og þrá eftir því að eiga land, hvort sem það er einhver skíki og sumarbústaður, eða jarðarpartur til að festa rætur með fjölskyldu sinni í náttúru landsins.“

Guðni segir bændum ganga vel að fóta sig í nýju umhverfi og mikil endurnýjun í sveitunum á síðustu árum. „Ef farið er á fundi Lands-



Tómatar sem þessir eru framleiddir í miklu magni á stórum býlum í sumum löndum Evrópu. Í eina tíð voru uppi vangaveltur um að nýta hér jarðhita til slíkrar ræktunar og hafa þær nú hafist aftur eftir nýjan samning við Evrópusambandið um tollamál. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



sambands kúabænda, landsfundi sauðfjárabænda, skógarbænda eða hrossabænda, er þar fyrir vaskleikasveit, mikið af ungu fólki, fólki sem sér landbúnaðinn sem tækifæri fyrir sig og fjölskyldur sínar.“

Varðandi framtíðina og samningaviðræður sem yfir standa við Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) sagðist Guðni vona að þær viðræður myndu ekki enda með því að bændur stæðu frammi fyrir miklum umbyltingum, þótt vissulega hefðu bændur nokkrar áhyggjur af því að þegar fram í sækti kæmu þeir til með að standa höllum fæti í samkeppni. „Þegar þessir samningar gerast vona ég að bændur fái mætt aðlöguninni á mjög löngum tíma og það ætti íslenskur landbúnaður að geta. Hins vegar verður æ meira umhugsunarefni meðal þessara 149 þjóða hvort menn séu á réttri leið með að færa til landbúnaðinn í heiminum. Ég er ekki viss um það. Ég held að það sé óskaplega mikilvægt fyrir hverja þjóð að geta framleitt svona um helminginn af sínum matvælum og við Íslendingar tökum mikinn þátt í heimsverslun með landbúnaðarafurðir,“ segir Guðni og bendir á að um helmingur af landbúnaðarvörum sem hér sé neytt komi erlendis frá. „Við kaupum til dæmis mun frekar landbúnaðarvörur á alþjóðavettvangi en Bandaríkin og Bretland svo dæmi séu tekin.“

Tækifærin framundan

Guðni segir eins mikla framþróun og hjartsýni á fleiri sviðum landbúnaðar en hinum hefðbundna. Hann segir vel hafa gengið í loðdýrarækt að undanförmu með lækkaði fôðurkostnaði og hagstæðari markaðsaðstæðum og nefnir líka kornræktina sem dæmi. „Þar hafa íslenskir vísindamenn í raun fundið upp afbrigði sem þola vel íslenska



Bein afurðasala bænda af býlum sínum segir landbúnaðarráðherra að sé eitt af stærstu málunum í íslenskum landbúnaði í dag. FRETABLAÐI/CVA

Bændur hafa ekki undan að framleiða mjólk eða kjötvörur þannig að staðan er glæsilegri en menn hafa áður búið við.

veðráttu. Hér hefur hlýnað og Ísland örugglega verið kornræktarland í upphafi þegar fornmennirnir voru hér með mikinn nautabúskap. Þá hefur verið hér mikil kornrækt og hlýtt tímabil. Nú sjáum við bændur ná gríðarlegum árangri í þessari ræktun og það breytir þeirra búskap, þannig að víða í landinu sé ég fyrir mér bleika akra og fallega kornrækt sem á sér ýmsa nýja möguleika.“ Þar nefnir Guðni til að mynda lín og hörframleiðslu fyrir iðnað. „Svo eigum við hér fyrirtækið Orf líftækni þar sem vísindamenn hugleiða hvort hér sé hægt að

framleiða prótein í bygg sem notað yrði í lyfjaiðnað. Ef af verður gæti þetta skilað sveitunum miklu og hér er talið af vísindamönnum að þetta myndi ekki valda áhættu í íslenskri náttúru.“ Eins segir Guðni að nýlgerur samningur við Evrópusambandið hafi endurvakið möguleika sem skoðaðir hafi verið á árum áður. „Tollar á tómötum, gúrku, papriku og fleiru hafa verið felldir niður og það býður upp á möguleika að Hollendingar og fleiri þjóðir vilji koma hingað og vera í samstarfi við okkur um stórfellda ræktun á jarðhitasvæðum. Þetta gæti gefið hér bæði vinnu og útflutning.“ Þarna gætu orkufyrirtæki landsins komið að segir Guðni, enda þekkt að þau komi að slíkum verkefnum. „Rísarækja Orkuveitu Reykjavíkur er dæmi um slíkt. Síðan væri hægt að framleiða hér á Suðurnesjum, Suðurlandi og víðar risatómata,“ segir Guðni og kímur við.



NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL

KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust. Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.





FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

Hennar Háeg

60% MARKAÐSLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004
MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

Fjór hjóladrifinn
Fjór hjólastýrður
Lyftigetia: 3.400 KG
Lyftihæð: 6.050 MM
Gafflar: 1.200 MM
Vél: Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
LOAD SENSING!! Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager



PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-mail: pon@pon.is

{ landbúnaður }



Elskar hrossakjöt og lambakjöt en reynir að standast freistingar feita kjötsins til að halda sér háum og grönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÍETUR

Saltað hrossakjöt mesta lostæti

Flosi Ólafsson var alinn upp í sveit þar sem gæðingarnir voru étnir þegar búið var að láta þá skila sínu dagsverki.

„Það eru gæðingar, ef hægt er að kalla þá landbúnaðarafurð, fyrst og fremst til að ríða þeim en líka til að borða þá,“ segir Flosi Ólafsson leikari þegar hann er beðinn að nefna þá landbúnaðarafurð sem er í mestu uppáhaldi hjá honum. „Saltað hrossakjöt af átta til níu vetra stóðmerum er algjört lostæti,“ segir hann og segir betra að kjötið sé af gamalli skepnu en ungri þegar saltkjöt á í hlut því að af því komi sérstakt bragð sem það unga skorti. Flosi er mikill hestamaður en hann finnur þó ekki til samviskubits við að borða vini sína. „Ég er að miklu leyti alinn upp í sveit og þar voru

gæðingarnir étnir þegar búið var að láta þá skila sínu dagsverki. Að visu borðaði amma mín ekki hrossakjöt og sumir veigruðu sér við því í mínu ungdæmi. Það er orðið algengara núna og folaldakjöt þykir til dæmis herraþammatúr.“

Flosi er líka afar hrifinn af íslensku lambakjöti og segir þau hjónin oftast bjóða upp á læri þegar slegið er upp veislu. „Ég er þó kominn á það aldursskeið þegar maður á að fara að gæta að mataræðinu. Ég þarf að halda mér háum og grönnum og reyni því að borða ekki mikið af feitu kjöti svo að ég verði ekki stuttur og feitur með aldrinum.“

Landini®

Traustar, liprar og öflugar

Dráttarvélarnar frá Landini eru til hjá okkur í miklu úrvali.



Höfum flutt að **Fiskislóð 14.**

STURLAUGUR & CO

Nýjar vörur frá Mjólku á leið á markað

Mjólka, sem stendur utan hins hefðbundna landbúnaðarkerfis, hyggst fjölga vörflokkum sínum. „Við erum þegar farin að framleiða sýróan rjóma fyrir stórelhús og stutt í að hann fari á neytendamarkað,“ segir Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Neytendur munu á næstu vikum sjá frá okkur nýjar afurðir. Á teikniborðinu eru núna fjórar nýjar afurðir sem er stutt í að fari á markað.“

Mjólka hóf sölu á ostinum Léttfeta síðastliðið haust og hafa viðtökur verið afar góðar. „Viðtökurnar fóru langt fram úr okkar björtustu vonum,“ segir Ólafur. „Það sem hefur verið skemmtilegast í þessu

er hvað stórelhúsmarkaðurinn og verslanir hafa tekið okkur vel. Við erum auðvitað neytendum þakklátir fyrir þennan góða stuðning.“ Hann segir að erfiðlega hafi gengið að anna eftirspurn framan af ári. „Svo hefur Léttfeti fengið góða dóma erlendis meðal annars á ostasýningu í Danmörku, en Ólafur segir það ekki spurningu að stuðningur við vöruna sé einnig vegna viðhorfa almennings. „Það er ekki spurning að neytendur senda ákveðin skilaboð því viðtökurnar eru langt umfram það sem við hjuggumst við. Við höfum náð að gera réttu hlutina og fengið athygli fyrir bæði vöruna og markaðsstarfið.“

Ólafur segir að unnið sé að frágangi samninga við framleiðendur, því ljóst sé að fyrirtækið þurfi meira hráefni á næstunni. „Bændur hafa verið okkur mjög þakklátir fyrir þetta framtak og hafa séð viðbrögð við þessu frá einokunarfyrirtækjum að þau taki á þessu með þeim.“

Framleiðslan sem fer til Mjólku er utan styrkja- og kvótakerfis mjólkurframleiðslunnar. Ólafur hefur skýra sýn á framtíð sliks fyrirkomulags. „Það á að minnka landbúnaðarstyrki í áföngum og gera landbúnaðinn sjálfbæran svo hann geti farið að keppa á erlendum mörkuðum. Þetta eru frábærar vörur sem eiga að vera útflutningsvörur.“



Léttfeti frá Mjólku hefur fengið góðar viðtökur og samkvæmt Ólafi Magnússyni, framkvæmdastjóra Mjólku, er von á fleiri vörum frá fyrirtækinu.



Kjarnfóður í Bandaríkjunum.

Kjarnfóður hækkar í verði

Verð á kjarnfóðri hefur verið á hraðri uppleið að undanförmu, að því er fram kemur á vef Landssambands kúabænda. Kjarnfóðurfyrirtækin segja að veiking krónunnar sé helsta ástæða hækkunarinnar.

Á þriðjudag hækkaði til að mynda Lífland verðskrá sína um sex prósent. Þar hækkaði fóðurverð síðast í byrjun mars um fjögur prósent og dreifingin um fimm prósent. Þá bendir Landssambandið á að 10. þessa mánaðar hafi verð hjá Fóðurblöndunni hækkað um sex prósent.


20 vinsælustu beljunöfnin

Sæti	Nafn	Fjöldi
1.	Branda	785
2.	Huppa	553
3.	Kola	551
4.	Stjarna	535
5.	Skjalda	517
6.	Skrauta	503
7.	Búkolla	493
8.	Dimma	481
9.	Rauðka	442
10.	Búbót	425
11.	Sokka	420
12.	Lukka	417
13.	Hyrna	368
14.	Gæfa	324
15.	Laufa	288
16.	Rós	285
17.	Tinna	283
18.	Nótt	281
19.	Blesa	275
20.	Skessa	272




Nýborinn kálfur í fjósinu í Húsdýragarðinum.

IÐNAÐARHURÐIR



Léttar, sterkar og þéttar



HÉÐINN

Stórás 6 • IS-210 Garðabæ • Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

Vorhreingerning!

Bjóðum hágæða Westermann sópvélar af ýmsum stærðum og gerðum



10% kynningar-
afsláttur út apríl!

LÍFLAND
-betri búnaður

Sími: 540 1125 • www.lifland.is • Lynghálsi 3

Skemmdarverk á uppgræðslu- svæði á Fljótsdalshéraði

Skemmdir hafa verið unnar á uppgræðslusvæði Landgræðslunnar á Héraðssandi á Fljótsdalshéraði. Guðrún Schmidt, héraðsfulltrúi landgræðslunnar á Austurlandi, segir að tekið hafi verið eftir skemmdunum á sumardaginn fyrsta. Talið er að fullorðnir menn á jeppum hafi tekið niður girðingu að svæðinu og ekið á jeppum og mótörhjólum yfir svæðið sem hafi verið í uppgræðslu í nokkra áratugi.

„Það hefur verið töluverð umferð um svæðið í vetur en nú var þetta með versta móti,“ segir Guðrún en nánast snjólaust var á svæðinu í vetur. „Svæðið var alveg afgirt og

við það er læst hlið sem á stendur að um sé að ræða uppgræðslusvæði Landgræðslu ríkisins og sé óviðkomandi umferð um það bönnuð. Girðingin var tekin niður við hliðið og þar hafa jeppamennirnir farið yfir,“ segir Guðrún en um lögbrot er að ræða.

Ljóst þykir að jeppamennirnir hafa farið yfir viðkvæmt svæði sem hefur verið lengi í uppgræðslu. „Fólk virðist ekki átta sig á því að þótt inni á milli sé ber sandur þá er melgresið að sá sig sjálft og mikið af fræjum í sandinum. Þá hefur verið farið yfir melgresihólma sem er slæmt enda gróðurinn mjög viðkvæmur,“ segir



Frá svæði Landgræðslunnar á Héraðssandi. Hjólför eru greinileg í sandinum við hlið slóðans.

Guðrún. „Ef þetta endurtekur sig þá verður tekið á því með hörðum höndum,“ segir Guðrún.

Elskar lambakjöt

Körfuboltamaðurinn Brenton Birmingham er mikill kjötmaður. Hann segir íslenskt lambakjöt í sérstöku uppáhaldi hjá sér og það komi nú að mestu í staðinn fyrir þær steikur sem hann var vanur að gæða sér á í Bandaríkjunum áður en hann fluttist til Íslands. „Lambakjotið er bara svo gott á bragðið, mun betra en kjotið í Bandaríkjunum, sennilega af því að í því eru engin viðbótarefni eins og vill vera þar,“ segir hann og hlær. Þegar Brenton kom fyrst til Íslands fyrir tæpum átta árum var honum oft boðið í mat og var þá oftast en ekki íslenskt lambakjöt á boðstólum. Hann var ekki lengi að komast á bragðið. Hann hefur þó ekki lagt í það sjálfur að matreiða lambakjotið heldur láti

hann sinn betri helming alveg um það.

Af annarri landbúnaðarvöru segist Brenton líka borða býsni öll af skyri og drekka mikið af léttnjólk. Hann er hins vegar ekkert sérstaklega hrifinn af „gamla matnum“ eins og hann kallar það og á þá við súrsaða hrútsþunga, svið, slátur og þviumlíkt. Það láti hann helst alveg eiga sig þótt hann hafi vissulega prófað ýmislegt og hafi meira að segja sótt þorrablot og drukkið brennivín – sem hann er reyndar heldur ekki hrifinn af.

Brenton Birmingham körfuboltamaður varð fljótt ástfanginn af íslenska lambakjötinu.



Schäffer



Schäffer liðléttingurinn er lipur en öflug vél sem hefur reynst ákaflega vel við íslenskar aðstæður



JÖTUNN • VÉLAR ehf.

VALTRA

Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss - Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - www.jotunn.is

Gjörbreyttir neysluhættir á nokkrum áratugum

Kjötát hefur aukist um fjórðung og neysla gosdrykkja aukist um 770 prósent frá árinu 1960, samkvæmt Hagtölum landbúnaðarins sem út komu um síðustu áramót. Á sama tíma hefur fiskneysla dregist saman um 30 prósent og kartaflna um næstum því helming.



NEYSLA MATVÖRU 1960 TIL 2003 (KG Á ÍBÚA)

	Smjör	Kjöt	Kartöflur	Fiskur	Egg	Mjólk	Gosdrykkir
1960	7,7	67,0	66,4	61,1	4,8	306,2	20,6
1970	5,6	54,4	53,9	46,4	9,8	271,1	45,9
1980	7,3	78,2	65,2	35,7	11,8	227,7	78,6
1990	6,5	71,1	50,2	43,2	11,3	205,6	119,1
1995	5,9	68,6	47,0	46,7	8,3	194,9	125,7
2003	4,4	84,1	35,6	42,7	9,2	181,2	179,2
Breyting % +/- 1960-2003	-42,9	+25,5	-46,4	-30,1	+91,7	-40,8	+769,9

Íslandshandbækurnar komnar út hjá Heimi

Út eru komnar Íslandsbækurnar svonefndu fyrir árið 2006 hjá útgáfufélaginu Heimi. Bækurnar eru handbækur á þremur tungumálum, íslensku, ensku og þýsku, þar sem er að finna hverjar þær upplýsingar sem ferðafólk sem sækir landið heim þarf á að halda.

Ritið kemur út í um 90 þúsund eintökum, að því er fram kemur hjá útgáfufélaginu og er dreift ókeypis innanlands.



Íslenska útgáfan ber heitið Á ferð um Ísland, en í ritinu eru meðal annars upplýsingar um gistingu, tjaldstæði, veitingastaði, söfn, gönguleiðir, rútur, bílaleigur, ferjur, ævintýraferðir og margt fleira.

Á vefútgáfufélagsins Heims kemur fram að hér á landi komi ekki út sambærileg ókeypis ferðarit. Hægt er að nálgast ritið í pdf-útgáfu á www.heimur.is/world.



Búfræðinám við LBHÍ – tækifæri fyrir þig?

Úr búfræðinámi við LBHÍ útskrifast nemendur sem búfræðingar. Búfræði er einnig hægt að taka í fjarnámi.

Kynntu þér starfsmenntanám við LBHÍ, það gæti hentað þér. www.lbhi.is



Landbúnaðarháskóli Íslands
Hvanneyri • 311 Borgarnes • s. 433 5000 • www.lbhi.is

Níast



JAPÖNSK GÆÐI - EINSTAKT VERÐ!

SUZUKI OZARK er fjölhæft fjórhjól sem hentar vel bæði til leiks og starfs. SUZUKI ending og gæði á verði sem ekki hefur sést áður. Aðeins Kr. 485.000- eða Kr. 389.558- án vsk.

SUZUKI UMBOÐIÐ EHF
KAPLAHRAUN 1, 220 HAFNAFJÖRÐUR
SÍMI: 565 1725, WWW.SUZUKI.IS

Sérð þú tækifæri á vexti?



Tækifæri leynast allstaðar!

"Þegar þú hefur komið auga á atvinnu-tækifæri sem hentar þínum þörfum, getum við aðstoðað með sérsniðinni ráðgjöf í bland við persónulega þjónustu sem byggir á sérþekkingu okkar í fjármögnun atvinnu-tækja."

Sveinn Þórarinsson

Ráðgjafi, fyrirtækjasvið



LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
Glerárgötu 24-26
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

Marblettir fara fyrr

P-vítamín eru oft kölluð bíóflavonóíðar og eru strangt til tekið ekki vítamín.

Bíóflavonóíðar eru efni sem eru vatnsleysanleg og er helst að finna í plöntum og grænmeti. Líkaminn framleiðir ekki þetta efni og þau eru ekki talin vera lífsnauðsynleg bæti-efni en þó getur skortur á þeim orsakað að marblettir eru lengi að hverfa. Því er talið að p-vítamínin hraði því að marblettir hverfi en fyrir



því eru þó ekki til neinar öruggar heimildir.

Til eru nokkrar mismunandi gerðir af bíóflavonóíðum og eru þær algengustu til dæmis hesperidín, eríodiktýól, ísóflavón, kversetín og rúfín en eru þau tvö seinustu þekktustu gerðirnar.

Bíóflavonóíðar fást ekki stakir en finnast í mörgum bæti-efnablöndum og auðvitað í grænmetinu góða.

P-vítamín er ekki hægt að kaupa eitt og sér en finnst í allskonar blöndum af vítamínum.

Heilsa og líf skjör skólanema

Eftir því sem krakkar eldast hreyfa þeir sig minna samkvæmt rannsókn á heilsu og líf skjörum skólanema.

Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar Heilsa og líf skjör skólanema, sem gerð var meðal 11.800 skólanema í 6., 8. og 10. bekk grunnskóla í febrúar og mars voru kynntar á Hótel KEA á Akureyri 25. apríl.

PORLÁKSGEISLI - 113 RVK.

Afar falleg og vel skipulögð 5 herb. íbúð á 2.hæð í nýlegu lyftuhúsi, ásamt stæði í bílageymslu. Fallegt útsýni af stórum og skjólgóðum 15 fm suðursvölum út yfir friðaðan skóg, fjallendi og stórt opið svæði. Húsið er klætt að utan á vandaðan og smekklegan hátt. Þvottah.í íb., 4 góð svefnh. og rúmgóð stofa.
VERÐ 34,9 millj

Sími: 594 5000 **Akkurat**

Akkurat - fyrir þig!



SPÓAHÖFÐI - 270 MOSF.

Efri sérhæð með miklu útsýni í tvíbýlishúsi ásamt góðum bílskúr og ósamþ. stúdíó íbúð á neðri hæð, samtals 233,5 fm. Á hæðinni eru 4 rúmgóð svefnherb, 2 fullbúin baðherbergi, stór og vönduð innrétting er í eldhúsi, góðar stofur, eikarparket á gólfum.
VERÐ TILBOÐ

Nánari upplýsingar gefur Þóra í síma 822 2225

Sími: 594 5000 **Akkurat**

Akkurat - fyrir þig!



BAKKASTAÐIR - 112 RVK.

Glæsilegt 166,6 fm raðhús á einni hæð, þar af innbyggður bílskúr 27,7 fm. Mjög vandað og fallegt hús. Laus í ágúst 2006. Flottur garður og heitur pottur.
VERÐ 46,9 millj.

Nánari upplýsingar gefur Þóra í síma 822 2225

Sími: 594 5000 **Akkurat**



domus FASTEIGNASALA

Laugalind 10 201 Kópavogi



Sölusýning fimmtudag milli kl 18 og 19

Glæsilega 4ra herbergja 122,5 fm jarðhæð með sér inngangi og stórum sólpalli. Nýtt planka parket (Hvítuð eik) er á allri íbúðinni nema á forstofu,baði og þvottahúsi en þar eru nýjar dökkar flísar. Hvítar breiðar tré rimlagardinur eru fyrir flestum gluggum. Þetta er glæsileg eign á mjög barnvænum og eftirsóttum stað.
Verð 32,9 millj

Halldór Jenson Sölufulltrúi
Netfang: halldor@fasteignasala.is
Sími: 840 2100

Domus fasteignasala • Laugavegi 97 • 101 Reykjavík • Sími 440-8000 • www.domus.is



domus FASTEIGNASALA

Laufvangur 15 Hafnarf.



Bókaðu skoðun

Mjög góð 5 herbergja 187,9 fm. efri sérhæð með 28,3 fm. bílskúr. Fjögur rúmgóð herbergi, stórar stofur, rúmgott eldhús, þvottahús innaf eldhúsi, tvennar stórar svalir, bílskúr með hita og rafmagni. Hér er um að ræða mjög góða eign á barnvænum stað þar sem er stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla.
VERÐ 36,7 millj.

Halldór Jenson Sölufulltrúi
Netfang: halldor@fasteignasala.is
Sími: 840 2100

Domus fasteignasala • Laugavegi 97 • 101 Reykjavík • Sími 440-8000 • www.domus.is

Akkurat - fyrir þig!

OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 17:30 – 18:00



BARÐASTAÐIR 19 - 112 RVK.

Glæsileg 99,8 fm. 3ja herbergja íbúð á 3.hæð. Fallegar innréttingar og vandað parket á gólfum. Stór og björt stofa með útgengi á stórar SV-svalir. Þvottahús innan íbúðar.
VERÐ 21,5 millj.

Nánari upplýsingar gefur Þóra í síma 822 2225

Sími: 594 5000 **Akkurat**

Við þurfum her!

Umsækjendur þurfa að vera 20 ára og hafa gilt bílpróf, einnig væri kostur að þeir hefðu eigin bíl til umráða. Áhugi og/eða þekking á tæknimálum er ótvíræður kostur. Bæði er í boði aðalstarf og aukavinna sem hentar vel t.d. með námi.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá klukkan 09-17 á virkum dögum. Umsóknir skulu sendar á netfangið:
lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is

Okkur vantar þjónustulipra, samviskusama, harðduglega og metnaðargjarna einstaklinga í vaxandi "þjónustuher" Digital Ísland.



365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ




Bifreiðastjóri

Holt og Gott ehf. óskar eftir að ráða bifreiðastjóra til starfa. Viðkomandi þarf að vera stundvís og geta unnið sjálfstætt.

Nánari upplýsingar veitir Ægir Kópsson í síma 862-9106.

KAUPVENJUR

Keypti varahluti í fyrsta forsetabílinn

Hver er eftirlætisbúðin þín?

Konan mín sér yfirleitt um búðirnar, það er í hennar verkahring. Nema auðvitað þegar kemur að því að kaupa í bíla.

Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?

Það er skemmtilegast að kaupa í forn-bílanum.

Verslar þú í útlöndum?

Ég fer til Pennsylvaníu í Bandaríkjunum einu sinni á ári á bílasýningu. Þar er líka varahlutamarkaður og ég hef keypt hluti þar.

Einhverjar venjur við innkaupin?

Það er náttúrulega venja að kaupa á markaðnum. Ég hef líka verið að kaupa varahluti í fyrsta íslenska forsetabílinn því ég var að gera hann upp.

Tekurðu skyndiákvæði í fatakaupum?

Já, ef ég fer í fatainnkaup þá geri ég það. Þá er það fljótgert. Ef konan kemur hins vegar með er það flóknara.

SÆVAR PÉTURSSON, FORMADUR FORN-BÍLAKLÚBBS ÍSLANDS, LÆTUR KONUNNA UM FLESTÖLL INNKAUPIN.



allt bílar

Alla laugardaga

VISSIR ÞÚ...

...að fyrsta mannaða geimfarinu var skotið á loft árið 1961. Það var Júri Aleksejvitsj Gagarín frá Sovétríkjunum sem stýrði geimfarinu Vostok 1, sem skotið var út í geim frá Baikonur-skotpallinum í Kasakstan rúmlega níu fyrir hádegi þann 12. apríl. Hann lenti nærri Smelovka, Sovétríkjunum 115 mínútum síðar. Gagarín hafði þá skotið sér úr geimfarinu nokkru fyrr og svifið til jarðar í fallhlíf.

...að fyrsta konan til að fara út í geim var Valentina Tereshkova frá Sovétríkjunum. Hún fór með geimfarinu Vostok 6 þann 19. júní 1963. Hún var 26 ára og er enn í dag yngsta konan sem farið hefur út í geim.

...að fyrsta geimganginn var farinn af Sovétmanninum Alexei Arkhipovitsj Leonov. Hann fór út úr geimfluginni Voskhod 2, 18. mars 1965.

...að fyrsta mannaða ferðin kringum tunglið var farin árið 1968. Það var geimfarið Appolo 8 sem náði þessum árangri en því var skotið á loft 21. desember. Í áhöfn voru þrjú Bandaríkjamenn og fóru þeir tíu hringi kringum tunglið í sex daga leiðangrinum.

...að fyrstu mennirnir stigu á tunglið þann 21. júlí 1969. Neil Armstrong frá Bandaríkjunum, fyrirliði Appolo 11, steig fyrstur út og Edwin Aldrin jr. fylgdi í húmátt á eftir honum.

...að lengsta mannaða tunglferðin var farin 7.-19. desember árið 1972. Þá dvaldi áhöfnin á Appolo 17 á yfirborði tunglsins í met tíma eða samanlagt 74 klukkustundir, 59 mínútur og 40 sekúndur. Áhöfnin safnaði alls 110,4 kg af grjóti og jarðvegi í þremur lotum.

...að tveir geimfarar hafa farið í sjö geimferðir og hefur enginn farið fleiri geimferðir. Þetta eru þeir Jerry Ross og Franklin Chang-Diaz frá Bandaríkjunum.

...að Kínverjar eiga lengstu jómfrúarferð þeirra þriggja þjóða sem skotið hafa mönnum út í geiminn. Kínverjinn Yang Liwei var sendur 15. október 2003 á sporbraut um jörðu um borð í geimfarinu Shenzou 5 í ferð sem stóð í 21 tíma og 23 mínútur frá geimskoti til landingar.

...að fjölmargar nýjungar má rekja til geimvísinda.

...að þeirra á meðal eru veðurspár, gervihnattadiskar, strikamerkingar, læknisfræðiljósmýndun, CAT skönnun, flatar sjónvarpsskjáir, stýripinnar, þröðlaus tæki, hjartagangráður, sýndarveruleikarættir, reykskynjarar og ósýnilegar tannspangir.

www.parketgolf.is

Plankadagar í fullum gangi Ótrúleg verð



Ármúla 23 • S. 568 1888

Lífrænn úrgangur – rusl eða gull

UMRÆÐAN
LÍFRÆNN
ÚRGANGUR



BJÖRN GUÐBRANDUR JÓNSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI GFF.

Í orðræðu um umhverfismál hérlandis undanfarin ár hefur lítið verið vísað í hugmyndina um hringrás í náttúrunni. Það er merkilegt í ljósi þess að umhverfisvandamál okkar samtíma, hvar sem er í heiminum, helgast mörg hver af því að hringrásarferlar hafa rofnað eða verið ögrað á annan hátt.

Ósjálfbær þróun

Við iðnbyltinguna missti samfélagið sjónar á nokkrum grunnþáttum í samspili manns og náttúru og tapaði á örfáum kynslóðum skilningi á mikilvægi efnahringrása fyrir mannlega velferð. Þess í stað hefur efnabúskapur hins iðnvædda hagkerfis einkennst af línulegu ferli með augljósu upphafi og endi. Þessa

aðferð má með réttu kenna við ránryrku og mengun. Hin ýmsu efnislegu gæði eru unnin úr ríki náttúrunnar, þeirra er neytt af áfergju í samfélaginu og loks losuð út í náttúruna sem úrgangur. Þetta gat gengið á fyrri stigum iðnaðarsamfélagsins en á seinni hluta 20. aldar, þegar drjúgur hluti heimsbyggðarinnar hafði iðnvæðst eða bjóst til iðnvæðingar, var ljóst að eitthvað var verulega bogið við þróunina.

Sjálfbær þróun

Þetta gat ekki gengið til lengdar, þróunin augljóslega ekki haldbær. Það eyðist sem af er tekið og brunurinn spillist ef æ fleiri miga í hann. Undir þessum formerkjum kom til sögunnar hugtakið Sjálfbær þróun sem allir þekkja nú orðið. Endurvinnsla og endurnýting hafa komið til á síðustu áratugum í síauknum mæli sem verkleg úrræði til sjálfbærrar þróunar. Elst er sú endurvinnsla sem arðbærust er, þ.e. þar sem markaðskraftarnir hafa náð að virka af sjálfsdáðum. Endurvinnsla á ýmsum gömálmum sem seljast á háu verði er löngu orðin hefðbund-

in. Ljóst er að ef takast á að gera efnabúskap okkar sjálfbæran og „hringlaga“ þarf að koma til laga- og reglugerðarumhverfi sem gerir endurvinnslu lífræns úrgangs og annarra lágvirðisefna sæmilega arðbæra.

Evrópusambandið (ESB) hefur að mörgu leyti gengið fram fyrir skjöldu í umhverfismálum og með EES-samningnum hafa íslensk stjórnvöld góðu heilli orðið ESB samferða á þeim sviðum. Þannig hafa Íslendingar t.a.m. gengist undir urðunartilskipunina svokölluðu, 1999/31/EB. Hún kveður fast á um nýja hætti í umgengni okkar við náttúruna. Helstu nýmælin eru að föstum úrgangi af lífrænum toga skal nú beint í aðra farvegi en til urðunar. Lífrænum úrgangi skal ekki lengur sópað undir teppið heldur ráðstafað inn í góðkynja ferli, náttúruleg eða manngerð. Markmið tilskipunarinnar eru tölusett þannig að á 15 árum frá gildistöku hennar skulu aðildarríkin draga úr magni lífræns úrgangs til urðunar niður í 35% af því sem það var árið 1995.

Tvíbet áhrif

Góðar ástæður eru til þess að taka lífrænan úrgang sérstaklega fyrir. Lífræn úrgangsefni eru óstöðug og eru ævinlega á barmi lífræðilegs niðurbrotsferlis. Eiginleikar þeirra geta orðið til gagns jafnt sem skaða, það fer eftir því hvaða ákvarðanir eru teknar (eða ekki teknar) um stjórn og skipulagningu við úrgangshirðu og hvernig tekst að framfylgja ákvörðunum.

Spillíáhrif af niðurbroti lífræns úrgangs felast m.a. í losun metans úr urðunarhaugum. Gastegundin metan er í andrúmslofti jarðar býsna öflugur upphitari og tefur útsteðjandi varmageisla frá jörðinni tuttugu til fimmtíufalt miðað við algengustu gróðurhúsalofttegundina, koldíoxíð (fer eftir því hversu langan tíma er miðað við). Önnur spillíáhrif felast í því að sigvatn frá urðunarhaugum mengast af nánast öllu því sem í haugnum kann að vera, sem útheimtir dýrar „end of pipe“-aðgerðir við að ganga frá haugnum. Loks má nefna almennan óþrifnað sem sjá má m.a. af fuglageri við hefðbundna urðun-

arstaði. Á hinn bóginn geta þessir sömu eiginleikar lífrænna efna virk- að sem ótvíræð gæði á formi áburðar og orku ef úrgangshirðu og niðurbrotsferlinu er þannig stýrt.

Rusl eða gull? Málþing í Ráðhúsinu

Á málþingi sem samtökin Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs (GFF) standa fyrir í dag kl. 16 í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur verður fjallað um hvað menn hafa fyrir stafni á þessu sviði hérlandis. Framsögumenn koma nokkrir af landsbyggðinni þar sem menn standa frammi fyrir bæði almennum og sértækum vandamálum varðandi lífrænan úrgang. Við hér á höfuðborgarsvæðinu getum örugglega lært eitthvað af reynslu þeirra og áformum. Gerð verður grein fyrir einkaframtaki á þessu sviði, framtaki sem gengur lengra en opinber stefnumótun gefur tilefni til. Að loknum framsöguerindum munu frambjóðendur til borgarstjórnar Reykjavíkur sitja við pallborð og gera grein fyrir sinni sýn á þessi mál. Úrgangur og meðferð hans er jú á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt lögum. ■

Kjör blaðbera

ARNI DAVÍDSSON LÍFRÆÐINGUR
SKRIFAR UM DREIFINGU FRÉTTABLAÐSINS

Þann 13. febrúar síðastliðinn birtist grein í Fréttablaðinu um innflutning blaðbera frá Póllandi til að vinna við blaðaútburð fyrir Pósthúsið sem sér um dreifingu Fréttablaðsins. Í henni kom fram í viðtali við Einar Þorsteinsson framkvæmdastjóra að „erfiðlega hafi gengið að fá Íslendinga til að sinna dreifingu og því hafi þeir auglýst eftir fólki á meginlandi Evrópu“.

Einar getur þess ekki að Fréttablaðið hefur ekki viljað gera kjarasamning við VR sem fulltrúa blaðbera. Því síður getur hann þess að kjör blaðbera Fréttablaðsins eru lakari en hjá Morgunblaðinu. „Kjarasamningurinn“ við blaðburðarbörn er settur einhliða af Fréttablaðinu. Fréttablaðið getur ekki mannað stöður í öllum hverfum vegna lélegra launa blaðbera og á erfitt með að koma blaðinu í öll hús. Blaðburðarbörnin hafa reynt hvað þau geta að skipta um vinnuveitanda og hafa sótt um allar stöður hjá Morgunblaðinu. Á meðan eru tugir hverfa Fréttablaðsins án blaðbera.

Staðan er að íslenskur vinnuveitandi vill ekki gera sanngjarnan kjarasamning og fær af þeim sökum ekki innlent starfsfólk. Starfsfólkið greiðir atkvæði um kjörin með fótunum og flýr þennan vinnuveitanda. Í staðinn ætlar þessi ósvífni vinnuveitandi að flytja inn erlent starfsfólk. Hver eru kjör þess fólks? Þrátt fyrir komu Pólverjana gengur dreifing Fréttablaðsins ekki sem skyldi og má telja langlundargeð auglýs- enda furðulegt. Skýringanna er kannski að leita í því að megnið af auglýsingunum koma frá öðrum fyrirtækjum í eigu auðhringsins sem á Fréttablaðið.

Ég er faðir blaðburðarbarns og geri þá sanngjörnu kröfu til Fréttablaðsins að það geri alvöru kjarasamning við fulltrúa blaðbera. Ef hann er á sömu nótum og kjarasamningur Moggans við VR mun Fréttablaðið ekki eiga í neinum vandræðum með að ráða innlent starfsfólk sem blaðbera í öll hverfi.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Ársfundir

Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins árið 2006

verða haldnir í dag, fimmtudaginn 27. apríl 2006, í sölum H og I, Nordica Hótel í Reykjavík.



LÍFEYRISSJÓÐUR
LÆKNA

Ársfundur Lífeyrissjóðs lækna hefst kl. 17.15, salur I

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2005.
3. Skýrsla um tryggingafræðilega úttekt.
4. Önnur mál.



ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins hefst kl. 17.15, salur H

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2005.
3. Skýrsla um tryggingafræðilega úttekt.
4. Önnur mál.



ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins, sameinaðs sjóðs Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins, hefst kl. 18.00, salur H.

Dagskrá

1. Stofnefnahagsreikningur 1. janúar 2006.
2. Kynning á markmiðum og fjárfestingarstefnu.
3. Tillögur um breytingar á samþykktum.
4. Kosning stjórnar. Kjósa skal tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn til tveggja ára og einn aðalmann í stjórn til þriggja ára. Framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund til stjórnar sjóðsins.
5. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
6. Ákvörðun um laun stjórnar.
7. Opnum á nýrri vefsíðu – www.almenni.is – kynning á síðunni.
8. Önnur mál.

Fyrir fundinn og milli funda munu ráðgjafar veita upplýsingar um sjóðinn, þjónustu við sjóðfélaga og ráðgjöf um samsetningu lífeyrisréttinda. Að fundi loknum verður boðið upp á pinnamat og fingrafæði undir ljúfum tónum félaga úr FÍH.

Nánari upplýsingar og tillögur um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórnir Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins.

Vandasamt verkefni eða vonlaust verk?

UMRÆÐAN
PENINGASTEFNA
SEÐLABANKANS



ARNÓR SIGHVATSSON
AÐALHAGFRÆÐINGUR SEÐLABANKA
ÍSLANDS¹

Í Fréttablaðinu hinn 23. apríl sl. birtist grein eftir Illuga Gunnarsson sem er afar gagnrýnin á vaxta- stefnu Seðlabanka Íslands. Í greininni gættir nokkurs misskilnings um peningastefnu bankans og fleira sem óhjákvæmilegt er að leiðrétta. Illugi gagnrýnir Seðlabankann fyrir að reka of aðhalds- sama peningastefnu, sem ekki hafi tekið tillit til þess að megin- uppsprettur verðbólgu undanfari- nna missera séu annars vegar hækkun húsnæðisverðs og hins vegar hækkun olíuverðs.

Hver er uppspretta verðbólgunnar?

Illugi heldur því fram að hækkun húsnæðisverðs sé uppspretta verðbólgu á Íslandi. Það er vafasöm fullyrðing. Uppspretta verð- bólgunnar sem og hækkunar íbúðaverðs er gríðarlega hraður vöxtur eftirspurnar sem hefur valdið þrýstingi á verðlag vöru, þjónustu og húsnæðis. Hinn öri vöxtur hefur einnig spennit upp launakostnað, sem aukist hefur langt umfram framleiðni. Þá hefur hann leitt til þess að mikill halli hefur myndast á viðskiptum við útlönd, sem veikir gengi krónunnar til lengri tíma lítið.

Á móti þessum eftirspurnar- áhrifum vó lengi vel hjöðnun vöru- verðs, sem gengishækkun krónunnar þar til í nóvember hafði í för með sér. Lengi voru því áhrif eftirspurnarinnar á innlent verð- lag að mestu leyti dulin og bundin við þann geira þjóðarbúskaparins sem starfar í skjóli frá erlendri samkeppni. Hvergi birtist verð- bólgubrýstingurinn jafn skýrt og á húsnæðismarkaði, sem er bæði að mestu ósnortinn af erlendri samkeppni og einkennist að auki af mjög tregbreytilegu framboði. Ef ekki hefðu komið til áhrif hærra gengis hefði verðbólga verið töluvert meiri á sl. tveimur árum.

Því má halda fram, öfugt við það sem Illugi fullyrðir, að hækkun vísitölu neysluverðs endurspeglir ekki fyllilega undirliggjandi verðbólguþrýsting, enda sterk rök fyrir því að hækkun gengisins væri tímabundin. Seðlabankinn hefur á undanförunum árum bent á þá langtímaverð- bólguhættu sem fólgin er í háu raungengi og miklum viðskipta- halla. Meginmarkmið peninga- stefnunnar er að draga úr óhöfleg- um vexti innlendrar eftirspurnar sem er uppspretta verðbólgunnar, bæði í formi beins þrýstings á

verðlag og óbeint í gegnum áhrif á gengis- og launapröun.

Er vísitala neysluverðs óheppilegt markmið fyrir Seðlabankann?

Illugi er ekki einn um að halda því fram að vísitala neysluverðs sé óheppilegt markmið fyrir Seðlabankann (Sjá t.d. Friðrik Jónsson í Fréttablaðinu 5. apríl). Þeir sem gagnrýnt hafa að verðbólgu- markmið Seðlabankans skuli skilgreint sem hækkun vísitölu neysluverðs, en ekki til dæmis hinnar sam- ræmdu vísitölu neysluverðs (HICP – sem reiknuð er á öllu Evrópska efnahagssvæðinu), virðast yfirleitt telja að stýrivextir Seðlabankans væru til muna lægri ef húsnæðisliðurinn væri ekki með í vísitölunni. Þetta er ekki sjálfgef- ið. Viðfangsefni peningastefnunnar er verðbólgan sem er fram- undan, en ekki verðhækkunar sem liggja að baki. Á þær hefur Seðlabankinn engin áhrif. Rannsóknir innan bankans sýna hins vegar að hækkun húsnæðisliðar er leiðandi vísbinding um almenna verð- bólgu, eins og bersýnilegt er um þessar mundir.

Líklega hegir verulega á húsnæðisverðbólgu þegar líða tekur á þetta ár. Eigi að síður má reikna með að verðbólgan verði langt yfir markmiði Seðlabankans, enda eftirspurn enn óhöflega mikil og gengi krónunnar hefur lækkað verulega. Því er afar líklegt að verðbólga mæld með hinni sam- ræmdu vísitölu neysluverðs verði meiri en samkvæmt hinni hefðbundnu mæl-



ingu, líkt og gerðist á árinu 2002. Samkvæmt rökfræði Illuga o.fl. ætti Seðlabankinn því líklega að hafa vexti hærri en hann myndi gera samkvæmt núverandi við- miðun.

Sjónarhorn Seðlabankans er hins vegar víðara en svo. Honum er sett það markmið að verðbólga verði til lengri tíma lítið því sem næst 2½ prósent. Það felur ekki í sér að verðbólga þurfi ávallt að vera á markmiði heldur að hún sé það að meðaltali og að Seðlabankinn geri grein fyrir verulegum frávikum. Þannig reynir bankinn að veita verðbólguvæntingum kjölfestu. Bankinn leitast við að horfa nokkur ár fram í tímann og yfir þann tíma skiptir síður máli hvaða þættir vísitölunnar hækka mest hverju sinni. Yfir tveggja til þriggja ára tímabil getur það verið mjög breytilegt. Frá langtíma- sjónarmiði er mikilvægt að mæli- kvarðinn á árangur peningastefnunnar sé sem breiðastur. Það

útilokar ekki að Seðlabankinn horfi framhjá frávikum sem eiga sér rætur utan áhrifasviðs hans eða eru mjög tímabundin. Þetta er ástæða þess að þegar verðbólgu- markmið var tekið upp árið 2001 fór Seðlabankinn fram á það við Hagstofuna að reiknaðar yrðu svokallaðar kjarnavísitölur sem útiloka sveiflukennda liði, t.d. bensínverð, sem valda stundum verðbólguáhrifum sem ástæðu- laust er að peningastefnan bregðist við, a.m.k. fyrsta kastíð.

Það er hins vegar mikilvægt að reikna slíka mælikvarða með kerfis- bundnum hætti, en ekki taka þá út vegna þess að einhverjum þyki mælingin óþægileg. Ákveðin til- hneiging er til að vilja fjarlægja þá þætti vísitölunnar sem hækka hverju sinni, eða man einhver eftir að hafa heyrt kröfur um að gjaldaliður sem er að lækka væri fjarlægður úr vísitölunni?

Peningastefna og eignaverð

Illugi leiðir fram þau rök gegn viðmiðun við vísitölu neysluverðs að breytingar á húsnæðisliði vísitölunnar feli í sér eignaverðs- breytingu, sem Alan Greenspan og aðrir „alvöru“ seðlabanka- menn telji ekki rétt- mætt við-

fellum notuð sú aðferð að láta húsnæðiskostnað þeirra sem búa í eigin húsnæði fylgja húsaleigulið vísitölunnar, en sú aðferð á síður við þar sem leigumarkaðurinn er hverfandi þáttur og oft með félags- legu ívafi, eins og hér á landi. Jafnvel þótt þessari aðferð væri fylgt á Íslandi hefði það þó ekki úrslitaáhrif, því leiga hefur oftast um síðir fylgt markaðsverði húsnæðis eftir.³

Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að aðrar aðferðir sem beitt er í heiminum í dag leiði til niður- stöðu sem yrði í grundvallaratrið- um frábrugðin því sem núverandi aðferð Hagstofu Íslands gefur. Að taka tillit til húsnæðiskostnaðar (reiknaðrar húsaleigu) í vísitölu neysluverðs jafngildir ekki því að gera eignaverð að markmiði peningastefnunnar. Hvort seðlabankar eigi að láta sig varða eignaverðspröun er hins vegar e.t.v. umdeildara innan hagfræðinnar og meðal seðlabanka en Illugi lætur í veðri vaka. Til dæmis virðist nokkur munur á sjónarmiðum Seðlabanka Evrópu og Bandaríkjanna í þeim efnum.

Þótt ég sé andvígur því að skipta um hest í miðri straum- harðri á kunna að vera ákveðin rök fyrir breytingum á við- miði peningastefnunnar sem má íhuga þegar um hægist, en þau eru önnur en þau sem Illugi nefnir. Bent hefur verið á að það gæti skaðað trúverðugleika peningastefnunnar ef verðbólga verður langtímum saman yfir verð- bólgumarkmiði Seðlabankans. Einnig eru áhrif vaxtabreyt- inga á húsnæðisliðinn

óheppileg. Af þeirri ástæðu kæmi til greina að fara að dæmi Englandsbanka og taka upp viðmiðun við HICP. Það myndi hins vegar tæpast breyta nokkru um framkvæmd peningastefnunnar nú, enda verðbólguhorfur til næstu tveggja ára líklega verri ef miðað er við HICP. Ef ákveðið yrði að breyta verðbólgu- markmiðinu væri æskilegt að fara að dæmi Englandsbanka og lækka verð- bólgumarkmiðið í 2%.

Hækkaði Seðlabankinn vexti of snemma?

Illugi heldur því fram að hækkun íbúðaverðs hafi á liðnum árum leitt til of aðhaldssamar peninga- stefnu. Seðlabankinn hafi hafið hækkun vaxta of snemma vegna þess að hann miði vélrænt við vísitölu neysluverðs. Þarna er Illugi ekki aðeins á öndverðum meili við Seðlabankann, sem hefur haldið hinu gagnstæða fram, heldur t.d. sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og OECD og fjölda inn- lendra og erlendra sérfræðinga sem rýnt hafa í innlend efnahags- mál. Úr því að Illugi leiðir til vitnis erlenda seðlabanka er ekki úr vegi að kanna þessa staðhæfingu í ljósi svokallaðrar Taylor-reglu, en það er peningastefnuregla sem talin er einkenna hegðun ýmissa seðlabanka sem náð hafa góðum árangri, t.d. hins bandaríska. Stýrivaxtaferill samkvæmt Tayl- or-reglu sýnir reyndar að ef Seðlabankinn hefði hegðað sér í líkingu við ýmsa góða seðlabanka hefði peningastefnan verið aðhaldssam- ari, jafnvel þótt verðbólguþáttur reglunnar taki mið af verðbólgu- spá sem síðar reyndist of lág.

Þetta er ekki undarlegt í ljósi þess að þegar Seðlabankinn hóf að hækka vexti í maí 2004 spáði bankinn 3,5% hagvexti á því ári. Reyndin varð 8%, en það vissi bankinn

ekki fyrr en í mars sl. með endurskoðuðum tölum Hagstofunnar. Jafnvel þótt miðað sé við HICP er ómögulegt að draga þá ályktun að peningastefnan hafi verið of aðhaldssöm árið 2004. Hins vegar gæti virst sem peningastefnan hafi verið of aðhaldssöm árið 2005, enda fór verðbólga án húsnæðis þá niður undir núll. Ástæðan er augljós. Eftirspurnarsprengjan í kjölfar íbúðalánanna leiddi í fyrstu einkum til hækkunar húsnæðis- verðs og aukins viðskiptahalla.

Gengishækkun krónunnar leiddi hins vegar til tímabundinnar hjöðunnar vöruverðs. Hefði Seðlabankinn látið blekkjast vegna þessarar tímabundnu hjöðunnar og slakað á aðhaldinu hefði það leitt til of slakrar peningastefnu. Slakari peningastefna hefði leitt til minni gengishækkunar krónunnar og meiri verðbólgu. Peningastefnan hefði þannig verið enn fjær því sem jafnan einkennir peningastefnu seðlabanka sem náð hafa góðum árangri. Líttill vafi er á því að launahækkunar sl. haust hefðu þá orðið meiri, sem enn hefði aukið á verðbólguþálið.

Veldur vaxtahækkun verðbólgu?

Enn vafasamari er sú fullyrðing Illuga að hin aðhaldssama peningastefna Seðlabankans hafi í reynd leitt til meiri verðbólgu en ekki minni. Þessi kenning er á skjön við allar viðtekna kenningar innan þjóðhagfræðinnar. Það er nokkuð undrunarefni að Illugi skuli halda slíku fram, því hann hefur verið ötull talsmaður íslensku krónunnar og gildis sjálf- stæðrar peningastefnu. Hafi Illugi hins vegar á réttu að standa um virkni peningastefnunnar væru það sterkustu rök sem hægt væri að færa fyrir því að kasta krónunni og taka upp evru. Ef hærri stýrivextir Seðlabanka Íslands leiða til meiri verðbólgu væri sjálfstæð peningastefna ekki aðeins tilgangslaus heldur stór- hættuleg.

Ég er ekki sammála því að viðfangsefni sjálfstæðrar peninga- stefnu sé svo vonlaust. Þó vil ég ekki gera lítið úr þeim vanda sem peningastefna í litlu opnu hagkerfi stendur frammi fyrir. Miðlun peningastefnunnar er fjarri því að hafa verið hnökralaus. Hún hefur átt sér stað í gegnum gengi krónunnar meira en æskilegt er og inn- lendur skuldabréfamarkaður er ekki nægilega djúpur til þess að standa undir eðlilegri vaxtamynd- un sem er yfirleitt talin mikilvæg- asti farvegur miðlunar peninga- stefnunnar. Vaxandi vaxtamunarviðskipti flækja enn frekar stöðuna. Sá vandi er hins vegar óhjákvæmilegur þegar alþjóðleg efnahagsþróun er á skjön við innlenda og ýmsar aðgerðir stjórnvalda leggja á gagnstæða sveif við peningastefnuna.

Gengissveiflur eru lítt fyrrisjá- anlegar en hafa um leið mikil áhrif á þjóðarbúskapinn, ólíkt því sem gildir um stærri gjaldmiðlasvæði. Miðlun peningastefnunnar er að sama skapi skrykkjótt og erfitt að sjá fyrir. Framsýni peningastefnunnar eru því veruleg takmörk sett í jafn smáu hagkerfi og hinu íslenska. Af þessum ástæðum er ekki ólíklegt að ávinningur þess að halda uppi sjálfstæðum gjald- miðli og peningastefnu á jafn litlu svæði og Íslandi sé minni en enginn og auki fremur á sveiflur í þjóðarbúskapnum en að draga úr þeim. Samt sem áður tel ég tæpast að vandinn sem Seðlabanki Íslands stendur frammi fyrir sé jafn hrikalegur og Illugi virðist gefa í skyn. Því megi við það una að búa við sjálfstæðan gjaldmiðil og peningastefnu enn um sinn, með þeim fornkostnaði og reyndar umtals- verðri áhættu sem því fylgir. Sem betur fer, því mér skilst að ekkert annað sé á döfinni.

Hafi Illugi hins vegar á réttu að standa um virkni peninga- stefnunnar væru það sterkustu rök sem hægt væri að færa fyrir því að kasta krónunni og taka upp evru.

fangsefni peningastefnunnar - ekki frekar en verð hlutabréfa. Þetta er hálfur sannleikur. Húsnæði er vissulega eign, en jafn- framt einn af mikilvægustu kostnaðarþáttum hvers heimilis. Að því leyti er það allt annars eðlis en hlutabréf. Enginn býr í hlutabréf- unum sínum. Tvíeðli húsnæðis hefur hins vegar orðið tilefni mis- unandi sjónarmiða um hvernig beri að taka tillit til húsnæðis- kostnaðar í neysluverðsvísitölum. Aðferð Hagstofunnar er ein af þremur megináðferðum sem notaðar eru í heiminum í dag. Í HICP, hinni samræmdu vísitölu neyslu- verðs (á Evrópska efnahagssvæði- nu), er aðeins tekið tillit til húsa- leigu og nokkurra minniháttar kostnaðarþátta, en ekki kostnaðar við eigið húsnæði. Ástæða þess er hins vegar ekki að það sé talin æskileg lausn, heldur að ekki hefur náðst samkomulag um aðferðafræðina meðal aðildar- þjóða ESB. Núverandi aðferð leiðir til þess að vægi húsnæðisliðar HICP er mjög breytilegt eftir löndum, eftir því hvort leigumark- aður (t.d. Þýskaland) eða eigið húsnæði (t.d. Spánni og Ísland) er ríkjandi form. Unnið er að því að bæta úr þessum ágalla á vegum evrópsku hagstofunnar, Eurostat, og er áætlað að húsnæðisliðnum verði bætt inn í samræmdu vísitölu á næstu 1-2 árum.²

Í löndum þar sem leigumarkaðurinn er ráðandi er í sumum til-

Er jeppinn tilbúinn fyrir sumarið?

31"	14.882,-
32"	15.661,-
33"	15.900,-
35"	16.870,-

Gerði verðsamanburð

KT verslun Akureyri
Njarðarnesi S. 466 2111

Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000

1) Þær skoðanir sem birtast í greininni eru höfundar og þurfa ekki endilega að endurspegla stefnu Seðlabankans.
2) Illugi nefnir einnig að Englandsbanki miði við vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Það er rétt, bankinn hefur miðað við samræmdu vísitöluna frá ársbyrjun 2003 en fram að þeim tíma miðaði bankinn við vísitölu sem innihélt markaðsvirði húsnæðis. Þessu var breytt að frumkvæði stjórnvalda og hugsað

sem skref í átt að frekari samruna við Evrópusambandið. Við þessa breytingu lækkaði Englandsbanki verðbólgu- markmið sitt úr 2,5% í 2%.
3) Þó myndaðist nokkurt bil árið 2000 og einnig í fyrra. Bílið árið 2000 lokaðist mjög snögglega þegar verðmæling húsa- leigu lá fyrir. Svipað gæti orðið uppi á teningnum nú, eða að íbúðaverð lækki.

Barnalýðræði í borginni

UMRÆÐAN
BÖRN



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Eitt af megingildum í merki starfsemi Íþróttta- og tómsunda-ráðs er barnalýðræði. Við starf á frístundaheimilum og í félagsmiðstöðvum er leitað við að börnin geti haft áhrif á það sem þau fást við frá degi til dags. Haldnir eru fundir með krökkunum og leitað ráða hjá þeim sem og hvatt til frumkvæðis og hugmynda.

Starfsfólk ÍTR hefur þó ávallt að leiðarljósi að börnin beri ekki meiri ábyrgð en þroski þeirri og færni ræður við miðað við hvert aldurs skeið. Þetta er til fyrirmyndar finnst okkur hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Í stefnumótun okkar í aðdraganda þessara kosninga leggjum við áherslu á lýðræði og aðkomu sem flestra að ákvarðanatöku og stefnumótun. Að okkar mati er í því sambandi sérstaklega spennandi og áhugavert að huga að sýn og sjónarmiðum barna í öllum málaflokkum. Allt of oft er litið á börn sem viðfangsefni eða nokkuð til að bregðast við en of sjaldan sem þátttakendur í samfélaginu.

Hlustum eftir röddum barna

„Ekkert um okkur án okkar“ hefur verið kjörorð Öryrkjabandalags Íslands og er ekki bara grípandi heldur kjarni í samfélagssýn sem gerir kröfu um rétt allra til þátttöku í mótun samfélagsins. Rétt eins og á við um öryrkja og aldraða þurfum við að auka aðkomu barna og ungmenna að umræðu og stefnumótun. Miklu oftast þarf að hlusta sérstaklega eftir röddum barna og ungmenna í málefnum sem þau varða og raunar í fleiri málaflokkum. Það er afar frjótt og áhugavert að skoða sem flest mál út frá sjónarhóli barna, hvort sem eru skipulagsmál, umhverfismál, menningarmál eða skólamála.

Uppbygging grunnskólans í Reykjavík hefur verið gríðarstórt verkefni þar sem lyft hefur verið grettistaki með einsetningu skólanna á undanförunum áratug en skólalóðirnar eru næstar á dagskrá. Á þriggja ára áætlun borgarinnar nú eru töluverðar upphæðir sem eru ætlaðar í málaflokkinn. Tillaga okkar vinstri grænna er að stofna til barnalýðræðisverkefnis í borginni þar sem börn og ungmenni koma að hugmyndavinnu í aðdraganda endurbóta skólalóðanna með aðkomu foreldrasamtaka, skóla, frístundaheimila og þjónustumiðstöðvanna í skipulagningu vinnunnar. Skólarnir væru vettvangur verkefnisins líkt og gert hefur

verið í sambærilegu verkefni í ungmennalýðræði í Helsinki.

Samfélag þátttöku

Afar mikilvægt er að lýðræðis- og þátttökumál séu til sífelldrar skoðunar í frjóu samfélagi og að leita nýrra leiða fyrir þátttöku og aðkomu almennings að mótun og forgangsröðun í samfélaginu. Sú hugmynd sem hér er sett fram lýtur að aðkomu barna að mótun skólalóðanna í nafni barnalýðræðis, þátttöku og virkni. Slíka sýn höfum við vinstri græn og viljum innleiða í sífellt fleiri málaflokkum.

Höfundur skipar 1. sæti V-lista vinstri grænna í komandi borgarstjórnarkosningunum.



AF NETINU

Svona, svona

Fjölmiðlamenn telja margir að þeir eigi meiri rétt en aðrir á að gægjast inn um skrárgöt hjá fólki og vaða á skítugum skónum inn um allt með hljóðnema og myndavélar. Ef þeir fá ekki allt sem þeir vilja er það fyrsta frétt hjá þeim sjálfum að þeir hafi óskað eftir upplýsingum á grundvelli upplýsingalaga en ekki fengið. Er að undra þótt stjórnlyndir stjórnsmálmenn telji nauðsynlegt að setja sérstök lög um þennan „hornstein lýðræðisins“.

Vefþjóðviljinn á andriki.is

Hvernig vindurinn blæs

Það þekkja allir umræðuna um eignarhald á kvóta og er rétt í ljósi þeirrar umræðu sem nú er uppi að stjórnarandstaðan svari því nú til hvort eignarhald ríkisins sé eignarhald fárra eða fjöldans. Þeir hljóta í ljósi yfirlýsinga um útvarpið og fjölmiðlalög undanfarna daga að þurfa að svara þessari grundvallarspurningu. Telur Ögmundur Jónasson að eignarhald fyrirtækjanna sé betra en eignarhald ríkisins eða telur hann það ekki? Er Ingibjörg Sólrún á því að eignarhald ríkisins sé ekki dreift eignarhald og ætlar hún þá samkvæmt því að breyta um áherslur í sjávarútvegsmálum? Eða er bara valin sú stefna sem fellur í kramið hverju sinni eða eftir því hvernig vindurinn blæs?

G. Valdimar Valdemarsson á timinn.is

Veit hvað hann syngur

Pétur H. Blöndal réði sér varla fyrir kæti þegar hann sagði með sigurbros á vör við afgreiðslu frumvarps um háeffun RÚV við aðra umræðu á Alþingi í gær, að hann liti svo á að háeffun RÚV væri fyrsta skrefið að einkavæðingu og sölu. Ég skildi sigurgleði hans þegar ég las nýja fjölmiðlafrumvarpið. Þá rann upp fyrir mér að Pétur Blöndal veit hvað hann syngur. Hann hefur einfaldlega rétt fyrir sér. Sameiginlega munu frumvörpin tvö um háeffun RÚV og nýja fjölmiðlafrumvarpið leiða til þess að Ríkisútvarpið verður að lokum einkavætt.

Össur Skarphéðinsson á hexia.net/roller/page/ossur/



ALLT er ný vöru- og þjónustuskrá á visir.is. ALLT er líka í síma 1850 og í vor verður ALLT bókin dreift til landsmanna.

VORIÐ GENGUR Í GARÐ



LÓÐAHREINSUN Í REYKJAVÍK 2006 21.–29. APRÍL

Starfsmenn Reykjavíkurborgar verða á ferðinni á tímabilinu og fjarlægja garðaúrgang sem fólk hefur sett út fyrir lóðarmörk. Athugið að garðaúrgang má ekki setja í sorptunnur.

- Garðaúrgang skal setja í poka
- Greinaafklippur skal binda í knippi
- Ekki verða fjarlægð stór tré eða trjástofnar

Nánari upplýsingar í síma 4 11 11 11



Reykjavíkurborg

Virkjum okkur!

www.reykjavik.is

FERDINAND MAGELLAN
(1480-1521) LÉST PENNAN DAG

„Kirkjan segir að jörðin sé flöt en ég veit að hún er kringlótt, því ég hef séð skuggann á tunglinu og hef meiri trú á skugga en kirkjunni.“

Landkönnuðurinn Magellan stjórnaði fyrstu sjóferðinni umhverfis hnöttinn.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 27. APRÍL 1828

Opnun dýragarðsins í Lundúnum

Á þessum degi árið 1828 var dýragarðurinn í Lundúnum opnaður. Garðurinn hefur frá upphafi sinnt brautryðjendastarfi í dýragarðabransanum og kynnti ýmsar nýjungar til að auðvelda almenningi að sjá sem flest dýr. Meðal annars var fyrsta skriðdýrahús í heimi opnað þar árið 1849 og fyrsta vatnadýrasafnið árið 1853. Mikill fjöldi dýrategunda hefur ávallt verið aðalsmerki dýragarðsins í Lundúnum og hýsir hann eitt fjölbreyttasta dýrasafni í heimi.

Seinni heimsstyrjöldin var dýragarðinum erfið þar



RISAPANDA Dýragarðurinn í London var heimili Chi-Chi, fyrstu risapöndunnar sem bjó í vestrænum dýragarði.

sem fjöldi dýra lét lífið eða slapp. Svangar fjölskyldur í nágrenni við garðinn áttu líka til að leggja leið sína í vatnsdýrasafnið til að veiða fisk í soðið. Enduruppbygging hófst þó árið 1955 og tók tíu ár að koma garðinum í sama horf og hann var áður. Síðan hafa endurbætur sett svip sinn á garðinn og nýjungar bættast reglulega við.

Frægasti íbúi garðsins er að öllum líkindum risapandan Chi-Chi sem kom frá Kína árið 1958 og var fyrsta risapandan sem komið var fyrir í vestrænum dýragarði. Hún dó árið 1972.

MERKISATBURÐIR

- 1858** Póstgufuskipið Victor Emanuel kemur til Reykjavíkur í fyrstu áætlanarferð sinni frá Kaupmannahöfn. Áður höfðu seglskip siglt þessa leið.
- 1865** Gufubáturinn Súltana springur og sekkur í Mississippi-ánni. Af 2.300 farþegum láta 1.700 lífið.
- 1915** Gullfoss leggur af stað til New York og er fyrsta íslenska skipið með íslenskan skipstjóra sem siglir til Vesturheims síðan á dögum Leifs heppna.
- 1961** Sierra Leone hlýtur sjálfstæði frá Bretlandi.
- 1977** Önnur goshrina Kröfluenda hefst en stendur einungis í þrjá daga.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hannes Helgason

Asparfelli 8,

andaðist á Landspítala Fossvogi aðfaranótt sunnudagsins 23. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

Guðlaug Maggý Hannesdóttir Jón Pétur Jónsson
Hafdis Hannesdóttir Stefán Gunnar Stefánsson
Helgi Hannesson Guðmunda Eyjólfsdóttir
Lára Hannesdóttir Schram Sigrún Arnardóttir
Sigmundur Hannesson barnabörn og langafabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

Kristján Jónsson

dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

verður jarðsöngurinn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 28. apríl kl 13.30. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á dvalarheimilið Hlíð.

Ragna Kristjánsdóttir Sigurður I. Gíslason
Halldóra Kristjánsdóttir Ingibjörg Thorp
Eyþór Kristjánsson Kristján Birgisson
Valgerður Kristjánsdóttir Benedikt Benediktson
Þórný Kristjánsdóttir barnabörn, langafabörn og systkini hins látna.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Jóhanna Þorgeirsdóttir

kennari, Hlunnavogi 3,

verður jarðsöngurinn frá Seljakirkju föstudaginn 28. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkuð en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Hjalti Jónsson, börn, tengdabörn og barnabörn.



KOLBEINN EINARSSON ER AFMÆLISBARN DAGSINS Skemmtilegasta afmælisveisla Kolbeins var 33 ára afmælið þegar konan hans skipulagði óvænta afmælisveislu og umbreytti heimili þeirra í ítalskan veislusal.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

KOLBEINN EINARSSON TÓNSKÁLD: 35 ÁRA Í DAG

Grasið er grænna í Kaliforníu

Kolbeinn Einarsson, tónskáld með meiru, á 35 ára afmæli í dag. Hann stefnir ekki á stórkostleg veisluhöld í tilefni tímamótanna heldur bíður spennur eftir 44 ára afmælinu.

„Mér líður bara mjög vel með þetta og finnst ég vera orkumeiri og yngri með hverjum deginum,“ segir Kolbeinn galvaskur um afmælisdaginn. Hann er þó ekki alveg jafn kátur þegar blaðakona ber undir hann kenninguna um að 35 ára afmælið sé hið nýja ferðsálfmæli. „Mér hálfertugum mannum finnst nú súrt í broti að vera talinn alveg svo gamall,“ segir hann.

Kolbeinn á ekki í nokkrum vandræðum með að velja skemmtilegasta afmælið. „Þegar ég varð þrjátíu og þriggja ára kom konan mín mér á óvart með afmælisveislu sem mun seint líða úr minni þeirra sem viðstaddir voru. Hún smalaði saman bestu vinum og

fjölskyldum okkar og var búin að umbreyta heimilinu okkar í veislusal. Þetta var eins og í Fellini mynd, svona ítölsk veislustemming,“ segir Kolbeinn og bætir við að hann hlakki mikið til 44 ára afmælisins.

Afmælisveislan að þessu sinni verður ekkert í líkindum við þrjátíu og þriggja ára afmælið enda kveðst Kolbeinn eiga erfitt með að koma sjálfum sér á óvart. „Hins vegar getur vel verið að ég reyni að halda eitthvað þínulítið hóf með fjölskyldu og vinum.“

Mikið er um að vera í lífi Kolbeins en hann er nýkominn heim frá Bandaríkjunum þar sem hann „krúsaði Pacific Highway númer eitt á rauðum sportbíl með blæjuna niðri. Þetta var nokkurs konar pílagrímsferð til Kaliforníu þar sem ég og kona mín vorum á námsárum okkar. Nokkur tilefni voru fyrir ferðinni. Í fyrsta lagi voru það

minningartónleikar um kennara minn og góðan vin, Stephen Lucky Mosko, þar sem flutt var tónlist eftir hann. Einnig var tónleikaferð með íslenskri nútímatónlistarhljómsveit sem heitir Atón en þau voru einmitt að spila tónlist eftir mig. Þriðja tilefnið var svo bara að heimsækja okkar fornu slóðir og sjá hvort grasið sé ekki örugglega grænna hinu megin.“ Svo reyndist vera enda grassprettan í lágmarki herna á Klakanum. „Að ferðinni lokinni komum við heim í dásamlega íslenskan sumardag með alhvíttri jörð,“ bætir Kolbeinn við hlæjandi.

Aðspurður um verkefni sem bíða á 36. aldersárinu segist Kolbeinn vera með nóg á sínum snærum. „Vonandi tekst mér að finna þessa fínu línu milli listarinnar, brauðstritsins og fjölskyldunnar og staðsetja mig þarna einhvers staðar í miðjunni á þrífyrningnum.“

AFMÆLI



Jakob Björnsson, formaður bæjarráðs Akureyrar, er 56 ára.

HÖRÐUR ÞÓRHALLSSON

frankvæmdastjóri Actavis á Islandi, er 39 ára.



ANDLÁT

Björn Sigmarsson, frá Krossavík, lést af slysförum þriðjudaginn 25. apríl.

Ingi Ragnar Ásmundsson, frá Skálanesi, Vesturvegi 11, Seyðisfirði, lést miðvikudaginn 12. apríl. Útför hefur farið fram í kyrri.

JÓN ÞÓRARRINN SIGURJÓNSSON

áður til heimilis á Grundarstíg 3, Reykjavík, lést á Vífilsstöðum mánudaginn 10. apríl. Útför hefur farið fram í kyrri.

JARÐARFARIR

13.30 **Sólveig Hermannsdóttir**, Fróðasundi 10a, Akureyri, verður jarðsöngurinn frá Akureyrarkirkju.

15.00 **Stefanía Ingibjörg Snævarr** verður jarðsöngurinn frá Seljakirkju.

15.00 Minningarathöfn um frú **Þórhöllu Gísladóttur**, ljósmóður frá Skógargarði, Bergþórugötu 27, Reykjavík, verður haldin í Hallgrímskirkju.

15.00 Minningarathöfn um sr. **Sighvat Birgi Emilsson**, sem lést í Noregi laugardaginn 1. október 2005, verður haldin í Hafnarfjarðarkirkju.



SUÐUR-AFRÍKA Suður Afríkubúar fagna endalokum aðskilnaðarstefnunnar og eiga fri í dag.

Frelsinu fagnað

Í dag eins og venjan er þann 27. apríl halda Suður-Afríkubúar upp á dag frelsisins. Dagsetningin var valin vegna þess að á þessum degi árið 1994 voru fyrstu kosningarnar eftir að aðskilnaðarstefna svartra og hvíttra var afnumin. Í

kosningunum var Nelson Mandela kjörinn forseti landsins og var fyrsti blökkumaðurinn til að gegna embættinu.

Frelsinu sem í því fólst er því fagnað í dag og þurfa landsmenn ekki að mæta til vinnu eða í skóla.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan **MOSAÍK**
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Elizabeth Arden

Elizabeth Arden dagar í verzlunum Hagkaupa
vikuna 27. apríl til 3. maí.

NÝ BYLTING Í BARÁTTUNNI GEGN HRUKKUM!

Ceramide línan frá Elizabeth Arden hefur verið í fararbroddi frá því að hún kom fyrst á markað. Núna er hins vegar komin á markað nýjung, Ceramide Plump Perfect Targeted Line Concentrate. Það er nýjasta undraefnið sem inniheldur einstakt fyllingarefni fyrir dýpstu línur og hrukkur í andlitinu. Serumið virkar strax við fyrstu notkun. Þetta er fljótlegasta leiðin til að draga úr þreytumerkjum í andliti, en um leið gefur það andlitinu ferskt útlit.

ELIZABETH ARDEN GEFUR ÞÉR GJÖF!

Með kaupum á tveimur hlutum eða fleiri í Ceramide línunni fylgir falleg taska.



Gildir til 3. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

STUÐ MILLI STRÍÐA Með von um betri tíð

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR SMÍÐAR LOFTKASTALA

Aaaaaattssjúúúú!
Ég held ég sé örugglega búin að hnerra svona 300 sinnum í dag, og það snjóaði fyrir utan gluggann minn í gær. Ég hélt að vorið væri komið og sumarið væri alveg að koma. Á þessum árstíma leyfi ég mér að smíða loftkastala í huga mér þar sem um mig leika heitir straumar sólarinnar og ég rölti um í blóðunni á opnum sandölum. Ég stend sjálfa mig að því að fluga að kaupa sandala, sem væri náttúrulega fáránlegt, því aldrei nokkur tím-ann á eftir vera nægilega hlýtt til að ganga í þeim. Á hverju ári kem ég dúnúlpunni fyrir í geymslunni fyrir sumarið og þarf alltaf að ná í hana fljótlega aftur. Hausinn á

mér er því ekki bara fullur af hor, heldur líka ranghugmyndum um komandi sumar. Jú, jú, ég hef búið á Íslandi næstum alla mína ævi og ætli að hafa áttað mig á þessu.
Aðeins fyrir viku síðan ók ég um í sól og stingandi hita í eyðimörk Kaliforníu. Þarlandis kvartaði fólk undan slæmu veðurfari upp á síðkastið, sögðu að það væri búið að vera alltof kalt. Og þegar ég stakk upp á því við fólk að við sætum úti og snæddum hádegisverð, hlupu þjónarnir til og kveiktu á gashiturunum því það þótti svo kalt úti. Samt var svona 800 gráðum heitara þar heldur en verður nokkurn tímann hér á góðum degi og milljón sinnum bjartara. Ég kom tilbaka með ekki ögn af sólbrúnku, þar sem ég hafði smurt mig svo hressilega með sólarvörn

til að koma í veg fyrir bruna og húðkrabba. Samt hafði mér tekist að fá sólsting, sem innfæddum þótti mjög myndið, enda aldrei heyrta af nokkrum sem fær sólsting í apríl. Mér þótti sólín samt stórkostleg og var ekkert sérstaklega glöð þegar ég sá snjókornin falla aðeins tveimur dögum eftir heimkomu. Reyndar finnst mér íslenska sumarið það besta í heimi. Bjart, passlega hlýtt og útblásið af stórkostlegri náttúru. Verst hvað það endist stutt, þannig að maður neyðist til að fljúga yfir hálfan hnöttinn til að veiða nokkra sólargeisla. Eftir að ég kom heim rembdist ég því við að halda í tilfinninguna, með því að fara út að labba í léttum jakka, með sólgleraugu. Ég sneri þó fljótt við og náði mér í dúnúlpuna. ■

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Överli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Pú og pa

Eftir SÖB



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



nikerunning.com



Air Pegasus N2/WNTR



Loftsóli í fullri lengd



Topplínan í hlaupaskóm



2ja laga vatnsvörn og öndun

Leiðb. verð kr. 11.990.-

Útilíf / Sportver / Toppmenn / K-sport / Skóbúð Selfoss / Axel Ó / Marabon / Fjolsport / Ozone / SÚN búðin / Blómsturvellir / Íþóttabúðin / Brúarsport / Siglóspport / Skógar



Air Pegasus N2/WNTR



Loftsóli í fullri lengd



Topplínan í hlaupaskóm



2ja laga vatnsvörn og öndun

Leiðb. verð kr. 11.990.-

Útilíf / Sportver / Toppmenn / Marabon / K-sport / Skóbúð Selfoss / Axel Ó / Marabon / Fjolsport / Íþóttabúðin / Skógar



Air N'Sight

Sterk yfirbygging með öndun. TPU stöðugleikaplata ásamt mjúkri/létrri Phylon dempun í miðsóla. Niðsterkur BRS 1000 sóli.



Loftþúði í hæl

Leiðb. verð kr. 7.490.-

Sportver / Toppmenn / Marabon / K-sport / Veidiflugan / Fjolsport / Ozone / Skógar / jói Útiherji



Air N'Sight

Sterk yfirbygging með öndun. TPU stöðugleikaplata ásamt mjúkri/létrri Phylon dempun í miðsóla. Niðsterkur BRS 1000 sóli.



Loftþúði í hæl

Leiðb. verð kr. 7.490.-

Útilíf / Sportver / Toppmenn / Marabon / K-sport / Fjolsport / Ozone / Veidiflugan / SÚN búðin

Nytt!

Tapini tapaskek



Unudslegt með ostum



...eða bara eitt og sér!

Skýrslu um mat á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði, svokallaðri frummatsskýrslu, var skilað til Skipulagsstofnunar 7. apríl síðastliðinn. Í skýrslunni er að finna niðurstöður umfangsmikilla rannsókna sem gerðar hafa verið til að meta áhrif álversins á umhverfið. Hluti af matsferlinu felst í því að kynna skýrsluna fyrir almenningi. Vegna athugasemda, sem bárust við matsáætlunina, voru færustu sérfræðingar fengnir til að meta ítarlega tvo kosti við hreinsun útblásturs, þurrhreinsun eingöngu og þurrhreinsun að viðbætti vothreinsun. Áhrif útblásturs frá álverinu er innan allra viðmiðunarmarka í báðum tilvikum.



Realur

Mengunarvarnir

Bestu fáanlegu tækni (BAT) verður beitt við hreinsun útblásturs frá álverinu í Reyðarfirði. Almennu eru gerðar strangar kröfur um mengunarvarnir í íslenskum lögum og reglugerðum. Þar sem íslensk viðmið vantar, eru evrópskir staðlar hafðir til hliðsjónar. Á þynningarsvæði umhverfis álver geta eftirlitsaðilar samþykkt að styrkur efna fari yfir viðmiðunarmörk. Helstu mengunarefni í útblæstri álvera eru loftkennt flúoríð (HF), rykbundið flúoríð, brennisteinsdíoxíð (SO₂), svifryk (PM₁₀) og svokölluð fjölrunga kolefnissambönd (PAH), en meðal þeirra efna er B(a)P.



Hluti af þurrhreinibúnaði álversins í Reyðarfirði á leið til hafnar

Þurrhreinsun með vothreinsun

Við vothreinsun er útblástur frá þurrhreinivirkinu leiddur um vothreinsivirki, þar sem útblásturloftið streymir upp á móti sjó sem er dælt niður í gegnum úðara. Við þetta hreinsast meira en 95% af SO₂ úr útblæstrinum. Reykháfar vothreinsivirkja eru af staðlaðri hæð, 40 m. Hærri reyk háfar myndu ekki ná sömu virkni hvað varðar loftdreifingu og næst með háum reyk háfi þurrhreinivirkja. Ástæðan er sú að í vothreinsivirkjunum kólnar útblásturinn þannig að hraði hans og uppdrif minnka. Því er líklegt að útblástur frá vothreinsivirkjunum nái niður að jörðu nær álverinu, frekar en að dreifast og þynnast í meiri hæð yfir jörðu. Niðurstöður loftdreifingarreikninga og áhættugreiningar styðja þetta.

Þurrhreinsun

Þurrhreinsun eingöngu

Notaður verður öflugur þurrhreinibúnaður með meira en 99,5% hreinsivirkni til að fjarlægja og endurvinna flúor úr útblæstrinum. Hreinsaður útblástur er leiddur um 78 metra háan reyk háf til að tryggja sem mesta dreifingu og þynningu útblástur efna í andrúmsloftinu. Útblástur frá þurrhreinivirkinu eingöngu er mjög heitur og kemur út úr reyk háfnum á miklum hraða, sem leiðir til betri dreifingar og minni styrks efna við jörðu.

Áhrif útblásturs eru alls staðar undir umhverfismörkum

	1 klst.	350 µg/m ³ (Má fara yfir 24 sinnum á ári)	Uppfyllt alls staðar	Uppfyllt alls staðar
SO ₂	24 klst.	50 µg/m ³ (Má fara yfir 7 sinnum á ári)	Uppfyllt alls staðar	Uppfyllt alls staðar
		125 µg/m ³ (Má fara yfir 3 sinnum á ári)	Uppfyllt alls staðar	Uppfyllt alls staðar
	Almanaksárið	20 µg/m ³	Uppfyllt alls staðar	Uppfyllt alls staðar
Flúoríð	24 klst.	25 µg/m ³	Uppfyllt alls staðar	Uppfyllt alls staðar
	Vaxtartími gróðurs (1. apríl – 30. september)	0.3 µg/m ³	Uppfyllt utan þynningarsvæðis	Uppfyllt utan þynningarsvæðis
Svifryk (PM ₁₀)	24 klst.	50 µg/m ³ (Má fara yfir 23 sinnum á ári)	Uppfyllt alls staðar	Uppfyllt alls staðar
	Almanaksárið	20 µg/m ³	Uppfyllt alls staðar	Uppfyllt alls staðar
B(a)P	Almanaksárið	1 ng/m ³	Uppfyllt alls staðar	Uppfyllt alls staðar

Tómas Már Sigurðsson
forstjóri Alcoa Fjarðaáls

Frárennsli

Þegar eingöngu er beitt þurrhreinun verður ekkert frárennsli frá framleiðsluferlum til sjávar. Við þvottinn í vothreinsivirkjunum breytist SO₂ í súlfat (SO₄) sem er óskaðlegt sjó og lífríki hans. Önnur efni í útblæstrinum skolast einnig út í sjó og geta valdið staðbundinni mengun við útrás vothreinsibúnaðarins, en þynnast fljótt út eins og sést í niðurstöðum dreifingarreikninga í sjó.

Frá álveri til umhverfis



Niðurstæða

Vistfræðileg áhættugreining

Bandaríska fyrirtækið Exponent var fengið til að til að meta áhættu vegna útblásturs og frárennslis fyrir heilsu manna og fyrir vistkerfi. Þetta er í fyrsta sinn sem slíki aðferðafræði er beitt við mat á umhverfis-áhrifum hér á landi. Áhættugreiningin sýnir að áhætta fyrir heilsu fólks verður vel undir heilsuverndarmörkum, en lítið eitt hærra ef vothreinsun er beitt, nema með tilliti til skammtímagilda á SO₂. Áhættugreining fyrir vistkerfi sýndi að einhverjar breytingar gætu átt sér stað á plöntusamfélögum innan þynningarsvæðisins. Stofnar grasbíta eins og rjúpu, sauðfjár og hreindýra munu líklega ekki verða fyrir áhrifum. Áhætta fyrir vistkerfi er lítillega hærra þegar vothreinsun er notuð en þegar eingöngu er beitt þurrhreinsun. Í ljósi þessara rannsókna er mælt með þeim kosti að eingöngu verði beitt þurrhreinsun til að hreinsa útblástur frá álverinu.

Rannsóknir

Bakgrunnsrannsóknir og vöktunaráætlun

Við hönnun álvers Alcoa Fjarðaáls er notuð nýjasta tækni til að draga úr mengun og vernda andrúmsloft, vatn og jarðveg. Til að meta árangurinn er verið að framkvæma bakgrunnsrannsóknir á umhverfinu og andrúmslofti áður en starfsemi hefst svo fá megi samanburð. Sjálfvirkum vöktunarstöðvum fyrir veður og loftgæði hefur verið komið upp þar sem loftdreifingarlíkön sýna að líklegast sé að styrkur mengunarefna verði mestur. Þessar rannsóknir halda áfram eftir að framleiðsla hefst í álverinu.



Vöktunarstöð í Reyðarfirði

Þurrhreinsun eingöngu



Þurrhreinsun með vothreinsun



Loftdreifingarmyndir frá Earth Tech. Myndirnar sýna meðalstyrk loftkennds flúoríðs (HF) yfir vaxtartíma gróðurs. Viðmiðunarmörk eru 0,3 µg/m³ (rauðar línur). Þynningarsvæði umhverfis álverið er í ljósum lit.

Styrkur

Loftdreifingarlíkön

Samkvæmt loftdreifingarspá Earth Tech mun álver Alcoa Fjarðaáls alls staðar uppfylla öll umhverfismörk fyrir styrk SO₂ með þurrhreinsun eingöngu. Hærra gildi mælast þegar vothreinsibúnaður er notaður til viðbótar þurrhreinsibúnaði og það stafar af kælingu útblástursins í vothreinsivirkjunum. Styrkur svífryks og B(a)P er alls staðar vel undir viðmiðunarmörkum. Styrkur svífryks er þó heldur meiri þegar vothreinsun er notuð með þurrhreinsun.

Loftkennd flúoríð

Tvenns konar viðmiðunartímabil eru notuð fyrir flúoríð, vaxtartími gróðurs og meðalstyrkur yfir sólarhring. Reiknaður meðalstyrkur á vaxtartíma gróðurs er neðan viðmiðunarmarka alls staðar utan þynningarsvæðisins og fer aðeins yfir þau nálægt álverinu og vel innan þynningarsvæðisins. Leyfilegt er að fara yfir þessi mörk innan þynningarsvæðisins. Svæðið þar sem farið er yfir viðmiðunarmörkin er þó talsvert stærra þegar notuð er vothreinsun en í kosti með þurrhreinsun eingöngu (sjá samanburð á myndunum að ofan).

Kynningarfundir vegna mats á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði

Á fundunum fara sérfræðingar yfir niðurstöður matsins og svara spurningum.



Þaðið verður upp á skoðunarferðir um framkvæmdasvæðið kl. 13:00 og kl. 16:00.

Sjúklegt samlífi í sálarkytrunni

Þórdís Aðalsteinsdóttir myndlistarkona opnar sína þriðju einkasýningu í New York í dag. Þótt lítið hafi farið fyrir henni hér á landi hingað til er óhætt að fullyrða að Þórdís sé einn af athyglisverðustu listamönnum þjóðarinnar.

Þórdís hefur búið og starfað síðustu ár í New York en hún útskrifaðist frá School of Visual Arts vorið 2003. Listaheimurinn í New York er harður heimur, færri komast að en vilja og samkeppnin er mikil. Það er ekki sjálfgefið

að komast að hjá stórum galleríum en Þórdís var strax farin að vekja athygli í skólanum og hefur verið á samningi hjá Stux-galleríinu í Chelsea frá því hún útskrifaðist.

Auk þess að halda einkasýningar í New York og Íslandi hefur hún víða tekið þátt í samsýningum og ferðast um. Hún kom aðeins heim síðastliðið vor og hélt sýningu í Gallerí 101. Þórdís kann mjög vel við lífið í New York og þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hennar var hún í stúdíóinu sínu í Brooklyn að leggja lokahönd á málverk fyrir þriðju einkasýninguna sem hún opnar í Stux-galleríinu næsta fimmtudag.



ÞÓRÐÍS AÐALSTEINSDÓTTIR Útskrifaðist frá School of Visual Arts árið 2003. Hún var þegar farin að vekja athygli stóru galleríanna í New York þegar hún var í námi.

Hlutir sem aldrei breytast

„Sýningin sem ég er núna að undirbúa heitir A Cheerful Reminder of our Lives and Loves. Titillinn kemur úr texta sem ég skrifaði í myndbandsverkinu „Opíð bréf til Botnu“ sem ég vann með Oddnýju Eir Ævarsdóttir í Apaflösu-galleríinu í Brooklyn og sýndi þar fyrir í vor. Virkjanastefna stjórnvalda kemur ekki beint við sögu þar en það vottar samt fyrir örflitilli gagnrýni á þá stefnu og ég ætla að sýna myndbandsverkið aftur núna.

Þessi sýning er um ástina og lífið, eins og nafnið gefur til kynna. Það sem við fólkid eigum sameiginlegt. Hlutir sem aldrei breytast, eins og til dæmis ástin. Ég vinn oft með innviði sálarinnar, undirstrikið með innviðum húsnæðis. Hið rómantíska og viðkvæma deilir rými með sjúkustu grimmidinni í okkur, en þessi innri tilvera á sér varla stað án árekstra og samskipta við umheiminn eins og vitað er og er orsakavaldurinn í mannheimum.“

Stuttur líftími verkanna

Þórdís verður líka með veggverk á sýningunni hjá Stux. „Þannig tengi ég saman málverkin og salinn, ég verð því meira og minna í galleríinu að setja þetta allt saman fram að opnun, það ætti að vera gaman.“

Hvað er svo gert við veggverkið þegar sýningin er búin?

„Það er bara komið með málningarrúllu og málað yfir það. Alveg eins og með útiverkin mín, þau eru bara brotin niður.“

Þórdís hefur tekið þátt í tveimur sýningum í skúlptúrlistagörðum, annar er í New York-fylki og hinn í St. Louis. Þar hefur hún verið með innsetningar sem eru rísa útmálverk máluð undir berum himni.

„Finnst þér ekkert sárt að verk-



ALMOST HUMAN. Útilistaverk eftir Þórdísi í Laumeier-skúlptúrgarðinum í St. Louis í Missouri-riki.

in þín séu eyðilögð?“

„Nei, mér finnst mjög fínt að vinna þannig að ég viti að það sem ég er að gera verður eyðilagt. Í St. Louis það ég um að kveikt yrði í verkinu, bara upp á auka dramatik. Auðvitað er gott að vita af verki sem einhver á og þykir vænt um, en stundum er fínt að gefa verkum bara stuttan líftíma.“

Kjarvalsstaðir í haust

Þórdís kemur heim í lok júlí til að undirbúa einkasýningu á Kjarvalsstöðum 30. september. „Þetta er mjög stór salur þannig að ég hlakka til að vinna á þeim skala, ég á ábyggilega eftir að senda nokkur verk héðan og svo kem ég heim í sumar. Það verður yndislegt að vinna að þessari sýningu um íslenskt sumar.“

Það er nóg að gera fram undan hjá Þórdísi og hún er með verkefni langt fram á næsta ár.

„Eftir Kjarvalsstaði fer ég að vinna að hópsýningu í París sem ég verð með á í haust og svo verð ég með einkasýningu í Los Angeles næsta vor.



MAN DRINK DOG, 2005 Þórdís vinnur oft með innviði sálarinnar í verkum sínum.

Fyrir þá sem eiga leið til New York þá opnar sýning Þórdísar í Stefan Stux-galleríinu í Chelsea 27. apríl og stendur yfir til 27.



TÍMI TIL AÐ SKIPULEGGJA

Sjálfstæðisflokkurinn kynnti fyrir um ári metnaðarfullar hugmyndir um framtíðarskipulag í Reykjavík. Að loknu umfangsmiklu samráði við borgarbúa kynnir Sjálfstæðisflokkurinn nú stefnu í skipulags- og samgöngumálum í Reykjavík fyrir næsta kjörtímabil á opnum hádegisverðarfundum í dag, fimmtudaginn 27. apríl, kl. 12.00, í Valhöll, Háaleitisbraut 1. Allir velkomnir!

Láttu sjá þig, fylgstu með og taktu þátt í brýnni umræðu um framtíð borgarinnar okkar. Nú er tími til að skipuleggja.

AUKUM LÍFSGÆÐIN OG BÚUM TIL BETRI BORG!



SJÁLFTÆÐISFLOKKURINN



SPENNANDI SUMARVÖRUR

• fyrir sumarið með öllu sem því fylgir •



HAFIÐ BLÁA Í AUSTURBÆ

Sun 07.05 kl: 13.30

Miðapantanir í Austurbæ og á midi.is.
Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga
sími : 551 4700



Vorið vekur kátínu

Hláturtíð Borgarleikhússins hefst á morgun með pomp og prakt og kennir þar ýmissa grasa. Allt vaknar til lífins á vorin, segir Guðjón Pedersen, þar á meðal hlaturinn, sem er hverjum manni lífsnauðsynlegur.

Dagskrá hátíðarinnar er fjölbreytt og miðar að því að kitta hlaturtaugarnar með ýmsu móti. Má þar nefna gestaleik Leikfélags Akureyrar, Fullkomið Brúðkaup og frumsýningu Leikfélags Reykjavíkur á farsanum „Viltu finna milljón?“ eftir Ray Cooney í leikstjórn Þórs Tulinius. Þá verður uppistand á Stóra Sviðinu með helstu grínurum landsins og bryddað verður upp á klæðskiptingakvöldi með Þörupiltum og Drag-drottningum svo fátt eitt sé nefnt.

„Leikárið hefst á haustin, sem er sláturtíð,“ segir Guðjón Pedersen leikhússtjóri Borgarleikhússins. „Við vildum halda vorhátíð og fannst kjörið að kenna hana við hlatur, sem er jú andstaða slátrunar. Allt vaknar til lífsins á vorin, þar með talinn hlaturinn.“

Guðjón segir hlaturinn almennt mannbætandi og öllu fólki nauðsynlegur. „Fyrir utan hin ótvíræðu áhrif á geðheilsu fólks hefur það sýnt sig að skopið er nauðsynlegt samfélaginu sem spegill og vettvangur fyrir þjóðfélagsmætti. Það má jafnvel leida líkur að því að skopið sé fjórða valdið. Þess vegna vill Borgarleikhúsið skoða kímigáfu þjóðarinnar og hvernig hún birtist í hinum ýmsu miðlum í gegnum tíðina.“

Guðjón segir meinfýsni vera áberandi einkenni á íslenskrum myndum. „Við höfum dálítið gaman af því þegar náunginn verður fyrir barðinu á einhverjum eða einhverju.“ Á hátíðinni verða skopmyndir Sigmunds og Hugleiks Dagssonar til sýnis, sem Guðjón telur endurspeglar hvernig íslensk myndir hefur breyst í gegnum árin. „Ef við tökum til að mynda Spaugstofuna og Stelpurnar sem dæmi



GUÐJÓN PEDERSEN Fyrir utan hin ótvíræðu áhrif á geðheilsu fólks hefur það sýnt sig að skopið er nauðsynlegt samfélaginu sem spegill og vettvangur fyrir þjóðfélagsmætti.

FRÉTTABLAÐIÐ / HARI

þá get ég fullyrt að sonur minn sextán ára skilur hvorki upp né niður í því hvað mér finnst myndi við Spaugstofuna. Ég skil hins vegar mun minna í kíminni í þættinum Stelpurnar.“

En þykir Guðjóni húmorinn í dag grófari en áður eða meinfýsni meiri? „Mín skoðun er sú að þeim sem halda slíku fram finnst Simpson-þættirnir myndir, en þar má oft finna ansi „vulgar“ kímni. Við getum eins talað um myndir Chaplin en þær eru eins og margar aðrar myndir stóru meistaranna, sem eiga það sammerkt að þær er

barátta á milli þeirra sem eru minnimáttar og hinna sterku. Þetta er ekkert öðruvísi í dag þótt útfærslan sé kannski önnur.“

Hátíðin verður sett í Borgarleikhúsinu á morgun klukkan 16, en þá verður slegið upp mikilli hlaturveislu þar sem helstu skemmtikraftar landsins bjóða upp á skemmtidagskrá. Dagskránni verður útværpað beint á Rás 2 og rennur ágóði skemmtunarinnar til Umhyggju, félagsstyrktar langveikum börnum.

bryndisbjarna@frettabladid.is



Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR

Í kvöld fim. 27/4, fös. 28/4 nokkur sæti laus, lau. 29/4 nokkur sæti laus, fim. 4/5 nokkur sæti laus, fös. 5/5 nokkur sæti laus, lau. 6/5, fös. 12/5 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í kvöld fim. 27/4 **uppsett**, fös. 28/4 **uppsett**, lau. 29/4 **uppsett**. **Aukasýning fös. 5/5** nokkur sæti laus. **Aðeins þessar 4 sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld fim. 27/4 **uppsett**, fös. 28/4 **uppsett**, lau. 29/4 **uppsett**, fös. 5/5 **uppsett**, lau. 6/5 **uppsett**, sun. 7/5 **uppsett**, lau. 13/5 **uppsett**. **Ósöttar pantanir seldar daglega. Sala hafin á sýningar í september.** Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

LITLA SVIÐIÐ

NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR

Frumssýning fim. 4/5 kl. 18:00 uppsett, fös. 5/5 kl. 15:00, lau. 6/5 kl. 13:00 og kl. 15:00, sun. 7/5 kl. 13:00 og 15:00.

Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins

LEIKHÚSKJALLARINN

Hugleikur - Þetta mánaðarlega. Í kvöld fim. 27/4 og sun. 30/4 kl. 21:00. **Leikhúskjallarin - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!** Leikhúsuísala í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00. Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIDASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-PRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIDASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ



RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14 **SÍÐASTA SÝNING Í VOR**
ÓSÖTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

BELGÍSKA KONGÓ

Lau 29/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20
Fi 18/5 kl. 20 Mi 24/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Í kvöld kl. 20 **AUKASÝNING**
Su 30/4 kl. 20 **AUKASÝNING**
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR

Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

NAGLINN

Fö 28/4 kl. 20 Fö 19/5 kl. 20
Su 21/5 kl. 20 **SÍÐUSTU SÝNINGAR**

GLÆPUR GEGN DISKÓINU

Fö 28/4 kl. 20 Fö 5/5 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR

TENÓRINN

Su 30/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
Fi 18/5 kl. 20 Lau 27/5 kl. 20

HLÁTURHÁTÍÐ

Opunarhátíð fö 28/4 kl. 16-18
Grín til góðs! Til styrktar Umhyggju, félagi langveikra barna.
MÍÐAVERÐ 1.000 kr.

Fi 4/5 kl. 22:30 UPPISTAND
Fi 11/5 kl. 22:30 PÍKUSÖGUR OG ÞÖRUPILTAR
Fi 18/5 kl. 22:30 LEIKTU FYRIR MIG
Fi 25/5 kl. 22:30 BANANABIKARINN
Su 28/5 kl. 20:00 HLÁTURNÁMSKEIÐ
MÍÐAVERÐ 1.000 kr.

MIKE ATTACK

Einleikur Kristjáns Ingimarssonar
Su 30/4 kl. 14 Su 7/5 kl. 14
Su 14/5 kl. 14 **MÍÐAVERÐ 1.900 kr.**

TYPPATAL

Su 30/4 kl. 20 Fö 5/5 kl. 20
MÍÐAVERÐ 2.500 Kr

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - Örfá sæti laus
SUN. 14. MAÍ KL. 19 - Nokkur sæti laus
LAU. 20. MAÍ KL. 19 - Nokkur sæti laus
LAU. 20. MAÍ KL. 22 - Aukassýning
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - Nokkur sæti laus
LAU. 27. MAÍ KL. 22 - Aukassýning
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - Laus sæti

Frábær sýning sem hefur slegið algjörlega í gegn.
Sýnd í Óperunni í maí og júní.
Miðasala hafin

SÖNGVARABALL ÍSLANDS

Söngvarar, söngáhugafólk, vinir, vandamenn og velunnarar sönglistar - allir velkomnir
Sun. 30. apríl kl. 20 - Miðaverð kr. 2.500

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðsalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga Símasala kl. 10-18. Þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn



ÍSLENSKA ÓPERAN

áttu konur



Sýning í kvöld, föstudags- og laugardagskvöld!



Le'Sing

Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg

BROADWAY
Sími: 533-1100

VIÐTALIÐ

eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

Fimmtud. 27. apríl kl. 20.00

Edward Bond Leiksmiðja

Breska leikskáldið Edward Bond stýrir leiksmiðju og flytur fyrirlestur í Hafnarfjarðarleikhúsinu laugardaginn 28. apríl frá kl. 10 - 17.

Áhugasamir velkomnir



Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Helgason
21. mars. Fjá borð laus
22. apríl. Uppsætt
6. maí. AUKASÝNING
Ógæddir málar seldir
hálfum mánuði fyrir viðburð
5331100
Netfang: midasala@broadway.is

BROADWAY Aðeins þessar sýningar



BAUGUR GROUP

STYRKARSJÓÐUR BAUGS GROUP HF. AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI ÚR SJÓÐNUM.

Önnur úthlutun.



Markmið sjóðsins er að styðja við bakið á menningar- og listalífi, auk þess að hlúa að mannréttinda- og líknarmálum. Það verður gert með framlögum til stofnana, samtaka og félaga á Íslandi, sem hafa framangreind málefni sem aðaltilgang sinn.

Áhugasamir aðilar, sem uppfylla ofangreind skilyrði, eru hvattir til að senda inn umsókn ásamt stuttri greinargerð. Samanlögð lengd umsóknar og greinargerðar skal takmarkast við eina vélritaða síðu (A4).

Umsóknum skal skilað fyrir 12. maí n.k. til:

Styrktarsjóður Baugs Group hf.,
b.t. Soffiu Lárusdóttur,
Túngötu 6, 101 Reykjavík

eða á netfangið styrktarsjodur@baugurgroup.com.

Formaður stjórnar sjóðsins er Jóhannes Jónsson, en aðrir stjórnarmenn eru Hreinn Loftsson og Ingibjörg S. Pálmadóttir. Ritari stjórnar sjóðsins er Soffía Lárusdóttir.

hæsta ehf

Heineken

DJAMMIÐ UM HELGINA:

GRAND ROKK WEDDING PRESENT

Fimmtudaginn 27. apríl.

Breska hljómsveitin Wedding Present var stofnuð í Leeds á Englandi árið 1985. Hljómsveitin skapaði sér nafn á næstu árum sem ein stærsta og vinsælasta „indie-rokk“ sveit Englands með plötum á borð við Bizzaro og Seamonsters.

Wedding Present tóku sér frí frá störfum árið 1997 en sneru aftur síðasta ár með plötuna „Take Fountain“ og hafa í kjölfarið haldið í tónleikareisu um allan heim þar sem hljómsveitin hefur alls staðar vakið athygli fyrir gífurlega hressilega og kraftmikla framkomu.

Heineken.is
Allt um djammíð

Frábær sýning sem hefur algjörlega slegið í gegn. Sýnd í Óperunni í maí og júní.

LITLA HRYLLINGS BUDIN



Miðasala hafin í síma 511 4200 og á www.opera.is.

Ef keyptir eru tveir miðar eða fleiri í Íslensku Óperunni færðu ókeypis geisladisk með tónlistinni úr sýningunni. Gildir á meðan birgðir endast.

SÝNINGAR
Laugardagur 13. maí kl. 20 – Örfá sæti laus
Sunnudagur 14. maí kl. 19 – Nokkur sæti laus
Laugardagur 20. maí kl. 19 – Nokkur sæti laus
Laugardagur 20. maí kl. 22 – Aukasýning
Laugardagur 27. maí kl. 19 – Nokkur sæti laus
Laugardagur 27. maí kl. 22 – Aukasýning
Laugardagur 3. júní kl. 19

„Besta söngleikjappfærsla leikársins... vel leikin, vel sungin... enn ein rósin í hnappagatið hjá LA. Útkoman er bráðskemmtileg sýning... sem fullkomnar frábert leikar.“ S.S. *Fréttablaðið*

„Allt smellur...sá kraftur, gleði og metnaður að vinna verk sitt vel sem nú ljómur af Leikfélagi Akureyrar undir stjórn Magnúsar Geirs er sannarlega aðdáunarverður.“ M.K. *Mbl*

„Það þarf ekki að kafa djúpt eftir sterku lýsingarorðunum... Þar ríkti gláumur, þar ríkti gleði, þar ríkti ógnvænlegt ástand... og þar ríkti listamenn sem hrifu áhorfendur. Þetta er stuðsýning. Þakíó ætlaði bókstaflega að fljúga til himna í hinu gamla samkomuhúsi og það eru engar ýkjur að bæði stólar og veggir nótruðu.“ E.B. *DV*

“Rosalegur kraftur...náði algerlega að hjarta manns...æðislegur...maður fellur í stafi...hríka-lega flott...Mjög skemmtileg sýning, það er æðislega gaman... ***** H.V.H. *Kastljós RÚV*

„Skemmti mér konunglega...ótrúlega kraftmikil sýning...dettur aldrei niður, ekki eina einustu sekúndu... stórkostleg... ég man ekki eftir öðrum eins fagnaðarlátum í lok sýningar... Til hamingju!... hafa gert leikhúsið jafn stórkostlegt og það hefur verið í vetur.“ SL *RÚV*



ÍSLENSKA ÓPERAN



SETT UPP AF LA Í SAMSTARFI VIÐ ÍÓ

Kauptu...

bókina *Meðlæti-200* uppskriftir og hugmyndir sem *Vaka-Hélgafell* var að gefa út. Gott meðlæti gerir gæfumuninn í velheppnaðri máltíð og það er því er vissarra að hafa það á hreinu.



matur&vín

maturgovin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN: HILDUR LILLIENDAHL VIGGÓSDÓTTIR NEMI OG LJÓÐSKÁLD

Best að fá góðan morgunmat

Hvaða matar gætir þú síst verið án? Kaffis. Ég er koffíníkill og kemst ekki í gang án þess. Kaffi er auk þess óstjórnlega gott á bragðið, ég veit fáar betri nautnir en góðan kaffibolla þegar fiknin er farin að segja til sín.

Fyrsta minningin um mat? Ég sit á gólfinu í blokkaribúð í Þangbakkanum. Það er verið að lesa dánarfregnir og jarðarfari í útvarpinu. Í karrigulum potti á hellu sjóða kartöflur og á karrigulri rafmagnspönnu stiknar ýsa í raspi og laukur.

Besta máltíð sem þú hefur fengið? Nokkrum sinnum á ári tek ég mig til og borða sérstakan morgunmat. Einu sinni á ári fæ ég mér amerískar pönnukökur með beikoni, smjöri og sírópi á Gráa kettinum. Það er alltaf jafngott. Á nokkurra mánaða fresti fæ ég mér nýbakað brauð í morgunmat með

smjöri, frekar linum harðsoðnum eggjum og túpukavíar. Undanrennu og kaffi með. Þetta er best í heimi, ég elska góðan morgunmat.

Er einhver matur sem þér finnst vondur? Hafragrautur og laukur, þó ekki hvítlaukur.

Leyndarmál úr eldhúskápunum? Nei, engin leyndarmál held ég. Ég er ákaflega lélegur kokkur. En ég á alltaf kaffi, pasta, mjólk, smjör, brauð og ost. Svo finnst mér mjög mikilvægt að eiga nóg af pakka- og dósamat, þá getur maður ekki orðið svangur.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur? Pitsu. Og hamburgara. Og allt sem er hægt að kalla kransæðakitti. Og brauð með smjöri og osti og heitt kakó.

Hvað áttu alltaf í ísskápnum? Fetaost, kál, gúrku, papriku, hvítlauk, nauðsynlegt álegg, mjólk og egg. Og yfirleitt eitthvað útrunnið.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt tækir þú með þér? Brauðið sem stillir hungur úr Elsku Míó minn. Og stórlúðusteikina sem ég borðaði á Enrico's í hádegismat.

Hvað er það skrytnasta sem þú hefur borðað? Sennilega eitt-hvað ofsalega ófrumlegt eins og froskalappir. Sem mér þóttu ákaflega góðar.



ÞRÚGUR GLEÐINNAR

> EINAR LOGI VIGNISSON

Frægur víngerðamaður til landsins

Eftir tvær vikur er væntanlegur hingað til lands Andrew Wigan, sem hefur haft yfirumsjón með hvorki fleiri né færri en 33 árgöngum Peters Lehmann í Barossa Valley. Wigan er án efa einn af virtustu víngerðarmönnum Ástralía. Hann var til dæmis kosinn víngerðarmaður ársins á International Wine and Spirit Competition (IWSC) í London árið 2003. Hann ber ábyrgð á vínunum Stonewell Shiraz og Peter Lehmann Sémillon og víngerðarteymið undir hans stjórn hefur átta sinnum sigrað í keppni um „besta vín ársins“ í áður nefndri keppni, IWSC.

Andrew Wigan mun í samvinnu við hinn nýstofnaða Vínskóla sem Dominique Plédel Jónsson veitir forstöðu halda svonefnt „master class“ námskeið í Þjóðmenningarhúsinu fimmtudaginn 11. maí kl. 17.30. Námskeiðið kostar 2.300 kr. og hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á vinskolin@vinskolin.is.

Wigan mun fjalla ítarlega um vínin og smökkuð verða undir

leiðsögn hans um tíu vín úr mismunandi árgöngum og mun þrúgunar riesling og shiraz bera hæst og smökkuð verða vín á borð við Weighbridge, Eden Valley, Eight Songs og Stonewell. Þetta er einstakt tækifæri til að kynna víngerð Ástralía, sem er í mörgum atriðum frábrugðin því sem þekktist í Evrópu.

Peter Lehmann þarf vart að kynna fyrir Íslendingum, vínhúsið í Barossa Valley hefur verið vinsælt héraðs sem víðar og hlotið margvíslegar viðurkenningar á alþjóðavettvangi. Vínhúsið er í mörgu óhefðbundið, sem dæmi má nefna að kosið er í víngerðarteyminu um allar mikilvægustu ákvarðanir varðandi víngerðina. En Peter Lehmann er kannski þekktastur fyrir þá persónulega stefnu sem hann tók frá upphafi og kemur fram í fjölbreytni vína, listaverkum á miðunum, og stíl sem sker sig úr.

VERT AÐ SPÁ Í

Shiraz-þrúgan er höfuðþrúga Ástralía. Gaman er að smakka blæbrigðamuninn á þessum kröftugu vínunum. Hér á landi fást nokkur góð shiraz-vín frá Peter Lehmann. Wildcard og Weighbridge kosta um 1200 kr., stigi ofan eru Shiraz og The Futures Shiraz sem kosta réttum 500 kr. meira og toppurinn er Stonewell Shiraz á 3000 kr.



ÍSMAÐURINN ÓGURLEGI Arnar hefur fallett útsýni yfir Geirsnefnið úr eldhúsinu sínu en hann er nýfluttur í Vogahverfið. Þar verða líklega margar veislumáltíðir bornar fram í framtíðinni, ekki síst hinn tilviljanakenndi ís.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dreymir um fljótandi vetni

Arnar Mattiasson, þýðandi á Skjá einum, væri til í að eiga fljótandi vetni í eldhúsinu hjá sér til þess að geta fryst heimatilbúinn ís á augabragði en hann er snillingur í slíkri ísgerð.

„Ég elda sama réttinn yfirleitt ekki oftar en einu sinni nema þennan ís en hann er reyndar aldrei eins,“ segir Arnar sem er mikill matgæðingur. Gestum hans hefur oft verið boðið upp á ísinn og Arnar tekur hann einnig oft með þegar honum er boðið annað í mat. „Það er lítil sykurlausi honum enda finnst mér skemmtilegra að fá sætleikann úr súkkulaði eða öðrum bragðefnum. Ég sleppi líka eggjarauðunni, það gerir ísinn léttari,“ segir Arnar og bætir við

að hann dreymi um fljótandi vetni í eldhúsið til að geta fryst ísinn á augabragði og þannig sloppið við það að ísnálar myndist í honum.

Framundan er fyrsta matarboðið í nýrri íbúð, en matseðillinn er enn óljós ef frá er talinn ísinn góði sem að sjálfsgöðu verður á boðstólum. „Þegar matarboð er í vændum fer ég á Netið og finn uppskriftir fyrir það hráefni sem mig langar til að elda úr. Þannig verða gestir mínir oft vitni að mikilli tilraunamennsku sem getur bæði farið vel og illa.“ Arnar minnst þess t.d. að þegar pastavélin kom á heimilið hafi hann haldið matarboð sem seinkaði um marga klukkutíma þar sem illa gekk að búa til pastað og ekki var borðað fyrir en á miðnætti. „Auk fljótandi vetnis vantar mig einnig brennara í eldhúsið. Það væri fint að eiga slíkt tæki til að bræða syk-

urhúðina á crêpe brulée og ostinn á hamburgurinum.“

TILVILJANAKENNDUR ÍS

1/2 lítri rjómi
4 stór egg (bara eggjahvíturarn eru notaðar)
50 gr sykurlausi
súðusúkkulaði og/eða ávextir

Sykurinn og eggjahvíturarn eru þeytt saman. Rjóminn er þeyttur. Súkkulaðið er brætt í potti. Jafnvel má bæta annarri súkkulaðitegund við það eins og Toblerone. Súkkulaðið er kælt og síðan er öllum hráefnum hrært saman og sett í frysti. Athugið að það má gjarnan setja ávexti út í ísinn, jafnvel mylja smákökur í hann. Gott er að taka ísinn úr frystinum nokkru áður en hann er borinn fram og geyma í ísskáp.

VEITINGASTAÐURINN

CAFÉ PARÍS

AUSTURSTRÆTI 14, 101 REYKJAVÍK WWW.CAFEPARIS.IS

Ys og þys við Austurvöll



Café París var nýlega opnað á ný eftir miklar breytingar. Staðurinn hefur verið stækkaður um 80 fm, ný húsgögn fylla staðinn og hann er í heildina mun nýstískulegri. Reyndar má deila um stílinn en þessi fransk svipur sem fylgdi gömlu tágahúsgögnunum er horfinn. Franskir réttir eins og crêpes og croissant eru þó enn á matseðlinum og sumt af gamla starsfólkinu er enn í húsinu. Ægilegur ys og þys einkennir staðinn, kannski bara af því að hann er nýr og margir hafa verið að prófa hann, en þetta er a.m.k. ekki staðurinn vilji maður slaka á í erli dagsins. Á kvöldin breytist staðurinn svo í kokkteilar og er opinn mun lengur en áður var.

Matseðillinn? Matseðillinn er afar fjölbreyttur og það er boðið upp á sérstakan seðil fyrir börn. Meðal þess sem er að finna á seðlinum eru steikur, pasta, salöt, vefjur, beyglur og kökur. Gott úrval af kaffidrykkjum, ekki síst áfengum, t.d. St. Martens kakó, fransk kaffi og calypso kaffi.


Vinsælast? Á gamla Café París voru pönnukökurnar einn



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

af vinsælustu réttum hússins sem og kökurnar. Á nýja matseðlinum er hinsvegar brunch-bakkinn afar girnilegur og einnig má fá nýpressaðan heilsusafa á staðnum, hvort tveggja afar líklegt til vinsælda.

Verð? Beyglur fást á 790 kr., nautasteik með frönskum á 1790 kr. og kökusneiðarnar eru í kringum 600 krónur. Vín-glasíð er á 650 kr. og áfengu kaffidrykkirnir eru á 900 kr.



-Þú getur alltaf treyst á prinsinn-
Hlíðasmári 8 • S:5547200 • www.hafid.is

Frábært verð á kjúklingabringum!

sparaðu
600
kr. kg

MÓA
KJÚKLINGABRINGUR
MAGNKAUP
1.895 kr. kg

Bestir í kjöti

Nóatún - Bestir í kjöti

NÓATÚN

í 40 ár



NÓATÚN

Harry, you're gonna have to move back to New Jersey because you've slept with everybody in New York and I don't see that turning Helen into a faint memory for you. Besides, I will make love to somebody when it is making love. Not the way you do it like you're out for revenge or something.

Sally Albright hefur lífið sitt alveg á hreinu og reynir að sanna fyrir Harry Burns að hún sé ekki lengur í ástarsorg í kvikmyndinni When Harry Met Sally.

bíó

bio@frettabladid.is

Dellukóngurinn frá Kanada

Leikhæfileikarnir eru kannski ekki þeir mestu í Hollywood og sumir fá jafnvel hroll þegar nafn leikarans er á leikaralistaum. Leslie Nielsen er engu að síður konungur skopmyndanna og hefur gert grín að annarri framleiðslu í nærri þrjú áratugi.

Nielsen kemur frá Kanada líkt og margir af fremstu gamanleikurum kvikmyndaborgarinnar. Faðir hans var ákaflega strangur og neyddist leikarinn til að ljúga um starf sitt á yngri árum til þess að komast hjá refsingu. Ferillinn hófst fyrst í sjónvarpi þar sem Nielsen brá sér í allra kvikinda líki og kom hann meðal annars fram þáttunum The Untouchables sem nutu mikilla vinsælda hér á landi. Milli þess að birtast á skjá Bandaríkjanna tók Nielsen að sér hlutverk í kvikmyndum sem fáir kannast við. Þær voru flestar í alvarlegum dúr en þegar Jim Abrahams, David Zucker og Jerry Zucker báðu hann um að taka að sér hlutverkið í gamanmyndinni Airplane lét Nielsen slag standa. Hlutverk hans sem Dr. Rumack var upphafið að leið hans til konungdóms í svokölluðum „spof“-myndum.

Nielsen skemmti sér það vel við gerð myndarinnar að hann tók að sér hlutverk í sjónvarpsþáttunum Police



LESLIE NIELSEN Hefur kilað hláturtaugar kvikmyndahúsagesta í fjölda dellumynda undanfarna þrjú áratugi.

Squad sem síðar urðu að kvikmyndunum um Frank Drebin í Naked Gun-myndunum þremur. Persónur Niensens eru yfirleitt ákaflega traustar en um leið nautheimskar og hafa einstakt lag á því að leysa málin með fánlegum tilburðum.



> Ekki missa af...

Arrested Development á DVD. Það er glapræði að láta þessa frábæru gamanþætti fram hjá sér fara. Feykilega vel skrifað grín sem kostulegir leikarar koma frá sér í fyndnustu grínþáttum síðustu ára.

Ekki sáttur

Nýjasta kvikmynd Michael Douglas, The Sentinel, fær ekki góða dóma hjá fyrrverandi leyniþjónustumanninum Tim McCarthy en sá bjargaði lífi Ronalds Reagan þegar reynt var að drepa hann árið 1981. „Dóttir mín sá myndina og fékk sting fyrir hjartað. Hún segir að þetta sé augljóslega ég,“ sagði Tim við veftímaritið PageSix.com en í myndinni bjargar persóna Douglas einnig lífi forsetans og heldur auk þess við forsetafrúna. Handritshöfundurinn George Nolfi vísar þessum ásökunum algjörlega bug og segir myndina skáldskap að mestum hluta.



MICHAEL DOUGLAS Nýjasta kvikmynd hans, The Sentinel, fær ekki góða dóma hjá leyniþjónustumanninum fyrrverandi, Tim McCarthy.

Fullkomið rán í New York

Aðdáendur Spike Lee eru væntanlega hálf ringlaðir þessa dagana. Nýjasta afurð leikstjórans er nánast í engu samræmi við það sem Lee er hvað þekktastur fyrir; hröð hasarmynd um bankarán og gíslatöku.

Dalton Russell er fluggáfaður og yfirvegaður glæpamaður sem ætlað að fremja hið fullkomna rán. Hann brýst ásamt fjórum samstarfsmönnum sínum inn í fjármálafyrirtækið Manhattan Trust og tekur alla viðstadda í gíslingu. Lögreglan telur sig eiga í höggi við „hefðbundna“ gíslatöku og kallar til samningamennina Keith Frazier og Bill Mitchell til að greiða úr flækjunni. Lögregluforinginn John Darius vonast til að allt fari vel að lokum enda fylgjast fjölmíðlar með hverri hreyfingu og almenningur hefur mikinn áhuga á hvernig lögreglunni tekst til. Þrýstingur frá yfirvöldum í New York er einnig mikill enda væri það mikill álitshnekkir fyrir borgina ef allt færi á versta veg.

Russell virðist hins vegar hafa séð fyrir hverja hreyfingu lögreglunnar og hefur fullkomna stjórn á aðstæðunum. Þrátt fyrir síendurteknar tilraunir Fraziers gefur ræninginn ekkert eftir og yfirvöld efast um hæfni samningamannsins til að leysa málið. Frazier grunar fljótlega að ekki sé um venjulegt rán að ræða og kenning hans fær byr undir báða vængi þegar öryggisfulltrúinn Madeline White mætir á svæðið og óskar eftir einkafundi með ræningjanum. Auðkýfingurinn Arthur Case sýnir málinu einnig mikinn áhuga enda er viðkvæmt leyndarmál hans geymt í öryggishólfi á stofnuninni. Frazier verður því ljóst að það eru önnur og valdameiri öfl sem stjórna samningaviðræðun-



FRAZIER OG RUSSELL Gíslatakan í fjármálafyrirtækinu Manhattan Trust er ekki öll sem hún sýnist enda virðast peningar ekki vera aðalatriðið.

um og hann hefur lítið sem ekkert um málið að segja.

Spike Lee og Brian Grazer hafa lengi ætlað að vinna saman. Þeir hittust fyrst á óskarsverðlaunahátíðinni árið 1990 þegar Lee var tilnefndur fyrir handritið að kvikmyndinni Do the Right Thing en Grazer hafði hlotið sömu tilnefningu fimm árum áður. Þrátt fyrir mikinn vinskaf þá gafst þeim ekki tækifæri til að láta drauminn rætast fyrir en fimmtán árum síðar.

Grazer er meðal fremstu framleiðanda í kvikmyndaborginni en sest einnig stundum í leikstjórastólinn með góðum árangri. Hann hafði nýverið fest kaup á handriti eftir nýgræðinginn Russell Gewirtz og leitaði að hentugum leikstjóra fyrir myndina. „Þegar við hittumst sagði ég við Lee að þrátt fyrir nokkra misheppnaðar tilraunir þá tækist okkur þetta núna,“ svaraði Grazer, spurður

hvort hann hefði ekki verið hræddur um að þeim myndi ekki takast að stilla saman strengi sína.

Margir aðdáendur leikstjórans Spike Lee ráku upp stór augu þegar fréttist af næsta verkefni hans. Hasarmynd, hvergi neinar tilvísanir í fátæklegan raunveruleika svartra. Það eina sem benti til þess að myndin væri eftir Spike Lee var að hún gerðist í New York. Þetta hliðarspor Lees er þó af mörgum talið ákaflega velheppnað. Hann lagði traust sitt á sinn gamla félagan Denzel Washington sem var ekki lengi að svara kalliinu enda á Lee stóran hluta í velgengi Washingtons.

Sannkallað stórskotalið er í öðrum hlutverkum og nægir þar að nefna Jodie Foster og Clive Owen en í öðrum hlutverkum eru þeir Christopher Plummer og Will-em Dafoe.

Vitleysan heldur áfram

Scary Movie-myndirnar hafa notið fádæma vinsælda meðal kvikmyndahúsagesta enda hefur rætið grín að öðrum kvikmyndum alltaf verið vinsælt á hvíta tjaldinu.

Kvikmyndir á borð við Saw og



SHAQ OG DR. PHIL Er haldið föstum í kjallara sem minnir óneitanlega á umhverfi hryllingsmyndarinnar Saw.

War of the Worlds eru skotmarkið að þessu sinni í fjórðu myndinni auk þess sem þjóðþekktar persónur á borð við Dr. Phil og körfuknattleikskappann Shaq fá á baukinn.

Cindy Campbell flytur í gamalt hús úti á landi í von um að ná að slappa af eftir síðustu mynd. Tom er að sjálfsgöðu með í för en þegar mikið óveður skellur á kemur í ljós að ekki er allt með felldu. Látinn drengur býr í húsinu og Tri-Pod geimverur hafa ráðist á jörðina. Þessari vitleysu er síðan blandað saman við tilvísanir úr hinum og þessum kvikmyndum. Meðal þeirra sem koma við sögu má nefna Carmen Elektra auk þess sem Anna Faris fer með hlutverk Cindy.

NÝTT

Ummmm ...
BAGUETTE
Nýtt og brakandi ferskt!



ÞITT ER VALIÐ

SMÁRALIND • ESSO ÁRTÚNSHÖFÐA • ESSO FOSSVOGI

Sáli og sjúklingurinn

Sálfræðingnum Lisu Metzger gengur allt í haginn. Hún er vel gift, sonur hennar er á framabrot og stofan gengur sem skyldi. Lífið er þó óútreiknalegt eins og Lisa á eftir komast í raun um þegar Rafi Gardet kemur í tíma til hennar. Gardet er bráðhugguleg kona á besta aldri sem leitar að ástinni. Dag einn greinir Gardet Lisu frá ungum manni sem hún er að hitta og Lisa ráðleggur henni að láta slag standa þrátt fyrir tíu ára aldursmun.

Gardet verður hamingjusamari með hverjum deginum og Metzger samgleðst sjúklingnum sínum þar til hún uppgötvar hver ungi maðurinn í lífi sjúklingsins er; sonur hennar David. Líf Metzger flækist því enn frekar þegar hún þarf að reyna tvinna saman hlutverk móðurinnar sem vill vernda son sinn frá öllu illu og sálfræðingsins sem vill allt það besta fyrir sjúklinginn sinn.

Þær Meryl Streep og Uma Thurman fara með aðalhlutverkin



STREEP OG THURMAN Líf sálfræðingsins Metzger flækist til muna þegar sjúklingurinn Gardet byrjar með syni hennar.

í þessari gamanmynd sem leikstýrt er af Ben Younger. Enginn hefur hlotið jafnmargar óskarsverðlaunatilnefningar og Streep en vegur Thurman hefur vaxið

jafnt og þétt, ekki síst eftir miklar vinsældir Kill Bill-mynda Tarantinos en hún átti einmitt hugmyndina að hinni morðóðu Beatrice Kiddo.

Stórleikur Pepsi & BT



**SKORRAÐU
MEÐ PEPSI**



JANSON & LEWIS - J.P.

FULLKOMIN HELGI: AUÐUNN HELGASON KNATTSPYRNUMAÐUR

Barnlaus í sumarbústað með humar á grillinu

„Barnlaus helgi í sumarbústað með humar á grillinu og hvítvinsglas í hendi er hugmynd mín um fullkomna helgi,” segir Auðunn Helgason þegar hann er spurður um uppskrift að fullkominni helgi. Auðunn stendur í stórfamkvæmdum þessa dagana en hann er nýfluttur í ný húsakynni í Hafnarfirðinum en þau hjónin keyptu nýverið 300 fermetra einbýlishús með stórum garði í Norðurbænum. „Við höfum verið að gera upp húsið síðustu mánuði sem hefur verið gífurleg vinna en húsið er nokkuð gamalt og innréttingarnar voru hálfhællislegar. Við sáum að mestu leyti um framkvæmdirnar sjálf, lögðum parketið og máluðum en hvað stærri mál varðar fengum við til þess gerða iðnaðarmenn“. Þegar Auðunn er spurður um plön helgarinnar kvaðst hann hafa lýst því yfir við konu sína að garðyrkjustörf yrðu verkefni þessarar helgar. „Garðurinn er í algerri órækt enda hefur honum

ekki verið sinnt í fjölda ára. Við ætlum að fá til okkar garðyrkjusérfræðing sem sér um að hreinsa garðinn, höggva nokkur ofvaxin tré og leggja nokkur beð kannski. Þar fyrir utan leggjum við fjölskyldan eflaust leið okkar til Hveragerðis, það er ef veðurguðirnir gæla við okkur, og skellum okkur í sund í gömlu lauginni á staðnum.“ Það er algjör snilld, heldur Auðunn áfram og brosir út í kampinn. En eru grænar hendur og svaml í laugum hugmyndin að fullkominni helgi í huga Auðuns? „Nei, ekki get ég nú alveg sagt það þótt margt sé auðvitað verra. Ætli sveitasælan með konuna mína mér við hlið heilli ekki mest, humar á grillinu og hvítvín og kampavín.“

AUÐUNN HELGASON

Ætlar að nota helgina í garðyrkjustörf enda segir hann að fyrir löngu sé kominn tími til að taka til hendinni þar.

FRÉTTABLAÐIÐ / HEIDA



DAGSKRÁ VORBLÓTS

Fimmtudagurinn 27. apríl

20.00 - Húsið opnar
21.00 - Ife Tolentino og Mezzoforte
00.00 - Áætluð dagskrárlök

Föstudagurinn 28. apríl

20.00 - Húsið opnar
21.00 - Petter Winnberg og Flís & Bogomil Font
00.00 - Soul Jazz Records: 100% Dynamite
04.00 - Áætluð dagskrárlök

Laugardagurinn 29. apríl

20.00 - Húsið opnar
21.00 - Stórsveit Nix Noltes og KAL
00.00 - Áætluð dagskrárlök

Sunnudagurinn 30. apríl

20.00 - Húsið opnar
21.00 - KK og Blue Truck og Salsa Celtica
00.00 - Áætluð dagskrárlök

Vorblót að hefjast

Tónlistarhátíðin Vorblót hefst í kvöld á skemmtistaðnum Nasa og stendur til sunnudags.

Þetta er í fyrsta sinn sem hátíðin er haldin, en ætlinin er að hún verði fastur viðburður í tónlistarlífi höfuðborgarinnar. Hún ber nafnið Rite of Spring á alþjóðlegum vettvangi, en bæði blaðamenn og almennir hátíðargestir eru væntanlegir erlendis frá. Meðal annars koma hingað blaðamenn frá tímaritunum Mojo og Songlines og breska ríkisútvarpinu, BBC.

Á hátíðinni ægir saman ýmsum tónlistarstefnum og straumum eins og djassi, fönk, salsa, blús og heimstónlist. Þar koma fram tónlistarmenn frá ýmsum heimshornum, Salsa Celtica frá Edinborg, bossanova listamaðurinn Ife Tolentino frá Brasilíu og Mezzoforte ásamt fleirum.

Hið virta plötumerki Soul Jazz Records mætir á Vorblótið með klúbbinn sinn 100% Dynamite sem

framreiðir fönkaða reggí-, dub- og ska-tónlist. Petter úr reggísvéitinni Hjúlmum kynnir til leiks nýtt sólóverkefni, en hann er þessa dagana að ljúka við sína fyrstu breiðskífu sem hlotið hefur nafnið Easily Tricked.

Flís og Bogomil Font bjóða einnig upp á nýjungar á Vorblótið í formi nýs samstarfsverkefnis sem þeir eru að sjóða saman og byggist á calypso-tónlist frá Trinidad og Tobago og klúrum íslenskum textum og fréttaskýringum.

KK verður jafnframt á blúsnótunum á Vorblótið með hljómsveit sinni Blue Truck.

Sígaunabandið frá Serbíu og Svartfjallalandi, Kal, mun spila á laugardagskvöld ásamt stórsveit Nix Noltes.

„Við hlökkum mikið til. Þetta er mjög framandi staður fyrir okkur því við höfum aldrei komið til Íslands og vitum ekkert til. Þess vegna erum við mjög spenntir



KAL Sígaunahljómsveitin Kal spilar á laugardagskvöld á Nasa ásamt Stórsveit Nix Noltes.

fyrir því að koma þangað og spila,“ segir Dragan Risit úr Kal, sem er á tónleikaferð um Evrópu um þessar mundir.

Kal var stofnuð árið 2000 en byrjaði ekki að spila opinberlega fyrr en þremur árum síðar. Eina plata sveitarinnar til þessa, sem er samnefnd henni, hefur fengið mjög góðar viðtökur síðan hún kom út fyrr á þessu ári. Fór hún meðal annars beint í annað sæti á heimstónlistarlista Evrópu. Dragan segist að sjálfsgödu vera hæstánægður

með árangurinn. „Ég er mjög hissa og ánægður. Lokst eftir 33 ár er ég orðinn fyrstur í einhverju,“ segir hann.

Miðasala á hátíðina fer fram í verslunum Skifunnar og BT og á midi.is. Einnig verða seldir miðar á tónleikadag á NASA.

Miðaverð er 2.900 kr, auk 225 kr. miðagjalds, á hverja tónleika. Einnig verður hægt að kaupa miða sem gilda á alla hátíðina sem kostar 5.900 kr, auk 400 kr. miðagjalds.

Frá fimmtudeginum 27 apríl til sunnudagsins 30 apríl

50%



- af völdum skóm fyrir hann og hana

BIANCO FOOTWEAR • SMÁRALIND • 5288900
KRINGLAN • 5332130

BIANCO®
FOOTWEAR

Talar fyrir Rauðhettu í teiknimynd

Birgitta Haukdal talar og syngur fyrir Rauðhettu í teiknimyndinni Hoodwinked sem verður frumsýnd um land allt bæði með íslensku og ensku tali á föstudaginn.

Hoodwinked er ekki hefðbundin Rauðhettusaga heldur fjallar hún á nýstárlegan hátt um það hvernig ævintýrið er krufið í sakamála-stíl.

Auk Birgittu syngja í myndinni Selma Björnsdóttir, sem talar fyrir ömmuna, Magni Ásgeirsson, Örn Árnason og Kristinn Sigurpáll Sturluson.

Birgitta segist hlakka mikið til að sjá myndina í bíó með frænkum sínum. „Þessi mynd kom mikið á óvart. Hún er jafnmikið fyrir fullorðna og fyrir krakkana og minnir svolítið á Shrek. Það var virkilega gaman að fá leika Rauðhettu og þarna fékk ég líka tækifæri til að leika venjulega stelpu,“ segir Birgitta.

Birgitta hefur verið að lesa inn fyrir Glómögnuðu í Ríkis-sjónvarpinu og er því ekki ókunn lestri inn á teiknimyndir. Hún hefur aftur á móti aldrei leikið og sungið í teiknimynd í fullri lengd og vonast til að gera meira af því í framtíðinni.

Hljómsveitin Írafár hefur verið í hléi frá áramótum á meðan hljómborðsleikarinn Andri hefur verið í námi. Ekki hefur verið ákveðið hvort sveitin komi aftur saman í sumar en Birgitta hefur engu að síður nóg að gera. „Ég hef verið að syngja með Stuðmönnum og verð með þeim á Broadway um næstu helgi. Þetta er rosalega ólík tónlist og Írafár spilar og böllin eru líka ólík eins og félagsskapurinn. En það er gaman að prófa eitthvað nýtt og Stuðmenn eru yndislegir,“ segir Birgitta sem spilaði fyrst með þeim á balli í Danmörku á dögunum.



BIRGITTA HAUKDAL Söngkonan geðþekka talar og syngur fyrir Rauðhettu í teiknimyndinni Hoodwinked.

MYND/DANIEL RÚNARSSON



BUXUR EÐA PILS? Flugfreyjur Atlanta geta nú valið hvort þær vilja ganga í buxum eða pils. Flugmennirnir verða áfram í buxum en eru komnir í einhneppa jakka með einni klauf. Hér sitja þau Guðrún Þráinsdóttir, Edda Bára Róbertsdóttir og Jón Wheely fyrir í nýju einkenningsbúningunum.

Nýir búningar hjá Air Atlanta

Air Atlanta Icelandic tók nýlega í notkun nýja einkenningsbúninga fyrir flugmenn og flugfreyjur félagsins. Um er að ræða búninga á um 600 starfsmenn og leysa þeir af hólm Eldri búninga Air Atlanta og Íslandsflugs. Nýju búningarnir eru svarbláir og kampavíngylltir og endurspeglar þeir liti vörumerkis Air Atlanta Icelandic. Hönnun búninganna var unnin í sameiningu af Olino í Danmörku, Northwear og flugfreyjudeild Air Atlanta. Að sögn yfirflugfreyjunnar Sigurlaugar Sverrisdóttur er helsti munurinn á nýju og gömlu búningunum sá að nú geta flugfreyjurnar valið á milli pils eða buxna, sem kemur sér afar vel þegar endalaust er verið er að fljúga milli kalds og heits loftslag. „Gömlu búningarnir voru svolítið

Chanel-legir, jakkarnir náðu einungis niður í mitti en þeir hafa verið síkkaðir á nýju einkenningsbúningunum. Skyrturnar voru áður kryddgular en eru nú kampavíngylltar,“ segir Sigurlaug. Búningur flugmannanna hefur einnig tekið miklum breytingum. Hann var áður tvíhneppur og með tveimur klaufum að aftan en klaufunum hefur verið fækkað um eina. Í stað yfirhafna hafa svo allar flugfreyjurnar fengið ullarsjal sem minnir á herðaslá til afnota. „Sjalið gagnast vel og það er mun auðveldara að pakka því niður heldur en kápu,“ segir Sigurlaug, sem er afar ánægð með breytinguna en gömlu búningarnir höfðu verið í notkun síðan 1992. Segir hún að búningarnir endurspeglu nýtt og ferskt útlit félagsins. - **snæ**

Snorri á toppnum

Snorri Snorrason Idol-stjarna trónir á toppnum á vinsældalista tonlist.is þriðju vikuna í röð með lagið „Allt sem ég á“.

Lagið fór beint í fyrsta sætið fyrir þremur vikum og varpaði Silvíu Nótt og Eurovision-laginu hennar af toppi listans.

Undirbúningur að upptökum á fyrstu plötu Snorra er hafinn og er stefnt á að platan komi út í júní. Eitthvað af lögunum sem Snorri tók í Idolinu munu rata á hana auk nokkurra laga eftir Snorra sjálfan.

Hljómsveitin Todmobile hefur gert samning um umboðsmál sín við Concert. Sveitin hefur um árabíl verið ein ástsælasta popphljómsveit landsins og er ferill hennar einn sá glæsilegasti í sögu íslenskrar tónlistar. Todmobile er sem fyrr skipuð þeim Andreu Gylfadóttur, Þorvaldi Bjarna Þorvaldssyni og Eyþóri Arnalds.

Á liðnum vikum hefur Concert þar að auki tekið að sér umboðsmennsku fyrir Idol-sigurvegurinn Snorra, auk þess sem fyrirtækið hefur gengið frá samningum við Bríeti Sunnu og Ingólf Þórarinsson eða „Ingó“ sem einnig náðu langt í Idol-stjórnuleit 2006. Fyrir sinnir Concert umboðsmálum fyrir Skítamóral, Nylon, Garðar Thór Cortes og hljómsveitina Íza-fold.



SNORRI SNORRASON Idol-sigurvegurinn er að vinna að sinni fyrstu sólóplötu.

MYND/SIGURJÓN GUBJÓNSSON

Andrea Róberts, starfsmaður markaðs sviðs 365, hefur jafnframt verið ráðin verkefnastjóri hjá Concert. Verksvið hennar verður að hafa yfirumsjón með öllum bókunum og kynningarmálum innlendra listamanna. ■

FÓTBOLTASUMAR

Gervigras 3.995 kr. - stærðir: 40-42	Gervigras 3.995 kr. - stærðir: 31-38,5	Gervigras 3.995 kr. - stærðir: 32-47
Takkaskór 4.495 kr. - stærðir: 35-38,5	Gervigras 4.995 kr. - stærðir: 36-45	Takkaskór 4.495 kr. - stærðir: 27-34
Takkaskór 5.995 kr. - stærðir: 31-36,5		

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

SMÁRALIND - KRINGLAN



Sumarsprengja

27-30. apríl

- 20% af öllum fatnaði



Kringlunni - Smáralind

<p>FRUMSÝNING</p> <p>FRUMSÝNING</p> <p>meconaughey parker</p> <p>failure to launch</p> <p>ÁLFABAKKA</p> <table border="0"> <tr><td>FAILURE TO LAUNCH</td><td>KL. 4-6-8-10:10</td><td></td></tr> <tr><td>FAILURE TO LAUNCH VIP</td><td>KL. 4-6-8-10:10</td><td></td></tr> <tr><td>FIREWALL</td><td>KL. 5:30-8-10:30</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>V FOR VENDETTA</td><td>KL. 5:30-8-10:30</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>WOLF CREEK</td><td>KL. 8-10:10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>BASIC INSTINCT 2</td><td>KL. 8:15-10:30</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>EIGHT BELOW</td><td>KL. 3:45-6</td><td></td></tr> <tr><td>LASSIE</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> <tr><td>BAMBI 2 isL.tal</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> </table> <p>ÁLFABAKKI S: 587-8900</p>	FAILURE TO LAUNCH	KL. 4-6-8-10:10		FAILURE TO LAUNCH VIP	KL. 4-6-8-10:10		FIREWALL	KL. 5:30-8-10:30	B.I. 16	V FOR VENDETTA	KL. 5:30-8-10:30	B.I. 16	WOLF CREEK	KL. 8-10:10	B.I. 16	BASIC INSTINCT 2	KL. 8:15-10:30	B.I. 16	EIGHT BELOW	KL. 3:45-6		LASSIE	KL. 6		BAMBI 2 isL.tal	KL. 6		<p>HARRISON FORD PAUL BETTANY</p> <p>FIREWALL</p> <p>FRUMSÝND</p> <p>SAMTÍMIS</p> <p>UM HEIM ALLAN.</p> <p>CHARON STONE DAVID MORRISSEY</p> <p>BASIC INSTINCT 2</p> <p>KEFLAVÍK</p> <table border="0"> <tr><td>FAILURE TO LAUNCH</td><td>KL. 8-10</td><td></td></tr> <tr><td>FIREWALL</td><td>KL. 8-10:10</td><td>B.I. 16</td></tr> </table> <p>AKUREYRI</p> <table border="0"> <tr><td>FAILURE TO LAUNCH</td><td>KL. 8-10</td><td></td></tr> <tr><td>SYRIANA</td><td>KL. 8-10:15</td><td>B.I. 16</td></tr> </table> <p>AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170</p>	FAILURE TO LAUNCH	KL. 8-10		FIREWALL	KL. 8-10:10	B.I. 16	FAILURE TO LAUNCH	KL. 8-10		SYRIANA	KL. 8-10:15	B.I. 16	<p>FRUMSÝND</p> <p>SAMTÍMIS</p> <p>UM HEIM ALLAN.</p> <p>CHARON STONE DAVID MORRISSEY</p> <p>BASIC INSTINCT 2</p> <p>KRINGLUNNI</p> <table border="0"> <tr><td>FAILURE TO LAUNCH</td><td>KL. 6-8:30-10:30</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>FIREWALL</td><td>KL. 8:30-10:30</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>EIGHT BELOW</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> </table> <p>KRINGLAN S: 588-0800</p>	FAILURE TO LAUNCH	KL. 6-8:30-10:30	B.I. 16	FIREWALL	KL. 8:30-10:30	B.I. 16	EIGHT BELOW	KL. 6		<p>HARRISON FORD PAUL BETTANY</p> <p>FIREWALL</p> <p>FRUMSÝND</p> <p>SAMTÍMIS</p> <p>UM HEIM ALLAN.</p> <p>CHARON STONE DAVID MORRISSEY</p> <p>BASIC INSTINCT 2</p> <p>HÁSKÓLABÍÓ</p> <table border="0"> <tr><td>FIREWALL</td><td>KL. 5:50-8-10:10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>V FOR VENDETTA</td><td>KL. 6:15-8-10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>BASIC INSTINCT 2</td><td>KL. 10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>THE MATADOR</td><td>KL. 8</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>BLÓÐBÖND</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> <tr><td>LASSIE</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> </table> <p>HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919</p>	FIREWALL	KL. 5:50-8-10:10	B.I. 16	V FOR VENDETTA	KL. 6:15-8-10	B.I. 16	BASIC INSTINCT 2	KL. 10	B.I. 16	THE MATADOR	KL. 8	B.I. 16	BLÓÐBÖND	KL. 6		LASSIE	KL. 6	
FAILURE TO LAUNCH	KL. 4-6-8-10:10																																																																				
FAILURE TO LAUNCH VIP	KL. 4-6-8-10:10																																																																				
FIREWALL	KL. 5:30-8-10:30	B.I. 16																																																																			
V FOR VENDETTA	KL. 5:30-8-10:30	B.I. 16																																																																			
WOLF CREEK	KL. 8-10:10	B.I. 16																																																																			
BASIC INSTINCT 2	KL. 8:15-10:30	B.I. 16																																																																			
EIGHT BELOW	KL. 3:45-6																																																																				
LASSIE	KL. 6																																																																				
BAMBI 2 isL.tal	KL. 6																																																																				
FAILURE TO LAUNCH	KL. 8-10																																																																				
FIREWALL	KL. 8-10:10	B.I. 16																																																																			
FAILURE TO LAUNCH	KL. 8-10																																																																				
SYRIANA	KL. 8-10:15	B.I. 16																																																																			
FAILURE TO LAUNCH	KL. 6-8:30-10:30	B.I. 16																																																																			
FIREWALL	KL. 8:30-10:30	B.I. 16																																																																			
EIGHT BELOW	KL. 6																																																																				
FIREWALL	KL. 5:50-8-10:10	B.I. 16																																																																			
V FOR VENDETTA	KL. 6:15-8-10	B.I. 16																																																																			
BASIC INSTINCT 2	KL. 10	B.I. 16																																																																			
THE MATADOR	KL. 8	B.I. 16																																																																			
BLÓÐBÖND	KL. 6																																																																				
LASSIE	KL. 6																																																																				

167 nöfn á Hróarskeldu

Á meðal nafna sem nýlega bættust við 36. Hróarskelduhátíðina sem verður haldin í Danmörku í sumar eru The Strokes, Happy Mondays, Kaiser Chiefs, dEUS, Death Cab for Cutie, Goldfrapp, Eivör Pálsdóttir, Bullet for My Valentine, George Clinton (Parliament/Funkadelic), Trivium, Tech N9ne og danska sveitin Barra Head.

Alls munu 167 flytjendur koma fram á hátíðinni, þar á meðal Arctic Monkeys, Morrissey, Deftones, Sigur Rós, Franz Ferdinand, Tool og Kanye West. ■



ROGER HODGSON Fyrrum forspraki Supertramp er á leiðinni til Íslands í ágúst.

Miðasala að hefjast á Roger Hodgson

Miðasala hefst miðvikudaginn 3. maí á tónleika Rogers Hodgson, fyrrum söngvara og leiðtoga hljómsveitarinnar Supertramp, sem verða á Broadway föstudaginn 11. ágúst.

Hodgson samdi og söng helstu smelli Supertramp eins og Give a Little Bit, Dreamer, Take the Long Way Home, Logical Song, Breakfast in America, School og It's Raining Again.

Roger Hodgson óskaði eftir því að koma til Íslands því hann ætlar að dveljast hér í viku á eigin vegum fyrir hljómlíkana, ferðast um land-

ið og njóta þess sem Ísland og við Íslendingar höfum upp á á bjóða.

Roger kemur með saxófónleikara með sér en spilar sjálfur á hljómborð, flygil og gítar. Hljómborðin hafa verið forrituð til að ná algerlega þessum sérstaka Supertramp-hljómi.

Miðaverð er kr. 5.400 auk miðgalds sem er 324 kr. VISA kreditkorthafar fá tuttugu prósentu afslátt á miðaverði í forsölu og áfram til 10. maí.

Miðasalan fer fram á midi.is, í Skífunni og í BT á Selfossi og á Akureyri. ■



THE STROKES Hljómsveitin The Strokes verður á Hróarskeldu í ár ásamt m.a. Kaiser Chiefs og Happy Mondays.

TOPPSKÓRINN OUTLET

HEFUR OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ Í GRAFARHOLTINU (VIÐ HLIÐINA Á HÚSASMÍDJUNNI)

FÓTBOLTASKÓR-STRIGASKÓR-FÓTBOLTASKÓR-STRIGASKÓR

HÖFUM Fyllt á **1000 kr.** BORDIN

Strigaskór **1.995 kr.** - stærðir: 31-35

Fótboltaskór **1.995 kr.** - stærðir: 28-39

FRÁBERT ÚRVAL

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Í BÍÓ

Fjórði og síðasti kafli af þrileiknum

SCARY MOVIE 4

Það myndnasta sem þú hefur nokkurn tímann sagað!

FRUMSÝND 28. APRÍL

REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI

LOGI GEIRSSON: ÞÝSKA SJÓNVARPSSTÖÐIN WDR GERIR HEIMILDARMYND UM HANDBOLTAKAPPAN

Spilaði frumsamin lög á gítarinn

Handknattleikskappinn skrautlegi með stóra hjartað, Logi Geirsson, heldur áfram að slá í gegn í Þýskalandi en Logi hefur vakið mikla athygli fyrir vasklega framgöngu innan vallar sem utan í vetur. Síðari úrslitaleikur félags Loga og Ásgeirs Arnar Hallgrímssonar, Lemgo, og Göppingen, sem Jaliesky Garcia Padron leikur með, í EHF-keppninni fer fram á sunnudag en Lemgo stendur vel að vígi eftir nauman sigur á útvelli í fyrri leiknum.

WDR-sjónvarpsstöðin mun sýna leikinn beint en fyrir leikinn og í hálfleik mun stöðin sýna stutta heimildarmynd um Loga, en stöðin lét mynda Loga í fyrri leiknum og kom svo í heimsókn til hans á þriðjudag.

„Þau voru hérna alla daginn að taka

upp efni og þetta var frekar skrautlegt,” sagði Logi kátur og jákvæður sem fyrr.

„Þau tóku viðtöl við mömmu og pabba sem eru hjá mér og svo brá ég á leik og spilaði á gítarinn fyrir sjónvarpsfólkið. Ég var ekki að spila nein Bubbalög heldur spilaði mín eigin frumsömdu lög á kassagítarinn. Ég var reyndar ekki beint að brillera á gítarum en það skipti engu máli. Ég hló bara að þessu og hafði gaman af þó að spilamennskan væri ekki upp á marga fiska. Annars hafa þjóðverjar lítið vit á tónlist, en ef maður mætir í parti með gítarinn og

kann tvö grip þá halda allir að maður sé snillingur,” sagði Logi léttur og hló dátt.

Faðir Loga, Geir Hallsteinnsson, er einn frækasti handboltakappi Íslandssögunnar og hann gerði garðinn frægan í Þýskalandi á undan syninum og sagði Logi að þýskir fjölmiðlar hefðu einnig sýnt honum nokkurn áhuga en Geir hitti gamla félagana sína á fyrri leik Lemgo og Göppingen. Foreldrar Loga verða einnig á síðari leiknum á sunnudag þar sem þau vonast til þess að sjá son sinn verða krýndan Evrópumeistara.



> Hannes verður forseti KKÍ

Hannes Sigurbjörn Jónsson verður sjálfkjörinn forseti KKÍ á ársþingi sambandsins í maímánuði. Hannes hefur verið varaformaður KKÍ en hann mun taka við af Ólafi Rafnssyni sem hefur verið formaður sambandsins í tíu ár. Ólafur gefur nú kost á sér til forseta Íþróttasambands Íslands. Hannes hefur setið í nefndum KKÍ frá árinu 1996 og verið í stjórn frá 1999. Hann hefur því umtalsverða reynslu og þekkingu af störfum sambandsins þar sem hann er öllum hnúttum kunnugur. Hannes var sá eini sem bauð sig fram í formannsembættið og er því sjálfkjörinn sem næsti formaður KKÍ.



Atvinnumaðurinn Heiðar

Íslandsmeistarinn Heiðar Davíð Bragason hefur gerst atvinnumaður í golfi. Heiðar hefur verið áhugamaður um nokkurt skeið en má ekki taka við verðlaunafé sem slíkur. Hann getur nú farið að moka inn peningum en Heiðar hefur verið að velta ákvörðun þessari fyrir sér um nokkurt skeið en hefur nú tekið skrefið til fulls.

sport
sport@frettabladid.is

Handboltaakademía sett á lagginnar á Selfossi:

Býr til afreksmenn

HANDBOLTI Sebastian Alexandersson verður þjálfari í akademíunni sem er fyrir stráka á aldrinum 16-20 ára sem munu stunda nám í Fjölbrotaskóla Suðurlands samhliða handknattleikisöðuninni. Hugmyndin hefur verið í bígerð um nokkurn tíma, en það var Einar Guðmundsson, yfirmaður yngri-flokkapjálfunar hjá Selfossi sem átti hugmyndina að verkefninu.

„Það verður skilyrði fyrir drengina að ná árangri, bæði í handboltanum og hefðbundnu námi. Ef góður handboltastrákur fær slakar einkunnir á hann á hættu á að vera vikið úr akademíunni,” sagði Sebastian í gær.

Búið er að gera samning við Íþróttaskólann á Laugarvatni um samstarf sem felst aðallega í ýmiss konar mælingum auk þess sem HSÍ hefur sýnt verkefninu mikinn stuðning. „Við ætlum að taka góða tölfræði úr öllum okkar leikjum auk þess að skrú mælingar úr ýmiss konar æfingum. Þetta verður skráð í einhvers konar grunn sem vonandi verður Side-line Sports forritið, til þess að geta sýnt fram á mælanlegan árangur af starfinu hjá okkur,” sagði markmaðurinn knái sem þjálfar meistaraflokk Selfoss.

Strákarnir munu spila undir merkjum Selfoss, ýmist í þriðja flokki eða meistaraflokki en ekki öðrum flokki. Sextán drengir hafa skráð sig en þeir eru allir frá Selfossi. „Við erum fyrst og fremst



SEBASTIAN Ætlar að búa til afreksmenn í handbolta á Selfossi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að gera þetta til að styrkja innviði handknattleiksdeildar Selfoss en við munum ekki vísa neinum frá sem sækir um. Við gerum okkur vonir um að vera ekki með mikið fleiri en tuttugu stráka en þetta mun stækka mjög fljótt,” sagði Basti sem mun áfram sinna sínu hefðbundna starfi samhliða þjálfuninni.

„Markmiðið er að strákarnir bæti sig, ekki bara sem handboltamenn heldur sem manneskjur almennt. Við leggjum mikið upp úr forvarnarstarfi auk þess sem agi, skipulag og metnaður er eitt-hvað sem við munum kynna fyrir nemendum okkar,” sagði Sebastian að lokum.

Framkoma aðalstjórnar er til háborinnar skammar

Íþróttafélag Reykjavíkur, ÍR, logar stafna á milli þessa dagana en gríðarleg óánægja er með störf aðalstjórnar félagsins hjá bæði handknattleiks- og skíðadeild félagsins. Skíðamenn vanda aðalstjórn ekki kveðjurnar.

ÍPRÓTTIR Það er ófriður í Breiðholti. Hólmgeir Einarsson hjá handknattleiksdeild ÍR reið á vaðið og kvartaði yfir framkomu aðalstjórnar en honum líkaði það illa að aðalstjórnin ætlaði að nota peninga sem fást fyrir Hengillssvæðið í að þrifa upp óreiðuna hjá deildunum sem voru með versta reksturinn á meðan þeir sem hafa sýnt ábyrgan rekstur báru ekkert úr bótum.

Forkólfar skíðadeildarinnar eru einnig ósáttir við að skussar félagsins, eins og Hólmgeir kallaði þá, séu verðlaunaðir en það sem þeim líkar enn verr er að aðalstjórnin skuli hafa tekið einhliða ákvörðun um hvernig fénu skuli ráðstafað en skíðadeildin telur peningana tilheyra skíðadeildinni en ekki aðalstjórninni.

„Skíðadeild hefur haft þetta land til umráða í áratugi og deildin hefur líka greitt öll gjöld af landinu,” sagði Auðunn Kristinnsson, formaður skíðadeildar ÍR. „Fyrir tveim árum kom það upp að Orkuveitan vildi virkja á svæðinu og óskaði fyrst eftir að komast í efnisnám. Úr varð að aðalstjórn gerði samning um efnisnámið sem er eðlilegt þar sem aðalstjórn fer með allar eignir deilda. Við ætluðumst til að fá þessa peninga og þegar fyrsta greiðslan kom áttuðum við okkur á því að aðalstjórnin ætlaði að gera eitthvað allt annað en að eftirláta okkur peningana sem við töldum eðlilegt. Svo þegar Orkuveitan vill kaupa eða leigja svæðið töldum við að skíðadeildin ætti að fá arðinn af landinu en þar stendur hnífurinn í kúnni þar sem aðalstjórnin vill ekki ganga að þeim kröfum okkar. Aðalstjórn er



ELDFIMT ÁSTAND Aðalstjórn ÍR fær ekki háa einkunn hjá handknattleiks- og skíðadeild félagsins. Hún er meðal annars gagnrýnd fyrir að halda ekki aðalfund í tvö ár, mæta ekki á fundi og svara ekki skilaboðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

búin að ganga frá samningi við Orkuveituna í óþökk okkar enda vildum við að skipting fjárins væri ákveðin áður en samið væri við Orkuveituna. Á aðalfundi deildarinnar á dögunum var síðan ákveðið að gera þá kröfu á aðalstjórn að allir þessir peningar, 30 milljónir króna, rynnu til okkar.”

Skíðadeildin stendur vel enda reksturinn verið skynsamur í gegnum tíðina að sögn Auðuns. Þeir fá rúmar sex milljónir í sinn vasa samkvæmt tillögu aðalstjórnar en óvíst er hvort deildin hefði hreinlega fengið nokkuð hefði fyrsta greiðsla Orkuveitunnar ekki runnið inn á reikning deildarinnar en skíðamenn neita að afhenda féð og peningarnir sem

eyrnamerkir eru deildinni eru því þegar í vasa þeirra.

„Ég vil kannski ekki beint segja að aðalstjórnin sé að ræna okkur en framkoma hennar er til háborinnar skammar. Þeir svara illa og sjaldan tölvupóstsendingum, þeir mæta ekki á fundi sem þeir eiga að mæta á og svo hefur aðalstjórnin ekki einu sinni haldið aðalfund í ein tvö ár sem er hreint ótrúlegt. Við höfum reynt að eiga samskipti við þetta fólk á kurteisan hátt í tvö ár án árangurs en það fer undan í flæmingi enda með lélegan málstað,” sagði Auðunn reiður en þess ber að geta að tillaga aðalstjórnar er ekki farin í gegn og verður áhugavert að fylgjast með framhaldinu. henry@frettabladid.is

Verðmætasti leikmaður NBA-deildarinnar:

Nash verðmætastur annað tímabilið í röð

KÖRFUBOLTI Steve Nash, leikstjórnandi Phoenix Suns, verður valinn verðmætasti leikmaður NBA-deildarinnar í körfubolta annað árið í röð. Frá þessu greindi ESPN-fréttastofan í Bandaríkjunum í gær og vísaði í nokkur svæðisbundin dagblöð í landinu.

Valið á verðmætasta leikmanninum verður ekki gert opinbert af stjórnendum NBA fyrr en í fyrsta lagi eftir tvær vikur en ESPN þykir mjög áreiðanleg fréttastofa og bendir því margt til þess að það verði Nash sem verði fyrir valinu. Hann var einn af þeim sem var talinn líklegastur til að hreppa nafnbótina ásamt þeim LeBron James, Kobe Bryant, Dirk Nowitzki og Chauncey Billups.

Flestir bjuggust við því að baráttan stæði helst á milli þeirra Bryant og James en svo virðist sem að árangur Phoenix í vetur, sem var betri en hjá Cleveland og Lakers, hafi riðið baggamuninn hjá Nash, auk þess sem Phoenix er í Vesturdeildinni, sem er talin mun betri en Austurdeildin.

Nash skoraði 18,8 stig að meðaltali í vetur, það mesta á hans ferli, og gaf 10,5 stoðsendingar, sem er það mesta hjá nokkrum leikmanni í deildinni. Auk þess var hann með 51,2% hittni utan af velli, rétt tæplega 50% úr 3-stiga skotum og 92% af vítalínunni, sem einnig var besta nýting hjá nokkrum leikmanni í vetur.



STEVE NASH Hefur borið lið Phoenix uppi í allan vetur. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Vinnningar verða afhendir hjá BT Smáfrálinnd Köpavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klubb. 99 kr/kefnið.

SMS LEIKUR

9. HVEI VINNUR!

SENDU SMS SKEYTIÐ JA HOF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO! VINNINGAR ERU BÍOMÍÐAR FYRIR TVO • DVD MYNDR • TÖLVULEIKIR • VARNINGUR TENGÐUR MYNDINI OG MARGT FLEIRA

RAUDHETTA

FRUMSÝND 28. APRÍL
MÉD ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

MOBILI BÍÓÍS MasterCard FM 95.7

Hæ, hvað segirðu? Já, takk sömuleiðis hvernig ertu búin að hafa það? Ég
 hef það bara mjög gott þakka þér fyrir. Hvað er annars að fréttu? Nei það
 er ekki mikið að fréttu af mér heldur. Það er auðvitað stutt síðan við töluðum
 saman síðast. Það er kannski korter síðan ég hringdi. Já hann er hægur
 núna. Það var sól í morgun. Ég hélt að það ætti að rigna. Já það er dálítið
 skýjað. Það var samt fínt veður í gær. Maður veit auðvitað aldrei með veðrið,
 það getur breyst einn tveir og þrír. Já já þú segir það já. Jæja! Ég ætlaði
 nú bara að heyra í þér hljóðið. Ég var að hugsa um að hringja í þig aftur á
 eftir. Það er ýmislegt sem við eigum eftir að ræða. Heyrðu ég hringi á eftir.
 Já bara eftir smástund. Ókei ekki málið. Segjum það. Já allt í lagi. Bless.

Nú kostar minna að vera málgláður

SKO er nýtt lággjalda GSM símafyrirtæki. Líkt og hjá lággjaldaflugfélögum þá fer öll þjónusta við viðskiptavinum fram á Netinu. Þannig getum við boðið þér lægra verð! Þú getur flutt GSM símanúmerið þitt með þér til SKO eða valið þér nýtt og flottara númer.

Skelltu þér á sko.is og byrjaðu að spara!

14,90kr.
Mínútuverð

4,90kr.
SMS verð

0,00kr.
Mánaðargjald

SKO
Tala meira. Borga minna.



VIOLET PALMER Stóð í ströngu við að róa leikmenn í fyrri-nótt. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Úrslitakeppnin í NBA:

Kona dæmdi í fyrsta sinn

KÖRFUBOLTI Violet Palmer skráði nafn sitt í sögubækurnar í fyrri-nótt þegar hún varð fyrsta konan til að dæma leik í úrslitakeppni NBA-deildarinnar. Hin 33 ára gamla Palmer var einn dómaraanna í leik Indiana og New Jersey en hún hóf að dæma í deildarkeppni NBA fyrir níu árum síðan.

„Ég var ekki viss um að ég myndi ná þessum áfanga á mínum ferli en nú hefur það tekist. Það er stórkostleg tilfinning,“ sagði Palmer en hún þurfti að þola ýmis fúkyrði frá leikmönnum Indiana sem voru allt annað en sáttir við dómgæsluna í leiknum. Alls voru dæmdar 49 villur í leiknum, þar af sex tæknivillur. - vig

Einstaklingsverðlaun í NBA:

Diaw bætti sig mest í ár

KÖRFUBOLTI Boris Diaw, leikmaður Phoenix Suns, mun vera valinn framfarakóngur NBA-deildarinnar í ár, að því er nokkrir fjölmiðlar í Bandaríkjunum greina frá.

Hinn franski Diaw hefur leikið frábærlega með Phoenix í ár á sínu öðru tímabili í deildinni, en á síðustu leiktíð var hann varamaður hjá Atlanta með 4.6 stig að meðaltali í leik, 3.6 fráköst og 2.3 stoðsendingar. Í ár hefur hann hins vegar verið með 13.3 stig, 6.9 stoðsendingar og 6.2 fráköst að meðaltali í leik.

„Það bjóst enginn við neinu af Boris fyrir tímabilið en hann hefur átt stóran þátt í velgengni okkar í vetur,“ sagði Mike D'Antoni, þjálfari Phoenix. - vig

Besti þjálfarinn í NBA:

Johnson var valinn

KÖRFUBOLTI Avery Johnson, þjálfari Dallas, hefur verið kosinn þjálfari ársins í NBA-deildinni. Johnson náði frábærum árangri með liði Dallas í vetur á sínu fyrsta heila tímabili sem þjálfari liðsins, en Johnson tók við liðinu um mitt tímabilið 2004-2005. Dallas vann 60 leiki á tímabilinu í ár og tapaði aðeins 22 en það er metjöfnun á besta árangri félagsins frá upphafi. - vig



PARÍS, VIÐ ERUM Á LEIÐINI
Leikmenn Barcelona stigu trylltan stríðsdans eftir að flautað hafði verið til leiksloka í gær.
NORDICPHOTOS/AFP

Barcelona kláraði dæmið

Barcelona tryggði sér í gær sæti í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu með því að gera jafntefli við AC Milan á heimavelli í gær. Liðið mætir Arsenal í úrslitunum.

FÓTBOLTI Barcelona og Arsenal munu mætast á Stade de France leikvanginum í París þann 17. maí nk. þegar úrslitaleikurinn í Meistaradeild Evrópu fer fram. Það varð ljóst í gær eftir að Barcelona hafði gert markalaust jafntefli gegn AC Milan á heimavelli sínum en spænska liðið vann fyrri leikinn á San Siro 1-0 og var það mark nóg til að fleyta liðinu áfram. Draumaúrslitaleikur margra fótballtaáhugamanna er því orðinn að staðreynd.

Leikurinn á Nou Camp í gær var bráðfjörugur frá fyrstu mínútu og lögðu bæði lið áherslu á sóknarleikinn. AC Milan varð að skora mark til að eiga möguleika á að komast áfram og fyrir vikið var leikurinn mjög opinn. Bæði lið

gáfu tóninn strax á 2. mínútu leiksins en þá fengu Kaka hjá Milan og Samuel Eto'ó hjá Barca mjög góð færi.

Liðin sóttu á víxl í fyrri hálfleik og hefði Milan vel getað skorað með smá heppni. Barcelona fékk þó hættulegri færi og oftast var það áðurnefndur Eto'ó sem komst næst því að brjóta ísinn. Dido átti hins vegar mjög góðan dag í marki Milan og varði oft á tíðum frábærlega í leiknum.

Eftir því sem leið á síðari hálfleik tóku leikmenn Barcelona að færa sig aftur á völinn og í kjölfarið fór Milan að stjórna spílinu. Um miðbik síðari hálfleiks skoraði Andrei Shevchenko að því er virtist fullkomnlega löglegt mark fyrir Milan en dómariinn mat það

svo að Úkraínumaðurinn hefði brotið af sér þegar hann náði sér stöðu. Í endursýningu sást að um kolrangan dóm var að ræða og er nokkuð ljóst að mikið mun vera rætt og skrifað um þetta atvik á næstunni. En vörn Barcelona, með Carlos Puyol í fararbroddi, var mjög sannfærandi og þrátt fyrir að hafa pressað nokkuð stíft undir það síðasta náðu leikmenn Milan aldrei að koma sér í afgerandi færi.

Það má í raun heita með ólíkindum að ekkert mark skuli hafa litið dagsins ljós í gærkvöldi en í heildina var sigur Barcelona sannað þó liðið var ávallt með leikinn í hendi sér og hleyptu gestunum aldrei of nálægt sér. - vig

Enska úrvalsdeildin í knattspyrnu í gærkvöldi:

Cisse með tvö mörk

FÓTBOLTI Franski sóknarmaðurinn Djibril Cisse hefur legið undir ámælum að undanförunu en flestir telja að hann muni yfirgefa her-búðir Liverpool í sumar. Hann sendi þó skýr skilaboð í gærkvöldi þegar hann skoraði bæði mörk Liverpool í 2-1 sigri þeirra á West Ham.

Cisse skoraði fyrsta mark leiksins eftir nítján mínútna leik með föstu skoti en markið skrifað að hluta til á James Walker, markmann West Ham sem hefði átt að gera mun betur. Cisse kláraði færið vel eftir góðan undirbúning frá Mohammed Sissoko.

Nigel Reo-Coker jafnaði leikinn fyrir West Ham í upphafi síðari hálfleiks þegar hann setti fyrirgjöf frá Bobby Zamora auðveldlega í markið af stuttu færi.

Cisse svaraði aftur á móti jafn harðan og skoraði sitt annað mark eftir sendingu frá Robbie Fowler og tryggði Liverpool stigin þrjú.

Luis Garcia kom inn á sem varamaður á 80. mínútu en var rekinn af velli aðeins tveimur mínútum síðar. Hann réðst þá að Hayden Mullins með hnefunum sem svaraði í sömu mynt. Eftir að liðsfélagar þeirra höfðu skakkað leikinn fengu þeir báðir snemmbúna sturtu frá Howard Webb dómara.

Liverpool er nú aðeins þremur stigum á eftir Manchester United sem á leik til góða á Evrópumeistarana. Manchester United er þó mun líklegri til að hreppa annað sætið en liðið á þrjú leiki eftir en Liverpool tvo. - hþ



LOKSINS, LOKSINS Djibril Cisse hefur legið undir gagnrýni undanfarið en sýndi sitt rétta andlit í gær. NORDICPHOTOS/AFP

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Meistaradeild Evrópu:

BARCELONA-AC MILAN 0-0
Barcelona komst áfram samanlagt 1-0.

Enska úrvalsdeildin:

WEST HAM-LIVERPOOL 0-1
0-1 Djibril Cisse (19.), 1-1 Nigel Reo-Coker (46.), 1-2 Djibril Cisse (53.).

Kvinnalandslið Íslands:

Jörundur velur landsliðið

FÓTBOLTI Íslenska kvinnalandsliðið í knattspyrnu mætir Hvít-Rússum þann 6. maí en leikurinn er liður í undankeppni HM árið 2007. Ísland hefur hlotið fjögur stig í sínum riðli eftir jafntefli gegn Svíum og sigur gegn Hvít Rússum. Liðið tapaði aftur á móti fyrir Tékklandi.

Í leiknum gegn Hvít-Rússum í ágúst á síðasta ári skoraði Dóra María Lárusdóttir tvö mörk í 3-0 sigri en Margrét Lára Viðarsdóttir eitt. Búast má við mun erfiðari leik að þessu sinni en leikurinn fer fram í Minsk. - hþ

HÓPURINN:

PÓRA B. HELGADÓTTIR	BREIÐABLIK
SANDRA SIGURDARDÓTTIR	STJARNAN
ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR	MALMÖ FF
OLGA FÆRSETH	KR
GUÐLAUG JÓNSDÓTTIR	BREIÐABLIK
KATRÍN JÓNSDÓTTIR	VALUR
EDDA GARÐARSÓTTIR	BREIÐABLIK
GUÐRÚN GUNNARSÓTTIR	BREIÐABLIK
MARGRÉT LÁRA VIÐARSÓTTIR	VALUR
DÓRA STEFÁNSDÓTTIR	MALMÖ FF
HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR	KR
DÓRA MARÍA LÁRUSDÓTTIR	VALUR
ERNA B SIGURDARDÓTTIR	BREIÐABLIK
ERLA STEINA ARNARDÓTTIR	MALLBACKENS
ÁSTA ÁRNADÓTTIR	VALUR
ÓLÍNA G. VIÐARSÓTTIR	BREIÐABLIK
GRETA M. SAMÚELSÓTTIR	BREIÐABLIK
HARPA ÞORSTEINSDÓTTIR	STJARNAN

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

24 25 26 27 28 29 30

Fimmtudagur

LEIKIR

19.15 Stjarnan og ÍBV mætast í Deildarbikar kvenna í handbolta í Ásgarði.

19.15 Haukar og Valur mætast í Deildarbikar kvenna í handbolta á Ásvöllum.

SJÓNVARP

17.05 US PGA í nærmynd á Sýn. Fréttabáttur um bandaríska mótaröðina í golfi.

17.05 Leiðin á HM á Sýn. Fréttabáttur um HM sem fram fer í Þýskalandi í sumar.

18.55 Evrópukeppni félagsliða á Sýn. Bein útsending frá leik Middlesbrough og St. Búkares.

21.00 Sænsku nördarnir á Sýn.

GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!

BFGoodrich®

... einfaldlega betri!

DEKKJA LAGERINN

TRYGGIR SAMKEPPNI



SÁLFRÆÐISTRÍÐIÐ BYRJAD Það þarf ekki að koma á óvart að Þjóðverjinn spái sínum mönnum velgengi á Heimsmeistaramótinu í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Þýska knattspyrnugoðsögnin Lothar Matthaus:

Vörnin gæti orðið Brasilíu að falli

FÓTBOLTI Lothar Matthaus, sem var fyrirliði Þjóðverja þegar liðið varð heimsmeistari árið 1990, spáir því að vörn heimsmeistara Brasilíu verði til vandræða á HM í sumar.

„Varnarleikur Brasilíumanna er alls ekki nógu góður og ég held að það verði liðinu að falli í sumar. Þeir eru ekki með nógu góða vörn til að verja titil sinn og ég held meira að segja að þeir gætu lent í miklum vandræðum að komast upp úr riðlinum sínum,“ sagði kokhraustur Matthaus.

„Ég held að Þjóðverjar komist örugglega upp úr sínum riðli á mótinu en eftir það mæta þeir líklega Englendingum eða Svíum og þá fer nú róðurinn að þyngjast hjá þeim.

Þýskaland hefur ekki yfir jafn mörgum góðum leikmönnum að ráða eins og Þjóðir á borð við Englendinga, Argentínnumenn og Ítali,“ sagði Matthaus, sem telur að markvörðurinn Paul Robinson hjá Tottenham gæti gert gæfumuninn í enska liðinu á mótinu.

„Enska liðið er sterkara nú en á síðustu tveimur stórmótum, ekki síst út af Paul Robinson í markinu, því það er ekki nóg að vera með gott lið í svona keppni ef þú ert ekki með góðan markvörð. Ég tel enska liðið eiga góða möguleika á að gera vel í sumar, enda hefur það innan sinna raða sterka leikmenn eins og Rooney, Lampard, Gerrard og Beckham,“ sagði Matthaus. - hph

Michael Schumacher hjá Ferrari:

Boðnir 6,6 milljarðar

FORMÚLA-1 Þýska blaðið Bild segist hafa heimildir fyrir því að Ferrari sé búin að bjóða fyrrum heimsmeistarannum Michael Schumacher tæpa 6,6 milljarða íslenskra króna fyrir að framlengja samning sinn um tvö ár. Í samningi þessum á að vera klásúla sem heimilar honum að leggja stýrið á hilluna ef hann yrði meistari á samningstímanum, jafnvel þó það yrði strax á þessu tímabili.

Framtíð Schumacher er heitasta umræðuefnið í Þýskalandi í dag, fyrir utan HM í sumar en talið er að hann muni tilkynna um framtíðaráætlanir sínar fljótlega. Schumacher á næga kosti í stöðunni en mörg lið vilja ólm fá hann í sínar raðir. Hann hefur þó sjálfur sagt að ef hann haldi áfram að aka í Formúlunni, yrði hann hjá Ferrari.

Renault hefur verið hvað sterklegast orðað við Schumacher, að því gefnu að hann fari frá Ferrari og hætti ekki akstrinum. - hph



MAGNAÐUR Það getur enginn efast um hæfileika Schumacher þrátt fyrir þær fáránlegu upphæðir sem honum eru boðnar. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



SPAKUR Johannsson kann svo sannarlega að orða hlutina. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Lennart Johansson:

Vill ekki óhæfan eftirmann

FÓTBOLTI „Frekar sit ég áfram í annað kjörtímabil en að láta einhvern óhæfan eyðileggja starfið mitt,“ sagði hinn geðþekki Lennart Johansson, forseti UEFA við sænska fjölmiðla í gær.

Þrátt fyrir að vera orðinn 76 ára gamall kemur til greina að Johannsson verði áfram forseti sambandsins en hann hefur áður sagt að hann hygðist ekki sækjast eftir endurkjöri þegar kjörið fer fram í byrjun ársins 2007. Johannsson hefur gegnt starfinu í sextán ár, eða allt frá árinu 1990 og hefur verið endurkjörinn þrisvar en hann hefur áður sagt að hann vonaðist til þess að Þjóðverjinn Franz Beckenbauer yrði arftaki sinn. - hph



Viðtalstími Föstudaginn 28. apríl kl. 10-12

Miðgarður

Þjónustumiðstöð Breiðholts | Álfabakka 12 | Sími 411 1300

Næstu viðtöl borgarstjóra:

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarði við Hjarðarhaga - föstudaginn 5. maí kl. 10-12

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.

550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

Þjónustumiðstöð Breiðholts



Pantaðu viðtal

Ágæti borgarbúi

Pantaðu viðtal við borgarstjóra í þjónustumiðstöð Breiðholts við Álfabakka Bókaðu tíma í síma 411 1300.

Komdu og ræddu þin mál við borgarstjóra. Heitt kaffi á könnunni.

Með bestu kveðju

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is



Borgarstjórnin í Reykjavík

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„It's all right, honey. Let her go. Let her go. You know, Miss Ruth was a lady. And a lady always knows when to leave.“

Sipsey úr Fried Green Tomatoes frá 1991.
Svar:

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON ER PREYTTUR Á SJÓNVARPSPÁTTAKYNNINGUM

Af kampavínsrímum og blóðskömm

Það er varla hægt að segja að ég hafi horft á heilan sjónvarpsþátt í langan tíma. Þegar ég kveiki á sjónvarpinu í veikri von um að eitthvað skemmtilegt sé á dagskrá, bregst ekki að ég lendi á sjónvarpsþáttakynningu. Mér þætti fróðlegt ef einhver tæki saman hversu hátt hlutfall sjónvarpsdagskránnar er helgað kynningu á efni sem verður á dagskrá einhvern tímann síðar.

Eins og eðlilegt er virka þættirnir sem kynntir eru misáhugaverðir. „Vil ég vita meira?“ hugsa ég til dæmis með mér þegar ég sé kynningu á þættinum Tivólí á Sirkus, þar sem Dóri DNA talar um að putta stelpur (eins og hann sjálfur orðar það svo pent).

Mig rekur ekki minni til þess að hafa nokkurn tímann séð vitrænan sjónvarpsþátt á Íslandi um hip-hop-tónlist, hvorki útlenskan né íslensk-an. Ef dæma ætti af PoppTívi og Sirkus virðist almenn hagsæld ríkja



Dóri DNA Er því miður með puttana annars staðar en á púlsinum.

meðal bandarískra svertingja í dag; þeir vita hreinlega ekki aura sinna tal, eiga mikið af skartgripum og keyra um á gulum Hummerjeppum. Hvað varð um réttláta reiði hins undirokaða minnihluta? Gengur virkilega allt rapp út á það að skála í kampavíni? Dó attitjúdið í hip-hop-inu út með Public Enemy? Því trúir ég barasta ekki. Mikið vildi ég að Dóri DNA segði mér hvað er að gerast í grasrótni í þessum heimi, frekar en að tala um fingraför á hinu kyninu.

Ég horfði á þáttinn Nip/Tuck í fyrsta sinn um daginn. Þetta var lokabátturinn í nýjustu sýrinni. Í honum komst meðal annars upp um sviðing sem skar fólk í framan og afskræmdi. Reyndist hann vera lýtalæknir, sem sökum erfðagalla af völdum blóðskammar foreldra sinna fæddist án typpis. Og hann átti í ástarsambandi við systur sína. Hvað getur maður svo sem sagt?

20.25
Heimild
FRANK SINATRA

20.50
Spenna
BONES

19.25
Videoblogg
PRÁNDUR BLOGGAR

21.00
Gaman
SIGTIÐ

21.00
Gaman
SÆNSKU NÖRDARNIR

SIJÓNVARPIÐ

SIRKUS

SKJÁREINN

ENSKI BOLTINN

6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Martha 10.20 My Wife and Kids 10.45 Alf 11.10 3rd Rock From the Sun 11.35 Whose Line Is it Anyway? 3

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Home Improvement 13.30 Wife Swap 14.15 Sólaríksinn 16.00 Barney 16.25 Með afa 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 The Simpsons

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag 19.40 Strákarnir 20.05 Meistarinn (18:21)

20.50 Bones (1:22) (Bein) Nýr hörkuspennandi bandarískur sakamálaþáttur. Þessir þættir hafa slegið í gegn vest-anhafs.

21.35 Life on Mars (5:8) (Lif á Mars) Hér eru á ferð breskir þættir sem slegið hafa rækilega gegn í heimalandinu á síðustu vikum.

22.20 How I Met Your Mother (15:22) (Svona kynntist ég móður ykkar)

22.45 American Idol (30:41) (Bandaríska stjórnmuleitin) Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims.

23.25 American Idol 23.45 Sensitive New-Age Killer 1.10 Huff (B. börnum) 2.05 Martin Lawrence Live: Runtelda (B. börnum) 3.45 Dazed and Confused (e) (B. börnum) 5.25 Fréttir og Ísland í dag 6.30 Tónlistamyndbönd frá Popp Tívi

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag 19.25 Prándur bloggar Fyrsta videobloggstjarna Íslands

19.30 Bernie Mac (3:22) (Road To Tradition) Þriðja þáttaröðin um grínstann Bernie Mac og fjölskylduhagi hans.

20.00 Friends (18:24) Monica lendir í smá veseni þegar hún heldur ræðu í tilefni af 35 ára brúðkaupsafmæli foreldra sinna.

20.30 Splash TV 2006 20.55 Prándur bloggar Fyrsta videobloggstjarna Íslands

21.00 Smallville (Ageless)

21.45 X-Files (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun!

22.30 Extra Time - Footballers' Wife 23.00 Invasion (16:22) 23.45 Prándur bloggar 23.50 Friends (18:24) (e) 0.15 Splash TV 2006 (e)

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Fyrstu skrefin (e)

16.10 Queer Eye for the Straight Guy (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

19.00 Frasier 19.25 Fasteignasjónvarpið 19.35 Game tívi Geim tívi er þáttur sem fjallar um tölvuleiki og allt þeim tengdum.

20.00 Family Guy Kolsvartur teiknimyndahúmor.

20.30 The Office 21.00 Sigtíð - lokabáttur Í hverri viku fjallar Sigtíð, um mikilvæg málefni: lífið, listir, vinnmenningu, dauðann, fordóma og glæpi.

21.30 Everybody loves Raymond Margverðlaunuð gamanþáttaröð.

22.00 C.S.I.: Miami - NYTT! Á einu heitasta hótelineu í Miami finnst einn starfsmaður hótelsins myrtur.

22.50 Jay Leno

23.35 Law & Order: SVU (e) 0.25 Frasier (e) 0.50 Top Gear (e) 1.40 Fasteignasjónvarpið (e) 1.50 Óstöðvandi tónlist

7.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs 7.20 Meistaradeildin með Guðna Bergs 7.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs 8.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs

17.05 US PGA í nærmynd 17.30 Gillette HM 2006 sportpakinn 18.00 Íþróttasjallíð 18.12 Sportið

18.30 Súpersport 2006 Supersport er ferskur þáttur sem sýnir jaðarsportíð og háskla frá öðrum sjónarhornum en vant er.

20.35 Leiðin á HM 2006 (Destination Germany) (France + Poland)

21.00 Sænsku nördarnir (FC 2) Hvað gerist þegar 15 nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnuíð?

21.50 Saga HM (1974 Þýskaland) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990.

23.20 Fifth Gear

STÖÐ 2 BÍÓ

OMEGA

E! ENTERTAINMENT

AKSJÓN

ENSKI BOLTINN

6.00 Daredevil (Bönnuð börnum) 8.00 Double Bill 10.00 The Man With One Red Shoe 12.00 Scooby-Doo 14.00 Double Bill 16.00 The Man With One Red Shoe 18.00 Scooby-Doo 20.00 Daredevil (Ofurhuginn) Bönnuð börnum. 22.00 The Core (Kjarninn) Ögnvekjandi kvikmynd þar sem tilvist jarðar er stefnt í stórhaettu. 2003. Bönnuð börnum. 0.10 Prophecy II (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Johns (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 The Core (Bönnuð börnum)


Dagskrá allan sólarhringinn.

12.00 E! News 12.30 Pop Stars Gone Bad 13.00 Beyonce Revealed 15.00 The E! True Hollywood Story 16.00 The E! True Hollywood Story 17.00 Pop Stars Gone Bad 17.30 Number One Single 18.00 E! News 18.30 Fashion Police 19.00 The E! True Hollywood Story 20.00 101 Sexiest Celebrity Bodies 21.00 The Soup 21.30 Number One Single 22.00 Gastineau Girls 22.30 Gastineau Girls 23.00 E! News 23.30 Fashion Police 0.00 The Soup 0.30 Party @ the Palms 1.00 The E! True Hollywood Story 2.00 Guilty 3.00 Guilty 4.00 Guilty 5.00 101 Most Starlicious Makeovers 6.00 101 Most Starlicious Makeovers

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

7.00 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ 14.00 Fulham - Wigan frá 24.04 16.00 Aston Villa - Birmingham frá 16.04 18.00 West Ham - Liverpool frá 26.04 20.00 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ 21.00 Saga stórbjóðanna á HM: Þýskaland (e) 22.00 Arsenal - Tottenham frá 22.04 0.00 W.B.A. - Bolton frá 17.04 2.00 Dagskrárlök

Pitstop - góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta.



Gæðakaffi, nettengd tölva, tímarit og blöð - fyrir þig meðan þú bíður.
- þjónusta í fyrirrúmi.

pitstop

Við gerum þér
**SÚPER
TILBOÐ**



Dugguvogi 10 (v/Sæbraut) • 104 R.vík • S: 568 2020 og Hjallahrauni 4 • 220 H.fj • Sími 565 2121

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Meistarinn **Stöð 2 kl. 20.05**

Síðasta viðureign fjórðungsúrslita

Mikil spennan ríkir fyrir Meistarann í kvöld þar sem ræðst hver verður seinastur til að tryggja sér sæti í undanúrslitum keppninnar. Nú þegar hafa þrjú keppendur tryggt sér farmiða þangað en það eru þeir Jónas Örn Helgason, Illugi Jökulsson og nú síðast Erlingur Sigurðsson en hann lagði sjálfan Mörd Árnason í síðustu viðureign. Í þættinum í kvöld mætast tveir sagnfræðingar, þau Inga Þóra Ingvarsdóttir og Kristján Guy Burgess, en Inga er síðasta von kvenþjóðarinnar í keppinni. Bæði hafa þau sýnt lípra takta í þáttunum og því má búast við skemmtilegri keppni.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

		3	1	5				2
	7		6					
	8	1	3				5	
		5			6			7
4			2				8	
	2				4	5	9	
					5		3	
8				3	1	2		

Lausn á gátu gærdagsins

6	7	3	8	5	4	9	2	1
5	9	2	7	6	1	3	4	8
8	4	1	9	2	3	7	5	6
2	6	5	3	7	9	1	8	4
3	1	7	2	4	8	6	9	5
4	8	9	6	1	5	2	7	3
9	3	6	4	8	2	5	1	7
7	5	8	1	9	6	4	3	2
1	2	4	5	3	7	8	6	9



13.10
Íþróttir

SPORTIÐ



7.00 Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir/Íþróttfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/**13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnáþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag

19.45 Brot úr dagskrá
20.00 Fréttir

20.10 Þetta fólk (Fréttaljós) Nýr og óvenjulegur spjallþáttur í umsjá Höllu Gunnarsdóttur blaðakonu og heimsmamflakkara.

21.00 Fréttir
21.10 60 Minutes Framúrskarandi fréttapáttur sem vitnað er í.

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 Hrafnáþing/Miklabraut Hrafnáþing er í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnáþing/Miklabraut

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar **6.50** Bæn **7.30** Fréttayfirlit **9.03** Laufskálinn **9.45** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregni og augl. **13.00** Vitt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Viðsjá

18.00 Fréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarf. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **22.15** Orð kvöldsins **22.22** Útvarpsleikhúsið: Ifigenía í Örem

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar **2 9.05** Brot úr degi

12.03 Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

18.00 Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **21.10** Konsert **22.10** Popp og ról

BYLGJAN FM 98,9


7.00 Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni
FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristlegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður



NISSAN PATHFINDER

**ÆVINTÝRI
LÍKASTUR**

Breyting frá Arctic Trucks

Verðið á Nissan Pathfinder hefur líklega aldrei verið hagstæðara. Þessi skemmtilegi jeppi er blanda af krafti alvöru fjallajappa eins og þeir gerast bestir og lipurð flottustu götubíla. Útkoman er ævintýri líkust og hefur slegið eftirminnilega í gegn.

Líttu inn og berðu hetjuna augum!

Verðið á Nissan Pathfinder er frá **4.090.000 kr.**

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt	Selfossi 482 3100	Njarðvík 421 8808	Akranesi 431 1376	Höfn í Hornafirði 478 1990	Reykjarfirði 474 1453	Akureyri 461 2960
-------------------------	-------------------	-------------------	-------------------	----------------------------	-----------------------	-------------------



HRÓSIÐ

...fær Ásta Heiðrún Elísabet Pétursdóttir, sigurskáld í ljóðakveppi Eddu og Fréttablaðsins.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 plat 6 þys 8 spira 9 stykki 11 hröð 12 dá 14 svipað 16 2 eins 17 dýrahljóð 18 for 20 frá 21 íþróttafélag.

LÖÐRÉTT

1 löngun 3 skyldir 4 ofbjóða 5 loftþrýsting 7 piltur 10 frostskeidd 13 spil 15 illgresi 16 kóf 19 guð.

LAUSN

1 ra. 6 ra. 7 strákur, 10 kál, 13 níu, 15 arfi, 16 kaf, 17 strákur, 18 kál, 19 níu, 20 af, 21 fram.

LÖBRET: 1 lvs, 2 á, 3 á, 4 bíðka, 5 bar, 6 á, 7 á, 8 á, 9 stí, 10 á, 11 á, 12 trans, 14 állka, 16 kk, 17 urr, 18 á, 19 á, 20 á, 21 á.

[VEISTU SVARID]

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Keflavík.
- 2 Ingimundur Sigurpálsson
23 milljónir evra eða 2,1 milljón króna.

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Helgin okkar...

MORGUNMATUR: Amerískar pönnukökur með öllu tilheyrandi á Gráa kettinum. Taktu þér ljóðabók í hönd og þá smellpassarðu inn í stemninguna á þessu listræna kaffihúsi.



DANSINN: Síðasti dansinn verður dansaður í Glæsibæ á föstudagskvöld. Eins gott að missa ekki af gömlu stemningunni fyrir fullt og allt.

HÁDEGISVERÐUR: Grænmetissúpurnar á Á næstu grösom klikka aldrei. Fáðu þér eina sterka og dreptu allar ljótu kvefbakteriurnar í leiðinni.

SÝNINGIN: Kíktu við í Gel gallerí og skoðuðu það sem er að gerast í grasróttinni.



SPÓLAN: Taktu einhverja góða með Monty Python-genginu og hlæðu allar áhyggjurnar í burtu.

KVÖLDVERÐUR: Það er löng helgi og sennilega margir á leið upp í sumó. Skelltu þér í sjúskaða girinn, komdu við á bensinstöð og skelltu í þig einni með öllu plús kartöflusalati. Kók í gleri er ekki vont með.

LÍKAMSÆKTIN: Farðu í jóga og hreinsaðu út allt stressið, pírtinginn og streituna sem safnast hefur upp. Það er ekkert betra.

TÓNLEIKARNIR: Sprengjuhöllin og Hjaltalín spila skemmtilegt popp á Grand Rokki á

föstudagskvöldið. Hressandi nýjar hljómsveitir sem fáir þekkingu í dag en allir munu þekkingu á morgun.

DIAMMID: KAL og Stórsveit Nix Noltes halda heljarinnar tónleika á Nasa í kvöld en báðar sveitir spila fjárir skemmtilega tónlist sem á rætur sínar að rekja til Balkanskagans. Betra gerist dansiballið varla.

GEISLADISKURINN: Griptu nokkra diska með Iggy Pop og The Stooges og hitaðu ærlega upp fyrir tónleikana sem eru á miðvikudaginn. Það verður sveitt gaman!



ÍSLENSKIR TÓNLEIKAHALDARAR: KVARTA UNÐAN KRÓNUNNI

Erfiðara að fá stór nöfn

Tónleikahaldarar eru einir af mörgum Íslendingum sem stunda viðskipti við erlenda aðila þessa dagana og kvarta sáran undan veikri stöðu krónunnar gagnvart bandarískum dollara.

Tónleikahald á Íslandi er áhættusöm starfsgrein. Þegar vel tekst til er hægt að græða milljónir á einum tónleikum en aftur á móti geta menn tapað stórum fjálgum ef áhorfendur láta ekki sjá sig. Einnig getur staða krónunnar haft sín áhrif á útkomuna.

Oft er það þannig að listamennirnir fá borgaðan hluta fyrirfram hjá tónleikahöldurum og hinn hlutann eftir að miðsalan er hafin. Þannig getur staða gjaldmiðlanna haft áhrif á hversu mikið þarf að reida fram og auðvitað er það þeim mun meira eftir því sem krónan veikist og dollarinn hækkar.

„Þetta hefur aðallega haft áhrif á hvað það er hægt að halda mikið af tónleikum og það er engin gósentíð í gangi í augnablikinu,“ segir Þorsteinn Stephenson hjá Hr. Örlygi sem stendur á bak við heimstónlistarhátíðina Vorblót sem hefst í kvöld og Iceland Airwaves sem verður í haust.

„Það er miklu erfiðara að ná einhverjum stórum nöfnum til landsins, að minnsta kosti á meðan staðan er svona. Ef það stefnir í að krónan haldi áfram að veikjast þá munu menn halda að sér höndum,“ segir Þorsteinn.

Guðbjartur Finnbjörnsson flytur Roger Waters, fyrirverandi forsprakka Pink Floyd, til landsins þann 12. júní. Verða tónleikarnir haldnir í Egilshöll. „Ég hef oft sagt að þessi tónleikabransi er ekkert gull og grænir skógar. Þetta er gríðarlega áhættusamt og það þarf ekki mikið til að þú lendir í einhverju bölvuðu veseni. Krónan hefur verið sterk undanfarin ár og það er ein af ástæðunum fyrir því að það hefur verið svona mikið af tónleikum, því það er ódýrara að fá



ROGER WATERS Fyrirverandi forsprakki Pink Floyd spilar í Egilshöll þann 12. júní.

menn að utan,“ segir Guðbjartur. „Það er samt engin spurning að ef krónan veikist mikið í viðbót þá hefur það örugglega áhrif á þennan bransa. Maður gæti vel hugsað sér að það yrðu einir til tvennir tónleikar á ári í mesta lagi í framtíðinni. Það gæti alveg eins farið svo ef krónan heldur áfram að veikjast að menn fari aftur í gamla farið og gefist upp á þessu,“ segir hann.

„Síðan getur það líka spilað inn í ef nýjabrumið er farið af tónleik-

um því þeir hafa verið svo margir. Hér einu sinni þegar íslensk bíómynd var frumsýnd fóru allir á hana en núna eru þær örðar svo margar að menn kippa sér ekki eins mikið upp við það.“

Guðbjartur segir að slæm staða krónunnar hafi þegar haft áhrif á tónleika Roger Waters. „Það eru engir smápeningar sem ég er að borga út. Krónan hefði alveg mátt byrja að lækka tveimur mánuðum seinna.“

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tveir franskir blaðamenn eru staddir á landinu til að fjalla um hljómsveitina Ampop, sem gefur út plötuna My Delusions í Frakklandi í júní. Annar blaðamaðurinn er Jean Daniel Beauvallet, ritstjóri eins virtasta tímarits í Frakklandi, „Les Inrockuptibles“. Hinn er frá stúdentatímaritinu „Tage“ sem er dreift mánaðarlega í rúmlega 100.000 eintökum. Hljómsveitin Ampop er nú stódd í Skálholti þar sem hún er að semja efni á nýja plötu og munu frönsku blaðamennirnir heimsækja hljómsveitina þangað.



Einhverjar líkur eru á því að töfvarinn Gaz Coombes muni spóka sig um á háskólasvæðinu í byrjun júní en samningaviðræður við hljómsveit hans, Supergrass, standa nú yfir. Það eru skipuleggjendur tónleikafestivalsins Reykjavík Tropic sem hafa boðið hljómsveitinni hingað til lands og að sögn tónleikahaldara standa einnig yfir viðræður við aðra breska hljómsveit. Ekki er þó víst að Supergrass geti komið hingað þar sem liðsmenn sveitarinnar eru þessa dagana að taka upp nýja plötu og því nokkuð uppteknir. í



Aðalfundur Rithöfundasambands Íslands verður haldinn í kvöld. Þar verður ný stjórn kosin en Pétur Gunnarsson er einn framboði til formanns og Rúnar Helgi Vignisson gefur einn kost á sér í embætti varaformanns. Það verður hins vegar kosið um meðstjórnanda þar sem tveir eru í framboði, Bragi Ólafsson og ljóðskáldið Kristian Guttesen. Davíð A. Stefánsson býður sig svo einn fram

sem varamaður. Athygli vekur að engin kona gefur kost á sér til stjórnarstarfa innan sambandsins en það er vitaskuld enginn skortur á framþærilegum konum innan vébanda þess.

-fb/bg/þp

Manstu gamla daga

Þær Ragnheiður Gröndal og Eivör Pálsdóttir syngja á tvennum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands í kvöld og á morgun sem bera yfirskriftina Manstu gamla daga. Á efnisskránni eru, líkt og nafnið gefur til kynna gamlar íslenskar dægurperlur eftir þjóðþekktu höfunda svo sem Jón Múla Árnason, Alfred Clausen, Freymód Jóhannsson, Sigfús Halldórsson og fleiri.

„Það er sérstakt tilhlökkunar efni að heyrja þessa ungu fjölhæfu listamenn takast á við dægurmúsík sem fylgt hefur þjóðinni í áratugi,“ segir Hrafnkell Orri Egilsson, sem sér um útsetningar Sinfóníuhljómsveitarinnar. Hér feta þær í fótspor ekki ómerkari söngvænna en Ingibjargar Smith, Erlu Þorsteinsdóttur og Ellýjar Vilhjálms. „Útsetning Hrafnkels er frumleg enda hafa dægurlög aldrei verið matreidd ofan í Sinfóníuna áður. „Ég mun blanda hinu gamla saman við hið



RAGNHEIÐUR GRÖNDAL OG EIVÖR PÁLSDÓTTIR Flytja nokkrar af helstu perlum íslenskrar dægurtónlistar á tónleikum í kvöld og á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

nýja og finna hverju lagi sinn buning. Eins gæti ég þess að útsetning dægurlaganna sé löguð að karakter Ragnheiðar og Eivavar.“

Söngkonurnar munu syngja lagið Frostrósir eftir Freymód Jóhannsson saman, en hin þrettán lögin sem flutt verða syngja þær einar. Meðal annarra dægurlaga sem flutt verða eru Hvers vegna? eftir Sigfús Halldórsson og Stefán

Jónsson, Múlasýrpa (Augun þín blá/Það sem ekki má) eftir Jón Múla Árnason, Sveitin milli sanda eftir Magnús Blöndal Jóhannsson, Kata rokkar eftir Theódór Einarsson og Gling gló eftir Alfred Clausen og Kristínu Engilbertsdóttir.

Tónleikarnir verða haldnir í Háskólabíói í kvöld og annað kvöld. Uppselt er á fyrri tónleikana en örfá sæti eru laus á þá seinni. -bb

DV

Hefur þú séð DV í dag?

Vignir Snær með Snorra í stúdíó

Klikkað að gera hjá Hvíta kóngi

DEBENHAMS

vorútsala

í ellefu daga

50% afsláttur
af völdum vörum

Sjóðheit tilboð:

**Leður-
bakkar**
Nú: 800 kr.
~~1.990 kr.~~

**Barna-
leður-
jakkar**
Nú: 4.900 kr.
~~18.900 kr.~~

**Herra-
stutterma-
bolir**
Nú: 990 kr.
~~2.990 kr.~~

**Maine
dömu-
prjónavesti**
Nú: 1.290 kr.
~~3.490 kr.~~

**Dömu-
skyrtur**
Nú: 1.490 kr.
~~4.490 kr.~~

**Ilmsteinar
með olíu**
Nú: 300 kr.
~~899 kr.~~

**Dömu-
buxur**
Nú: 1.990 kr.
~~4.990-6.990 kr.~~

AUK ÞESS AÐEINS FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS:

20%

afsláttur af öllum pottum
og pönnum í heimilisdeild
ásamt nærfötum og
sokkum í herradeild



DEBENHAMS

SMÁRALIND



27.-30. apríl
Á NASA við Austurvöll.

www.riteofspring.is



BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

Öryggisfriður

Svakalega er orðið leiðinlegt að Sferðast vegna öryggiseftirlitsins sem orðið er á öllum flugvöllum. Á hverjum einasta flugvelli þarf ég að fara úr skónum, taka af mér beltið og tæma vasana. Og ósjaldan vill einhver fara vandlega í gegnum töskuna mína.

MÉR finnst þetta leiðinlegt. En það á að heita að það sé verið að tryggja öryggi mitt og annarra. En þessar aðgerðir verða alltaf ýktari. Öryggisvörðum fjölga. Og hvar endar þetta? Verður bráðum byrjað að leita á fólki þegar það fer á milli hverfa eins og gert var á Norður-Írlandi? Á ég bráðum von á líkamsleit þegar ég fer í bíó eins og gert er í Ísrael? Hver fyrirskipar þessar aðgerðir og af hverju? Fyrir hverju er verið að verja mig?

ÓTTINN er orðinn söluvara. Fáir andmæla en sætta sig bara við. Hver vill storka eigin öryggi? Fjölmíðlar eru uppfyllir af upplýsingum um hugsanlegar ógnir og leiðir til öryggis. Fólk vill vera öruggt, búa í öruggu húsi, keyra öruggan bíl, vera vel tryggt og búa við fjárhagslegt öryggi. Auglýsingar hræða og bjóða svo öryggi.

ÉG HELD að flestir menn leiti friðar. Fólk vill frið. Fólk vill tryggja sér frið að innan og utan.

EN ER maður nokkurn tíma alveg óhultur? Það er sama hversu mikla peninga þú átt, hvað þú býrð í stóru húsi og hvað þú átt öruggan bíl. Innri friður fæst ekki eftir ytri leiðum. Öll öryggiskerfi heimsins munu aldrei geta varið okkur fullkomlega.

YTRA öryggi veitir ekki endilega frið. Það verður aldrei fullkomlega öruggt. Það sem veitir frið er sátt við að lifa í óöryggi. Raunverulegt öryggi er að finna innra með okkur. Það er æðruleysi, að geta verið friðsamur innra með sér þótt allt leiki á reiðiskjálfi í kring.

FÓLK öðlast öryggi þegar það hættir að reyna að fá það en reynir frekar að veita það. Sannan frið öðlast maður aðeins með þjónustu. Og til að þjóna þarf að hafa kærleika og finnast vænt um fólk því þjónusta er kærleikur í verki. Kærleikur kemur með trú, því hann er ekki áþreifanlegur og ekki er hægt að sanna hann. Og trú öðlast maður með bæn.

ÉG er miklu hræddari við tortryggni og hatur milli manna en Osama Bin Laden og félagan hans. Ég vil frekar búa í ótryggu lýðræði en rosalegu öruggu og leiðinlegu lögregluríki.



BUBBI

TÓNLEIKARÖÐ Á NASA



KONA
Tónleikar 13. apr.



SÖGUR AF LANDI
Tónleikar 4. maí.



SÓL AÐ MORGNI
Tónleikar 14. sep.



ÍSBJARNARBLÚS
Tónleikar 5. okt.



VON
Tónleikar 2. nóv.

TÓNLEIKAR ÞORLÁKSMESSU
23. des.
TÓNLEIKAR ANNAN Í JÓLUM
26. des.



Heyrumst!

Húsið opnar kl. 20.00.
Allir tónleikarnir hefjast kl. 21.00.

Miðasala í verslunum Og Vodafone.
Miðasala á NASA alla virka daga
frá kl. 13.00 til 16.00 og í síma 5111302.

www.nasa.is

FREMSTIR MEÐAL JAFNINGJA

Firestone



Firestone F590 er að öllum líkindum langóðýrasta ALVÖRU fólksbíladekkið sem þér stendur til boða í sumar.

SUMARDEKKIN

BETRA GRIP
DEKKJAPJÓNUSTA
LÁGMÚLA 9
SÍMI: 5-333-999

BRIDGESTONE

Bridgestone D694 eru frábær jeppa- og pallbíladekk, mjúk og gripmikil. Flott dekk sem vekja athygli. Heilsársdekk.



VERÐDÆMI:
13" frá kr.: 4.590.-
14" frá kr.: 6.990.-
15" frá kr.: 7.990.-

HJÓLBARÐAPJÓNUSTA